Stjórnartíðindi
1997 - B-deild - 3. hluti

Útgáfa 2.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Meiriháttar gallar á bls. 1483, 1506, 1592, og 1786.
Galli á bls. 1410.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI B 74 – 1997

9. september 1997 1217 Nr. 536

AUGLÝSING

um fjölda sóknardaga á fiskveiðiárinu 1997/1998.

Með vísan til 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 417, 27. júní 1997, um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1997/1998, tilkynnir ráðuneytið eftirfarandi:

1. Sóknardagar krókabáta, er stunda veiðar á sóknardögum með handfærum, eru 26 á fiskveiðiárinu 1997/1998.

2. Sóknardagar krókabáta, er stunda veiðar á sóknardögum með línu og handfærum, eru 20 á fiskveiðiárinu 1997/1998.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. september 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

2. september 1997 Nr. 537

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt nr. 314/1995 um takmörkun hundahalds í Skaftárhreppi.

1. gr.

3. ml. stafl. e) 1. mgr. 1. gr. orðist svo:
Eindagi eftirlitsgjaldsins er 1. desember ár hvert.

3. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Skaftárhrepps staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 18. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 2. september 1997.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Stjórnartíðindi B 74, nr. 536–537. Útgáfudagur 10. september 1997.

Gutenberg

B 84

STJÓRNARTÍÐINDI B 75 – 1997

Nr. 538 1218 29. ágúst 1997

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 445/1997, um tollafgreiðslu hraðsendinga.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Fram til 1. október 1997 er heimilt að tollafgreiða hraðsendingar eftir þeim reglum sem giltu fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, sbr. reglugerð nr. 327/1990.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 8. gr. er heimilt að fullnaðartollafgreiða vöru, sem afhent hefur verið fyrir 1. janúar 1998, allt að fjórtán dögum eftir afhendingu hennar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Fjármálaráðuneytinu, 29. ágúst 1997.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

Nr. 539 10. september 1997

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota, nr. 404 27. júní 1997.

1. gr.

Í stað „15. september 1997“ í 16. gr. reglugerðarinnar kemur: 1. janúar 1998.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 52. gr. og 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 57 22. maí 1997, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. september 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Gutenberg

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts og útflutningsgjald.

Samkvæmt 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993, sbr. breytingu með lögum nr. 124/1995 og tillögu Bændasamtaka Íslands hefur verið ákveðið að neðangreint hlutfall kindakjöts af slátrun haustsins 1997 verði flutt á erlendan markað:

a. Dilkakjöt 13%.
b. Kjöt af fullorðnu fé 25%.

Þá hefur verið ákveðið, samkvæmt tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga, að útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 1997-1998, sbr. 5. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993, sbr. breytingu með lögum nr. 124/1995, verði eftirfarandi:

a. Á dilkakjöti kr. 159 pr. kg.
b. Á fullorðnu fé kr. 118 pr. kg.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. september 1997.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

10. september 1997 Nr. 541

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 394/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á papriku (annarri en grænni) í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.6003	Paprika, lituð	15.09.-30.09.97	ótilgr.	15	199

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. september 1997.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 76 – 1997

Nr. 542 1220 8. september 1997

AUGLÝSING

um heildarþyngd og ásþunga ökutækja á þjóðvegum.

Með vísun til 11. gr. reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja, nr. 425 frá 19. júlí 1995, hefur Vegagerðin ákveðið mestu leyfilega heildarþyngd og leyfðan ásþunga ökutækja á þjóðvegum sem hér segir:

A. Eftirtaldir þjóðvegir falla undir viðauka I:

Vegur nr.	Heiti	Kafli
1	Hringvegur	Reykjavík - Norðausturvegur við Kross Reykjahlíð - Hamar, Hamarsfirði (náma) Reykjavík - Kirkjubæjarklaustur Hornsvegur - Hoffellsvegur
25	Þykkvabæjarvegur	
26	Landvegur	
264	Rangárvallavegur	Hringvegur við Hellu - Gunnarsholt
F26	Sprengisandsleið	Þjórsárdalsvegur - Hrauneyjafossvirkjun
30	Skeiðavegur	Hringvegur - Flúðir
32	Þjórsárdalsvegur	
34	Eyrarbakkavegur	
35	Biskupstungnabraut	Hringvegur - Reykholt
37	Laugarvatnsvegur	Biskupstungnabr. hjá Svínavatni - Laugarvatn
38	Þorlákshafnarvegur	Allur vegurinn ásamt ferjuleið til Vestmannaeyja
39	Þrengslavegur	
40	Hafnarfjarðarvegur	
41	Reykjanesbraut	
42	Krýsuvíkurvegur	Norðan Vatnsskarðs
43	Grindavíkurvegur	
44	Hafnavegur	
45	Garðskagavegur	
46	Víknavegur	
49	Nesbraut	
411	Arnarnesvegur	
413	Breiðholtsbraut	
415	Álftanesvegur	
421	Vogavegur	

Gutenberg

422	Njarðvíkurvegur	
425	Nesvegur	
431	Hafravatnsvegur	Hringvegur í Mosfellsbæ - Reykjalundarvegur
433	Reykjalundarvegur	
51	Akranesvegur	Allur vegurinn ásamt ferjuleið til Reykjavíkur
53	Hvítárvallavegur	Hringvegur á Seleyri - Grjóteyri (náma)
54	Ólafsvíkurvegur	Borgarnes - Vegamót
		Snæfellsnesvegur - Ólafsvík
56	Kerlingarskarðsvegur	
57	Snæfellsnesvegur	Stykkishólmsvegur - Ólafsvíkurvegur
58	Stykkishólmsvegur	Allur vegurinn ásamt ferjuleið til Brjánslækjar
575	Flugvallavegur	
576	Framsveitarvegur	Snæfellsnesvegur - Spjör (náma)
59	Laxárdalsvegur	
506	Grundartangavegur	
574	Útnesvegur	Ólafsvík - Móðulækur (náma)
60	Vestfjarðavegur	Laxárdalsvegur - Búðardalur
		Barðastrandarvegur - Djúpvegur
61	Djúpvegur	
62	Barðastrandarvegur	Vestfjarðavegur - Patreksfjörður
63	Bíldudalsvegur	Patreksfjörður - Ketildalavegur
64	Flateyrarvegur	
65	Súgandafjarðarvegur	
617	Tálknafjarðarvegur	Bíldudalsvegur - Stórilaugardalur
619	Ketildalavegur	Bíldudalsvegur - Bíldudalur
72	Hvammstangavegur	
74	Skagastrandarvegur	
75	Sauðárkróksbraut	
76	Siglufjarðarvegur	
77	Hofsósbraut	
711	Vatnsnesvegur	Hvammstangi - Kárastaðir (náma)
741	Neðribyggðarvegur	Skagastrandarv. hjá Enni - Steypustöð
753	Vindheimavegur	Hringvegur - Vallholtsnáma (náma)
7230	Uppsalavegur	
82	Ólafsfjarðarvegur	Hringvegur - Ólafsfjörður
83	Grenivíkurvegur	
85	Norðausturvegur	Hringvegur við Kross - Fjallgarðsnáma
		Hringvegur við Vegaskarð - Hölkná í Þistilfirði.
87	Kísilvegur	
805	Svarfaðardalsvegur	Ólafsfjarðarvegur - Bakki (náma)
808	Árskógssandsvegur	
809	Hauganesvegur	
811	Hjalteyrarvegur	
815	Hörgárdalsvegur	Ólafsfjarðarvegur - Björg (náma)
816	Dagverðareyrarvegur	Hringvegur - Skipalón (náma)
817	Blómsturvallavegur	Hringvegur - Blómsturvellir (náma)
821	Eyjafjarðarbraut vestri	Hringvegur - Miðbraut
823	Miðbraut	
829	Eyjafjarðarbraut eystri	Hringvegur - Miðbraut

830	Svalbarðseyrarvegur	
863	Krófluvegur	
870	Kópaskersvegur	
91	Hafnarvegur í Bakkafirði	
92	Norðfjarðarvegur	
96	Suðurfjarðavegur	Norðfjarðarvegur - Fáskrúðsfjörður Stöðvarfjörður - Hringvegur
98	Djúpavogsvegur	
99	Hafnarvegur	
984	Hoffellsvegur	

B. Aðrir þjóðvegir falla undir viðauka II.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 15. september 1997.

Vegagerðin, 8. september 1997.

Helgi Hallgrímsson.

Björn Ólafsson.

Nr. 543 8. september 1997

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Neskaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, sbr. lög nr. 22/1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o.fl., hefur bæjarstjórn Neskaupstaðar samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum í Neskaupstað:

Egilsbraut 5,
Egilsbraut 7,
Egilsbraut 14,
Egilsbraut 22,
Egilsbraut 26, sjóhús og bryggja,
Hafnarbraut 51,
Strandgata 11,
Strandgata 13,
Strandgata 17,
Strandgata 19, sjóhús, fiskverkun,
Skólavegur 1,
Þórhólsgata 1,
Þórhólsgata 1a,
Þórhólsgata 2,
Þórhólsgata 3,
Þórhólsgata 6,
Nesgata 20,
Blómsturvellir við 41, geymsluhús,
Þiljuvellir 14.

2. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 2. gr. laga nr. 22/1932 til að öðlast gildi þegar í stað og gildir í fimm ár frá staðfestingardegi.

Umhverfisráðuneytinu, 8. september 1997.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUR

um fyrirgreiðslu Seðlabanka Íslands við viðskiptavaka.

1. Aðili að Verðbréfaþingi Íslands, sem gegnir hlutverki viðskiptavaka samkvæmt sérstökum samningi við Seðlabanka eða með eftirgreindum hætti í tilteknum flokki eða flokkum ríkisskuldabréfa eða ríkistryggðra verðbréfa, sem skráð eru á þinginu, og áformar að sinna áfram hlutverki viðskiptavaka fyrir þau bréf fyrir eigin reikning, á þess kost að fá fyrirgreiðslu hjá bankanum í því formi að selja honum bréf úr þeim flokki eða flokkum með skilmálum sem lýst er nánar hér á eftir. Með hlutverki viðskiptavaka er hér átt við að þingaðili setji daglega fram kaup- og sölutilboð í viðkomandi flokk eða flokka að lágmarki að fjárhæð 5 m.kr. og að munur kaup- og söluávöxtunar sé ekki meiri en 0,25%.
2. Þingaðili og Seðlabanki Íslands skulu gera sérstakan samning um fyrirgreiðsluna í hvert sinn þar sem fram koma m.a. eftirtalin atriði:
   a. Lýsing á bréfunum sem Seðlabankinn kaupir af þingaðilanum og þingaðilinn endurkaupir innan tiltekinna tímamarka. Í lýsingunni komi m.a. fram heiti bréfanna og samanlagt nafnverð.
   b. Kaupdagur Seðlabankans og endurkaupadagur þingaðilans. Tíminn þar á milli sé mest 45 dagar en minnst 10 dagar. Ekki skal kaupa verðbréf sem eru með gjalddaga á því tímabili sem samningurinn gildir.
   c. Kaupverð Seðlabankans og endurkaupaverð þingaðilans.
   Kaupverðið skal vera 5% lægra en lægsta kaupverð bréfanna á samningsdegi skv. tilboðum á Verðbréfaþingi Íslands. Endurkaupaverðið ræðst af kaupverðinu og föstum vöxtum sem skulu vera þeir sömu og gilda við endurhverf ríkisvíxlakaup Seðlabankans til 10 daga að viðbættu 0,25% álagi.
   d. Ákvæði um að Seðlabanki eigi rétt á að selja verðbréfin fyrir eigin reikning, verði ekki staðið við endurkaup þeirra á tilgreindum endurkaupadegi.
   e. Yfirlýsing þingaðila um að hann muni að jafnaði kaupa og selja umdrædd bréf og að hann muni opinbera það með eins mánaðar fyrirvara ef hann hyggst hætta því.
3. Fyrirgreiðslan við hvern og einn þingaðila er háð eftirgreindu hámarki:
   Í hverjum mánuði skal samanlagt kaupverð Seðlabankans ekki vera meira en 400 m.kr. og þó ekki meira en sem svarar helmingi þess sem þingaðilinn hefur keypt af verðbréfum, skv. 1. gr. undangengna sex mánuði, enda komi þau kaup fram í viðskiptum tilkynntum Verðbréfaþingi Íslands.

Reglur þessar, sem settar eru með tilvísun til 11. greinar laga nr. 36 frá 5. maí 1986 um Seðlabanka Íslands, taka gildi 17. september 1997. Jafnframt falla úr gildi reglur um fyrirgreiðslu Seðlabankans við viðskiptavaka frá 19. mars 1997. Reglurnar eru breytanlegar án fyrirvara.

Reykjavík, 15. september 1997.

Seðlabanki Íslands,
Birgir Ísl. Gunnarsson. Eiríkur Guðnason.

Stjórnartíðindi B 76, nr. 542–544. Útgáfudagur 15. september 1997.

STJÓRNARTÍÐINDI B 77 – 1997

Nr. 545 1224 27. ágúst 1997

REGLUGERÐ

um greiðslu atvinnuleysisbóta.

I. KAFLI
Um skilyrði bótaréttar.

1. gr.

Umsækjandi sé í atvinnuleit og fullfær til vinnu.

Til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum þarf umsækjandi í atvinnuleit samkvæmt 1. gr. laga um atvinnuleysistryggingar að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Að vera reiðubúinn til að ráða sig til allra almennra starfa, enda sé vinnan heimil að lögum og laun fyrir hana og starfskjör í samræmi við 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.
b. Að vera fullfær til vinnu.
c. Að fylgja starfsleitaráætlun sem gerð hefur verið á vegum svæðisvinnumiðlunar, sbr. 15. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir, eða skrá sig vikulega hjá svæðisvinnumiðlun/skráningaraðila.

2. gr.

Vinnufærni umsækjanda.

Umsækjandi um atvinnuleysisbætur skal gera grein fyrir vinnufærni sinni þegar hann sækir um bæturnar. Verði breyting á vinnufærni hans þegar hann er byrjaður á bótatímabili skal hann greina frá því við næstu skráningu. Skrá skal á dagpeningavottorð umsækjanda að um skerta vinnufærni hans sé að ræða og hvers eðlis hún sé.

Fái skráningaraðili vitneskju um að vinnufærni umsækjanda sé skert eða hafi skerst, án þess að bótaþegi hafi sjálfur upplýst um það, skal þeim upplýsingum komið á framfæri við úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta.

Svæðisvinnumiðlun skal gera Atvinnuleysistryggingasjóði viðvart í þeim tilvikum þegar leitað er álits trúnaðarlæknis sjóðsins, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

3. gr.

Vinnu hafnað á fyrstu fjórum vikum atvinnuleysis.

Bótaþegi getur hafnað tilboði um vinnu sem honum er boðin á fjórum fyrstu vikum atvinnuleysis enda séu góðar líkur á að hann muni fá vinnu í sinni starfsgrein, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

Að liðnum fjórum vikum ber umsækjanda að taka því starfi sem honum býðst að viðlögðum bótamissi, sbr. 4. tl. 5. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

4. gr.

Tilboði um vinnu hafnað.

Ef umsækjandi um atvinnuleysisbætur hafnar tilboði um vinnu sem býðst fyrir milligöngu svæðisvinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, skal ávallt skrá sem gleggstar upplýsingar um það á dagpeningavottorð hans.

Gutenberg

II. KAFLI
Atvinnuleysisbætur og námsmenn.

5. gr.

Meginregla.

Námsmenn eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum samhliða námi sem stundað er á venjulegum dagvinnutíma, nema annað leiði af samningi um starfsleitaráætlun, sbr. 15. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir.

6. gr.

Bótaréttur þeirra sem hætta námi fyrir lok námsannar.

Ef námsmaður sem hefur áunnið sér rétt til bóta hverfur frá námi á hann ekki rétt til bóta þann tíma sem eftir stendur af námsönn.

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu, ef veruleg breyting á fjölskylduhögum eða fjárhagsstöðu hefur valdið því að hann hætti námi, sbr. 5. tl. 5. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

III. KAFLI
Missir bótaréttar.

7. gr.

Gildar ástæður fyrir starfslokum.

Ef umsækjandi um bætur hefur sagt starfi sínu lausu er úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta heimilt að ákveða að hann skuli ekki missa rétt til bóta, sbr. 4. tl. 5. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, séu starfslok tilkomin vegna einhverra eftirtalinna atvika:

a. Maki umsækjanda hefur farið til starfa í öðrum landshluta og fjölskyldan hefur af þeim sökum þurft að flytja búferlum.
b. Uppsögn má rekja til þess að umsækjandi, að öðru leyti vinnufær, hefur af heilsufarsástæðum sagt sig frá þeirri vinnu sem hann var í, að því tilskildu að vinnuveitanda hans hafi mátt vera kunnugt um þessar ástæður áður en hann lét af störfum. Heimilt er að óska eftir læknisvottorði þessu til staðfestingar.

Kjósi úthlutunarnefnd að beita heimild 4. tl. 5. gr. laga um atvinnuleysistryggingar í öðrum tilvikum en að ofan greinir, skal hún tiltaka sérstaklega í ákvörðun sinni þau atvik og sjónarmið sem ákvörðun byggist á.

IV. KAFLI
Endurútreikningur á bótahlutfalli.

8. gr.

Frádráttur vegna vinnustunda á bótatímabili.

Ef maður sem ákvarðaðar hafa verið bætur fær tilfallandi vinnu dag og dag, skal miða við að 8 tilfallandi vinnustundir hjá umsækjanda sem hefur 100 % bótarétt leiði til missis bóta í einn dag, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

Fái maður vinnu í fleiri en tvo daga samfellt, skal hann missa bætur í jafnmarga daga. Ef starfshlutfall er lægra en bótahlutfall skal þó fara eftir reiknireglu 1. mgr.

9. gr.

Endurútreikningur bótaréttar.

Mæti maður sem ákvarðaðar hafa verið bætur ekki til skráningar hjá svæðisvinnumiðlun/skráningaraðila samtals í 4 vikur eða lengur, á hverju 12 mánaða tímabili innan bótatímabils, sbr. 9. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, án þess að ákvæði laganna um geymdan bótarétt eigi við, skal litið svo á að upphafleg ákvörðun úthlutunarnefndar um bótahlutfall hans sé úr gildi fallin.

Sæki hann um atvinnuleysisbætur að nýju skal úthlutunarnefnd ákvarða honum nýtt bótahlutfall, samkvæmt 4. tl. 2. gr., sbr. og 4. mgr. 8. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

Þetta ákvæði á ekki við ef annað leiðir af samningi um starfsleitaráætlun sem gerður hefur verið samkvæmt 15. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997.

V. KAFLI
Bætur vegna gjaldþrota fyrirtækja.

10. gr.
Gjaldþrot vinnuveitanda.

Hafi vinnuveitandi verið úrskurðaður gjaldþrota og launamaður vill nýta rétt sinn til greiðslu samkvæmt 11. gr. laga um atvinnuleysistryggingar skal hann leggja fram afrit kröfulýsingar sinnar í þrotabú vinnuveitandans með áritun skiptastjóra um móttöku, auk skriflegs framsals á sömu kröfu til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Fái hann greiðslu samkvæmt þessari heimild skal það tímabil sem hann fær greitt fyrir ekki teljast hluti bótatímabils, sbr. 9. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

Maður sem óskar greiðslu samkvæmt 1. mgr. skal uppfylla öll almenn skilyrði bótaréttar, þ. á m. um skráningu hjá svæðisvinnumiðlun.

Þegar Atvinnuleysistryggingasjóður innleysir kröfu samkvæmt 1. mgr. greiðir sjóðurinn ekki 6 % framlag í lífeyrissjóð, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

VI. KAFLI
Styrkir vegna búferlaflutninga.

11. gr.
Skilyrði.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrki til þess að aðstoða atvinnulausa við búferlaflutninga innanlands vegna atvinnutilboða, sbr. 22. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a. Umsækjandi um styrk sé án atvinnu og uppfylli skilyrði laga um atvinnuleysistryggingar.
b. Umsækjanda hafi sannanlega boðist vinna fjarri heimili sínu.
c. Ætla megi að um framtíðarstarf verði að ræða. Ef um tímabundna ráðningu er að ræða er skilyrði að hún sé ekki til skemmri tíma en 6 mánaða.

12. gr.
Upphæðir.

Styrkir Atvinnuleysistryggingasjóðs geta náð bæði til flutnings á fólki og búslóð.

a. Einstaklingur getur fengið styrk sem svarar 75 % af kostnaði við flutning milli staða, þó að hámarki kr. 30.000.
b. Fjölskylda, tveggja til fjögurra manna, getur fengið styrk sem svarar 75 % af kostnaði við flutning milli staða, þó að hámarki kr. 50.000.
c. Fjölskylda, fimm manns eða stærri, getur fengið styrk sem svarar 75 % af kostnaði við flutning á milli staða, þó að hámarki kr. 60.000.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að breyta framangreindum upphæðum ef breytingar verða á flutningskostnaði og fargjöldum innanlands. Breytingarnar skulu staðfestar af félagsmálaráðherra og birtar í Stjórnartíðindum.

13. gr.
Umsókn.

Með umsókn um styrk skal fylgja bótasaga viðkomandi, skrifleg staðfesting frá vinnuveitanda um ráðningu umsækjanda og reikningar vegna fargjalds og flutnings búslóðar.

Styrkur Atvinnuleysistryggingasjóðs skal vera greiðsla á þegar útlögðum kostnaði umsækjanda.

VII. KAFLI
Endurkrafa.

14. gr.
Heimild til skuldajöfnuðar.

Nú á Atvinnuleysistryggingasjóður útistandandi kröfu samkvæmt 27. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og er úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta þá heimilt að nota þá kröfu til skuldajöfnunar á móti atvinnuleysisbótum að því tilskildu að umsækjandi uppfylli skilyrði laga um atvinnuleysistryggingar um bótarétt. Skulu þá bætur fyrst greiddar umsækjanda þegar skuld hans við Atvinnuleysistryggingasjóð er að fullu greidd.

15. gr.
Tilkynning um meint brot á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Ef ábending kemur fram um meint brot á lögum um atvinnuleysistryggingar eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skulu þeir sem fá slíkar upplýsingar, svo sem starfsmenn svæðisvinnumiðlana, einstakir skráningaraðilar, starfsmenn úthlutunarnefnda eða nefndarmenn í úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta, koma þeim upplýsingum á framfæri við úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta.

16. gr.
Innheimta viðurlagaákvörðunar.

Vinnumálastofnun annast innheimtu kröfu samkvæmt 27. gr. laga um atvinnuleysistryggingar í umboði stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.
Sönnun þess að umsækjandi hafi verið í tryggingaskyldri vinnu.

Komi í ljós við meðferð umsóknar um atvinnuleysisbætur að vinnuveitandi hafi ekki staðið skil á opinberum gjöldum af launum umsækjanda skal ákvörðun um bótarétt hans frestað. Skal umsækjandi eiga rétt á atvinnuleysisbótum að því marki sem hann færir sönnur á með framlagningu launaseðla að launagreiðandi hafi haldið opinberum gjöldum eftir af launum hans á viðmiðunartímabili, sbr. 4. tl. 2. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

Umsækjandi eða svæðisvinnumiðlun skal í þessu skyni afla staðfestingar um að launaseðlar sem þannig eru tilkomnir hafi verið mótteknir af skattstofu.

18. gr.
Réttur til bóta í uppsagnarfresti.

Umsækjandi um atvinnuleysisbætur sem á kröfu um laun í uppsagnarfresti á hendur vinnuveitanda sem ekki hefur verið úrskurðaður gjaldþrota á ekki rétt á atvinnuleysisbótum fyrr en uppsagnarfrestur er liðinn.

IX. KAFLI
Gildistaka

19. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi I. og II. kafli reglugerðar nr. 524/1996, um greiðslu atvinnuleysisbóta.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. ágúst 1997.

Páll Pétursson.

Elín Blöndal.

REGLUR

um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt í samræmi við reglur þessar að endurgreiða að hluta útgjöld vegna læknishjálpar, lyfja, sjúkraþjálfunar, iðjuþjálfunar og talþjálfunar enda teljist þau umtalsverð miðað við tekjur sjúkratryggðs eða fjölskyldu hans.

2. gr.

Endurgreiðslur samkvæmt reglum þessum taka til eftirfarandi læknis-, lyfja- og þjálfunarkostnaðar sjúkratryggðs sem stofnast hefur hérlendis:

a. Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við heimsóknir á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjanir læknа, sérfræðilæknishjálp, þar með taldar heimsóknir á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, rannsóknir og röntgengreiningu, sbr. 2.-9. gr. reglugerðar nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

b. Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við nauðsynleg lyf, sbr. 3., 4. og 6. gr. reglugerðar nr. 158/1996 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, með síðari breytingum. Endurgreiðsla almannatrygginga á lyfjum miðast að hámarki við viðmiðunarverð, þar sem það á við, en annars við gildandi smásöluverð, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 158/1996.

c. Lyfjakostnaðar vegna barna til 6 ára aldurs.

d. Hluta sjúkratryggðs í sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun sbr. reglur tryggingaráðs um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga TR í þjálfun.

3. gr.

Viðmiðunarmörk vegna endurgreiðslu eru eftirfarandi:

Árstekjur fjölskyldu næsta almanaksár á undan	Grunnkostnaður 3 mánuðir	Þátttaka TR umfram grunnkostnað
undir 850.000	7.000	90%
850.000-1.199.999	9.000	90%
1.200.000-1.999.999	15.000	75%
2.000.000-2.999.999	21.000	60%
3.000.000 og yfir	0	0

Einstaklingar með sama fjölskyldunúmer skv. skilgreiningu Hagstofu Íslands, nema börn 16 ára og eldri, skulu teljast einn einstaklingur. Einstaklingur/fjölskylda greiðir grunnkostnað sem hækkar með hækkandi tekjum, en fær endurgreitt hlutfall af útgjöldum umfram grunnkostnaðinn. Endurgreiðsluhlutfallið hækkar með lækkandi tekjum. Þegar árstekjur hafa náð 3.000.000 kr. er ekki lengur um endurgreiðslu að ræða samkvæmt þessum reglum. Tekjur miðast við árstekjur árið á undan, en heimilt er að víkja frá því ef um verulega lækkun tekna er að ræða svo sem vegna alvarlegra veikinda eða atvinnumissis. Grunnkostnaður miðast við 3 mánuði í senn. Ekki verður greidd út lægri upphæð en kr. 500.

4. gr.

Sjúkratryggður skal sanna útgjöld sín vegna læknis-, lyfja- og þjálfunarkostnaðar með framlögðum kvittunum sem bera með sér nafn útgefanda, tegund þjónustu, fjárhæð og greiðsludag, ásamt nafni og kennitölu hins sjúkratryggða. Einnig er unnt að sanna útgjöld vegna lyfja með því að framvísa tölvuútskrift frá apótekum.

5. gr.

Við mat á því hvort endurgreiða skuli sjúkratryggðum útgjöld vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar skal leggja til grundvallar kostnað sjúkratryggðs skv. 2. gr., eða fjölskyldu, að teknu tilliti til vergra heimilistekna.

Áður en endurgreiðslur eru ákvarðaðar er heimilt að draga frá heildarkostnaði uppbót sem elli- eða örorkulífeyrisþegi nýtur vegna lyfja og/eða þjálfunar skv. 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

6. gr.

Umsóknum um endurgreiðslu samkvæmt reglum þessum skal skilað til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboða hennar. Endurgreiðslur miðast við útgjöld vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar þrjá mánuði í senn, þ.e. 1. janúar - 31. mars, 1. apríl - 30. júní, 1. júlí - 30. september og 1. október - 31. desember ár hvert.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 12. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, öðlast gildi 1. september 1997. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 231/1993 með áorðnum breytingum. Þó skulu viðmiðunarmörk skv. reglum nr. 231/1993 gilda til 30. september 1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. september 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

1. september 1997 Nr. 547

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 59/1996 um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

1. gr.

2. ml. 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að greiða lífeyrisþega sem nýtur sérstakrar heimilisuppbótar og frekari uppbótar skv. 2. og 3. tl. 8. gr. allt að 50% uppbót.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast gildi 1. september 1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. september 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 465/1995, um skráningu og útgáfu markaðsleyfa sérlyfja.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðast svo:

Umsóknareyðublað skal fyllt út í þremur eintökum fyrir hverja umsókn. Lyfjanefnd ríkisins gefur út íslenskar leiðbeiningar um útfyllingu umsóknareyðublaða, í samræmi við 4. mgr. Lyfjanefnd ríkisins áritar og tölusetur hverja umsókn og fær umsækjandi eitt eintak.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. orðast svo:

Eftirfarandi upplýsingar og gögn, eftir því sem við á, skulu fylgja umsókn um skráningu sérlyfs:

3. gr.

5. tl. 1. mgr. 4. gr. orðast svo:

Útfyllt skrá yfir innihaldsefni lyfsins auk innihaldslýsingar, sbr. ákvæði í viðauka 1 við reglugerð nr. 418/1994, um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum.

4. gr.

2. mgr. 8. gr. orðast svo:

Leiðbeiningar um gerð samantektarinnar gefur lyfjanefnd ríkisins út á íslensku í samræmi við „Notice to Applicants“, sbr. ákvæði 2. gr. þessarar reglugerðar.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 16. gr. reglugerðarinnar:

Í stað orðanna „sbr. viðauka 3“, kemur „sbr. 8. gr.“ og í stað orðanna „sbr. viðauka 4“, kemur „sbr. 31. gr.“.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 23. gr. reglugerðarinnar:

Í stað orðanna „sbr. viðauka 3“, kemur „sbr. 8. gr.“ og í stað orðanna „sbr. viðauka 4“, kemur „sbr. 31. gr.“.

7. gr.

24. gr. orðast svo:

Sækja verður um undanþágu frá lyfseðilsskyldu sérlyfs til lyfjanefndar ríkisins sbr. tilskipun ráðs EBE (92/26/EEC), á eyðublöðum sem þar fást.

Helsti eiginleiki sem lausasölulyf þarf að hafa er að það henti fyrir sjálfsmeðferð.

Upplýsingar um öryggi lyfsins skulu liggja fyrir, bæði hvað varðar rétta og ranga notkun þess.

Lausasölulyf má ekki vera vanabindandi, þ.e. það má hvorki valda vellíðan né örva miðtaugakerfið og það má hvorki valda þolmyndun né fráhvarfseinkennum.

Lausasölulyf má ekki vera þannig, að það geti leynt einkennum hættulegra sjúkdóma.

Þær ábendingar, sem sótt er um lausasölu fyrir, verða að vera í samræmi við skráðar ábendingar lyfsins.

Lyf sem inniheldur nýtt virkt efni (NCE), eða sem er stungulyf eða innrennslislyf, er alltaf lyfseðilsskylt. Ekki er hægt að sækja um afnám lyfseðilsskyldu fyrr en umtalsverð reynsla hefur fengist af notkun lyfsins.

Með umsókn um heimild til lausasölu lyfja sem ætluð eru mönnum og dýrum eftir því sem við á, skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar/gögn:

1. Heiti sérlyfs, markaðsleyfishafi, skráningarnúmer/markaðsleyfisnúmer, lyfjaform og styrkleiki.
2. Samheiti virks/virkra innihaldsefnis/efna.
3. Ábending(ar) lyfs, sem sótt er um lausasölu fyrir og skammtar, bæði handa fullorðnum og börnum eftir því sem við á.
4. Umbúðagerð og stærð pakkninga fyrir lausasölu.
5. Ef lyfið er selt í lausasölu í öðru EES landi, PER landi eða N-Ameríku skal greina frá því og hvenær lausasala í viðkomandi löndum var heimiluð.
6. Yfirlit yfir lyfja- og eiturefnafræði með hliðsjón af lausasölu.
7. Tegund og tíðni aukaverkana, og hvort vara þurfi vissa áhættuhópa við notkun lyfsins vegna aukaverkana og hvernig það skuli gert.
8. Eitrunareinkenni við ofskömmtun.
9. Tillaga að lausasöluáletrun og/eða fylgiseðli á íslensku í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 418/1994 um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum.

Komi fram nýjar upplýsingar um lyfið, eftir að sótt hefur verið um heimild til lausasölu, sem skipt geta máli við afgreiðslu umsóknarinnar, skal umsækjandi senda þær tafarlaust til lyfjanefndar ríkisins. Á þetta einnig við um lyf eftir að heimild hefur verið veitt til lausasölu.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 27. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað orðanna „sbr. viðauka 3“, í 1. tl. 1. mgr. kemur „sbr. 8. gr.“.
b. Í stað orðanna „sbr. viðauka 4“, í 2. tl. 1. mgr. kemur „sbr. 31. gr.“.

9. gr.

2. tl. 1. mgr. 31. gr. orðast svo:

2. Texti á íslensku um lyfið, í fullu samræmi við viðurkennda samantekt á eiginleikum lyfsins (SPC) eða stytt útgáfa af samantekt á eiginleikum lyfsins, sbr. leiðbeiningar lyfjanefndar ríkisins um texta í sérlyfjaskrá, sé fyrirliggjandi. Texti skal sendur lyfjanefnd ríkisins til samþykktar og skal hann einnig fylgja með á disklingi.

10. gr.

Samhliða breytingum þessum eru viðaukar 2-6, felldir úr reglugerðinni.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 öðlast gildi 20. september 1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. september 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

REGLUGERÐ

um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti.

I. KAFLI
Skilgreiningar.
1. gr.

1) Reiknað verð húsbréfs er nafnverð þess auk vaxta, vaxtavaxta og verðbóta, sbr. reiknijöfnu í 32. gr. reglugerðar þessarar.

2) Markaðsverð húsbréfa er vegið meðaltal viðskipta hvers dags á Verðbréfaþingi Íslands næstliðinn dag.

3) Með verðbréfaflokki er átt við skuldabréf sem gefin eru út af sama aðila með sömu vöxtum, lánstíma og endurgreiðsluskilmálum.

4) Fasteignaveðbréf er skuldabréf sem skipta má fyrir húsbréf Byggingarsjóðs ríkisins. Fasteignaveðbréfi má skipta í frumbréf og viðaukabréf.

5) Með íbúðarkaupanda er í reglugerð þessari átt við einstakling, hjón eða sambýlisfólk.

6) Með húsbyggjanda er í reglugerð þessari átt við einstakling, hjón eða sambýlisfólk.

7) Með byggingaraðila er í reglugerð þessari átt við hvern þann viðurkenndan framkvæmdaraðila sem byggir og selur fullfrágengnar íbúðir skv. ÍST 51.

8) Með nýbyggingu er í reglugerð þessari átt við nýja íbúð sem hlotið hefur samþykki byggingaryfirvalda og ekki hefur verið tekin í notkun eða hefur verið í notkun í 6 mánuði eða skemur þegar fasteignaveðbréf (frumbréf) er gefið út.

9) Núvirði kaupverðs er verð íbúðar að teknu tilliti til lánskjara áhvílandi lána miðað við gefna verðbólguspá.

10) Íbúðarkaupandi eða húsbyggjandi telst vera að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, ef hann hefur ekki átt íbúð eða hluta úr íbúð síðastliðin 3 ár. Íbúðarkaupandi eða húsbyggjandi skal leggja fram íbúðarvottorð frá skattstjóra fyrir næstliðin þrjú tekjuár. Heimilt er að miða tímabilið við dagsetningu þinglýsts kaupsamnings.

II. KAFLI
Fjárhagur og rekstrarkostnaður húsbréfadeildar.
2. gr.

Fjárhagur og bókhald húsbréfadeildarinnar skal aðskilið frá öðrum þáttum í starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins. Gera skal sérstakan ársreikning fyrir húsbréfadeildina.

Rekstrarkostnaður húsbréfadeildarinnar og áætlað tap vegna útlána skal greitt af tekjum deildarinnar. Félagsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, lántökugjald allt að 1% til að standa straum af rekstrarkostnaði húsbréfadeildar auk vaxtaálags, allt að 0,35% sem renni í varasjóð til að mæta áætluðum útlánatöpum. Nægi tekjur samkvæmt þessari málsgrein ekki til að standa undir útgjöldum skal sérstakt framlag greitt úr Byggingarsjóði ríkisins. Verði tekjur hins vegar hærri en útgjöld skal mynda sérstakan varasjóð til að bera þann kostnað sem verður af sveiflum í tekjum deildarinnar og mögulegu tapi vegna útlána.

III. KAFLI
Útgáfa húsbréfa.

3. gr.

Húsbréfadeild gefur út flokka markaðshæfra skuldabréfa í nafni Byggingarsjóðs ríkisins, svonefnd húsbréf. Þau skulu gefin út í verðbréfaflokkum og öll bréf í sama flokki bera sömu fjárhæð og lánskjör. Vextir húsbréfa í hverjum flokki skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann. Húsbréf skal endurgreiða að undangengnum útdrætti. Verði húsbréf ekki dregið út endurgreiðist það í samræmi við lánstímann. Hámarkslánstími skal vera 40 ár.

Húsbréfadeildin gerir tillögu til félagsmálaráðherra um verðtryggingarskilmála, endurgreiðslur, lánstíma, vexti og heildarfjárhæðir í hverjum húsbréfaflokki. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um framangreind atriði að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Ráðherra birtir ákvörðun þessa sem sérstaka reglugerð fyrir hvern húsbréfaflokk.

Húsbréfadeildin ráðstafar húsbréfum til seljanda, húsbyggjanda eða byggingaraðila og eru þau gefin út á nafn hans í skiptum fyrir þinglýst fasteignaveðbréf. Þegar skiptin eiga sér stað er fasteignaveðbréf greitt með húsbréfum metnum á reiknuðu verði þeirra miðað við fyrsta vaxtadag fasteignaveðbréfsins, sbr. 32. gr., og skal reiknað verð húsbréfa vera sem næst nafnverði fasteignaveðbréfs á þeim degi. Mismuninn greiðir húsbréfadeildin án vaxta og verðbóta.

4. gr.

Húsbréfadeild skal stuðla að því að húsbréf séu ávallt seljanleg á markaði. Í því skyni skal húsbréfadeild leita eftir skráningu húsbréfa á Verðbréfaþingi Íslands og jafnframt tryggja að kauptilboð liggi ávallt frammi á þinginu. Löggiltum fasteignasölum er skylt að hafa aðgengilega skrá yfir verðgildi húsbréfa og upplýsa íbúðakaupendur og íbúðaseljendur um atriði sem þau varða.

Húsbréfadeildin skal sjá til þess að daglega birtist opinberlega upplýsingar um tilboð og viðskipti á Verðbréfaþingi Íslands næstliðinn viðskiptadag. Fyrir hvern flokk húsbréfa skal m.a. koma fram:

a. Hæsta tilboðsverð.
b. Lægsta tilboðsverð.
c. Markaðsverð (meðalviðskiptaverð).
d. Ávöxtun skv. a, b og c liðum.

A.m.k. mánaðarlega skulu jafnframt birtar upplýsingar um hversu mikil viðskiptin hafi verið og útistandandi eftirstöðvar í hverjum húsbréfaflokki.

5. gr.

Húsbréfadeild skal leita eftir samningum við banka, sparisjóði og aðrar fjármálastofnanir um að annast afgreiðslu skuldabréfaskipta. Einnig skal húsbréfadeildin leita eftir samningum við sömu aðila um að greiða fyrir viðskiptum með húsbréf.

6. gr.

Verðbréfamiðlurum, sem annast viðskipti með húsbréf, er skylt að hafa á reiðum höndum nýjustu skráningu á verðgildi húsbréfa fyrir viðskiptamenn sína. Óheimilt er að láta fara fram viðskipti utan Verðbréfaþings Íslands sem eru í ósamræmi við það bil sem er á milli hæsta og lægsta verðs sem skráð er á Verðbréfaþinginu. Skylt er verðbréfamiðlurum, sem annast viðskipti með húsbréf, að tilkynna öll viðskipti, sem þeir annast, jafnharðan til Verðbréfaþings Íslands enda þótt viðskiptin eigi sér stað utan Verðbréfaþingsins.

7. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með starfsemi og fjárhag húsbréfadeildar og útgáfu húsbréfa. Einnig skal bankaeftirlitið hafa eftirlit með viðskiptum með húsbréf á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, og laga um verðbréfasjóði, nr. 10/1993.

8. gr.

Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að ráðstafa hluta af fjármunum sínum til viðskipta með húsbréf í því skyni að ávallt sé markaður fyrir þau. Byggingarsjóður getur falið öðrum aðilum að gegna þessu hlutverki. Seðlabanki Íslands skal hindra að verulegt misvægi myndist á markaðnum fyrir húsbréf í þeim mæli sem hann telur nauðsynlegt.

IV. KAFLI
Fasteignaveðbréf.

Notaðar íbúðir.

9. gr.

Húsbréfadeild kaupir fasteignaveðbréf sem gefið er út í tengslum við eigendaskipti á notaðri íbúð er hlotið hefur samþykki byggingaryfirvalda. Tekið er veð í viðkomandi íbúð. Fasteignaveðbréf skal gefa út á nafn seljanda íbúðar. Áður en skipt er á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf, skal því þinglýst.

Fasteignaveðbréfi vegna íbúðarkaupa má skipta í frumbréf og viðaukabréf í þeim tilvikum er seljandi þarf að aflétta áhvílandi veðskuldum sem kaupandi tekur ekki yfir. Við undirritun kaupsamnings er gefið út frumbréf en viðaukabréf, eitt eða fleiri, þegar seljandi hefur lokið aflýsingum.

Við gerð frumbréfs skal tillit tekið til áhvílandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á umbeðinni fjárhæð og öllum áhvílandi lánum, uppfærðum. Viðaukabréf geta numið mismuninum á umbeðinni fjárhæð og fjárhæð frumbréfsins á kaupsamningsdegi og skal höfuðstóll þeirra ekki uppfærður til útgáfudags þeirra. Við gerð viðaukabréfs skal einnig tekið tillit til nýrra áhvílandi lána, uppfærðra.

Frumbréfið skal hafa borist húsbréfadeild fyrir lokun viðkomandi húsbréfaflokks, þó eigi síðar en ári frá undirskrift kaupsamnings, og skal ljósrit af þinglýstum kaupsamningi fylgja því. Bréfið skal gefið út við undirskrift kaupsamnings.

Viðaukabréf skal hafa borist húsbréfadeildinni fyrir lokun viðkomandi húsbréfaflokks, þó eigi síðar en ári frá undirskrift kaupsamnings.

Nýbyggingar.

10. gr.

Húsbréfadeild kaupir fasteignaveðbréf vegna nýrrar íbúðar, sem gefin eru út í tengslum við íbúðarbyggingu og með veði í henni. Fasteignaveðbréf skulu gefin út af húsbyggjanda eða byggingaraðila á nafn húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins eða af íbúðarkaupanda á nafn seljanda. Áður en skipt er á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf skal því þinglýst.

Fasteignaveðbréfi vegna íbúðarbyggingar má skipta í frumbréf og viðaukabréf. Frumbréf má gefa út þegar fokheldisvottorð liggur fyrir en viðaukabréf, eitt eða fleiri, þegar brunabótamat er fyrir hendi.

Við gerð frumbréfs skal tillit tekið til áhvílandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á umbeðinni fjárhæð og öllum áhvílandi lánum, uppfærðum. Fjárhæð frumbréfs getur numið allt að 90% af samþykktum byggingarkostnaði fokheldrar íbúðar, sbr. þó 14. gr., enda hafi byggingarkostnaður áður hlotið samþykki húsbréfadeildar.

Við gerð viðaukabréfs skal tillit tekið til áhvílandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á umbeðinni fjárhæð og öllum áhvílandi lánum, uppfærðum, til þess dags sem brunabótavottorð er gefið út.

Frumbréfi skal fylgja fokheldisvottorð, vottorð um smíðatryggingu og ljósrit af kaupsamningi þegar hann er fyrir hendi. Frumbréf skal hafa borist húsbréfadeild fyrir lokun viðkomandi húsbréfaflokks, þó eigi síðar en einu ári frá dagsetningu fokheldisvottorðs.

Viðaukabréf eða óskipt fasteignaveðbréf skal hafa borist húsbréfadeildinni fyrir lokun viðkomandi húsbréfaflokks og innan tveggja ára frá dagsetningu fokheldisvottorðs. Bréfinu skal fylgja nýtt veðbókarvottorð, brunabótavottorð og ljósrit af þinglýstum kaupsamningi ef um íbúðarkaup er að ræða. Viðaukabréf eða óskipt fasteignaveðbréf skal eigi gefið út fyrr en íbúðarseljandi hefur lokið aflýsingum þeirra lána sem kaupandi yfirtekur ekki.

Viðaukabréf eða fasteignaveðbréf ef það er óskipt, er gefið út af húsbyggjanda, á nafn húsbréfadeildar, eða af íbúðarkaupanda, á nafn seljanda. Húsbréfadeild kaupir einungis frumbréf af byggingaraðila, sbr. 3. mgr.

Meiri háttar viðbyggingar, endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði.

11. gr.

Húsbréfadeild kaupir fasteignaveðbréf sem gefið er út í tengslum við viðbyggingu, endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði. Þegar um endurbætur og/eða endurnýjun er að ræða skulu a.m.k. 15 ár vera liðin frá fokheldi eignar. Tekið er veð í viðkomandi íbúð. Fasteignaveðbréf skulu gefin út af íbúðareiganda á nafn húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins. Áður en skipt er á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf skal því þinglýst.

Ef um viðbyggingu er að ræða má skipta fasteignaveðbréfi í frumbréf og viðaukabréf. Frumbréf má gefa út þegar fokheldisvottorð liggur fyrir en viðaukabréf, eitt eða fleiri, þegar brunabótamat er fyrir hendi vegna viðbyggingarinnar.

Fjárhæð frumbréfs getur numið allt að 90% af byggingarkostnaði fokheldrar viðbyggingar, sbr. þó 14. gr. Viðaukabréf getur numið mismuninum á umbeðinni fjárhæð og fjárhæð frumbréfsins á útgáfudegi þess. Við gerð viðaukabréfs skal einnig taka með í reikninginn ný uppfærð áhvílandi lán.

Húsbréfadeild hefur heimild til að skipta húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf vegna endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði þegar 80% af samþykktum framkvæmdum er lokið.

Umsóknum um skuldabréfaskipti vegna viðbyggingar, endurbóta eða endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði skal fylgja kostnaðaráætlun og verklýsing á eyðublöðum sem húsbréfadeild samþykkir og skal umsókn berast húsbréfadeild áður en framkvæmdir hefjast. Ekki verður skipt á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf vegna viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði fyrr en eftir að húsbréfadeild hefur staðfest að verkið hefur verið unnið á þann veg sem fram kemur í verklýsingu. Húsbréfadeild getur falið sérstökum trúnaðarmönnum að annast ofangreinda úttekt.

12. gr.

Til meiri háttar endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði teljast m.a. eftirfarandi framkvæmdir:

1. Endurbygging eða viðamikil viðgerð á þaki.
2. Endurnýjun á gluggum, jafnt gluggakörmum sem tvö- eða þreföldun á gleri.
3. Endurnýjun á rafkerfi.
4. Endurnýjun á lagnakerfi.
5. Utanhússklæðning.
6. Endureinangrun á þaki og veggjum.

Óheimilt er að skipta á fasteignaveðbréfi og húsbréfum vegna venjulegs viðhalds á íbúðarhúsnæði, eins og:

a. Málningarvinnu úti og inni.
b. Endurnýjunar á innréttingum.
c. Endurnýjunar á gólfefni.

Húsbréfadeild hefur þó heimild til að taka tillit til þessara þátta ef um heildarendurnýjun er að ræða.

13. gr.

Heimilt er að kaupa fasteignaveðbréf í skiptum fyrir húsbréf vegna framkvæmda við fullnaðarfrágang á íbúðarhúsnæði, sem lánað var til úr Byggingarsjóði ríkisins samkvæmt lögum nr. 51/1980, með síðari breytingum.

Áður en ákvörðun er tekin um kaup á fasteignaveðbréfum samkvæmt þessari grein skal liggja fyrir úttekt tæknideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins á því, sem ólokið er í byggingunni, og fer lánshæfi framkvæmda eftir 12. grein.

Sameiginleg atriði um notaðar íbúðir, nýbyggingar og meiri háttar viðbyggingar, endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði.

14. gr.

Skipta má á fasteignaveðbréfi og húsbréfum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði íbúðar, sbr. 25. gr., ef umsækjandi er að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði íbúðar. Þó aldrei fyrir hærri fjárhæð en kr. 7.169.000 vegna nýrra íbúða og kr. 5.974.000 vegna notaðra íbúða miðað við byggingarvísitölu 1. júlí 1997, 223,6 stig. Fjárhæð fasteignaveðbréfs vegna meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði má að hámarki nema kr. 3.582.000, miðað við byggingarvístölu 1. júlí 1997, 223,6 stig. Fjárhæðin má þó aldrei vera hærri en sem nemur 65% af samþykktri kostnaðaráætlun vegna framkvæmdarinnar. Fjárhæðir samkvæmt þessari grein breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar á vísitölunni og skulu vera í heilum þúsundum króna.

Þegar um er að ræða íbúðarkaup eða húsbyggingu skal fasteignaveðbréf ekki nema hærri fjárhæð en nemur mismuni á söluverði fyrri eignar að frádregnum lánum umsækjanda, öðrum en lánum vegna atvinnurekstrar, og matsverði, sbr. 25. gr., þeirrar íbúðar sem sótt er um skuldabréfaskipti fyrir. Hafi sala ekki farið fram skal miða við áætlað söluverð.

15. gr.

Ekki verður skipt á fasteignaveðbréfi fyrir húsbréf ef veðbréfið nemur lægri fjárhæð en kr. 772.000 miðað við byggingarvísitölu 1. júlí 1997, 223,6 stig. Þó er heimilt að skipta á fasteignaveðbréfi fyrir húsbréf vegna viðbygginga, endurbóta eða endurnýjunar á húsnæði, fyrir fjárhæðir að lágmarki kr. 531.000 miðað við sömu vísitölu, enda verði lánstíminn ekki lengri en 15 ár. Hámarkslánstími fasteignaveðbréfs vegna viðbygginga, endurbóta eða endurnýjunar á húsnæði skal vera 25 ár. Fjárhæðir samkvæmt þessari grein breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar á vísitölunni og skulu vera í heilum þúsundum króna.

16. gr.

Fasteignaveðbréf skal vera verðtryggt með vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar út og birtir með heimild í 1. gr. laga nr. 12/1995 um vísitölu neysluverðs, og hefur sömu lánskjör og þau húsbréf sem skipta á fyrir fasteignaveðbréfið, að viðbættu föstu vaxtaálagi, sbr. 2. gr.

Fasteignaveðbréf ber vexti og verðbætur frá þeim degi sem kaup takast eða þeim degi sem aðilar koma sér saman um.

Vextir skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann. Lánstími er hinn sami og lánstími húsbréfa, sbr. 3. gr.

Fasteignaveðbréfið skal endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana, þ.e. jafngreiðslulán, að viðbættum verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Gjalddagar fasteignaveðbréfs skulu vera 15. dag hvers mánaðar, þó er heimilt að óska eftir að gjalddagar verði ársfjórðungslega. Fyrsta greiðsla afborgunar, vaxta og verðbóta af fasteignaveðbréfi með mánaðarlegum afborgunum skal vera á þriðja gjalddaga frá útgáfudegi þess en fyrsta greiðsla afborgunar, vaxta og verðbóta af fasteignaveðbréfi með ársfjórðungslegum afborgunum er á öðrum reglulega gjalddaga frá útgáfudegi þess. Vextir á hverjum gjalddaga skulu reiknast þannig að deilt er með fjölda gjalddaga á hverju ári í ársvextina.

Húsbréfadeild er heimilt að bjóða þeim sem þegar hafa gefið út fasteignaveðbréf með ársfjórðungslegum afborgunum að breyta veðbréfinu þannig, að það beri mánaðarlega gjalddaga. Einnig getur skuldari fasteignaveðbréfs, sem þegar hefur verið gefið út með mánaðarlegum gjalddögum, óskað eftir að því verði breytt þannig, að það beri ársfjórðungslega gjalddaga.

17. gr.

Heimilt er skuldara fasteignaveðbréfs að greiða aukaafborganir eða endurgreiða skuldina að fullu hvenær sem er á lánstímanum.

18. gr.

Við eigendaskipti á íbúð, sem á hvílir fasteignaveðbréf í eigu húsbréfadeildarinnar, skal liggja fyrir samþykki deildarinnar, að öðrum kosti hefur húsbréfadeildin heimild til að gjaldfella lánið.

Að sérstökum skilyrðum uppfylltum er heimil tímabundin yfirtaka fasteignaveðbréfs án undangengins greiðslumats. Tímabundin yfirtaka getur varað allt að 24 mánuði.

Tímabundin yfirtaka verður einungis veitt í þeim tilfellum þegar kaupandi eignar er að verja hagsmuni sína með eftirgreindum hætti:

a) kröfuhafi kaupir fasteign á uppboði í þeim tilgangi að verja veðkröfu sína og ætlar að selja hana strax aftur.

b) íbúð með áhvílandi fasteignaveðbréfi er tekin sem greiðsla upp í aðra og verðmeiri íbúð.

c) riftun kaupsamnings hefur átt sér stað og eigandi þarf að fá frest til að selja eignina aftur.

Tímabundin yfirtaka er veitt fyrst til 12 mánaða og verður ekki framlengd í 12 mánuði til viðbótar, nema söluaðgerðir hafi verið viðhafðar allt tímabilið en ekki borið árangur.

19. gr.

Heimilt er að skipta á fasteignaveðbréfi og húsbréfum vegna kaupa á hluta úr íbúð ef kaupandi verður einn eigandi á eftir. Fjárhæð fasteignaveðbréfsins má nema allt að 65% af matsverði íbúðarinnar skv. 25. gr., þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur kaupverðinu.

20. gr.

Upphaflegum kröfuhafa er heimilt að yfirtaka fasteignaveðbréf við endurkaup á íbúð ef liðin eru þrjú ár eða meira frá því að afsali var þinglýst, enda hafi kaupandinn þá tekið við henni til eigin nota samkvæmt íbúðavottorði.

21. gr.

Kaup á fasteignaveðbréfi eða samþykki fyrir yfirtöku þess skal byggjast á sameiginlegu greiðslumati fyrir alla þá, er kauptilboðið gera, enda verði þeir allir greiðendur bréfsins.

V. KAFLI
Endurgreiðslur fasteignaveðbréfa og húsbréfa.

22. gr.

Húsbréfadeild innheimtir afborganir, vexti og verðbætur af fasteignaveðbréfum og ráðstafar því fé til endurgreiðslu húsbréfa að undangengnum útdrætti eftir hlutkesti sem lögbókandi („notarius publicus“) hefur umsjón með.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbréf í hlutaðeigandi húsbréfaflokki að fullu eftir útdrætti á föstum gjalddögum sem ákveðnir eru í sérstakri reglugerð fyrir hvern flokk fyrir sig. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbréf fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum. Niðurstöður skulu birtar a.m.k. tveimur mánuðum fyrir gjalddaga ásamt númerum áður útdreginna, ógreiddra húsbréfa. Húsbréf endurgreiðast á reiknuðu verði á gjalddaga, sbr. 32. gr.

23. gr.

Húsbréfadeild skal gæta þess að inn- og útgreiðslur af fasteignaveðbréfum og húsbréfum standist á þannig að jafnvægi sé í hverjum ársfjórðungi. Í þessu skyni skal deildin gera áætlanir um fjárstreymi. Þó er deildinni heimilt að taka við greiðslum af fasteignaveðbréfum til varðveislu án þess að ráðstafa þeim til útdráttar húsbréfa ef tilsvarandi húsbréfaflokkur er enn í sölu.

Verði innstreymi fjár vegna aukaafborgana af fasteignaveðbréfum, sbr. 17. gr., meira en sem nemur vanskilum fasteignaveðbréfa er húsbréfadeildinni heimilt að innleysa útgefin húsbréf sem þeim mun svarar, sbr. 22. gr.

24. gr.

Endurgreiðslur höfuðstóls, vaxta og verðbóta húsbréfa, sem fallnar eru í gjalddaga, fyrnast sé þeirra ekki vitjað innan 10 ára frá gjalddaga. Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

VI. KAFLI
Matsverð íbúða.

25. gr.

Matsverð notaðrar íbúðar er kaupverð hennar en þó aldrei hærra en brunabótamat. Matsverð nýrrar íbúðar er samþykktur byggingarkostnaður hennar, þó aldrei hærra en kaupverð eða brunabótamat. Matsverð notaðrar íbúðar vegna meiri háttar viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar er brunabótamat hennar.

Húsbréfadeild er heimilt að leiðrétta matsverð notaðrar íbúðar með tilliti til markaðsverðs íbúða eða færa það til núvirðis ef greiðslufyrirkomulag er óeðlilegt.

Húsbréfadeild er heimilt að leiðrétta matsverð nýrra íbúða með tilliti til markaðsverðs, ef markaðsverðið á viðkomandi landssvæði hefur verið óeðlilega lágt til lengri tíma og fyrir liggur að ekki er þörf fyrir frekari íbúðarbyggingar og að íbúðir eru á lausu á viðkomandi svæði. Áður en til þess kemur að slíkum heimildum sé beitt skal húsbréfadeild leita álits viðkomandi sveitarstjórnar.

Húsbréfadeild er heimilt að leiðrétta matsverð notaðrar íbúðar vegna meiri háttar viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar með tilliti til markaðsverðs.

Húsbréfadeild skal árlega leggja mat á áhættu þá sem hlýst af skuldabréfaskiptum með hliðsjón af þróun á fasteignamarkaði og í nýbyggingum. Húsbréfadeild getur falið sérstökum trúnaðarmönnum að annast ofangreint mat.

VII. KAFLI
Greiðslugeta íbúðakaupenda og húsbyggjenda og veðhæfi íbúða.

26. gr.

Áður en gengið er frá kauptilboði, bygging eða viðbygging hafin eða endurnýjun og endurbætur eru hafnar skal væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbyggjandi eða íbúðareigandi fá greiðslugetu sína metna hjá húsbréfadeildinni eða viðurkenndri fjármálastofnun sem hún vísar til. Til að unnt sé að meta greiðslugetuna skal væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbyggjandi eða íbúðareigandi leggja fram upplýsingar um fjölskyldustærð, eignir, heildarlaun og skuldir, ásamt öðrum gögnum er kunna að hafa áhrif á greiðslugetu.

27. gr.

Húsbréfadeild skal ekki samþykkja skipti á skuldabréfum eða yfirtöku fasteignaveðbréfa nema fyrir liggi greiðslumat samkvæmt 26. gr., sbr. þó 2. mgr. 18. gr.

28. gr.

Byggingaraðilar sem fullnægja ákvæðum 7. tl. 1. gr. geta fengið frumbréfum skipt fyrir húsbréf gegn því að leggja fram ábyrgð frá viðurkenndri fjármálastofnun eða sveitarfélagi. Fyrrgreind ábyrgð verður að gilda þar til væntanlegur íbúðarkaupandi, sem húsbréfadeildin samþykkir, yfirtekur frumbréfið. Falli ábyrgð niður, áður en íbúð er seld, er heimilt að gjaldfella lánið.

29. gr.

Áður en gengið er frá kaupsamningi og/eða fasteignaveðbréfi (frumbréfi), á eyðublöðum sem húsbréfadeildin samþykkir, skal væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbyggjandi, byggingaraðili eða íbúðareigandi leita eftir mati á veðhæfi þeirrar íbúðar sem hann hyggst festa kaup á, byggja, byggja við eða endurbæta og endurnýja, sbr. 25. gr.

Til að unnt sé að leggja mat á veðhæfi íbúðar skulu eftirtalin gögn liggja fyrir eftir því sem við á:

- Fokheldisvottorð.
- Veðbókarvottorð.
- Brunabótamat, staðfest af Fasteignamati ríkisins eða smíðatrygging ef um frumbréf vegna nýbyggingar er að ræða.
- Kostnaðaráætlun vegna nýbyggingar.
- Kostnaðaráætlun vegna viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði.
- Kauptilboð sem samþykkt er af væntanlegum seljanda með fyrirvara um skuldabréfaskipti við húsbréfadeild. Í kauptilboði skulu koma fram upplýsingar um áhvílandi uppfærð lán ásamt lánskjörum þeirra. Kauptilboðið skal vera á eyðublaði sem húsbréfadeildin samþykkir.
- Ljósrit af síðasta greiðsluseðli allra áhvílandi lána.
- Yfirlýsingu húsfélags (upplýsingar um hússjóð, væntanlegar viðgerðir, o.fl.).
- Staðfesting á ábyrgð viðurkenndrar fjármálastofnunar eða sveitarfélags þegar um viðurkenndan byggingaraðila er að ræða.

Óski húsbyggjandi eða íbúðarkaupandi sem telst vera að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð eftir því að skipta fasteignaveðbréfi fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði

íbúðar skal hann leggja fram staðfestingu skattyfirvalda þess efnis að hann hafi ekki átt íbúð eða hluta úr íbúð síðastliðin 3 ár, sbr. 10. tl 1. gr.

30. gr.

Uppfylli væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbyggjandi, byggingaraðili eða íbúðareigandi ekki ákvæði 26., 28. og 29. gr., getur húsbréfadeildin synjað um skipti á skuldabréfum.

31. gr.

Ef greiðslubyrði íbúðarkaupanda, húsbyggjanda eða íbúðareiganda er í samræmi við mat á greiðslugetu skv. 26. gr., gengur húsbréfadeildin frá fasteignaveðbréfi skv. 9., 10., 11., 13., 14. og 15. gr., að frádregnum yfirteknum og áhvílandi lánum. Húsbréfadeild, eða þeir sem hún vísar til, veitir upplýsingar um andvirði húsbréfa, sem skipt verður fyrir fasteignaveðbréf, miðað við markaðsverð húsbréfa á þeim degi sem fasteignaveðbréfið er afhent.

VIII. KAFLI
Reiknað verð húsbréfa.

32. gr.

Reiknað verð húsbréfs, sbr. 1. tl. 1. gr. í reglugerð þessari, fylgir eftirfarandi reiknijöfnu:

$$V = N\, L_2 / L_1\, (1 + v / 100)^{da/360}\, (1 + P / 100)^{db/30}$$

þar sem

V er reiknað verð húsbréfs á reiknidegi. Reiknidagur getur verið fyrsti vaxtadagur fasteignaveðbréfs, sbr. 3. gr., eða gjalddagi húsbréfs, sbr. 22. gr.

N er nafnverð húsbréfs.

L_1 er grunnvísitala húsbréfs, þ.e. vísitala neysluverðs eða lánskjaravísitala á útgáfudegi húsbréfs.

L_2 er vísitala neysluverðs eða lánskjaravísitala á reiknidegi. L_2 getur verið grunnvísitala fasteignaveðbréfs, sbr. 3. gr., eða vísitala neysluverðs eða lánskjaravísitala á gjalddaga húsbréfs, sbr. 22. gr.

v eru nafnvextir húsbréfs í prósentum á ári.

da er dagafjöldi frá og með útgáfudegi húsbréfs til reiknidags. Reiknað er með 30 dögum í mánuði og 360 dögum á ári.

p er verðbólguforsenda á mánuði í þeim mánuði sem skipti á fasteignaveðbréfi og húsbréfum fara fram samkvæmt upplýsingum Verðbréfaþings Íslands.

db er dagafjöldi innan mánaðar milli útgáfudags húsbréfs og fyrsta vaxtadags fasteignaveðbréfs, þ.e. fyrsti vaxtadagur fasteignaveðbréfs að frádregnum útgáfudegi húsbréfs. db er 0 sé um að ræða reiknað verð húsbréfs á gjalddaga, sbr. 22. gr.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði og gildistaka.

33. gr.

Ekki verður skipt á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf sem gefin hafa verið út án samþykkis húsbréfadeildarinnar, sbr. 26., 28. og 29. gr.

34. gr.

Húsbréfadeild hefur heimild til að hafna skiptum á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf ef sýnt þykir að um málamyndagerning sé að ræða.

35. gr.

Húsbréfadeild heimilar ekki nýja veðsetningu á veðréttum á undan fasteignaveðbréfi, sem hún hefur tekið við, nema getið sé um slíka veðsetningu í fasteignaveðbréfi.

36. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 201/1997, um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti.

Félagsmálaráðuneytinu, 4. september 1997.

Páll Pétursson.

Ingi Valur Jóhannsson.

9. september 1997 Nr. 550

REGLUR

um útfyllingu aðflutningsskýrslu og gjaldfærslu aðflutningsgjalda þegar miðlari kemur fram gagnvart tollyfirvöldum við tollafgreiðslu í umboði innflytjanda.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Miðlari, flutningsmiðlari eða rekstraraðili tollvörugeymslu eða frísvæðis, sem annast gerð aðflutningsskýrslu í umboði innflytjanda skal fylla út reiti 1, 6, 7 og 10 í aðflutningsskýrslu (eyðublað **E-1**) eins og kveðið er á um í reglum þessum. Sama gildir um SMT-aðflutningsskýrslur eftir því sem við á, sbr. reglugerð nr. 309/1992 með síðari breytingum.

Reglur þessar gilda um almennar vörusendingar, safnsendingar, hraðsendingar, tollafgreiðslu vara úr tollvörugeymslum og af frísvæðum og bráðabirgðatollafgreiðslu eftir því sem við á í hverju tilviki.

Að öðru leyti gilda um útfyllingu aðflutningsskýrslu ákvæði reglugerðar nr. 228/1993, um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra, svo og önnur fyrirmæli um útfyllingu aðflutningsskýrslu.

Útfylling reits 1 í aðflutningsskýrslu - Gjaldfærslubeiðni.

2. gr.

Ef miðlari óskar eftir að álögð aðflutningsgjöld verði gjaldfærð á innflytjanda skal hann gefa það til kynna í aðflutningsskýrslu. Gjaldfærslubeiðni á innflytjanda skal gerð með því að skrá lykilinn **GI** í fremsta svæðið í reit 1 í aðflutningsskýrslu.

Feli gjaldfærslubeiðni miðlara í sér skuldfærslu aðflutningsgjalda á innflytjanda ber miðlara að hafa til þess skriflegt umboð, nema innflytjandi annist sjálfur á tollafgreiðslustað greiðslu eða skuldfærslu aðflutningsgjalda og fái þar afhendingarheimild.

Sé gjaldfærslubeiðni samkvæmt 1. mgr. sett fram skulu aðflutningsgjöld skuldfærð á innflytjanda samkvæmt þeim greiðslufrestsheimildum sem innflytjandi hefur en önnur gjöld staðgreidd.

Miðlara er heimilt að setja fram gjaldfærslubeiðni í aðflutningsskýrslu, þótt innflytjandi hafi engar heimildir til greiðslufrests gjalda, í þeim tilgangi að greiðslukvittun verði stíluð á innflytjanda við tollafgreiðslu.

Þegar miðlari setur fram gjaldfærslubeiðni í aðflutningsskýrslu skal greiðslukvittun frá tollstjóra eða pósthúsi stíluð á innflytjanda, sem greiðanda, jafnframt því sem nafn þess miðlara er annaðist gerð skýrslunnar skal þar tilgreint.

3. gr.

Setji miðlari ekki fram gjaldfærslubeiðni á innflytjanda samkvæmt 2. gr. skulu aðflutningsgjöld gjaldfærð á miðlara til staðgreiðslu eða skuldfærð á hann samkvæmt þeim heimildum sem miðlari kann að hafa til greiðslufrests aðflutningsgjalda. Greiðslukvittun tollstjóra eða pósthúss skal í þessu tilviki stíluð á miðlara sem greiðanda en jafnframt skal nafn viðkomandi innflytjanda koma þar fram.

4. gr.

Miðlara er heimilt að setja fram gjaldfærslubeiðni þegar tegund tollafgreiðslu í aðflutningsskýrslu er almenn tollafgreiðsla (**AL**), einfaldari tollmeðferð (**ET**) eða hraðsending (**HS**), sbr. miðhluta í reit 1, enda sé um að ræða tollafgreiðslu almennra vörusendinga, safnsendinga, tollafgreiðslu vara úr tollvörugeymslu eða af frísvæði eða fullnaðartollafgreiðslu hraðsendinga.

Einnig er heimilt að setja fram gjaldfærslubeiðni við bráðabirgðatollafgreiðslu (B*) vörusendingar og fullnaðartollafgreiðslu hennar til þess að greiðslukvittun verði þá stíluð á viðkomandi innflytjanda. Aðflutningsgjöld koma þó alltaf til staðgreiðslu þegar vara er bráðabirgðatollafgreidd.

Útfylling reita 6, 7 og 10 í aðflutningsskýrslu.

5. gr.

Miðlari skal fylla út reiti 6, 7 og 10 í aðflutningsskýrslu svo sem hér segir:

a) Í reit 6 skal rita nafn innflytjanda.
b) Í reit 7 skal rita kennitölu innflytjanda.
c) Í reit 10 skal miðlari rita nafn sitt og heimilisfang, kennitölu og símanúmer. Tilgreina skal virðisaukaskattsnúmer þess aðila, miðlara eða innflytjanda, sem aðflutningsgjöld verða gjaldfærð á

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 15. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum og 20. gr. reglugerðar nr. 228/1993, öðlast gildi 1. október 1997.

Ríkistollstjóri, 9. september 1997.

Sigurgeir A. Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 78 - 1997

16. september 1997 1243 Nr. 551

REGLUGERÐ

um síldveiðar íslenskra skipa í efnahagslögsögu Noregs.

1. gr.

Aðeins þeim íslensku skipum, sem fengið hafa til þess sérstakt leyfi norskra stjórnvalda og Fiskistofu er heimilt að stunda veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum í efnahagslögsögu Noregs. Aðeins er heimilt að stunda síldveiðar í nót. Veiðar eru aðeins heimilar norðan 62°N og utan 12 sjómílna fjarðlægðar frá grunnlínum við Noreg.

2. gr.

Heimilt er íslenskum síldveiðiskipum, sem leyfi hljóta samkvæmt 1. gr., að veiða samtals 10.000 lestir í efnahagslögsögu Noregs á árinu 1997. Hverju skipi er þó aðeins heimilt að veiða 770 lestir af síld á árinu 1997 og veiði skip umfram leyfilegt magn, skal beita ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

3. gr.

Síldveiðiskipum er einungis heimilt að landa afla sínum í höfnum í Noregi og á Íslandi.

4. gr.

Í veiðileyfum Fiskistofu er kveðið á um tilkynningaskyldu skipstjórnarmanna til Fiskistofu. Skipstjórnarmönnum ber að fylgja reglum norskra stjórnvalda um veiðar í norskri lögsögu.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út með stoð í henni varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. september 1997.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Haraldsdóttir.

REGLUGERÐ

um starfstíma framhaldsskóla og leyfisdaga.

1. gr.

Árlegur starfstími nemenda í framhaldsskólum skal eigi vera skemmri en níu mánuðir. Þar af skulu kennsludagar eigi vera færri en 145.

2. gr.

Árlegur starfstími nemenda skiptist í tvær annir og skulu þær vera því sem næst jafnlangar.

3. gr.

Skólameistari ákveður, að höfðu samráði við skólaráð og almennan kennarafund, upphaf og lok skólastarfs ár hvert innan þeirra marka sem kjarasamningar kveða á um. Hann skal tilkynna kennurum og nemendum þá ákvörðun fyrir lok næsta skólaárs á undan.

4. gr.

Leyfisdagar skulu vera sem hér greinir: Jólaleyfi frá og með 21. desember til og með 3. janúar, páskaleyfi frá pálmasunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska. Aðrir leyfisdagar eru eingöngu þeir sem lögboðnir eru.

5. gr.

Vilji skóli starfrækja sumarönn skal hann leita heimildar menntamálaráðherra. Um starfsemi framhaldsskóla á sumarönn fer samkvæmt námskrá handa framhaldsskólum og gildandi lögum og reglugerðum um starfsemi þeirra.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 80/1996, sem og með vísan til 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. sömu laga, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 3. september 1997.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 79 – 1997

19. september 1997 1245 Nr. 553

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 272/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer:					
0602.9093	Aðrar pottaplöntur til og með 1 m á hæð	01.10.-31.12.97	1.200	30	0
Úr tollnúmeri:					
0602.9093	Plöntur af ættkvíslum brönugrasa „orchids"	01.10.-31.12.97	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.10.-31.12.97	3.200	30	0
Úr tollnúmeri:					
0603.1009	Blóm af ættkvíslum brönugrasa „orchids"	01.10.-31.12.97	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. september 1997.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Ólafur Friðriksson.

Stjórnartíðindi B 79, nr. 553. Útgáfudagur 22. september 1997.

B 87
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 80 – 1997

Nr. 554 1246 22. september 1997

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 154/1963, um skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, með síðari breytingum.

Að fengnum tillögum safnaðarráðs Reykjavíkurprófastsdæmis eystra samkvæmt ákvæðum 16. tölul. 1. gr. laga nr. 62/1990 um skipan prestakalla o.fl. og samkvæmt meðmælum biskups Íslands, eru eftirfarandi breytingar gerðar á skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sem ákveðin var með auglýsingu nr. 154/1963 og síðari breytingum með auglýsingum nr. 189/1967, 71/1968, 143/1971, 74/1972, 234/1973, 57/1975, 285/1980 og 217/1987.

Töluliðir 19 (Digranesprestakall) og 24 (Hjallaprestakall) orðist svo:

19. Digranesprestakall:
Digranessókn. Sóknin nær yfir Kópavogskaupstað austan Hafnarfjarðarvegar og vestan eftirtalinnar markalínu: Vestan Birkigrundar, eftir Nýbýlavegi, milli húsa nr. 78 og 80 austan Túnbrekku, norðan Lundarbrekku, austan Selbrekku og vestan Fögrubrekku, yfir Álfhólsveg (hús nr. 113 og lægri að norðanverðu og hús nr. 98 og lægri að sunnanverðu tilheyri Digranessókn), austan Skálaheiðar, vestan Hlíðarhjalla, þaðan beina stefnu til suðurs að Reykjanesbraut og eftir henni að bæjarmörkum Kópavogs og Garðabæjar.

24. Hjallaprestakall.
Hjallaprestakall. Sóknin nær yfir Kópavogskaupstað austan eftirtalinnar markalínu: Frá bæjarmörkum Kópavogs og Reykjavíkur, vestan Birkigrundar, eftir Nýbýlavegi, milli húsa nr. 78 og 80, austan Túnbrekku, norðan Lundarbrekku, austan Selbrekku og vestan Fögrubrekku, yfir Álfhólsveg (hús nr. 113 og lægri að norðanverðu og hús nr. 98 og lægri að sunnanverðu tilheyri áfram Digranessókn), austan Skálaheiðar, vestan Hlíðarhjalla, þaðan beina stefnu til suðurs að Reykjanesbraut og eftir henni að bæjarmörkum Kópavogs og Garðabæjar.

Önnur ákvæði auglýsingar nr. 154/1963 breytast í samræmi við auglýsingu þessa.
Sóknargjöld ársins 1997 innheimtast með tilliti til ofangreindra breytinga.
Auglýsing þessi tekur gildi 1. október 1997.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. september 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um samstarf við önnur ríki Evrópska efnahagssvæðisins um eftirlit með gjaldþoli útibúa vátryggingafélags með aðalstöðvar utan þess.

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um eftirlit eins aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins með sameiginlegu gjaldþoli allra útibúa vátryggingafélags á svæðinu, enda hafi það vátryggingafélag aðalstöðvar utan svæðisins og hafi fengið leyfi skv. 3. gr. til þess að útibúin lúti sameiginlegu gjaldþolseftirliti.

Sameiginlegt gjaldþol útibúa.

2. gr.

Vátryggingafélag með aðalstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins sem sótt hefur um eða fengið starfsleyfi í fleiri en einu aðildarríki getur sótt um að fá að njóta þess hagræðis sem hér segir og skulu þá eftirfarandi skilyrði öll uppfyllt:

a) Gjaldþol, sbr. 72. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994, með síðari breytingum, sé reiknað á grundvelli starfseminnar í heild innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá skal aðeins höfð hliðsjón af starfsemi sem rekin er á vegum allra umboða og útibúa félagsins sem stofnsett hafa verið þar.
b) Geymslufé sem krafist er skv. 3. mgr. 72. gr. tilvitnaðra laga skal aðeins varðveitt í einu hlutaðeigandi aðildarríki.
c) Eignir sem mynda ábyrgðarsjóð skulu vera í einu þeirra aðildarríkja þar sem starfsemi þess fer fram.

Umsókn um hagræði og afturköllun þess.

3. gr.

Umsókn um leyfi til að njóta þess hagræðis sem kveðið er á um í 2. gr. skal send eftirlitsstjórnvöldum allra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins þar sem vátryggingafélagið hefur útibú eða umboð, hér á landi Vátryggingaeftirlitinu. Aðeins er heimilt að veita leyfið ef yfirvöld allra viðkomandi aðildarríkja veita samþykki sitt.

Í umsókn skal tilgreina eftirlitsstjórnvald þess ríkis sem á að annast eftirlit með gjaldþoli vegna heildarstarfsemi umboða og útibúa sem stofnuð hafa verið innan Evrópska efnahagssvæðisins. Greint skal frá ástæðum þess að viðkomandi stjórnvald var valið. Geymslufé skv. 3. mgr. 72. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994, með síðari breytingum, skal varðveitt í því ríki.

Leyfið gildir frá þeim tíma er það eftirlitsstjórnvald sem valið var hefur tilkynnt öðrum hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöldum að það muni hafa eftirlit með gjaldþoli allra umboða og útibúa vátryggingafélagsins á Evrópska efnahagssvæðinu.

Komi fram krafa um slíkt frá einhverju aðildarríki sem hlut á að máli skulu þau öll nema úr gildi það hagræði sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð.

Eftirlit með gjaldþoli.

4. gr.

Hafi Vátryggingaeftirlitið eftirlit með gjaldþoli félags skv. 3. gr. skal það afla sér þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til þess að það geti metið heildargjaldþol umboða og útibúa félagsins á Evrópska efnahagssvæðinu.

Sé útibú á Íslandi undir eftirliti stjórnvalds annars aðildarríkis á grundvelli þessarar reglugerðar skal Vátryggingaeftirlitið láta því stjórnvaldi í té allar nauðsynlegar upplýsingar um starfsemina á Íslandi til þess að það geti metið gjaldþolið. Sama gildir um önnur íslensk stjórnvöld eftir því sem við kann að eiga.

Brottfall starfsleyfis.

5. gr.

Afturkalli það stjórnvald sem eftirlit hefur með gjaldþoli útibúanna starfsleyfi útibús skal tilkynna það viðkomandi stjórnvöldum annarra aðildarríkja þar sem félagið er með starfsemi og skulu þau gera viðeigandi ráðstafanir.

Sé starfsleyfi afturkallað vegna þess að gjaldþol skv. a-lið 2. gr. sé ófullnægjandi skulu stjórnvöld hvers aðildarríkis þar sem félagið hefur útibú einnig afturkalla starfsleyfið.

Um afturköllun starfsleyfis hér á landi fer skv. ákvæðum 75. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Flutningur vátryggingastofna.

6. gr.

Berist ósk um að stofn verði fluttur milli útibúa félags eða að félag taki við stofni frá öðru vátryggingafélagi, sbr. 87. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994, með síðari breytingum, skal Vátryggingaeftirlitið afla staðfestingar þeirra eftirlitsstjórnvalda sem eftirlit hafa með gjaldþoli útibúanna á að gjaldþol eftir viðtöku stofnsins verði fullnægjandi.

Gildistaka.

7. gr.

Reglugerð þessari sem sett er á grundvelli 3. málsl. 2. mgr. 72. gr., sbr. 98. gr., laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994, með síðari breytingum, er ætlað að taka upp í íslenskan rétt ákvæði 26. gr. og 28. gr. og að hluta 28. gr. a í tilskipun ráðsins 73/239 (fyrstu tilskipun um skaðatryggingar) og 30. gr. og 31. gr. a í tilskipun ráðsins 79/267 (fyrstu tilskipun um líftryggingar).

Öðlast hún þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 15. september 1997.

Finnur Ingólfsson.

Halldór J. Kristjánsson.

Nr. 556 12. september 1997

REGLUGERÐ

um skipan heilbrigðisnefnda á Vestfjarðasvæði.

1. gr.

Skv. 5. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, starfa fimm heilbrigðisnefndir á Vestfjarðasvæði:

1. Austur-Barðastrandarsýsla, nefnd skipuð þremur fulltrúum.
   Starfssvæði: Reykhólahreppur.
2. Vesturbyggð, nefnd skipuð fimm fulltrúum.
   Starfssvæði: Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur. Vesturbyggð skal eiga fjóra fulltrúa og Tálknafjarðarhreppur einn.

3. Bolungarvík og Ísafjörður, nefnd skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Ísafjarðarbær og Bolungarvíkurkaupstaður. Ísafjarðarbær skal eiga tvo fulltrúa og Bolungarvíkurkaupstaður einn.
4. Súðavíkurhreppur, nefnd skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Súðavíkurhreppur.
5. Hólmavík, nefnd skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur og Broddaneshreppur. Hólmavíkurhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn en hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 15. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 12. september 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

19. september 1997 Nr. 557

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 381/1994, um bifreiðagjald, með breytingu skv. reglugerð nr. 642/1996.

1. gr.

a-liður 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Bifreiðar í eigu þeirra, sem njóta örorkustyrks, örorkubóta, bensínstyrks eða umönnunarbóta og -greiðslna vegna örorku barna frá Tryggingastofnun ríkisins. Jafnframt eiga þeir öryrkjar sem notið hafa niðurfellingar skv. 1. málsl. rétt á niðurfellingu ef þeir hafa öðlast rétt til ellilífeyrisgreiðslna eða dveljast á stofnun, sbr. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Réttur til niðurfellingar bifreiðagjalds vegna þeirra sem njóta örorkustyrks, örorkubóta eða bensínstyrks er bundinn því skilyrði að bóta- eða styrkhafi sé annað hvort skráður eigandi í ökutækjaskrá eða skráður umráðamaður í ökutækjaskrá samkvæmt eignarleigusamningi. Réttur til niðurfellingar bifreiðagjalds af bifreiðum í eigu þeirra sem fá greiddar ummönnunarbætur eða -greiðslur vegna örorku barna nær til einnar bifreiðar og er bundinn því skilyrði að skráður eigandi bifreiðar samkvæmt ökutækjaskrá fari með forsjá barnsins. Óheimilt er að fella niður bifreiðagjald af bifreiðum sem eru yfir 3.500 kg að eigin þyngd og nýttar eru í atvinnurekstri. Ef sá sem á rétt á niðurfellingu bifreiðagjalds á fleiri en eina bifreið skal bifreiðagjald fellt niður af þeirri bifreið sem er þyngst.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 19. september 1997.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

REGLUGERÐ

um innra eftirlit með framleiðslu sjávarafurða.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til innra eftirlits með framleiðslu sjávarafurða.

Reglugerðin nær ekki til dreifingar sjávarafurða til smásölu innanlands né heldur til eftirlits með eldi fiska eða annarra lífvera sem lifað geta í fersku vatni.

2. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. **Innra eftirlit**: Eftirlit á vegum vinnsluleyfishafa í þeim tilgangi að tryggja öryggi og heilnæmi framleiðslu sinnar.
2. **Mikilvægur eftirlitsstaður**: Staður eða þrep í framleiðsluferli þar sem hægt er að hafa eftirlit með áhættuþáttum.
3. **Áhættuþáttur**: Eðlis-, efna- eða líffræðilegur þáttur í framleiðsluferli sem valdið getur heilsutjóni ef hann er ekki undir eftirliti.
4. **Vinnsluleyfishafi**: Aðili sem fengið hefur tölusett leyfi frá Fiskistofu til vinnslu, meðferðar, pökkunar eða geymslu sjávarafurða til staðfestingar á því að settum skilyrðum laga og reglugerða sé fullnægt.

3. gr.

Forsvarsmenn vinnsluleyfishafa, sbr. 12. gr. laga nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, bera ábyrgð á því að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit samkvæmt þeim meginreglum sem er að finna í 8. gr. reglugerðar nr. 684/1995 og í viðauka við reglugerð þessa. Í þeim tilgangi skal greina mikilvæga eftirlitsstaði sbr. I. kafla viðaukans.

4. gr.

Innra eftirlit skal taka mið af umfangi framleiðslu og aðstæðum á hverjum stað og vera í samræmi við þau meginatriði sem er að finna í viðauka reglugerðar þessarar.

Við uppsetningu innra eftirlits má vinnsluleyfishafi styðjast við leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti frá viðeigandi fagfélagi enda fullnægi innra eftirlitið opinberum kröfum þar að lútandi.

Forsvarsmenn vinnsluleyfishafa skulu tryggja að þeir starfsmenn, sem falið er að annast uppsetningu og framkvæmd innra eftirlits, hafi yfir að ráða fullnægjandi þekkingu og þjálfun, til þess að geta haft umsjón með því í fyrirtækinu.

5. gr.

Eftirlit með mikilvægum eftirlitsstöðum felur í sér skoðanir og prófanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja fullnægjandi eftirlit, sbr. II. kafla viðaukans.

6. gr.

Ábyrgðarmaður innra eftirlits skal sjá til þess að sýni séu tekin úr framleiðslunni með reglulegu millibili. Sýnin skulu send til greiningar á prófunarstofu til þess að ganga úr skugga um að innra eftirlitskerfið uppfylli ákvæði reglugerðar þessarar.

Ekki er skylt að taka sýni úr hverri framleiðslulotu en sýnatökureglur skulu vera þannig að unnt sé að:

a) Sannreyna fyrirkomulag innra eftirlitskerfisins þegar það er tekið í notkun.
b) Sannreyna fyrirkomulag þess að nýju ef nauðsynlegt hefur reynst að gera breytingar á því.
c) Sannreyna með ákveðnu millibili, að allar eftirlitsaðferðir séu enn í fullu gildi og að þeim sé beitt.

Framkvæmd og skilvirkni innra eftirlitsins skal sannreyna í samræmi við leiðbeiningar í III. kafla viðaukans.

7. gr.

Prófunarstofur sem um getur í 6. gr. reglugerðar þessarar og í 3. tl. 8. gr. reglugerðar nr. 684/1995 skulu vinna í samræmi við ákvæði í staðlinum ÍST-EN 45 001. Við samþykkt Fiskistofu á þessum prófunarstofum skal miða við þessi ákvæði en þegar um prófunarstofur sem starfræktar eru innan vinnslustöðva er að ræða er heimilt að miða kröfur við ákvæði í II. viðauka við reglugerð nr. 442/1995, um góðar starfsvenjur við rannsóknir.

8. gr.

Ábyrgðarmaður innra eftirlits skal sjá um að allar skriflegar upplýsingar um fyrirkomulag þess séu skráðar með varanlegum hætti.

Ofangreind gögn skulu vera aðgengileg fyrir skoðunarstofur og eftirlitsmenn.

Þessar upplýsingar skulu vera ítarlegar og greinargóðar og fela í sér eftirfarandi atriði:

a) Lýsingu á hverri afurð eða einsleitum flokki afurða.
b) Lýsingu á vinnslu-/verkunarferli þar sem mikilvægir eftirlitsstaðir séu tilgreindir.
c) Upplýsingar um áhættuþætti, áhættumat og eftirlitsaðgerðir á hverjum eftirlitsstað.
d) Lýsingu á aðferðum við eftirlit á hverjum mikilvægum eftirlitsstað, upplýsingar um viðmiðunarmörk fyrir þær breytur sem gæta skal, ásamt þeim úrbótum sem ákveðnar hafa verið ef frávik reynast utan viðmiðunarmarka.
e) Lýsingu á aðferðum við sannprófun og endurskoðun kerfisins.
f) Upplýsingar um skráningar á niðurstöðum skoðana og mælinga, sbr. 5. gr. reglugerðar þessarar og niðurstöður sannprófana samkvæmt 6. gr. ásamt skriflegum skýrslum varðandi úrbætur sem gerðar hafa verið.

Varsla ofangreindra gagna skal vera með þeim hætti að auðvelt sé að finna öll gögn varðandi hverja einstaka framleiðslulotu.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 13. gr. laga nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 2. mgr. 2. gr. og IV. kafli reglugerðar nr. 429/1992. Við samningu reglugerðarinnar var höfð hliðsjón af 6. gr. tilskipunar nr. 91/493/EBE, og ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. 94/356/ESB.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. september 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

VIÐAUKI

Meginatriði innra eftirlits.

Mælt er með því að innra eftirlitskerfið sé byggt upp með því að:

- Greina áhættur og ákveða aðgerðir til að hafa stjórn á þeim.
- Greina mikilvæga eftirlitsstaði.
- Ákveða viðmiðunarmörk fyrir hvern áhættuþátt.
- Ákveða hvaða eftirlits- og skoðunaraðferðum skuli beitt.
- Ákveða til hvaða úrbóta skuli gripið þegar þær reynast nauðsynlegar.
- Ákveða aðferðir til að sannreyna og endurskoða innra eftirlitskerfið.
- Ákveða hvernig skráningu og varðveislu verklagsreglna og niðurstaðna skoðana og eftirlits skuli háttað.

Notast skal við ofanskráða fyrirmynd eða þær grundvallarreglur sem hún er byggð á og í samræmi við aðstæður á hverjum stað hverju sinni.

I. KAFLI

Greining mikilvægra eftirlitsstaða.

Mælt er með eftirfarandi aðgerðum í eftirfarandi röð:

1.1 Myndun vinnuhóps.

Nauðsynlegt er að þessi hópur sé skipaður fulltrúum allra hluta vinnslustöðvar sem snerta framleiðsluna, búi yfir sérþekkingu og viðeigandi fagþekkingu á þeirri afurð sem verið er að framleiða, framleiðsluferli hennar (vinnslu, geymslu og dreifingu), neyslu og hugsanlegri áhættu þar að lútandi.

Ef nauðsyn krefur njóti hópurinn aðstoðar sérfræðinga við að leysa vandamál sem upp koma við mat á áhættuatriðum og eftirlit með þeim.

Hópinn geta t.d. skipað:

- Sérfræðingur í gæðaeftirliti sem geti metið líffræðilega, efnafræðilega eða eðlisfræðilega hættu sem tengist tilteknum vöruhóp.
- Sérfræðingur í framleiðslu sem sé ábyrgur fyrir eða hafi þekkingu á tæknilegum atriðum við vinnslu vörunnar.
- Tæknimaður sem hafi hagnýta þekkingu á hreinlæti og rekstri vinnslustöðvarinnar og búnaði.
- Aðrir einstaklingar sem hafi sérfræðiþekkingu á þáttum sem snerta örverufræði, hreinlæti og matvælatækni.

Einn einstaklingur gæti sinnt fleiri en einu þessara verkefna að því tilskyldu að hópurinn hafi aðgang að viðeigandi upplýsingum og að þessar upplýsingar séu notaðar til að tryggja að innra eftirlitskerfið sem unnið er eftir sé áreiðanlegt. Ef sérfræðiþekking er ekki fyrir hendi innan vinnslustöðvarinnar ber að sækja hana annars staðar að (ráðgjöf, leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti o.s.frv.).

1.2 Lýsingu afurðar.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í lýsingu á lokaafurðinni:

- Samsetning (hráefni, íblöndunarefni, aukefni o.s.frv.).

- Efnis- og eðlisfræðileg samsetning og eiginleikar (t.d. fast efni, fljótandi efni, sýrustig (pH-gildi) o.fl.).
- Vinnsla (t.d. hitun, frysting, þurrkun, söltun, reyking o.s.frv. og að hvaða marki).
- Pökkun (t.d. loftþéttar, lofttæmdar, loftskiptar umbúðir).
- Geymslu- og dreifingaraðstæður.
- Geymsluþol sem krafist er (t.d. síðasti söludagur, „best fyrir").
- Notkunarleiðbeiningar.
- Gildandi örveru- eða efnafræðileg viðmið.

1.3 Greiningu fyrirhugaðrar notkunar afurðanna.
Vinnuhópnum ber einnig að skilgreina eðlilega eða fyrirhugaða notkun afurðanna og markhópa sem þær er ætlaðar fyrir. Í sérstökum tilvikum ber að taka tillit til þess hversu vel varan hentar tilteknum neytendahópum eins og stofnanamötuneytum, ferðamönnum o.s.frv. svo og viðkvæmari neytendahópum.

1.4 Gerð flæðirita og lýsingu framleiðsluferla.
Óháð því hvernig flæðirit er sett upp, skyldi rekja öll þrep framleiðsluferlisins í réttri röð, þ.m.t. tafir á einstökum framleiðsluþrepum eða milli þeirra, frá móttöku hráefnis til markaðssetningar fullunninnar afurðar, þ.e. undirbúning, vinnslu, pökkun, geymslu og dreifingu. Niðurstöðurnar skyldi skrá á nákvæmt flæðirit ásamt fullnægjandi tæknilegum upplýsingum. Sem dæmi um þessar upplýsingar er eftirfarandi (hvorki takmarkandi né tæmandi):

- Teikning af gólffleti vinnslustöðvarinnar og annarra bygginga sem tengjast starfsemi hennar.
- Staðsetning véla og vinnslutækja og lýsing á notkun þeirra.
- Röð vinnsluþátta (þ.m.t. blöndun hráefna, íblöndunarefna, aukefna og tafir á einstökum þrepum eða á milli þeirra).
- Tæknileg viðmiðunarmörk er varða framleiðslu (einkum varðandi hitastig og tíma, að töfum meðtöldum).
- Lýsing á því hvernig hráefni, hálf- eða fullunnin afurð er flutt í gegnum vinnslurásina, einkum hvar hætta er á krossmengun, verulegum töfum eða hækkun hitastigs.
- Lýsing á því hvernig vinnslusvæði þar sem mikils hreinlætis er krafist eru skilin frá hinum þar sem hreinlætiskröfur eru minni.
- Aðferðir við þrif og gerileyðingu.
- Hreinlætisaðstæður í vinnslustöðinni.
- Umgengni og hreinlætisvenjur starfsfólks.
- Geymslu- og dreifingaraðstæður vörunnar.

1.5 Sannprófun flæðirita á staðnum.
Þegar flæðiritið hefur verið búið til ber vinnuhópnum að sannprófa það á meðan framleiðsla er í gangi. Ef einhver frávik finnast skulu gerðar breytingar á upprunalega flæðiritinu til samræmis við raunverulegar aðstæður.

1.6 Gerð skráar yfir hættur og fyrirbyggjandi aðgerðir.
Þegar flæðiritið hefur verið sannreynt skyldi hópurinn:

a) Skrá allar hugsanlegar líffræðilegar, efnafræðilegar eða eðlisfræðilegar áhættur sem búast má við á hverju vinnsluþrepi (þ.m.t. við öflun og geymslu hráefna og vegna innihaldsefna og tafa sem kunna að verða meðan á framleiðslu stendur).
Áhætta merkir allt það sem getur skaðað heilsu og sem fellur undir hreinlætisskilyrði reglugerðar nr. 684/1995. Einkum er átt við eftirfarandi:

- Óviðunandi mengun (eða endurmengun) hráefna, hálfunninna og fullunninna vara af líffræðilegum (örverur, sníkjudýr), efnafræðilegum eða eðlisfræðilegum toga.

- Hagstæð skilyrði fyrir vöxt eða fjölgun sjúkdómsvaldandi örvera og óæskilega myndun efna í hálfunnum eða fullunnum vörum í framleiðsluferlinu eða umhverfis það.

  Ef fella á áhættuatriði inn í þessa skrá skyldu þau vera þess eðlis að það að bægja þeim frá eða draga úr þeim að viðunandi marki sé nauðsynlegt til að hægt sé að framleiða örugg matvæli.

b) Athuga og lýsa þeim ráðstöfunum, ef einhverjar eru, sem hægt er að nota við hvern áhættuþátt.

Fyrirbyggjandi aðgerðir fela í sér aðgerðir eða athafnir sem hægt er að nota til þess að takmarka, útiloka eða draga úr áhrifum af völdum hættu eða að hún komist á óviðunandi stig. Reynst getur nauðsynlegt að grípa til fleiri en einnar aðgerðar til að fyrirbyggja tiltekna áhættu. Einstakar fyrirbyggjandi aðgerðir geta náð til fleiri en einnar áhættu. Gerileyðing eða tiltekin hitameðferð getur t.d. nægt til að draga bæði úr hættu vegna salmónellu og listeríu. Nauðsynlegt er að fyrirbyggjandi aðgerðum fylgi nákvæmar verklagsreglur og forskriftir til að tryggja skilvirka beitingu þeirra. Má þar nefna nákvæmar reglur um þrif og magn rotvarnarefna sem notuð eru í samræmi við reglur heilbrigðisyfirvalda um aukefni.

1.7 Greiningu mikilvægra eftirlitsstaða.

Við greiningu á mikilvægum eftirlitsstöðum í því skyni að fyrirbyggja áhættu þykir nauðsynlegt að beita röklegri aðferð. Hægt er að auðvelda beitingu slíkrar aðferðar með því að nota eftirfarandi greiningartré (hópurinn getur notað aðrar aðferðir í samræmi við þekkingu og reynslu).

Greiningartré til að ákvarða mikilvæga eftirlitsstaði.

Svara skal hverri spurningu í réttri röð, á hverju stigi og fyrir hverja áhættu sem greind er.



(*) *Þessi staður er ekki mikilvægur eftirlitsstaður. Takið næsta áhættuþátt fyrir.*

Þegar greiningartréð er notað skal taka tillit til hvers einstaks framleiðsluþreps sem er tilgreint í flæðiritinu. Nota skal greiningartréð á hverju framleiðsluþrepi vegna sérhverrar hættu sem búast má við eða vegna fyrirbyggjandi aðgerðar sem gerð er.
Nota skyldi greiningartréð á sveigjanlegan hátt og beita skal almennri skynsemi, að teknu tilliti til framleiðsluferlisins í heild, til að forðast eins og mögulegt er óþarflega marga mikilvæga eftirlitsstaði.

1.8 Skráningu aðgerða sem gripið er til í kjölfar greiningar mikilvægra eftirlitsstaða.
Greining mikilvægra eftirlitsstaða leiðir til tvíþættrar niðurstöðu fyrir vinnuhópinn sem skal:

- Tryggja að fyrirbyggjandi aðgerðir séu framkvæmdar á skilvirkan hátt. Þetta á einkum við ef sýnt hefur verið fram á áhættu á þrepi þar sem stýringar er þörf til að tryggja hollustu afurðarinnar en ekkert eftirlit er fyrir hendi, hvorki þar né heldur á öðrum þrepum, og því nauðsynlegt að breyta vörunni eða ferlinu, (í þessu þrepi, eða á fyrri eða síðari þrepum), svo að hægt sé að koma fyrirbyggjandi aðgerðum við.
- Skipuleggja og koma í framkvæmd vakt- og eftirlitskerfi fyrir alla mikilvæga eftirlitsstaði.

II. KAFLI
Skipulagning og framkvæmd vakt- og eftirlitskerfis fyrir mikilvæga eftirlitsstaði.

Nauðsynlegt er að koma á vöktunar- og eftirlitskerfi til að tryggja skilvirkt eftirlit með hverjum mikilvægum eftirlitsstað. Til að þróa slíkt kerfi er mælt með eftirfarandi aðferð:

2.1 Að tekin sé ákvörðun um viðmiðunarmörk fyrir hverja fyrirbyggjandi aðgerð sem tengist hverjum mikilvægum eftirlitsstað um sig.
Fyrir sérhverja fyrirbyggjandi aðgerð sem tengist mikilvægum eftirlitsstað skal ákvarða áhættumörk.
Þessi áhættumörk ættu að samsvara ásættanlegum hámarksgildum vegna öryggis vöru. Þau aðgreina það sem unnt er að samþykkja frá því sem ekki er unnt að samþykkja. Þau eru sett fyrir breytur sem hægt er að greina eða mæla og sýna með afgerandi hætti að mikilvægur eftirlitsstaður er undir stjórn. Þau skulu studd rökum sem sýna fram á að gildin sem valin hafa verið leiði til þess að framleiðslan teljist undir stjórn.
Dæmi um slíkar breytur eru hiti, tími, sýrustig (pH-gildi), vatnsinnihald, aukefni, rotvarnarefni, salt, o.s.frv.
Í sumum tilvikum getur reynst nauðsynlegt, að setja strangari mörk (þ.e. viðmiðunarmörk) til þess að draga úr hættu á að farið sé yfir áhættumörk vegna breytileika í framleiðslu og þannig tryggja að áhættumörk séu virt.
Unnt er að setja áhættumörk út frá ýmsum forsendum. Þegar ekki er stuðst við opinberar reglur (t.d. geymsluhitastig frosinnar vöru) eða við gildandi og viðurkenndar leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti ber hópnum að ganga úr skugga um að áhættumörkin séu gild fyrir viðkomandi áhættu og mikilvægan eftirlitsstað.

2.2 Útfærsla vakt- og eftirlitskerfis fyrir hvern mikilvægan eftirlitsstað.
Mikilvægur þáttur innra eftirlits eru reglur um athuganir eða mælingar sem eru gerðar vegna sérhvers mikilvægs eftitrlitsstaðar til þess að tryggja að tiltekin áhættumörk séu virt. Í reglunum skyldi tilgreina þær aðferðir sem notaðar eru, hversu oft athuganir eða mælingar eru gerðar og hvernig skráningum er háttað.
Athuganir og mælingar verða að vera þess eðlis að unnt sé að ganga úr skugga um hvort mikilvægur eftirlitsstaður sé ekki lengur undir stjórn og veita upplýsingar þar að lútandi nógu tímanlega til að unnt sé að gera úrbætur.

Hægt er að gera athuganir eða mælingar stöðugt eða með ákveðnu millibili. Þegar athuganir eða mælingar eru ekki gerðar stöðugt er nauðsynlegt að tíðni þeirra tryggi að upplýsingarnar séu fullnægjandi.
Í reglum um athuganir eða mælingar skal tilgreina fyrir sérhvern mikilvægan eftirlitsstað á greinargóðan hátt eftirfarandi upplýsingar:

- Hver það sé sem annist vöktun og eftirlit.
- Hvenær vöktun og eftirlit fari fram.
- Hvernig vöktun og eftirlit fari fram.

2.3 Gerð áætlunar um úrbætur
Athuganir eða mælingar geta gefið til kynna að:

- Breyta sem fylgst er með hafi tilhneigingu til að víkja frá tilteknum áhættumörkum sem gefur til kynna ófullnægjandi stýringu. Grípa ætti til viðeigandi úrbóta til að ná stjórn á slíkum stað áður en hættuástand skapast.
- Breyta sem fylgst er með hefur vikið frá tilgreindum áhættumörkum sem gefur til kynna ófullnægjandi stýringu. Nauðsynlegt er að grípa til viðeigandi úrbóta til að ná stjórn á aðstæðum á ný.

Vinnuhópurinn þarf fyrirfram að ganga frá reglum um úrbætur fyrir hvert mikilvægt eftirlitsatriði til að hægt sé að grípa til þeirra ef vart verður við frávik.
Slíkar úrbætur skulu fela í sér:

- Staðfestingu á því hver eða hverjir séu ábyrgir fyrir framkvæmd úrbóta.
- Lýsingu á aðferðum og aðgerðum sem nauðsynlegar teljast til þess að hægt sé að leiðrétta frávikið.
- Aðgerðir sem grípa þarf til vegna afurða sem hafa verið framleiddar á því tímabili þegar framleiðslan var ekki undir stjórn.
- Gerð skriflegrar skýrslu um ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

III. KAFLI
Sannprófun innra eftirlitskerfis.

Nauðsynlegt er að sannprófa innra eftirlitskerfið til að tryggja að það komi að tilætluðum notum. Vinnuhópnum ber að tilgreina aðferðir og verklag sem á að fylgja. Aðferðirnar geta t.d. og ekki síst falist í því að:

- Tekið sé slembiúrtak í greiningu.
- Gerð sé ítarlegri greining eða prófun á völdum mikilvægum eftirlitsstöðum.
- Auknum greiningum á hálfunnum eða fullunnum afurðum sé beitt.
- Kannanir séu gerðar á raunverulegum aðstæðum við geymslu, dreifingu og sölu og eiginlegri notkun vörunnar.

Aðferðir við sannprófun geta falist í:

- Skoðun á starfsemi.
- Staðfestingu á áhættumörkum.
- Endurskoðun frávika.
- Úrbótum og aðgerðum sem gripið er til varðandi vöruna.
- Rýni í innra eftirlitskerfi og skýrslum þar að lútandi.

Við sannprófun ætti að vera hægt að staðfesta að innra eftirlitskerfi, sem tekið hefur verið upp, sé við hæfi og tryggja með reglulegu millibili að þeim ráðstöfununum sem mælt er fyrir um sé áfram beitt á réttan hátt.

Þar að auki er nauðsynlegt að endurskoða kerfið til að tryggja að það haldi áfram að vera (eða muni verða) við hæfi enda þótt einhverjar breytingar eigi sér stað.
Dæmi um breytingar eru m.a.:

- Breytingar á hráefni, vöru eða framleiðsluaðstæðum (skipulag vinnslunnar og umhverfis, vinnslubúnaður, áætlun um þrif og gerileyðingu).
- Breytingar á aðstæðum varðandi pökkun, geymslu eða dreifingu.
- Breytingar á neysluvenjum.
- Upplýsingar um nýjar áhættur sem tengjast vörunni.

Slíkar breytingar ættu, ef þörf krefur, að hafa í för með sér breytingar á aðgerðum sem mælt hefur verið fyrir um.
Allar breytingar á innra eftirlitskerfinu skulu færðar inn á skýrslu og inn í skráningarkerfið til að tryggja að nýjar og áreiðanlegar upplýsingar séu fyrir hendi.
Ef kveðið er á um viðmiðanir í reglugerðum skulu slíkar viðmiðanir notaðar sem viðmiðunargildi við sannprófun.

24. september 1997 Nr. 559

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 274/1997 um styrkveitingar til þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Umsóknir skulu berast fyrir 1. mars ár hvert. Ákvörðun um úthlutun skal liggja fyrir eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 24. september 1997.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 1997

Nr. 560 1258 30. september 1997

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			kg	%	kr./kg
0702.0001	Tómatar, nýir eða kældir	01.11.-15.03.98	ótilgr.	0	0
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	13.10.-19.10.97	ótilgr.	22,5	149
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	20.10.-31.10.97	ótilgr.	15	99
0704.1000	Blómkál	13.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0704.2000	Rósakál	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	13.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0704.9005	Fóðurmergskál	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0705.1111	Jöklasalat	01.11.-15.03.98	ótilgr.	0	0
0705.1112	Jöklasalat	01.10.-31.10.97	ótilgr.	30	0
0705.1191	Annað (salat)	01.11.-15.03.98	ótilgr.	0	0
0705.1199	Annað (salat)	01.10.-31.10.97	ótilgr.	15	97
0705.1900	Annað	01.10.-31.10.97	ótilgr.	15	97
0705.1900	Annað	01.11.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0705.2100	Kaffifífilsblöð	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	01.11.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0706.9000	Annað	01.11.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0707.0011	Gúrkur	01.11.-15.03.98	ótilgr.	0	0
0707.0021	Gúrkur	13.10.-19.10.97	ótilgr.	22,5	148
0707.0021	Gúrkur	20.10.-31.10.97	ótilgr.	15	99
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	13.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0709.5100	Sveppir	01.10.-15.03.98	ótilgr.	7,5	100

Gutenberg

Vara		Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			kg	%	kr./kg
0709.6002	Paprika	01.11.-15.03.98	ótilgr.	0	0
0709.6003	Paprika	01.10.-19.10.97	ótilgr.	22,5	298
0709.6003	Paprika	20.10.-31.10.97	ótilgr.	15	199
Úr tollnúmeri:					
0709.6003	Paprika, lituð	01.10.-12.10.97	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, lituð	13.10.-19.10.97	ótilgr.	7,5	99
0709.6003	Paprika, lituð	20.10.-31.10.97	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbítur	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0709.9004	Steinselja	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	01.10.-15.03.98	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 16. mars 1998.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. september 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 82 – 1997

Nr. 561 1260 29. ágúst 1997

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:
Í 5. gr. komi kr. 28.093 í stað kr. 26.308.
Í 6. gr. komi kr. 28.093 í stað kr. 26.308.
Í 10. gr. komi kr. 22.570 í stað kr. 21.136.
Í 14. gr. komi kr. 22.570 í stað kr. 21.136.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30. sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 með síðari breytingu, öðlast gildi 1. september 1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. ágúst 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Nr. 562 29. ágúst 1997

REGLUGERÐ

um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) skv. lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) skv. lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. september 1997 að telja um 5% frá því sem þau voru í ágúst 1997.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 2. mgr. 18. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. ágúst 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um breytingu tekjumarks skv. 11. og 12. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

1. gr.

Ellilífeyri (grunnlífeyri) skal skerða í samræmi við ákvæði 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 ef árstekjur (þ.e. skattskyldar tekjur aðrar en lífeyrissjóðstekjur, bætur almannatrygginga, bætur skv. lögum um félagslega aðstoð og aðstoð félagsmálastofnana) einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en kr. 1.050.552 eða kr. 87.546 á mánuði.

2. gr.

Örorkulífeyri (grunnlífeyri) skal skerða í samræmi við ákvæði 12., sbr. 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 ef árstekjur (þ.e. skattskyldar tekjur aðrar en lífeyrissjóðstekjur, bætur almannatrygginga, bætur skv. lögum um félagslega aðstoð og aðstoð sveitarfélaga) einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en kr. 1.070.532 eða kr. 89.211 á mánuði.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast gildi 1. nóvember 1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. október 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

2. október 1997 Nr. 564

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 433/1996.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist þannig:
Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 740.

2. gr.

Töluliður nr. 89 í viðauka 1 orðist þannig:

Nr. 89	Útgáfa skírteina til stjórnunar farandvinnuvéla	3,4

3. gr.

Töluliður nr. 90 í viðauka 1 orðist þannig:

Nr. 90	Endurútgáfa skírteina til stjórnunar farandvinnuvéla og færslu nýrra réttinda	1,7

4. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist

hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. október 1997.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.

Nr. 565 29. september 1997

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grímsneshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Grímsneshrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Lögbýli		sorphirðugjald	kr. 5 000
Íbúðarhús		- " -	kr. 3 000
Sumarhús		- " -	kr. 2 000
Fyrirtæki:	1. flokkur	- " -	kr. 5 000
- " -	2. flokkur	- " -	kr. 15 000
- " -	3. flokkur	- " -	kr. 30 000
- " -	4. flokkur	- " -	kr. 60 000
- " -	5. flokkur	- " -	kr. 120 000
- " -	6. flokkur	- " -	kr. 150 000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grímsneshrepps, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 29. september 1997.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um (5.) breytingu á gjaldskrá fyrir dýralækna.

Ákveðin hefur verið 4,7% hækkun á gjaldskrá fyrir dýralækna, nr. 204 25. apríl 1990, með síðari breytingum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. október 1997.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Stjórnartíðindi B 82, nr. 561–566. Útgáfudagur 6. október 1997.

STJÓRNARTÍÐINDI B 83 – 1997

Nr. 567 1264 29. september 1997

SAMÞYKKT

um hundahald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Ísafjarðarbæjar, að undanteknum þarfahundum á lögbýlum, leiðsöguhundum til hjálpar blindu fólki, viðurkenndum leitarhundum til aðstoðar björgunarsveitum og hundum sem notaðir eru við löggæslustörf.

2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er þó heimilt að veita einstaklingum búsettum í Ísafjarðarbæ undanþágu til hundahalds að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Hundurinn skal skráður hjá hundaeftirliti Ísafjarðarbæjar. Þegar hundaleyfi hefur verið afgreitt og skráningargjöld greidd fær eigandi afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins. Í plötuna skal grafið „Ísafjb" og leyfisnúmer hundsins. Í hálsól hundsins skal eigandi hundsins einnig festa merki með símanúmeri sínu. Upplýsingar um hundinn skulu færðar í þar til gerða bók hjá hundaeftirliti Ísafjarðarbæjar. Þar skal skráð nafn, kennitala og heimilisfang leyfishafa ásamt upplýsingum um hundinn, s.s. aldur, kyn, tegund og önnur einkenni. Hundaeiganda ber að tilkynna hundaeftirliti aðsetursskipti, einnig skal tilkynna hundaeftirliti ef hundurinn deyr eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu. Hvolpar skulu skráðir fyrir þriggja mánaða aldur.
2. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareiganda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús skal fylgja umsókn samþykki aðliggjandi íbúða, sbr. lög um fjöleignahús nr. 26/1994.
3. Heimilt er að gefa út bráðabirgðaleyfi fyrir hund sem mun ekki dvelja lengur en tvo mánuði í sveitarfélaginu og innheimtist þá eingöngu sérstakt gjald vegna slíks samkvæmt gjaldskrá, sbr. 5. tl. Hundaeigandi er fær útgefið bráðabirgðaleyfi sér sjálfur um að tryggja hundinn og bandormahreinsa hann á eigin kostnað. Hundaeftirlit getur hvenær sem er krafist framvísunar vottorða þessu til staðfestingar. Að öllu öðru leyti gildir samþykkt þessi um hundahald.
4. Við skráningu skal hundaeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú eða kann að verða. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.
5. Til að standa straum af kostnaði hundaeftirlits við skráningu og eftirlit með hundum skal árlega greiða leyfisgjald til hundaeftirlits fyrir þá hunda sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hunds og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan tveggja mánaða frá eindaga fellur leyfið úr gildi. Bæjarstjórn ákveður upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir.
6. Hver hundur sem veitt er leyfi fyrir skal ábyrgðartryggður og skal hundaeftirlit annast þá tryggingu. Tryggingin skal ná til alls tjóns sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og árlegs leyfisgjalds.

Gutenberg

7. Hundar skulu færðir til bandormahreinsunar í október-nóvember ár hvert. Framvísa skal vottorði um bandormahreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.
8. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur vald yfir honum. Eigi er heimilt að hafa með sér hund þó í taumi sé, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús, leikvelli eða verslanir svo og starfsstöðvar, hverju nafni sem þær nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað. Einnig er bannað að hafa með sér hund á þá staði sem slíkt er bannað sérstaklega með merkingu.
9. Hundaeigendum er skylt að sjá svo um að hundar þeirra raski ekki ró manna né verði þeim til óþæginda, einnig er hundaeiganda alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
10. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða lægra leyfisgjald fyrir hunda samkvæmt 1. gr. þessarar samþykktar.

3. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal hlutaðeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um alvarlegt brot eða ítrekað er að ræða skal afturkalla viðkomandi undanþágu til hundahalds.

4. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni og ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram eða vitji hans innan sjö sólarhringa hefur hundaeftirlit og lögreglan heimild til þess að ráðstafa eða fá dýralækni til að aflífa viðkomandi hund þegar í stað. Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans eigi innan sjö sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari sé um slíkt að ræða hefur lögreglan heimild til þess að fá dýralækni til að aflífa hundinn án frekari fyrirvara. Leyfi til viðkomandi eiganda skal þá falla úr gildi og eigi endurnýjast.

5. gr.

Hættulega og óleyfilega hunda og þá hunda sem ganga lausir utanhúss skal handsama og færa í þar til gerða hundageymslu. Allan kostnað er til fellur vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar skal eigandi greiða auk sérstaks handsömunargjalds samkvæmt gjaldskrá, sbr. 5. tl. 2. gr. Tilkynna skal strax eiganda um handsömun hundsins. Sé um handsömun á ómerktum hundi að ræða, skal strax auglýsa handsömun hans á tryggilegan hátt t.d. í útvarpi. Ef uppvíst verður um óskráðan hund skal eiganda hans gert að greiða árgjald til bæjarsjóðs að viðbættri sekt samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Hundaeftirlitsmaður starfar í Ísafjarðarbæ á ábyrgð heilbrigðisnefndar. Skal hann gefa bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd árlega skýrslu um hundahald og starf sitt vegna þess. Hundaeftirlitsmaður skal eftir því sem tilefni er til hafa samráð við félög hundaeigenda í Ísafjarðarbæ um það hvernig haga skuli eftirliti, skráningu hunda og önnur þau atriði sem varða hundahald í Ísafjarðarbæ.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd og lögreglustjóri hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna bæjarstjóra og hundaeftirlitsmanni án tafar allar kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni. Með brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

8. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 172/1994 um hundahald í Ísafjarðarkaupstað.

Umhverfisráðuneytinu, 29. september 1997.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 568 30. september 1997

REGLUGERÐ

um tæknifrjóvgun.

1. gr.

Skilgreiningar.

Tæknifrjóvgun: Getnaður sem verður í framhaldi af tæknisæðingu eða glasafrjóvgun.

Tæknisæðing: Aðgerð þegar sæði er komið fyrir í eða nærri kynfærum konu á annan hátt en með samförum.

Glasafrjóvgun: Aðgerð þegar eggfruma, sem numin hefur verið úr líkama konu, er frjóvguð með sæðisfrumu utan líkamans.

Kynfrumur: Eggfrumur og sæðisfrumur.

Fósturvísir: Frjóvgað egg á öllum þroskastigum þess, allt frá því að það er frjóvgað og þar til það kemst á fósturstig.

Gjafi: Einstaklingur sem leggur öðrum til kynfrumur.

Staðgöngumæðrun: Tæknifrjóvgun framkvæmd á konu sem hyggst ganga með barn fyrir aðra konu og hefur fallist á það fyrir meðgönguna að láta barnið af hendi strax eftir fæðingu.

Vísindarannsókn: Rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem m.a. gerir kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Mat vísindasiðanefndar eða siðanefndar skv. 29. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga á rannsóknninni verður að hafa leitt í ljós að vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli ekki gegn framkvæmd hennar.

2. gr.

Tæknifrjóvgun má eingöngu framkvæma á heilbrigðisstofnun sem fengið hefur til þess leyfi ráðherra og undir eftirliti sérfræðinga í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp.

3. gr.

Tæknifrjóvgun má aðeins framkvæma að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum.

a) Kona sem undirgengst aðgerðina, sé í hjúskap sem staðið hefur samfellt í a.m.k. þrjú ár eða samvistum við karlmann, í óvígðri sambúð, sem staðið hefur samfellt í a.m.k. þrjú ár.
b) Kona sem undirgengst aðgerð og eiginmaður hennar eða sambýlismaður hafi sótt um tæknifrjóvgun og samþykkt aðgerðina skriflega, við votta á sérstöku eyðublaði sem viðkomandi heilbrigðisstofnun skal láta útbúa í þessu skyni.
c) Báðir aðilar skulu að jafnaði vera fullra 25 ára þegar meðferð hefst. Kona skal að jafnaði ekki vera eldri en 42ja ára þegar meðferð hefst. Heimilt er að víkja frá greindu aldurs-

skilyrði konu þegar um er að ræða notkun geymds fósturvísis, geymdrar eggfrumu eða gjafaeggfrumu. Kona skal þó aldrei vera eldri en 45 ára þegar settur er upp fósturvísir og eiginmaður eða sambýlismaður skal að jafnaði ekki vera eldri en 50 ára.

d) Andleg og líkamleg heilsa og félagslegar aðstæður parsins séu góðar.

e) Aðrar aðgerðir til að sigrast á ófrjósemi hafi brugðist eða séu ekki tiltækar.

4. gr.

Par sem óskar eftir tæknifrjóvgun skal sækja um hana á eyðublaði skv. b lið 3. gr. Læknir ákveður hvort tæknifrjóvgun fer fram. Við mat á því hvort par sem sækir um tæknifrjóvgun uppfyllir skilyrði d liðar 3. gr. skal litið til þess hvort ætla megi að barninu yrðu tryggð þroskavænleg uppeldisskilyrði. Telji læknir ástæðu til er honum rétt, með samþykki parsins, að krefjast vottorða frá viðeigandi sérfræðingum um andlega og líkamlega heilsu parsins. Á sama hátt er honum rétt að krefjast vottorða frá félagsráðgjafa eða öðrum sem veitt geta upplýsingar um félagslegar aðstæður parsins. Samþykki parið ekki framangreinda upplýsingaöflun er lækni heimilt að synja um tæknifrjóvgun. Telji læknir vafa leika á um að félagslegar aðstæður parsins til uppeldis barns séu nægilega góðar getur hann leitað umsagnar barnaverndarnefndar.

5. gr.

Þegar fallist hefur verið á umsókn um tæknifrjóvgun skal, áður en samþykki skv. b lið 3. gr. er veitt, gefa parinu upplýsingar um meðferðina og þau læknisfræðilegu, félagslegu og lögfræðilegu áhrif sem hún kann að hafa. Upplýsingarnar skulu veittar bæði munnlega og skriflega á sérstöku eyðublaði, sbr. b lið 3. gr.

6. gr.

Synjun læknis um tæknifrjóvgun má kæra til landlæknis. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því aðilum var tilkynnt um synjun. Landlæknir skal senda kæru tafarlaust til meðferðar sérstakrar nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti þrír fulltrúar og jafnmargir til vara, einn lögfræðingur, einn læknir og einn félagsráðgjafi. Ákvörðun nefndarinnar er endanleg.

7. gr.

Áður en tæknifrjóvgun er framkvæmd skal heilbrigðisstofnun sem gerir hana benda viðkomandi pari á að þau eigi kost á faglegri ráðgjöf sálfræðinga eða félagsráðgjafa og skal stofnunin veita slíka ráðgjöf ef parið óskar eftir henni.

8. gr.

Tæknisæðingu með gjafasæði má því aðeins framkvæma að frjósemi karlmannsins sé skert, hann haldinn alvarlegum erfðasjúkdómi eða aðrar læknisfræðilegar ástæður mæli með notkun gjafasæðis.

9. gr.

Glasafrjóvgun má því aðeins framkvæma að notaðar séu kynfrumur parsins. Þó skal heimilt að nota gjafakynfrumur ef frjósemi karlsins eða konunnar er skert, annað þeirra haldið alvarlegum erfðasjúkdómi eða aðrar læknisfræðilegar ástæður mæla með notkun gjafakynfrumna. Óheimilt er að framkvæma glasafrjóvgun, nema notaðar séu kynfrumur annars hjónanna/sambýlisfólksins. Gjöf fósturvísa er óheimil og staðgöngumæðrun er óheimil.

10. gr.

Geymsla kynfrumna og fósturvísa er eingöngu heimil á heilbrigðisstofnun sem fengið hefur leyfi ráðherra til að framkvæma tæknifrjóvgun.

11. gr.

Kynfrumur má því aðeins geyma að tilgangurinn sé:

a) eigin notkun síðar,
b) gjöf í rannsóknarskyni eða
c) gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjóvgun.

12. gr.

Sá sem leggur til kynfrumur skal veita skriflegt samþykki fyrir geymslunni í samræmi við tilgang hennar, enda hafi honum áður verið veittar upplýsingar um áhrif geymslunnar á kynfrumurnar og hin almennu skilyrði sem sett eru fyrir geymslu kynfrumna í lögum um tæknifrjóvgun og reglugerð þessari.

13. gr.

Fósturvísa má geyma í þeim tilgangi að koma þeim fyrir í konu þeirri sem lagði eggfrumurnar til eða eiginkonu eða sambýliskonu karlmannsins sem lagði til sæðisfrumur. Geymsla fósturvísa í öðrum tilgangi er óheimil.

14. gr.

Geymsla fósturvísa er háð því skilyrði að karlmaður sá og kona sem leggja kynfrumurnar til, veiti skriflegt samþykki fyrir geymslunni í samræmi við tilgang hennar, enda hafi þeim áður verið veittar upplýsingar um áhrif geymslunnar á fósturvísana og hin almennu skilyrði sem sett eru fyrir geymslu fósturvísa í lögum um tæknifrjóvgun og reglugerð þessari. Fósturvísa má eingöngu nota í samræmi við samþykki þeirra sem lögðu kynfrumurnar til.

15. gr.

Áður en fósturvísi, sem geymdur hefur verið er komið fyrir í legi konu þeirrar sem lagði eggfrumurnar til eða eiginkonu eða sambýliskonu karlmannsins sem lagði til sæðisfrumurnar, skal leita skriflegs samþykkis beggja að nýju. Sama gildir þegar tæknisæðing er framkvæmd með sæði eiginmanns/sambýlismanns, sem geymt hefur verið til síðari nota.

16. gr.

Hámarksgeymslutími fósturvísa er þrjú ár. Að þremur árum liðnum skal eyða ónotuðum fósturvísum. Hámarksgeymslutími kynfrumna er 10 ár. Að þeim tíma liðnum skal eyða ónotuðum kynfrumum. Þegar kynfrumur karls eða konu eru geymdar til eigin nota síðar vegna fyrirsjáanlegrar ófrjósemi af völdum sjúkdóma geta þau þó sótt um framlengingu, hafi þau ekki átt þess kost að nota kynfrumurnar vegna þess að þau hafi ekki uppfyllt skilyrði a liðar 3. gr. og/eða 1. málsl. c liðar 3. gr. Sækja skal um framlengingu til viðkomandi heilbrigðisstofnunar. Synjun má kæra til landlæknis og fer þá um málsmeðferð skv. 6. gr. reglugerðar þessarar.

Andist sá sem lagði til kynfrumurnar skal eyða ónotuðum kynfrumum, nema tilgangur geymslunnar hafi verið gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjóvgun.

Slíti karlmaður og kona sem lögðu kynfrumurnar til hjúskap eða sambúð, eða annað þeirra andast skal eyða fósturvísunum.

Eigendum geymdra fósturvísa og eigendum kynfrumna skal í upphafi geymslutíma gerð grein fyrir framangreindum reglum um hámarksgeymslutíma munnlega og skriflega.

17. gr.

Séu notaðar gjafakynfrumur skal læknir sem annast meðferð velja viðeigandi gjafa. Kynfrumugjafi skal vera heilbrigður og ekki haldinn arfgengum sjúkdómum. Gerðar skulu nauðsynlegar rannsóknir til að ganga úr skugga um heilbrigði gjafa og frjósemi og til þess að koma í veg fyrir að smitsjúkdómar berist með kynfrumunum. Séu notaðar innfluttar kynfrumur skal tryggt að framangreindar kröfur séu uppfylltar.

Læknir skal leitast við að verða við óskum umsækjenda um að líkamsbygging, hæð, augna- og háralitur og blóðflokkur kynfrumugjafa sé í sem bestu samræmi við foreldrið.

18. gr.

Óski gjafi eftir nafnleynd er heilbrigðisstarfsfólki skylt að tryggja að hún verði virt. Í þeim tilvikum má hvorki veita gjafa upplýsingar um parið sem fær gjafakynfrumur eða um barnið né veita parinu eða barninu upplýsingar um gjafann.

Óski gjafi ekki eftir nafnleynd skal stofnunin varðveita upplýsingar um hann í sérstakri skrá. Verði til barn vegna kynfrumugjafarinnar skal varðveita upplýsingar um það og parið sem fékk gjafakynfrumurnar í sömu skrá.

Barn, sem verður til vegna kynfrumugjafar þar sem gjafi óskar ekki eftir nafnleynd, getur er það nær 18 ára aldri óskað eftir aðgangi að skrá skv. 2. mgr. til að fá upplýsingar um nafn gjafans. Nú fær barn upplýsingar um kynfrumugjafa hjá stofnuninni og ber henni þá eins fljótt og auðið er að tilkynna honum um upplýsingagjöfina.

19. gr.

Væntanlegum gjafa skal fyrirfram gerð skýr grein fyrir eftirfarandi atriðum, munnlega og skriflega:

a) í hverju kynfrumugjöf er fólgin,
b) að hann geti óskað nafnleyndar,
c) þeim reglum sem gilda annars vegar þegar nafnleyndar er óskað og hins vegar þegar ekki er óskað eftir nafnleynd,
d) hvaða læknisfræðileg og siðfræðileg vandamál geta komið upp í sambandi við að gefa kynfrumur,
e) lagalegri stöðu sinni og barns þess sem kann að verða til.

Sé um að ræða kynfrumugjöf innan fjölskyldu skal gjafi fyrirfram fá ráðgjöf um þau sérstöku vandamál sem því kunna að fylgja fyrir gjafa, þega og væntanlegt barn.

20. gr.

Pari sem sótt hefur um tæknifrjóvgun, þar sem notaðar eru gjafakynfrumur skal gerð skýr grein fyrir eftirfarandi atriðum munnlega og skriflega:

a) í hverju notkun gjafakynfrumu er fólgin,
b) hver staða þeirra og væntanlegs barns verður að lögum,
c) hvort gjafi óskar nafnleyndar eða ekki og hvaða reglur gilda í hvoru tilfelli,
d) að þau eigi rétt á ráðgjöf sérfræðings bæði fyrir aðgerð og vegna vandamála sem síðar kunna að koma upp vegna tæknifrjóvgunar eða kynfrumugjafar,
e) að eiginmaður eða sambýlismaður telst faðir barns sem getið er við tæknifrjóvgunina, þó notað sé gjafasæði,
f) að eiginkona eða sambýliskona telst móðir barns sem getið er með tæknifrjóvgun, þó notuð sé gjafaeggfruma.

Báðum aðilum skal gerð grein fyrir ofangreindum atriðum áður en þau veita samþykki sitt, skv. 21. gr. Báðir aðilar skulu sérstaklega samþykkja skriflega, annars vegar tæknifrjóvgun og hins vegar notkun gjafakynfrumna. Þegar gjafakynfrumur eru notaðar við tækni-

frjóvgun skal tryggja að gjafa og viðkomandi pari sé gerð grein fyrir hvaða læknisfræðileg og siðfræðileg vandamál geta komið upp í sambandi við að gefa og þiggja kynfrumur. Þá skal aðilum gerð skýr grein fyrir lagalegri stöðu sinni og barns þess sem kann að verða til.

Sé um að ræða kynfrumugjöf innan fjölskyldu skal par fyrirfram fá ráðgjöf um þau sérstöku vandamál sem því kunna að fylgja fyrir gjafa, þega og væntanlegt barn.

21. gr.

Áður en tæknifrjóvgun með gjafakynfrumu er framkvæmd skulu báðir aðilar samþykkja sérstaklega, skriflega og við votta, notkun gjafakynfrumu við tæknifrjóvgun.

22. gr.

Hvers konar rannsóknir, tilraunir og aðgerðir á fósturvísum skulu vera óheimilar.

Þó skal heimilt að gera rannsóknir á fósturvísum ef:

a) þær eru liður í glasafrjóvgunarmeðferð,
b) þeim er ætlað að greina arfgenga sjúkdóma í fósturvísunum sjálfum,
c) þær miða að framförum í meðferð vegna ófrjósemi eða,
d) þær eru ætlaðar til aukins skilnings á orsökum meðfæddra sjúkdóma og fósturláta.

Óheimilt er að gera rannsóknir skv. c og d lið nema þær uppfylli skilyrði 8. mgr. 1. gr. um vísindarannsókn og hafi hlotið samþykki vísindasiðanefndar eða siðanefndar skv. 29. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

23. gr.

Óheimilt er að:

a) rækta eða framleiða fósturvísa eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir,
b) rækta fósturvísa lengur en í 14 daga utan líkamans eða eftir að frumrákin kemur fram,
c) koma mannlegum fósturvísum fyrir í dýrum og
d) framkvæma einræktun.

24. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum, sbr. 14. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjóvgun.

Fyrir hlutdeild í brotum skal refsa á sama hátt nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

25. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 13., sbr. 3. og 10. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjóvgun og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi starfsreglur glasafrjóvgunardeildar Landspítalans dags. 21. apríl 1995 og reglur um frystingu fósturvísa dags. 14. desember 1995.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. september 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu samþykktar fyrir Tónlistarskóla Húsavíkur.

Með vísan til 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla staðfestist hér með samþykkt fyrir Tónlistarskóla Húsavíkur, sem samþykkt var af bæjarstjórn Húsavíkur hinn 26. júní sl. og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 19. september 1997.

F. h. r.
Guðríður Sigurðardóttir.

Stefán Baldursson.

Fylgiskjal.

Samþykkt fyrir Tónlistarskóla Húsavíkur.

1. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskóli Húsavíkur. Húsavíkurkaupstaður er eigandi hans. Bæjarstjórn Húsavíkur fer með yfirstjórn skólans.

2. gr.

Skólinn starfar eftir gildandi lögum og reglugerðum um tónlistarskóla.

3. gr.

Markmið skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og vinna að eflingu tónlistarlífs á Húsavík. Þessum markmiðum hyggst skólinn ná meðal annars með því:

- að annast kennslu í hljóðfæraleik og söng, ásamt kennslu í öðrum tónlistargreinum sem gert er ráð fyrir í námskrám tónlistarskólanna.
- að búa nemendum fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika og sköpunargáfu þar sem tekið er tillit til þroska og getu hvers einstaklings.
- að skapa verðmæt og varanleg áhugamál fyrir hvern nemanda og gera þá að virkum hlustendum tónlistar og þátttakendum í tónlistarlífi.
- að standa opinn jafnt börnum sem fullorðnum eftir því sem aðstæður leyfa.
- að eiga samvinnu við aðrar menningar- og uppeldisstofnanir s.s. grunnskóla, framhaldsskóla, leikskóla, safnahús og kirkju.
- að styðja við áhugahópa um tónlist og menningu s.s. hljómsveitir, tónlistarfélög, kóra, leikfélög og fleiri aðila.
- að eiga hljóðfæri til þess að auðvelda nemendum aðgang að skólanum og verði þau leigð nemendum fyrstu námsárin eftir því sem tök eru á.
- að undirbúa nemendur fyrir framhaldsnám í tónlist.
- að uppfylla allar þær kröfur sem menntamálaráðuneytið setur varðandi námsmat og próf.

4. gr.

Skólanefnd grunnskóla fer með málefni skólans í umboði bæjarstjórnar samkvæmt 62. gr. samþykktar um stjórn Húsavíkurkaupstaðar og erindisbréfi skólanefndar. Skólastjóri eða staðgengill hans situr nefndarfundi. Heimilt er kennarafundi að tilnefna einn fulltrúa úr hópi fastra kennara til að sitja nefndarfundi með málfrelsi og tillögurétt og skal hann bundinn sömu trúnaðarskyldu og nefndarmenn.

5. gr.

Bæjarstjórn ræður skólastjóra. Skólanefnd auglýsir stöðuna og veitir viðtöku umsóknum um skólastjórastöðu. Að loknum umsóknarfresti skal skólanefnd halda fund svo fljótt sem auðið er, fjalla um umsóknir og senda þær bæjarstjórn ásamt umsögnum og tillögum um val á skólastjóra.

6. gr.

Bæjarráð ræður kennara og annað starfsfólk skóla að fengnum tillögum frá skólanefnd og skólastjóra. Ef staða losnar við skóla eða ef þörf er á viðbótarstarfsmanni gerir skólastjóri skólanefnd grein fyrir því og auglýsir stöðuna í samráði við skólanefnd. Skólanefnd tekur við umsóknum, metur þær og gerir ásamt skólastjóra tillögu til bæjarráðs um ráðningar. Sérhverjum umsækjanda skal tilkynnt, svo fljótt sem auðið er, hvaða afgreiðslu umsókn hans fékk.

7. gr.

Skólastjóri er forstöðumaður Tónlistarskóla, stjórnar honum í samræmi við samþykkt þessa og ákvarðanir bæjarstjórnar, ber ábyrgð á starfi skólans og veitir honum faglega forystu.

8. gr.

Verksvið skólastjóra er að sjá um daglega umsýslu skólans, faglega og rekstrarlega, að gæta ítrustu rekstrarhagkvæmni og fylgjast með að rekstri sé haldið innan samþykktrar fjárhagsáætlunar. Skólastjóri skilar vinnuskýrslum til bæjarskrifstofu, áritar reikninga vegna rekstrar og innkaupa skólans og undirbýr fjárhagsáætlun fyrir skólanefnd. Hann gerir fyrir 1. febrúar ár hvert tillögu til skólanefndar um kennslumagn fyrir næsta skólaár, ásamt kostnaðaráætlun. Áætlunin skal vera rökstudd. Skólastjóri stendur skil á innheimtu á nemendagjöldum og hljóðfæraleigu samkvæmt gildandi reglum.

9. gr.

Kennarafundur er skólastjóra til ráðuneytis um starf skólans. Almennan kennarafund skal halda í upphafi skólaárs þar sem drög að starfsáætlun eru kynnt. Skólastjóri eða staðgengill hans boðar til kennarafunda með dagskrá og stjórnar þeim eða skipar fundarstjóra. Haldin skal gjörðabók kennarafunda. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði sem skólinn starfar. Skylt er stundakennurum að sækja kennarafund, ef skólastjóri æskir þess, enda sé boðað til fundarins með a.m.k. þriggja daga fyrirvara.

10. gr.

Heimilt er að stofna foreldrafélög og skulu starfsreglur þeirra hljóta samþykki skólanefndar að fenginni umsögn kennarafundar. Með sama hætti er heimilt að stofna nemendaráð. Heimilt er kennarafundi að kveðja til fulltrúa foreldra og/eða nemenda við umfjöllun um innri málefni skólans.

11. gr.

Kostnaður af rekstri skólans greiðist úr bæjarsjóði samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun að því marki sem nemendagjöld og aðrar tekjur hrökkva ekki til.

12. gr.

Rétt til skólavistar hefur hver sá sem áhuga hefur á því námi sem skólinn býður upp á. Áætlun um kennsluskipan og námsframboð skal liggja fyrir í upphafi skólaárs og skal auglýsa það við innritun. Þurfi að takmarka fjölda nemenda í einstökum námsgreinum skulu nemendur sem stunduðu nám á fyrra skólaári hafa forgang. Heimilt er skólastjóra að vísa nemanda frá námi ef hann hefur ekki sinnt því um lengri tíma eða hefur gerst brotlegur við reglur skólans og ekki látið segjast við áminningu. Rísi ágreiningur um skólavist nemenda skal skólanefnd úrskurða í málinu.

13. gr.

Starfstími skólans er 9 mánuðir árlega og skulu leyfisdagar fara eftir skóladagatali grunnskóla. Viðverutími og vinnuskylda kennara fer eftir gildandi kjarasamningi, en heimilt er skólastjóra að skipuleggja vinnu kennara utan starfstíma skólans í samræmi við kjarasamninga.

14. gr.

Samþykkt þessi er sett af bæjarstjórn Húsavíkur hinn 26. júní 1997.

2. október 1997 Nr. 570

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.

1. gr.

Skrá 1 með reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun breytist á eftirfarandi hátt:

	Meðalgildi (MG)		Þakgildi (ÞG)		Skammtímagildi (STG)		Aths.
	ppm	mg/m³	ppm	mg/m³	ppm	mg/m³	
Flúoríð	–	0.6	–	–	–	–	6)
Flúorvetni	0.7	0.6	–	–	1.1	0.9	6)

Athugasemd 6) verði: Fyrirtæki sem starfandi eru við gildistöku reglna þessara skulu í síðasta lagi innan eins árs hafa mengun flúoríðs og flúorvetnis undir 2.0 mg/m³ og í síðasta lagi innan þriggja ára undir 0.6 mg/m³.

Núverandi athugasemd 6) með Flúotan breytist í athugasemd 7).

2. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38., 39., 50. og 51. gr. laga nr. 46/1980 og staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. október 1997.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.

REGLUGERÐ

um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum.

Markmið.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka notkun rafhlaðna og rafgeyma sem í eru hættuleg efni sem talin eru upp í 3. gr. og að stuðla að endurvinnslu eða skipulegri förgun þeirra.

Skilgreiningar.

2. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

Rafhlaða eða rafgeymir: Uppspretta raforku sem myndast við beina umbreytingu efnaorku. Rafhlöður og rafgeymar eru samsett úr einni eða fleiri frumrafhlöðum, sem ekki er hægt að endurhlaða, eða endurhlaðanlegum rafhlöðum.

Notuð rafhlaða eða rafgeymir: Rafhlaða eða rafgeymir sem ekki er hægt að nota aftur og á að endurvinna eða farga.

Söfnunarstaður: Staður þar sem almenningur getur skilað notuðum rafhlöðum og/eða rafgeymum sér að kostnaðarlausu, t.d. bensínafgreiðslur, ýmsar verslanir og gámastöðvar.

Gildissvið.

3. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til rafhlaðna og rafgeyma sem í eru:

a) meira en 25 mg kvikasilfurs (Hg) á rafhlöðu eða meira en 0,025% kvikasilfurs miðað við þyngd,
b) meira en 0,025% kadmíums (Cd) miðað við þyngd,
c) meira en 0,4% blýs (Pb) miðað við þyngd.

Takmarkanir.

4. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota alkalímanganrafhlöður sem í eru meira en 0,025% kvikasilfurs.

Eftirtaldar rafhlöður eru undanþegnar þessu banni:

a) alkalímanganrafhlöður sem í eru minna en 0,05% kvikasilfurs og nota á um lengi tíma við sérstakar aðstæður (hitastig lægra en 0°C eða hærra en 50°C, höggáreiti o.s.frv.),
b) alkalímanganhnapparafhlöður og rafhlöður sem samsettar eru úr alkalímanganhnapparafhlöðum.

Merkingar og meðferð.

5. gr.

Rafhlöður og rafgeyma, og eftir því sem við verður komið tæki og vörur sem þau eru hluti af, skal merkja á viðeigandi hátt. Merkingin skal vera greinileg, auðlæsileg og óafmáanleg.

Merkingin skal upplýsa um eftirtalin atriði:

a) sérstaka söfnun þ.e. aðgreiningu frá húsasorpi,
b) tegund þungmálma.

Í I. viðauka við reglugerð þessa er að finna nánari skýringar á þessu ákvæði um merkingar.

6. gr.

Rafhlöðum og rafgeymum skal þannig fyrirkomið í tækjum og vörum að notendur eigi auðvelt með að fjarlægja þau. Tryggja skal þó að börn geti ekki náð til rafhlaðna í tækjum eða vörum ef rafhlöðurnar falla undir þessa reglugerð.

Tækjum þar sem ekki er augljóst hvernig skipta skuli um rafhlöður og rafgeyma skulu fylgja leiðbeiningar sem veita notanda upplýsingar um innihald rafhlaðnanna og rafgeymanna, ef þau eru hættuleg umhverfinu, og sýna hvernig fjarlægja megi þau á öruggan hátt.

Undanskilin þessu ákvæði eru þau tæki og notkunarsvið rafhlaðna og rafgeyma sem upp eru talin í II. viðauka við reglugerð þessa.

Förgun.

7. gr.

Notaðar rafhlöður og rafgeymar, sem þessi reglugerð tekur til, flokkast sem spilliefni og fer um þau í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar. Notuðum rafhlöðum og rafgeymum skal komið til söfnunarstaðar. Sveitarfélög bera ábyrgð á söfnun og förgun notaðra rafhlaðna og rafgeyma.

Eftirlit.

8. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar að öðru leyti en því sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Viðurlög.

9. gr.

Um mál er rísa kunna út af brotum á reglum þessum fer að hætti opinberra mála. Um refsingar fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Gildistaka.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum og 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af þeim ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. viðauka, XV. kafla, 11. tl., tilskipunar 91/157/EBE, um rafhlöður og rafgeyma sem innihalda tiltekin hættuleg efni ásamt breytingum í tilskipun 93/86/EBE.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 30. september 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

I. VIÐAUKI
Nánari skýringar á merkingarákvæðum 5. gr.

1. Merkingar sem gefa til kynna að safna eigi rafhlöðum og rafgeymum sérstaklega, og þannig aðgreina frá húsasorpi, skulu samanstanda af merki með mynd af íláti á hjólum sem krossað er yfir, sbr. myndir hér að neðan:





Merkið skal þekja þrjá hundruðustu hluta stærstu hliðar rafhlöðunnar eða rafgeymisins en ekki vera stærra en 5x5 cm. Ef um er að ræða sívalninga skal merkið þekja þrjá hundruðustu af hálfu yfirborðssvæði rafhlöðunnar eða rafgeymisins en ekki vera stærra en 5x5 cm.

Ef smæð rafhlöðunnar er slík að merkið yrði minna en 0,5x0,5 cm er ekki þörf á að merkja rafhlöðuna eða rafgeyminn en prenta skal merkið í stærðinni 1x1 cm á umbúðirnar.

2. Merkingar sem upplýsa um tegund þungmálma sem rafhlöður og rafgeymar innihalda skulu sýna efnafræðitákn viðkomandi málms, Hg (kvikasilfur), Cd (kadmíum) eða Pb (blý).

Efnafræðitáknið skal prentað fyrir neðan merkið um sérstaka söfnun. Táknið skal þekja svæði sem er hið minnsta einn fjórði af stærð merkisins um sérstaka söfnun.

II. VIÐAUKI
Flokkar tækja og notkunarsvið rafhlaðna og rafgeyma sem undanþegin eru ákvæðum 6. gr.

1. Tæki þar sem rafhlöður eru lóðaðar, soðnar eða á annan hátt festar við tengil til að tryggja órofið afl í iðnaði, ef þess er krafist, og tæki til að geyma minni og gögn í ákveðnum gerðum upplýsinga- og skrifstofutæknibúnaðar. Þetta á einungis við ef rafhlöður og rafgeymar sem þessi reglugerð tekur til eru nauðsynleg af tæknilegum ástæðum.
2. Viðmiðunarrafhlöður í tækjum sem notuð eru í vísinda- og atvinnuskyni, rafhlöður og rafgeymar í lækningatækjum sem eiga að halda lífsnauðsynlegri starfsemi í gangi og rafhlöður og rafgeymar í gangráðum þar sem stöðug starfsemi er lífsnauðsynleg. Hér er um að ræða rafhlöður og rafgeyma sem aðeins sérmenntað starfsfólk getur fjarlægt.
3. Færanleg tæki þegar það getur stofnað notanda í hættu eða haft áhrif á starfsemi tækisins ef aðrir en menntað og hæft starfsfólk fjarlægja rafhlöðurnar og atvinnutæki sem nota á í mjög varasömu umhverfi, svo sem í námunda við rokgjörn efni.

STJÓRNARTÍÐINDI B 84 – 1997

14. október 1997 1277 Nr. 572

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, með síðari breytingum.

1. gr.

Við reglugerð nr. 188/1988 bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Í stað dagsetningarinnar „15. október" í 4. tl. 17. gr. reglugerðar nr. 188/1988, sbr. breytingu með rg. nr. 118/1994, 493/1994 og nr. 20/1996, kemur: til og með 20. október.

2. gr.

Breyting þessi gildir einungis fyrir mat á hrútlömbum á árinu 1997.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 96 27. maí 1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. október 1997.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Stjórnartíðindi B 84, nr. 572. Útgáfudagur 15. október 1997.

B 89
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 1997

Nr. 573 1278 29. september 1997

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 1981-2001.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 29. september 1997, staðfest breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 1981-2001, frá 13. maí 1981 með síðari breytingum.

Breytingin varðar texta með skipulagi reits á Hrólfsskálamel, þ.e. takmörkun á fjölda vöruflokka er felld niður, sjá skipulagsuppdrátt, sem staðfestur var 30. desember 1992, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 508/1992.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Seltjarnarness. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 29. september 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 574 3. október 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 518/1993
um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum nr. 563/1995.

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný mgr. sem hljóði svo:

Þegar gildi í viðauka 2 er sett fyrir tiltekinn flokk grænmetis eða ávaxta skal það gilda fyrir allan flokkinn, nema þar sem sérstök gildi eru sett fyrir tilteknar afurðir.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka 2:

a) Hámarksgildi eftirfarandi varnarefna falla úr gildi og í stað þeirra koma hámarksgildi samkvæmt lið b:

Diazinon	Klórmekvat
Díkofol	Metidation
Endosúlfan	Tíabendazól
Fentin	

Þá skulu gildi fyrir koldísúlfíð einnig falla út.

b) Hámarksgildi varnarefna samkvæmt viðauka þessarar reglugerðar bætast við viðauka 2 eða koma í stað hámarksákvæða sem þar eru tilgreind.

Gutenberg

c) Eftirfarandi viðbætur eða breytingar eru gerðar á hámarksgildum:

Dítíokarbamöt:	Fyrir flokkinn „Korn og kornvörur" kemur 0,05* ppm í stað 0,01* ppm.
Glyfosat:	Fyrir flokk 4 „Olíufræ. Sojabaunir" kemur 20 ppm.
Fenarimol:	Fyrir flokk 1 (vi) „Ýmsir ávextir. Bananar" kemur 0,3 ppm.
Iprodion:	Fyrir flokk 2 (vii) „Stilkgrænmeti. Rabarbari" kemur 0,2 ppm.
Karbendazim:	Fyrir flokk 2 (vii) „Stilkgrænmeti. Rabarbari" kemur 2,0 ppm. Fyrir flokk 2 (iii) b „Grænmetisaldin. Grasker" kemur 0,3 ppm.
3-Klóranilín	Fyrir flokkinn „Kartöflur" kemur 2 ppm.
Permetrin:	Fyrir flokk 7 „Humall" kemur 0,1* í stað 0,01*.
Vinklozolin:	Fyrir flokk 2 (i) „Rótar- og hnýðisgrænmeti" kemur 0,05* ppm í stað 0,01* ppm. Í stað 5 ppm fyrir flokk 1 (vi) „Ýmsir ávextir. Fíkjur" kemur 5 ppm fyrir „Loðber (kíví)".

d) Eftirfarandi bætist við skýringar við viðauka 2:

2a) Amitraz að meðtöldum öllum afleiðum þess með 2,4-dímetýlanilíni, reiknað sem amitraz. Skýring fyrir cyfluthrin, sbr. reglugerð 563/1995, verður 2b.

8a) Samanlögð gildi af dísúlfóton, dísúlfóton sulphoxíði og dísúlfóton sulphoni, reiknað sem dítsúlfóton.

29b) Samanlögð gildi af metomyl og thiodicarb, reiknað sem metomyl.

3. gr.

Eftirfarandi bætist við sem hópur 8 í viðauka 3:

KRYDD	SPICES	
Kúmenfræ	Cumin seeds	Öll afurðin
Einiber	Juniper berries	
Múskat	Nutmeg	
Pipar, svartur og hvítur	Pepper, black and white	
Vanillufræ	Vanilla pods	
Annað	Other	

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 17. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka, XII. kafla, tilskipun 95/38/EB um breytingu á viðaukum tilskipunar 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum, 95/39/EB um breytingu á viðaukum tilskipana 86/362/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum og 86/363/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu, og tilskipun 95/61/EB um breytingu á viðauka 2 í tilskipun 90/642/EBE. Einnig var höfð hliðsjón af tilskipun 96/32/EB um breytingu á viðauka 2 í tilskipun 76/895/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum og tilskipun 90/642/EBE, og tilskipun 96/33/EB um breytingu á viðaukum tilskipana 86/362/EBE og 86/363/EBE.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 3. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Aldikarb	Díazinon	Díkofol7)	Dísúlfo-ton	Endo-súlfan	Fenbuta-tin oxíð	Fentin	Forat18)	Klórme-kvat	Mekarbam	Metid-ation	Metomyl29b)	Pírimifos-metyl
1. Ávextir, ferskir, þurrkaðir,													
ósoðnir, varðir með frystingu, en													
ekki með viðbættum sykri													
(i) Sítrusávextir	0,2	0,5 (b)	2 (b)	0,02*	1 (a)	(a)	0,05*	0,05*	0,05*	2 (a)	2	(a)	1
Greipaldin													
Sítrónur													
Súraldin													2
Mandarínur													
Appelsínur													
Pómelóaldin													
Annað													
(ii) Trjáhnetur	0,05*	0,05*	0,05*	0,02*	0,1*	0,05*	0,05*	0,05*	0,1*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*
Möndlur													(a)
Brasilíuhnetur													
Kasúhnetur													
Kastaníuhnetur													
Kókoshnetur													
Heslihnetur													(a)
Makademía hnetur	(a)												
Pekan hnetur	0,2												
Furu hnetur													
Hjartaaldin													(a)
Valhnetur													(a)
Annað													
(iii) Kjarnaávextir	0,05*	0,5 (b)	1 (b)	0,02*	1 (a)	2	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,3	0,05*	(a)
Epli									(a)			1	
Perur									3 (a)			(a)	
Kveði													
Annað													
(iv) Steinaldin	0,05*	0,5 (b)	(b)	0,02*	1 (a)	(a)	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,2	(a)	(a)
Apríkósur											(b)		
Kirsuber													
Ferskjur													

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Aldikarb	Díazinon	Díkofol7)	Dísúlfo-ton	Endo-súlfan	Fenbuta-tin oxíð	Fentin	Forat18)	Klórme-kvat	Mekarbam	Metid-ation	Metomyl29b)	Pirimifos-metyl
Nektarínur													
Plómur													
Annað													
(v) Ber og aðrir smáir ávextir							0,05*			0,05*			
(a) Vínber	0,05*	0,5 (b)	1 (b)	0,02*	1 (a)	2		0,05*	1 (a)		0,5	3	(a)
Til víngerðar													
Önnur													
(b) Jarðarber (önnur en villt)	(a)	0,5 (b)	2 (b)	(b)	1+	(a)		(a)	(a)		0,02*	0,05*	(a)
(c) Reyr ávextir (aðrir en villtir)	0,05*	0,5 (b)	0,02*	0,02*		0,05*		0,05*	0,05*		0,02*	0,05*	0,05*
Brómber					1+								
Blá hindber													
Loganber													
Hindber					1 (a)								
Annað					0,05*								
(d) Aðrir smáávextir og ber	0,05*	0,02*	0,02*	0,02*	0,05*	0,05*		0,05*	0,05*		0,02*	0,05*	0,05*
(annað en villt)													
Bláber		0,2											
Trönuber													
Garðaber		0,2			1+								
Rifsber (rauð og hvít)		0,2	(b)		1+							(a)	
Sólber		0,2	(b)		1+							(a)	
Annað													
(e) Villt ber og villtir ávextir	0,05*	0,02*	0,02*	0,02*	0,05*	0,05*		0,05*	0,05*		0,02*	0,05*	0,05*
(vi) Ýmsir ávextir	0,05*	0,02*	0,02*	0,02*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,02*	0,05*	0,05*
Lárperur													
Bananar	(a)	0,5 (b)	2 (b)			(a)							
Döðlur													
Fíkjur			(b)										
Loðber (kíví)		0,5 (b)			1 (a)								2
Dvergappelsína													
Litkaber													
Mangó													
Ólífur		0,5 (b)			1 (a)				0,1		1	(a)	(a)
Ástaraldin													

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Aldikarb	Díazinon	Díkofol7)	Dísúlfoton	Endosúlfan	Fenbutatin oxíð	Fentin	Forat18)	Klórmekvat	Mekarbam	Metidation	Metomyl29b)	Pírimifosmetyl
Ananas				(b)									
Granatepli													
Annað													
2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið, frosið eða þurrt													
(i) Rótar- og hnýðisgrænmeti	0,05*	0,02*	0,02*	0,02*		0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,02*	0,05*	0,05*
Rauðrófur	(a)	0,5 (b)			0,2 (a)			(a)					
Gulrætur	(a)	0,5 (b)		3 (b)	0,2 (a)			(a)					1
Hnúðselja		0,5 (b)			0,2 (a)								
Piparrót		0,5 (b)											
Ætifífill													
Nípa		0,5 (b)		(b)				(a)					
Steinseljurót	(a)												
Hreðkur (radísur)		0,5 (b)			0,2 (a)							0,5	
Hafursrót													
Sætuhnúðar													
Gulrófur		0,5 (b)			0,2 (a)								
Næpur		0,5 (b)			0,2 (a)								
Kínakartöflur													
Annað													
(ii) Laukar	0,05*	0,5 (b)	0,02*	0,02*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,02*	0,05*	(a)
Hvítlaukur			(b)										
Laukur					1 (a)						(b)		
Skalottlaukur											(b)		
Perlulaukur													
Annað													
(iii) Grænmetisaldin		0,5 (b)					0,05*			0,05*			
(a) Kartöfluætt	0,05*		0,02*	0,02*	1 (a)	(a)		(a)	0,05*		0,02*	(a)	(a)
Tómatar			0,5 (b)						(a)				
Paprikur	(a)		0,5 (b)										
Eggaldin	(a)												
Annað													
(b) Graskersætt-neysluhæft hýði	0,05*		0,5 (b)	0,02*	1 (a)	(a)		(a)	0,05*		0,02*	0,05*	(a)

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Aldikarb	Díazinon	Díkofol7)	Dísúlfo-ton	Endo-súlfan	Fenbuta-tin oxíð	Fentin	Forat18)	Klórme-kvat	Mekarbam	Metid-ation	Metomyl29b)	Pírimifos-metyl
Gúrkur						0,5		0,05*				(a)	
Þrúgugúrkur													
Grasker												(a)	
Annað													
(c) Graskersætt-óneysluhæft hýði	0,05*		0,5 (b)	0,02*	1 (a)	(a)		0,05*	0,05*		0,02*	0,2	(a)
Melónur													
Grasker				(b)									
Vatnsmelónur													
Annað													
(d) Sykurmaís	0,05*		0,02*	0,02*	0,05*	0,05*		(a)	0,05*		0,02*	0,05*	0,05*
(iv) Kál		0,5 (b)	0,02*			0,05*	0,05*		0,05*	0,05*	0,02*		
(a) Blómstrandi kál	0,05*			0,02*	1 (a)			(a)				(a)	1
Spergilkál	(a)			(b)									
Blómkál	0,2			(b)									
Annað													
(b) Höfuðkál	0,05*			0,02*	1 (a)			(a)				(a)	(a)
Rósakál	0,2			(b)									2
Höfuðkál	(a)			(b)									
Annað													
(c) Blaðkál	0,05*			0,02*	1 (a)			(a)				(a)	0,05*
Kínakál													
Grænkál													
(d) Hnúðkál	0,05*			(b)	0,05*			0,05*				0,05*	(a)
(v) Blaðgrænmeti og													
ferskar kryddjurtir	0,05*	0,5 (b)	0,02*			0,05*	0,05*		0,05*	0,05*	0,02*		(a)
(a) Salöt				0,02*	1 (a)			(a)				(a)	
Karsi (garðperla)													
Vorsalat													
Íssalat													
Höfuðsalat													
Blaðsalat													
Vetrarsalat													
Annað													
(b) Spínat				0,02*	1 (a)			0,05*				2	

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Aldikarb	Díazinon	Díkofol7)	Dísúlfo-ton	Endo-súlfan	Fenbuta-tin oxíð	Fentin	Forat18)	Klórme-kvat	Mekarbam	Metid-ation	Metomyl29b)	Pírimifos-metyl
Blaðbeðja (strandblaðka)				0,02*	1 (a)			0,05*				2	
(c) Vatnakarsi				0,02*	0,05*			0,05*				0,05*	0,05*
(d) Jólasalat				0,02*	0,05*			0,05*				0,05*	0,05*
(e) Kryddjurtir				(b)	0,05*			(a)				(a)	
Kerfill													
Graslaukur													
Blaðselja													
Steinselja													
Annað													
(vi) Ertur og belgávextir (ferskir)	0,05*	0,5 (b)	0,02*	(b)	1 (a)	0,05*	0,05*	(a)	0,05*	0,05*	0,02*	0,05*	(a)
Baunir (með belg)			0,5 (b)			(a)			0,05*+			(a)	
Baunir (án belgs)			0,5 (b)			(a)			0,05*+				
Ertur (með belg)			0,5 (b)						0,05*+			(a)	
Ertur (án belgs)			0,5 (b)	0,02*					0,05*+				0,05*
Annað													
(vii) Stilkgrænmeti	0,05*	0,02*	0,02*	0,02*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,02*	0,05*	(a)
Spergill		0,5 (b)											
Fingrakornblóm					1 (a)								
Stilkselja		0,5 (b)		(b)	1 (a)			(a)					
Fennika (sígóð)												(a)	
Ætiþistill		0,5 (b)	(b)		1 (a)							(a)	
Blaðlaukur	(a)	0,5 (b)			1 (a)						(b)		
Rabarbari													
Annað													
(viii) Sveppir	0,05*			0,02*		0,05*	0,05*	0,05*		0,05*	0,02*	0,05*	
(a) Ætisveppir		0,5 (b)	(b)		1 (a)				(a)				(a)
(b) Villtir ætisveppir		0,02*	0,02*		0,05*				0,05*				0,05*
3. Belgjurtir (þurrkaðar)	0,05*	(b)	0,02*	0,02*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,02*	0,05*	(a)
Baunir			(b)	(b)				(a)					
Linsubaunir													
Ertur													
Annað													

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Aldikarb	Díazinon	Díkofol7)	Dísúlfoton	Endosúlfan	Fenbutatin oxíð	Fentin	Forat18)	Klórmekvat	Mekarbam	Metidation	Metomyl29b)	Pírimifosmetyl
4. Olíufræ	0,05*	0,05*	0,05*	0,02*	0,1*	0,05*	0,05*	0,05*	0,1*	0,05*	0,02*	0,05*	0,05*
Hörfræ	(a)				(a)			(a)	(c)				(a)
Jarðhnetur		(a)						0,1					(a)
Valmúafræ (birki)													
Repjufræ	(a)				(a)			(a)	(c)		0,05*		(a)
Sesamfræ													
Sólblómafræ		(a)			(a)								(a)
Sojabaunir					(a)							0,2	(a)
Baðmullarfræ	(a)	(a)	0,1	0,05*	0,3	(a)			(c)		(b)	0,5	(a)
Sinnepsfræ					(a)								
5. Kartöflur (jarðepli)		(b)	0,02*	(b)	(a)	0,05*	0,1		(a)	0,05*	0,02*	0,05*	0,05*
Snemmvaxnar													
Iðnaðarkartöflur													
6. Te	0,05*	0,05*	(d)	0,05*	30	0,1*	0,1*	0,1*	0,1*	0,05*	(a)	0,1*	0,05*
7. Humall	(a)	(a)	50	(b)		(c)	0,5	0,1*	0,1*	0,1*	3	10	0,05*
Korn og kornvörur	0,05*	0,05 (b)	0,02*	0,02*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,02*	0,05*	5
Hveiti				0,1	0,1 (a)				2				
Bókhveiti		0,02*											
Rúgur, rúghveiti					0,1 (a)				2				
Bygg				0,2	0,1 (a)				2				
Hafrar					0,1 (a)				5				
Hrísgrjón													
Maís					0,2 (a)			(a)	(a)				
Annað													
Mjólk og mjólkurvörur	0,01*	0,01*	0,02	0,02	0,004	0,05*	0,05*	0,02*	(a)		0,02*	0,02*	0,05*
Kjöt og kjötvörur	0,01*		0,005	0,002	0,01	0,005	0,005	0,05*	(a)		0,02*	0,02*	0,05*
Alifuglakjöt													
Kindakjöt			0,05										
Kjúklingar		(a)	0,01		(a)								

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Aldikarb	Díazinon	Díkofol7)	Dísúlfo-ton	Endo-súlfan	Fenbutatin oxíð	Fentin	Forat18)	Klórmekvat	Mekarbam	Metidation	Metomyl29b)	Pírimifos-metyl
Svínakjöt		(a)											
Svínanýru													
Nautgripakjöt			0,05										
Nautgripa- og kindanýru			1										
Nautgripa- og kindalifur			1										
Annað													
Egg	0,01*	(a)	0,05*	0,02*	(a)	0,05*	0,05*	0,05*	(a)		0,02*	0,02*	0,05*
Fiskur og fiskafurðir													

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Propoxur	Propyz-amíð	Tíaben-dazol	Tríazo-fos	Triforin
1. Ávextir, ferskir, þurrkaðir,					
ósoðnir, varðir með frystingu,					
en ekki með viðbættum sykri					
(i) Sítrusávextir	3 (a)	0,02*	6	(b)	0,05*
Greipaldin					
Sítrónur					
Súraldin					
Mandarínur					
Appelsínur					
Pómelóaldin					
Annað					
(ii) Trjáhnetur	0,05*	0,02*	0,1*	0,02*	0,05*
Möndlur				(b)	(a)
Brasilíuhnetur					
Kasúhnetur					
Kastaníuhnetur					
Kókoshnetur					
Heslihnetur				(b)	
Makademía hnetur					
Pekan hnetur					
Furu hnetur					
Hjartaaldin				(b)	
Valhnetur					
Annað					
(iii) Kjarnaávextir	3 (a)	0,02*	5	(b)	2
Epli					
Perur					
Kveðl					
Annað					
(iv) Steinaldin	3 (a)	0,02*	0,05*	0,02*	0,05*
Apríkósur				(b)	(a)
Kirsuber			(a)		2
Ferskjur				(b)	(a)

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Propoxur	Propyz-amíð	Tíaben-dazol	Tríazo-fos	Triforin
Nektarínur				(b)	(a)
Plómur					1
Annað					
(v) Ber og aðrir smáir ávextir					
Greiðsla aukakostnaðar vegna frosts í jörðu. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug og /eða heimæð sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar. Skal þar taka mið af auka tilkostnaði vegna frosts í jarðvegi.

Sérstakar aðstæður. Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar og/eða heimæðar verði meira en 50 % hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað sem umfram 50 % er, samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar.

Inntaksgjöld gilda fyrir skipulögð hverfi. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar skal heimtaugargjald og/eða heimæðargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

III. Aðrar skýringar og önnur ákvæði.

Áætlun um notkun og orkureikningar. Orkugjöld eru innheimt mánaðarlega samkvæmt áætlun eða með sérstökum álestri. Við gerð áætlunar um ársnotkun er stuðst við sannreynda notkun ársins á undan. Á um 12 mánaða fresti er lesið af mælum og á grundvelli þess álestrar er gert sérstakt uppgjör við hvern notanda sem skráður hefur verið í viðskiptum yfir tímabilið. Veitustjóri getur heimilað notanda að senda inn eigin álestur á áætlunartímabilinu.

Dráttarvextir, vanskil og lokanir. Selfossveitum bs. er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna reikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda, eða honum gerð grein fyrir beitingu þeirra á annan hátt.

Selfossveitur hafa rétt til að stöðva orkuafhendingu úr veitukerfi að húsveitu, hafi notandi viðkomandi húsveitu vanrækt að greiða orkugjöld samkvæmt reikningi þar um. Orkureikningur er í vanskilum hafi hann ekki verið greiddur fyrir eða á eindaga. Fyrirætlun um stöðvun orkuafhendingar ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur samkvæmt taxta þar um.

Lögtaksheimild. Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má innheimta með fjárnámi á kostnað gjaldanda.

Staðfesting. Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar eldri gjaldskrár sama efnis nr. 238/1995 og nr. 250/1995 fyrir veitusvæði Selfossveitna bs., með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 13. október 1997.

F. h. r.
Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 584

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 1996.

Sameinaður rekstrarreikningur.

	kr.
Fjármunatekjur:	
Vaxtatekjur og verðbætur	8.950.131
Fjármunatekjur alls:	8.950.131
Fjármagnsgjöld:	
Vaxtagjöld	219.903
Reikn. gjöld v/verðlagsbreytinga	2.977.285
Fjármagnsgjöld alls:	3.197.188
Hreinar fjármunatekjur:	5.752.943
Aðrar tekjur:	
Framlag sveitarfélaga	23.210.746
Framlag ríkissjóðs	30.000.000
Gjald af söluv. landbúnaðarins	38.912.925
Aðrar tekjur alls:	92.123.671
Tekjur alls:	97.876.614

Styrkveitingar:	
Styrkir	101.443.794
Styrkveitingar alls:	101.443.794
Hreinar tekjur (gjöld) fyrir rekstrargjöld	(3.567.180)
Rekstrargjöld:	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	13.187.081
Rekstrarkostnaður húsnæðis	1.498.870
Sérkostnaður	2.779.513
Innheimtulaun búvörugjalds	778.258
Afskriftir	408.206
Rekstrargjöld alls:	18.651.928
Tap ársins:	(22.219.108)

Sameinaður efnahagsreikningur þann 31. desember.

Eignir.

Veltufjármunir:	kr.
Bankainnstæður	140.842.477
Aðrar skammtímakröfur	153.462
Veltufjármunir alls:	140.995.939
Fastafjármunir:	
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Áhöld	283.617
Fasteignir	12.779.006
Fastafjármunir alls:	13.062.623
Eignir samtals:	154.058.562

Skuldir og eigið fé.

Skammtímaskuldir:	kr.
Ógreiddir styrkir	0
Viðskiptaskuldir	666.444
Séreignadeild	0
Aðrar skammtímaskuldir	3.074.817
Skammtímaskuldir alls:	3.741.261
Eftirlaunaskuldbinding	12.310.000
Skuldir alls:	16.051.261
Eigið fé:	
Endurmatsreikningur	156.555.482
Ójafnað tap	(18.548.181)
Eigið fé alls:	138.007.301
Skuldir og eigið fé samtals:	154.058.562

Áritun endurskoðanda.

Ég hef endurskoðað ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 1996. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því áliti sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber mér að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga af afkomu sjóðsins á árinu 1996, efnahag hans 31. desember 1996 og breytingu á handbæru fé á árinu 1996, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 17. apríl 1997.

Gísli Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings.

Reykjavík, 11. júní 1997.

Sesselja Árnadóttir. **Ríkharð Brynjólfsson.**
Guðbjartur Gunnarsson. **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.**
Hörður Harðarson.

Áritun framkvæmdastjóra.

Þórður Skúlason framkvæmdastjóri. **Birgir L. Blöndal** aðstoðarframkvæmdastjóri.

Nr. 585 16. október 1997

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um tæknifrjóvgun nr. 568/1997.

1. gr.

1. og 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. orðist svo:

Hámarksgeymslutími fósturvísa er fimm ár. Að fimm árum liðnum skal eyða ónotuðum fósturvísum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 13., sbr. 3. og 10. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjóvgun, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. október 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 1997

16. október 1997 1317 Nr. 586

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 485/1995 um tekjutryggingu.

1. gr.

6. gr. orðast svo:

Allar skattskyldar tekjur skal taka til viðmiðunar við ákvörðun tekjutryggingar, að frádregnum bótum almannatrygginga og félagslegri aðstoð sveitarfélaga.

Við ákvörðun tekjugrundvallar skulu fjármagnstekjur metnar að 50 hundraðshlutum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, öðlast gildi 1. nóvember 1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. október 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

13. október 1997 Nr. 587

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, sbr. reglugerð nr. 502/1984.

1. gr.

Í stað „12. janúar“ í 9. gr. komi: 14. janúar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 502/1984.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. október 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

B 92
Gutenberg

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á jólatrjám.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/stk
Tollnúmer:					
0604.9101	Jólatré, án róta	01.11.-31.12.97	ótilgr.	30	0
0604.9102	Jólatrésgreinar	01.11.-31.12.97	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.11.-31.12.97	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.11.-31.12.97	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1998.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 560/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 7 í 2. gr. reglugerðarinnar kemur:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Úr tollnúmeri:			kg	%	kr/kg
0703.9001	Blaðlaukur	27.10.-02.11.97	ótilgr.	15	114
0703.9001	Blaðlaukur	03.11.-15.03.98	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

23. október 1997 Nr. 590

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 341, 5. júní 1997, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

1. tl. 2. gr. reglugerðarinnar er úr gildi felldur.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 25. október 1997 til og með 28. febrúar 1998 er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 2. gr., að stunda veiðar með botn- og flotvörpu og línu á svæðinu norður af Horni.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 25. október 1997.

Sjávarútvegráðuneytinu, 23. október 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

Við grein 12.2.1. bætist ný mgr. sem orðist svo:

Heimilt er þó fötluðu fólki að hafa með sér hjálparhunda á gististaði, veitingastaði, í skóla, á rakarastofur, hárgreiðslustofur og snyrtistofur, heilbrigisstofnanir, íþrótta- og baðstaði, fangelsi, samkomuhús, kirkjugarða og í almenn samgöngutæki, enda sé hinum fatlaða ótvíræð nauðsyn að hjálparhundi. Hundurinn skal merktur sem hjálparhundur og hinn fatlaði skal hafa leyfi fyrir hundinum, sé þess krafist í samþykkt hlutaðeigandi sveitarfélags.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 13. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 592 2. október 1997

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

Samkvæmt ósk varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 5. september 1997 staðfest breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli frá 25. mars 1997 samkvæmt 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að á svæði austan flugskýlis Flugleiða er gert ráð fyrir tveimur byggingum fyrir flugfrakt í stað verkstæðis og þjónustubyggingar við flughlað. Enn fremur er gert ráð fyrir stækkun flughlaðs og landgangs til vesturs auk minni háttar breytinga á bílastæðum.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins ber ábyrgð á því tjóni er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Utanríkisráðuneytinu, 2. október 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 87 – 1997

21. október 1997 1321 Nr. 593

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu í einkarétti.

(Virðisaukaskattur, 24,5%, er innifalinn).
Gildir frá 1. nóvember 1997.

I. KAFLI
Talsími.
1. Stofngjald.

1.1. Fyrir hvert númer í símstöð og línu ..... kr. 10 645,00
Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð og greiðist við pöntun. Aukagjald greiðist, þegar sími er tengdur í hús, sem er meira en 50 metra frá aðaljarðsímum.
Utan þeirra marka greiðist aukagjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Aukagjald er ákveðið af Pósti og síma hf. hverju sinni.
Ekki greiðist aukagjald vegna eins síma á hverja ábýlisjörð sem er í ábúð allt árið.
Póstur og sími hf. setur reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Fast afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Verði almenn breyting á afnotagjaldi frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.
Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í símstöð og línu er kr. 1 600,00 fyrir heimili og kr. 3 200,00 fyrir verslunar- eða atvinnusíma.
Þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar er greitt fyrir viðhald sérlagnarinnar skv. reikningi. Þetta gildir ekki þegar um er að ræða ábýlisjörð sem er í ábúð allt árið.
Í ársfjórðungsgjaldinu er innifalin notkun, með sjálfvirku vali, fyrir kr. 664,00 (200 skref). Fyrir umframnotkun greiðist samkvæmt II. kafla eða sérstökum ákvæðum um aðrar þjónustugreinar. Þegar fleiri en ein lína eru tengdar sama uppkallsnúmeri (PBX-tenging) miðast innifalin notkun við þann línufjölda sem greitt er fyrir.

3. Einkasímstöðvar og sérbúnaður.

Eigendur einkasímstöðva geta fengið úthlutað númerum úr almenna talsímanetinu fyrir notendur einkasímstöðvanna og fá jafnframt möguleika á beinu innvali inn í þær.
Einkasímstöð getur verið tengd við almenna símakerfið annað hvort með einum eða fleiri 2 Mb/s straumum eða venjulegum tallínum.

3.1. Innval.

3.1.1. Stofngjald fyrir innvalið er kr. 163 499,00 fyrir hverja einkasímstöð, sem tengist við almenna talsímanetið.

Ef margar einkasímstöðvar eru samtengdar í einkaneti greiðist stofngjaldið fyrir hverja stöð, sem tengist beint við almenna kerfið.

3.1.2. Ársfjórðungsgjald fyrir innvalið er kr. 82,00 fyrir hvert númer í frátekinni númeraröð, sem verður að vera heilt margfeldi af 100.

3.1.3. Ef einkasímstöð tengist við almenna símakerfið með venjulegum tallínum er greitt fyrir þær línur stofngjald og afnotagjald eins og fyrir atvinnusíma samkvæmt 1. og 2. grein, en fjöldi lína skal vera heilt margfeldi af 10. Ef einkasímstöð tengist hins vegar við almenna símakerfið með 2 Mb/s sambandi greiðist fyrir hvert samband stofngjald og afnotagjald eins og fyrir 20 tallínur, þ.e. stofngjald kr. 212 840,00 og ársfjórðungsgjald kr. 64 000,00. Þeir notendur, sem ekki vilja nýta allar 30 rásirnar í 2 Mb/s sambandinu geta fengið færri rásir virkar þó að lágmarki 12 rásir. Fyrir hverja rás greiðast þá venjuleg afnotagjöld fyrir atvinnusíma en stofngjaldið verður kr. 212 840,00. Línurnar má nota hvort sem er fyrir innval eða útval.
Í afnotagjaldinu er innifalin sjálfvirk notkun samkvæmt (I.2.) og er hún reiknuð í hlutfalli við þann fjölda afnotagjalda sem greitt er fyrir, þ.e. þegar greitt er fyrir 2 Mb/s samband er innifalin notkun miðað við 20 línur.

3.2. PBX-tenging.
Þegar fleiri en ein lína eru tengdar sama uppkallsnúmeri (PBX-tenging) skal greiða stofngjald fyrir slíka tengingu kr. 6 225,00 og að auki kr. 747,00 fyrir hverja línu í hópnum. Ef síðar er bætt við línum í hópinn greiðast kr. 747,00 fyrir hverja línu sem bætist við.
Gjald fyrir PBX-tengingu greiðist ekki af línum í beinu innvali. Ekkert afnotagjald er greitt fyrir þessa þjónustu.

3.3. Talningar til notenda.
Fyrir búnað í símstöð til að senda talningar til notenda greiðist kr. 629,00 á ársfjórðungi.

4. Línur tengdar einkasímstöðvum.

		Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.	Línur frá einkasímstöð.		
4.1.1.	Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið, afnotagjald sjá VII. kafla	8 927,00	
4.1.2.	Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið.....	8 927,00	8 491,00
4.1.3.	Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	8 927,00	12 139,00
4.2.	Þverlínusambönd.		
4.2.1.	Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvarsvæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi	8 927,00	7 370,00
4.2.2.	Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	8 927,00	9 219,00
4.2.3.	Þverlínusamband milli einkasímstöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi.....	8 927,00	11 056,00
4.2.4.	Fyrir 2 Mb/s þverlínusamband milli einkasímstöðva greiðist 18 falt gjald sbr. 4.2.1.-4.2.3. Gildir aðeins þegar 2 Mb/s straumur tengist einkasímstöð beint.		

5. Flutningsgjald.

Flutningsgjald fyrir hvert númer ..... kr. 5 322,00
Flutningsgjald greiðist að fullu, þó símí sé fyrir í húsi sem flutt er í.
Flutningsgjöld fyrir annan búnað eru samkvæmt kostnaði. Sé símí fluttur innan eins árs má lækka flutningsgjaldið í allt að kr. 3 393,00.

6. Viðtökugjald, gjald fyrir númeraskipti og geymslugjald.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símaréttindum eldri rétthafa, sem afsalar sér réttindum til hans eða hættir að vera rétthafi, án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 5 976,00. Viðtökugjald lækkar í kr. 1 064,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.
Þegar nýr lögaðili tekur við fleiri en einu númeri er gjaldið kr. 5 976,00 fyrir fyrsta númer en kr. 249,00 fyrir hvert númer umfram eitt. 2 Mbit/s tenging skoðast í þessu tilfelli sem 30 númer.
Ekki greiðist viðtökugjald þegar ábúendaskipti verða á ábýlisjörðum sem eru í ábúð allt árið.
Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 2 129,00.
Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 5. hér að framan.
Aldrei er heimil viðtaka nema nýi rétthafinn sæki um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinna símaréttinda.
Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum.
Hægt er að fá símanúmer geymt í allt að tvö ár gegn greiðslu eins ársfjórðungsgjalds viðkomandi númers sem greiðist í upphafi geymslutímans.
Félagið getur ákveðið við slit símaréttinda að viðkomandi símanúmer séu ekki til ráðstöfunar nema viðtaka símaréttindanna fari fram. Í því tilviki tekur nýi rétthafinn á sig óþægindi, sem kunna að vera því samfara að eldri rétthafinn er skráður í símaskrá.

7. 800 - númer.

Rétthafi 800 númers greiðir fyrir öll innkomandi símtöl kr. 3,32 við svar og kr. 3,98 á mínútu frá kl 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags en kr. 1,99 á mínútu á öðrum tímum. Ef 800 númeri er vísað til útlanda greiðir rétthafi samkvæmt gjaldskrá viðkomandi lands fyrir umferð til Íslands.
Notandi sem hringir úr almenna talsímakerfinu í 800 númer greiðir ekkert.

		Kr.
7.1.	Stofngjald fyrir þjónustuna	34 505,00
7.2.	Afnotagjald fyrir þjónustuna á ársfjórðungi	13 801,00

Innhringingum í 800 númerið, verður vísað yfir á önnur númer eitt eða fleiri, sem rétthafinn greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá.

8. Alnúmer.

Alnúmer er þjónusta sem gerir fyrirtækjum kleift að auglýsa aðeins eitt símanúmer fyrir marga afgreiðslustaði um allt land. Kerfið finnur út hvar sá sem hringir í alnúmerið er staðsettur og vísar honum á þá afgreiðslu viðkomandi fyrirtækis sem næst honum er.

		Kr.
8.1.1.	Stofngjald fyrir þjónustuna	150 000,00
8.1.2.	Stofngjald fyrir hvert númer sem er tengt	12 000,00
8.2.1.	Afnotagjald á ársfjóðungi fyrir þjónustuna	50 000,00
8.2.2.	Afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hvert númer sem er tengt	4 000,00

Sá sem hringir í alnúmer greiðir eins og um venjulegt símtal sé að ræða en rétthafi alnúmers greiðir kr. 1,10 á mínútu.

9. Aðgangsstýrð númer.

Um er að ræða númer þar sem hægt er að takmarka aðgang innhringjenda með því að skilgreina ákveðin símanúmer sem hleypt er í gegn.

		Kr.
9.1.	Stofngjald fyrir þjónustuna	14 000,00
9.2.	Afnotagjald á ársfjóðungi fyrir þjónustuna	15 000,00
9.3.	Breytingargjald, fyrir hvert skipti	990,00

10. Sérþjónusta í talsímakerfinu.

Í boði eru ýmsir möguleikar fyrir notendur í talsímakerfinu og eru þeir án stofngjalds.

10.1. Allir notendur hafa aðgang að eftirtöldum þjónustum og eru þær án afnotagjalds.

10.1.1. Vakning. Sjálfvirk upphringing frá símstöð á tilteknum tíma sem notandinn sjálfur ákveður. Notkunargjald er kr. 16,60 í hvert sinn.

10.1.2. Endurval. Síðast valda númerið er endurvalið.

10.1.3. Símtalspöntun. Hægt er að leggja inn pöntun ef hringt er í númer sem er á tali og verður þá sambandið sett upp þegar síminn sem hringt var í losnar.
Notkunargjald er kr. 9,96 í hvert sinn sem þjónustan er notuð.

10.2. Um eftirtaldar þjónustur þarf að sækja sérstaklega og eru þær án afnotagjalds.

10.2.1. Símtalsflutningur (hringiflutningur).
a) Öll símtöl flutt.
b) Þegar númerið er upptekið.
c) Þegar ekki er svarað.
Sá sem flytur símtalið greiðir fyrir það notkunargjöld samkvæmt gjaldskrá við það númer sem flutt er í.

10.2.2. Símtal bíður. Tónn gefur til kynna að verið sé að reyna að ná í viðkomandi númer. Hægt er að geyma fyrra símtal meðan öðru símtali er svarað.

10.2.3. Símtalavíxl. Hægt er að hringja í tvö símanúmer og skipta milli þeirra. Notkunargjöld reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.

10.2.4. Þriggja manna tal. Þrír geta talast við í einu. Notkunargjöld reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.

10.3. Um eftirtaldar þjónustur þarf að sækja sérstaklega og greiða afnotagjald.

10.3.1. Skammval. Afnotagjald fyrir hver 10 númer er kr. 190,00 á ársfjórðungi.

10.3.2. Sjálfvirk hringing í fyrirfram ákveðið númer þegar lyft er af. Afnotagjald er kr. 190,00 á ársfjórðungi.
a) Hringing samstundis.
b) Hringing eftir 6 sekúndur.

10.3.3. Læsing. Hægt er að velja milli margra mismunandi möguleika. Afnotagjald er kr. 190,00 á ársfjórðungi nema fyrir læsingu í símatorg sem er gjaldfrjáls. Hægt er að vali notanda að læsa í stöð eða með lykilorði.

10.3.4. Númerabirting. Fyrir að sjá númer þess sem hringir er greitt ársfjórðungsgjald kr. 190,00. Númerið sést ekki ef hringt er frá útlöndum.

10.3.5. Númeraleynd. Fyrir að hindra að símanúmerið sjáist ef hringt er úr símanum er greitt ársfjórðungsgjald kr. 190,00.

11. Fundarsími.

Símnotendur hafa aðgang að fundarsímaþjónustu, án þess að gera til þess sérstakar ráðstafanir og greiða því hvorki stofngjald né fast afnotagjald. Á sama símafundi geta verið allt að 7 þátttakendur og koma þeir sér saman um sérstakt aðgangsorð fyrir fundinn.

11.1. Hver fundarmaður greiðir fyrir aðgang að fundinum kr. 3,32 við svar og síðan kr. 9,96 fyrir hverja mínútu sem fundurinn stendur.

12. Símatorg.

Símsvarabúnaður og annar búnaður tengdur upplýsingaveitunni er í eigu rekstraraðilans (SP).

12.1. Greitt er fyrir tengingu við almenna símakerfið á sama hátt og fyrir tengingu einkasímstöðvar þ.e. stofngjald kr. 10 645,00 og fast afnotagjald á ársfjórðungi kr. 3 200,00. Greitt er fyrir hverja línu.

12.2. Fyrir hvert uppkallsnúmer er greitt stofngjald kr. 10 645,00 og fast afnotagjald á ársfjórðungi kr. 6 400,00.

12.3. Notkunargjald er samkvæmt fimm mismunandi flokkum.

Flokkur	Mínútu-gjald kr.	Hlutur P&S kr.	Hlutur SP kr.	Hlutur SP í %
I	12,45	6,22	6,23	50,0
II	16,60	8,30	8,30	50,0
III	24,90	11,20	13,70	55,0
IV	39,84	15,30	24,54	61,6
V	66,38	21,17	45,21	68,1

Auk þessa er tekið kr. 3,32 við svar sem alltaf kemur í hlut Pósts og síma hf.

13. Símakosning.

Þessi þjónusta gerir símnotendum mögulegt að kjósa símleiðis milli ákveðinna valkosta.

Notkunargjald er kr. 26,56 hver innhringing.

14. Sundurliðun símtala í talsímakerfinu.

Rétthafa í talsímakerfinu er gefinn kostur á að fá símtöl sundurliðuð á eftirfarandi hátt:

a) Öll símtöl

b) Öll símtöl önnur en staðarsímtöl

c) Utanlandssímtöl

Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt að undanskildum tveimur síðustu stöfum, hvenær var hringt, hve lengi símtalið stóð og verð þess. Ekki er greitt stofngjald fyrir þessa þjónustu.

14.1. Ársfjórðungsgjald ..... kr. 187,00

14.2. Gjald pr. símtal ..... kr. 1,25

15. Skammtímatenging.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um skammtímatengingu er að ræða, má þó leigja afnot af númeri og línu fyrir annað gjald en venjulegt stofngjald og fast afnotagjald. Gjaldið skal vera sem hér segir:

	Kr.
Skammtímatenging í allt að 3 mánuði:	
Heimilissímar	5 148,00
Atvinnusímar	6 748,00
Skammtímatenging í allt að 6 mánuði:	
Heimilissímar	10 297,00
Atvinnusímar	13 497,00

Uppsetningarkostnaður er ekki innifalinn.

Fyrir allt umfram 6 mánuði skal greiða fullt stofngjald auk afnotagjalda. Greitt er fyrir alla notkun, þ.e. engin notkun innifalin í afnotagjaldi, og skal tengigjald greitt við úthlutun.

Ef viðkomandi gerist fastur notandi þá skal hann greiða 2/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 3 mánuði en 1/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 6 mánuði.

Ef skammtímatengingu er breytt í varanlega tengingu síma þá reiknast afnotagjald frá tengingardegi skammtímasambandsins en menn eiga hinsvegar aðeins rétt á innifalinni notkun frá þeim degi sem breytt er í varanlegt samband.

II. KAFLI
Símtalagjald.

1. Sjálfvirk símtöl innanlands.

Fyrir símtöl sem valin eru sjálfvirkt er greitt samkvæmt tímamælingu. Við svar greiðast venjulega kr. 3,32 en áframhaldandi gjaldtaka fer eftir gjaldflokki og tíma sólarhrings þegar hringt er.

Ef gjaldtakan er í skrefum er verð á hverju skrefi kr. 3,32. Fyrsta talning kemur við svar en næsta talning kemur einhvern tíma á tímabili þar á eftir hvers lengd ákvarðast af gjaldflokki og tíma sólarhrings þegar hringt er. Eftir það ákvarðar gjaldflokkurinn nákvæmlega tímann milli talninga.

1.1. Símtöl í sjálfvirka talsímakerfinu.

Byrjunargjald	kr. 3,32 á símtal.
Dagtaxti	kr. 1,99 á mínútu (100 sek. í skrefi).
Kvöld-, nætur- og helgartaxti	kr. 1,00 á mínútu (200 sek. í skrefi).

Dagtaxti gildir frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags.

Kvöld-, nætur- og helgartaxti gildir frá kl. 19:00 til 08:00 virka daga og frá kl. 19:00 á föstudegi til kl. 08:00 næsta mánudag. Þessi taxti gildir einnig á hátíðisdögum sem ber upp á mánudag til föstudags.

1.2. Símtöl í NMT-farsímakerfið.

Byrjunargjald	kr. 3,32 á símtal.
Tímagjald	kr. 16,60 á mínútu (12 sek. í skrefi).

1.3. Símtöl í GSM-farsímakerfið.

Byrjunargjald	kr. 3,32 á símtal.
Dagtaxti	kr. 24,90 á mínútu (8 sek. í skrefi).
Kvöld-, nætur- og helgartaxti	kr. 16,60 á mínútu (12 sek. í skrefi).

Dagtaxti gildir frá 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags.

Kvöld-, nætur- og helgartaxti gildir frá kl. 19:00 til 08:00 virka daga og frá kl. 19:00 á föstudegi til kl. 08:00 næsta mánudag.

1.4. Uppköll í boðtæki.
1.4.1. Almenn boðtæki ..... kr. 9,96 hvert boðkall (3 skref).
1.4.2. Einkaboðtæki ..... kr. 39,84 hvert boðkall (12 skref).
1.4.3. Stafaboðtæki.
Byrjunargjald ..... kr. 3,32 hvert uppkall.
Tímagjald ..... kr. 66,40 á mínútu (3 sek. í skrefi).
1.5. Þjónustunúmer Pósts og síma.
1.5.1. Upplýsingaþjónustan í 114.
Byrjunargjald ..... kr. 3,32 á símtal.
Tímagjald ..... kr. 24,90 á mínútu (8 sek. í skrefi).
1.5.2. Upplýsingaþjónustan í 118.
Byrjunargjald ..... kr. 3,32 á símtal.
Tímagjald ..... kr. 39,84 á mínútu (5 sek. í skrefi).
1.5.3. Klukkan 155.
Fyrir hvert uppkall ..... kr. 9,96 (3 skref).
1.5.4. Fyrir hringingar í önnur þriggja stafa þjónustunúmer er greitt samkvæmt staðartaxta en þá er greitt fyrir þjónustuna með öðrum hætti. Hér er t.d. um að ræða talsamband innanlands og við útlönd, skeytaþjónustu, bilanir og aðgang að gagnanetinu.

2. Sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu.

Staðgreidd sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu, viðskiptavinur velur og er þá 30% álag á venjulegt notkunargjald fyrir sjálfvirka þjónustu. Afgreiðslugjald er kr. 34,00.

3. Símtöl afgreidd um handvirkar afgreiðslur.

		Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
3.1.	Innan sama gjaldsvæðis	26,00	9,00
	Milli gjaldsvæða	45,00	15,00
	Við farsíma	75,00	25,00

3.2. Kvaðning kr. 34,00. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.
3.3. Afgreiðslugjald: kr. 73,00 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala. Kvaðning er ekki innifalin.
3.4. Boðun í síma: kr. 103,00 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 52,00 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Símaboðunargjald greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.
3.5. Handvirk vakning kr. 71,00. Föst vakning pr. mánuð kr. 1 195,00.

4. Símtöl um strandarstöðvar.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar.
4.1. Radíósímtöl við skip og bíla. Minnsta gjald er fyrir 3 mínútur og umframgjald fyrir hverja byrjaða mínútu þar fram yfir.

Tíðnisvið	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
Metrabylgja (VHF)	112,00	37,00
Millibylgja (MF)	138,00	46,00
Stuttbylgja (HF)	90,00	64,00

4.2. Afgreiðsla við farsíma í skipi eða bíl. Minnsta gjald er fyrir 3 mínútur og umframgjald fyrir hverja byrjaða mínútu þar fram yfir.

Tíðnisvið	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
Metrabylgja (VHF)	128,00	43,00
Millibylgja (MF)	154,00	51,00
Stuttbylgja (HF)	207,00	69,00

4.3. Fyrir aukaþjónustu að ósk símtalsbeiðanda greiðist samkvæmt 3. grein.

4.4. Fyrir radíósímtöl við skip til og frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
b. Afgreiðslugjald samkvæmt 4.1. og 4.2. í þessari grein.
c. Fyrir aukaþjónustu að ósk símtalsbeiðanda greiðist samkvæmt 3. grein.

5. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póstur og sími hf. þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

III. KAFLI
Samnet (ISDN).

Notendur geta valið um tvenns konar aðgang að samnetinu:
Með grunnaðgangi (2B+D) fá notendur tvær 64 kbit/s rásir og eina gagnarás 16 kbit/s, en með stofnaðgangi (30B+D) fá þeir þrjátíu 64 kbit/s rásir og að auki eina gagnarás 64 kbit/s.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir hverja grunntengingu, innifalinn endabúnaður ..... kr. 17 900,00
Ef notandi breytir áskrift að almenna talsímanetinu í áskrift að samnetinu skv. 1.1. skal draga frá stofngjald fyrir almennan síma eins og það er hverju sinni. Á móti hverri grunntengingu er heimilt að leggja mest tvö almenn símanúmer. Verði grunntengingu breytt í almennt símanúmer skal greiða kr. 6 000,00 fyrir hvert númer þó þannig að fyrir hverja grunntengingu geta komið mest tvö almenn símanúmer.

1.2. Fyrir hverja stofntengingu ..... kr. 266 119,00
Þeir notendur sem áður hafa fengið beint innval, sem 2 Mbit/s tengingu greiða hálft stofngjald fyrir hverja tengingu sem breytt er í stofntengingu við samnetið. Þeir notendur sem breyta grunntengingum og/eða bæjarlínum í stofntengingu geta fengið stofngjöld grunntenginganna/bæjarlínanna, eins og þau eru á þeim tíma sem breytingin á sér stað, dregin frá stofngjaldi stofntengingarinnar. Frádráttur getur þó aldrei orðið meiri en nemur $^3/_4$ hlutum stofngjalds stofntengingarinnar.

Ef beðið er um samnetsþjónustu utan samfelldrar þéttrar byggðar þar sem jarðsímakerfi er ekki fyrir hendi gilda sömu reglur um aukastofngjald og tilgreindar eru í I. kafla 1.1.

2. Afnotagjald.

2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hverja grunntengingu fyrir heimili ..... kr. 2 880,00
Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hverja grunntengingu fyrir fyrirtæki ..... kr. 5 760,00

2.2. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hverja stofntengingu ..... kr. 69 098,00

Þeir notendur sem ekki vilja nýta allar 30 rásirnar í stofntengingunni geta fengið færri virkar rásir, þó að lágmarki 12. Fyrir hverjar tvær rásir greiðist þá sama fasta afnotagjaldið og fyrir grunntengingu.

2.3. Notkunargjöld fyrir hverja B-rás eru þau sömu og fyrir samsvarandi notkun í almenna símakerfinu. Fast gjald fyrir hvert símtal er kr. 3,32 eins og í talsímanetinu og síðan kemur tímamæling sem miðast við viðkomandi gjaldflokk samkvæmt II. kafla.
Engin notkun er innifalin í föstu afnotagjaldi fyrir samnetið.
Ef rásin tengist við aðrar þjónustur eða net greiðast gjöld samkvæmt gjaldskrá fyrir þá þjónustu.
Notkunargjöld fyrir gagnaflutning á D-rás verða birt síðar en ekki er boðið upp á þá þjónustu í upphafi.

3. Flutningsgjald, viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

3.1. Flutningsgjald fyrir aðgang að samnetinu er jafnt hálfu stofngjaldi fyrir samsvarandi tengingu.

3.2. Viðtökugjald án númeraskipta er kr. 5 976,00 fyrir fyrsta númer en kr. 249,00 fyrir hvert númer umfram eitt. Aldrei er heimil viðtaka nema nýi rétthafinn sæki um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinna símaréttinda. Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum.
Stofntenging skoðast í þessu tilfelli sem 30 númer.

3.3. Óski rétthafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir númeraskipti kr. 2 129,00.

4. Sérþjónusta á samnetinu.

Eftirtaldar tegundir sérþjónustu, sem boðnar eru notendum í almenna talsímanetinu, standa samnetsnotendum til boða á sömu kjörum og þar:
Símtal bíður, viðmælandi „geymdur", símtalavíxl, símtalsflutningur (öll símtöl), vakning, endurval, skammval, bein lína, læsing og sundurliðun símtala.
Auk þess hafa notendur samnetsins möguleika á eftirtöldum tegundum sérþjónustu til viðbótar.

4.1. Allir samnetsnotendur hafa aðgang að eftirfarandi möguleikum án gjalds:

4.1.1. Númerabirting (CLIP).

4.1.2. Flutningur tækja innanhúss eða skipt milli tækja innanhúss.

4.2. Eftirtaldar þjónustur þarf að sækja um og greiða fyrir:

4.2.1. Númeraleynd (CLIR). Ekkert stofngjald, en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.

4.2.2. Undirnúmer. Ekkert stofngjald, en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.

4.2.3. Aukanúmer. Ekkert stofngjald en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00 fyrir hvert aukanúmer. Ef notandi vill sundurliðun notkunar á aukanúmer greiðist fyrir það eins og fyrir sundurliðun á aðalnúmeri.

4.2.4. Beint innval á grunntengingu. Stofngjald kr. 29 900,00 fyrir hverja 10 númera röð og ársfjórðungsgjald kr. 190,00 fyrir hvert númer.

4.2.5. Beint innval á stofntengingu. Stofngjald kr. 163 499,00. Þeir notendur sem hafa greitt stofngjald fyrir innval í almenna talsímanetinu greiða þó ekki nýtt stofngjald. Ársfjórðungsgjald fyrir beint innval er kr. 82,00 fyrir hvert númer í frátekinni númeraröð.

4.2.6. Afmarkaður notendahópur.
Stofngjald fyrir hvern hóp kr. 7 470,00.

Ársfjórðungsgjald fyrir hvern hóp kr. 9 000,00.
Breytingargjald er kr. 990,00 sem greiðist í hvert sinn sem breyting á skráningu á sér stað.

4.2.7. Merkjasending milli notenda.
Ekkert stofngjald er tekið en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.

5. Skammtímatenging.

Tenging í allt að 3 mánuði:	Kr.
Grunntenging fyrir einstaklinga	8 847,00
Grunntenging fyrir fyrirtæki	11 727,00
Stofntenging	157 800,00
Stofntenging með beinu innvali	189 446,00
Tenging í allt að 6 mánuði:	
Grunntenging fyrir einstaklinga	17 693,00
Grunntenging fyrir fyrirtæki	23 453,00
Stofntenging	315 610,00
Stofntenging með beinu innvali	378 893,00

Uppsetningarkostnaður er ekki innifalinn.
Fyrir allt umfram 6 mánuði skal greiða fullt stofngjald. Tengingargjald skal greitt við úthlutun. Engin notkun er innifalin.
Ef skammtímanotandi gerist fastur notandi þá skal hann greiða 2/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 3 mánuði en 1/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 6 mánuði. Þetta gildir þó aðeins á þeim stöðum sem samnetsmöguleiki er fyrir hendi. Annars greiðist fullt stofngjald.

IV. KAFLI
Talhólf, svarhólf, faxhólf.

Talhólf er geymsla fyrir töluð skilaboð, svarhólf geymir símsvarakveðju og faxhólf er geymsla fyrir faxsendingar. Hólfinu fylgir sérstakt símanúmer, með því að hringja beint í hólfið er hægt að hlusta á skilaboð, leggja inn skilaboð eða fax og einnig er hægt að vísa farsíma og síma í stafræna símakerfinu yfir í hólfið og koma þannig sendingu í hólfið. Kerfið getur hringt í fyrirfram ákveðið símanúmer eða boðtækisnúmer og látið vita af innkomnum skilaboðum eða faxi.

1. Stofngjald.

1.1. Stofngjald fyrir talhólf/svarhólf er kr. 623,00.
1.2. Stofngjald fyrir faxhólf er kr. 1 494,00.
1.3. Ef talhólfsnotandi gerist notandi að faxhólfi greiðist mismunur á stofngjaldi.

2. Afnotagjald.

2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir talhólf/svarhólf er kr. 374,00.
2.2. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir faxhólf er kr. 996,00.
2.3. Fyrir hringingu í talhólf/svarhólf úr almenna símakerfinu greiðir sá sem hringir samkvæmt taxta fyrir almenna símakerfið. Ef hringt er í talhólf/svarhólf úr farsíma greiðist notkunargjald frá viðkomandi farsíma. Sama gjald greiðist hvort sem verið er að lesa inn skilaboð eða hlusta á þau. Þegar kerfið hringir í fyrirfram ákveðið símanúmer til að láta vita af skilaboðum greiðir rétthafi talhólfsins samkvæmt taxta fyrir almenna símakerfið ef hringt er í númer í almenna símakerfinu, GSM-notkunargjald ef hringt er í GSM-farsímakerfið og NMT-notkunargjald ef hringt er í NMT-farsímakerfið.

Ef notandi í almenna símakerfinu vísar innkomnu símtali yfir í talhólf/svarhólf greiðir rétthafi símans ekkert. Notandi farsíma í GSM-farsímakerfinu eða NMT-farsímakerfinu greiðir ekkert gjald fyrir skilaboð sem vísað er í talhólf/svarhólf.

2.4. Fyrir hringingu í faxhólf úr almenna símakerfinu greiðir sá sem hringir kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu. Ef hringt er í faxhólf úr farsíma greiðist notkunargjald frá viðkomandi farsíma. Sama gjald greiðist hvort sem verið er að faxa inn skilaboð eða ná í þau.
Þegar kerfið hringir í fyrirfram ákveðið símanúmer til að láta vita af skilaboðum greiðir rétthafi faxhólfsins samsvarandi gjald 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu ef hringt er í númer í almenna kerfinu, GSM-notkunargjald ef hringt er í GSM-farsímakerfið og NMT-notkunargjald ef hringt er í NMT-farsímakerfið.
Ef notandi í almenna símakerfinu vísar faxsendingu yfir í hólf greiðir rétthafi símans kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu fyrir öll skilaboð.

V. KAFLI
Telexþjónusta.
1. Stofngjald.

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en tengt er, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma.

		Kr.
1.1.	Númer í telexstöð	19 036,00
1.2.	Bæjarlína	4 756,00
1.3.	Viðtökugjald fyrir telexnúmer	4 600,00
1.4.	Flutningsgjald fyrir telexnúmer	9 518,00
1.5.	Breyting á telexheiti	2 446,00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

		Kr.
2.1.	Númer í telexstöð	2 646,00
2.2.	Bæjarlína	797,00

3. Gjald fyrir telexritanir.

3.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 3,22 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 8,07 á mínútu.

3.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póstur og sími hf. þau eins og þau eru á hverjum tíma.

VI. KAFLI
Símskeyta- og símatelexgjöld.
1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

1.1. Venjulegt símskeyti: Grunngjald kr. 82,00 og kr. 4,48 fyrir hvert orð: Lágmarksorðafjöldi 7 orð.

1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald auk hraðboðagjalds kr. 311,00 og gjald fyrir afhendingarkvittun kr. 30,00.

1.3. Veðurskeyti: Kr. 36,00 fyrir hvert skeyti.

1.4. Heillaskeyti: Venjulegt skeytagjald auk kr. 96,00 fyrir heillaskeytiseyðublaðið og hálft hraðboðagjald kr. 156,00.

1.5. Samúðarskeyti: Grunngjald kr. 82,00 og hálft hraðboðagjald kr. 156,00. Sendanda er í sjálfsvald sett hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert í Landspítalasjóð.

1.6. Afhending símskeyta.
1.6.1. Venjulegt símskeyti. Hringt er í viðtakanda og texti skeytisins lesinn. Skeytið er síðan póstlagt. Viðtakandi getur sótt skeytið til ákvörðunarsímstöðvar ef hann óskar þess.
1.6.2. Hraðskeyti: Texti skeytis sendur símleiðis til viðtakanda samstundis eða samkvæmt forgangsrétti. Leitast skal við að hafa upp á viðtakanda sem fyrst til afhendingar skeytisins.
1.6.3. Heillaskeyti: Heillaskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
1.6.4. Samúðarskeyti. Samúðarskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
1.7. Hraðafhending símskeyta. Óski sendandi eða viðtakandi venjulegs skeytis afhendingar samdægurs, mun það verða sent gegn hraðboðagjaldi, kr. 311,00. Óski sendandi, að skeyti sé afhent gegn kvittun, er gjald fyrir það kr. 30,00 að auki.
1.8. Fyrirfram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjöld fyrir símskeyti til útlanda eru ákveðin af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póstur og sími hf. þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

3.1. Almenn loftskeyti.
3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknuð:
a. Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 82,00.
b. Línugjald kr. 4,48 á hvert orð.
c. Strandargjald kr. 5,04 hvert orð.
d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
e. Gjald fyrir aukaþjónustu að beiðni sendanda.
Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
3.2. Sérstök loftskeyti.
3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Pósts og síma hf. er kr. 36,00 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 25,21.
3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

4. Símatelex.

4.1. Gjald fyrir sendingu.
4.1.1. Grunngjald fyrir hvert sent telex kr. 187,00.
4.1.2. Afgreiðslugjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex frá kl. 8:00 til 21:00 er kr. 93,38.
4.1.3. Mínútugjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.
4.2. Gjald fyrir móttöku.
4.2.1. Símnefni á ári kr. 822,00.
4.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir áskrift að símatelex kr. 791,00.
4.2.3. Afgreiðslugjald pr. telex (úthringing skv. reglum og póstsending) kr. 187,00.

5. Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 822,00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 187,00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og er hann gagnkvæmur.

VII. KAFLI
Sambönd.

Póstur og sími hf. starfrækir almenna fjarskiptaþjónustu um land allt. Félagið leigir út línur til þess að auðvelda notendum aðgang að hinu almenna fjarskiptaneti, en að auki línur til að mæta sérþörfum: Gerður er greinarmunur á langlínum og notendalínum. Langlínur teljast þær línur, sem tengja saman símstöðvar eða notendur, sem venjulega mundu tengjast mismunandi símstöðvum. Notendalínur tengja notendur við næstu símstöð eða við langlínu. Á gjaldsvæði Reykjavíkur og nágrennis eru línur milli stöðva, sem leigðar eru út, gjaldfærðar sem notendalínur. Ef völ er á bæði langlínu og notendalínu fyrir tiltekið leigusamband ákveður Póstur og sími hf. hvora tegundina skuli nota. Hliðrænar leigulínur má ekki nota án sérstakrar heimildar fyrir hærri tíðni en 4 Khz. Undanþeginn þessu ákvæði er gagnaflutningur með grunnbandsmótöldum fyrir hraða allt að 19,2 Kb/s. en slík sambönd skulu takmarkast við svæði einnar sjálfvirkrar símstöðvar.

Gjaldafyrirkomulag fyrir leigulínur.

Gjaldið skiptist í stofngjald og afnotagjald. Það er reiknað milli endapunkta í samræmi við þá leið, sem línan fer um í fjarskiptakerfinu og er heildargjaldið summa langlínugjalds og notendagjalds eftir því sem við á. Skemmstur leigutími er almennt 6 mánuðir, en að öðru leyti gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir talið frá næstu mánaðamótum eftir uppsögn. Gjald fyrir línu, sem leigð er til skemmri tíma en 6 mánaða, er reiknað samkvæmt 3. grein.

Mismunandi gjald er tekið fyrir leigulínur eftir því hver flutningsgeta þeirra er. Línur fyrir tal greinast í línur milli einkabúnaðar sama notanda á mismunandi stöðum án tengingar við miðstöð og línur, sem tengja einkabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.

Línur milli einkasímstöðva, sem tengjast hinu almenna símakerfi, reiknast sem þverlínur. Fyrir stafrænar línur í notendakerfum er reiknað fast gjald auk km-gjalds.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir notendalínur greiðist stofngjald, sem er áttfalt ársfjórðungsgjald fyrir línuna samkvæmt þeirri gjaldskrá sem gildir þegar línan er tekin á leigu, að frádregnum þeim hluta gjaldsins, sem er óháður línulengd í liðum 2.1.3. til 2.1.7.

1.2. Fyrir langlínur ákveðst stofngjald af Pósti og síma hf. hverju sinni.

2. Afnotagjald.

2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir notendalínur er sem hér segir. Línulengdir reiknast í hálfs km þrepum, en lágmarksgjald línu eða línuhluta er 2 km, nema annað sé tekið fram.

		Gjald fyrir hvern km 2ja víra kr.	4ra víra kr.
2.1.1.	Tallína	928,00	1 482,00
2.1.2.	Lína fyrir hraða allt að 19,2 Kb/s.	1 164,00	1 868,00
2.1.3.	Lína fyrir hraða 48-64 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		11 000,00
	Gjald fyrir hvern km.		2 054,00
2.1.4.	Lína fyrir hraða 128 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		13 204,00
	Gjald fyrir hvern km.		2 474,00
2.1.5.	Lína fyrir hraða 256 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		16 500,00
	Gjald fyrir hvern km.		3 390,00
2.1.6.	Lína fyrir hraða 512 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		19 799,00
	Gjald fyrir hvern km		4 109,00
2.1.7.	Lína fyrir hraða 2 Mb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda		38 499,00
	Gjald fyrir hvern km.		8 217,00
	Gjald fyrir X.21 mótald (ef notað) pr. enda		8 915,00
2.1.8.	Fjarstýringarlína	928,00	1 482,00
2.1.9.	Ritsímalína í tónritsíma		479,00

2.1.10. Gjald fyrir fjarstýringu eða fjarvísun á línu, sem einnig er notuð fyrir tal, skal vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.1.8. Þegar um er að ræða kerfi með mörgum línum innan sama stöðvarsvæðis skal reikna gjaldið eftir meðallínulengd sem telst vera 2 km.

2.1.11. Ritsímalína, sem ekki er flutt á tónritsíma, reiknast sem tallína.

2.2. Langlínukerfi. Ársfjórðungsgjald fyrir langlínur er sem hér segir:

2.2.1. Tallína milli svæða. Fjarlægðin er reiknuð eins og leið liggur í símkerfinu milli símstöðva. Auk þess er tekið gjald fyrir línu milli notanda og viðkomandi símstöðvar.

	Kr.
Gjald fyrir hvern enda, eða úttak	28 100,00
Gjald fyrir hvern km	293,00

2.2.2. Fyrir línur á mismunandi bitahraða er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (bit/s)	Stuðull
A1	0-4800	1,10
A2	4801-9600	1,21
A3	9601-19200	1,43
A4	48000-64000	1,76
A5	128 kb/s	2,64
A6	256 kb/s	4,93
A7	512 kb/s	7,04
A8	1024 kb/s	8,80
A9	2048 kb/s	10,56

2.2.3. Fyrir ritsímalínur í tónritsímakerfum er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (Baud)	Stuðull
B1	50	0,22
B2	75	0,22
B3	100	0,24
B4	300	0,33

Ef óskað er eftir ritsímalínu á leið þar sem ekki er tónritsímakerfi, fær notandi tallínu til afnota og er þá reiknað með margfeldisstuðli jafnt og 1.

2.2.4. Gjald fyrir fjarstýringarlínur er hið sama og fyrir tallínur, ef heil lína er tekin undir fjarstýringuna. Ef fjarstýring getur, án þess að valda truflunum, farið fram á línu, sem notuð er fyrir tal skal gjaldið vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.2.1.

3. Leigur í stuttan tíma.

3.1. Eftirfarandi gjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ.e.a.s. í minna en 6 mánuði. Leigutími skal tilgreindur við pöntun. Stofngjald er ekki tekið fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.

3.1.1. Fyrir línur eða línuhluta í notendakerfi er tekið gjald, sem er eitt ársfjórðungsgjald skv. 2.1. Lágmarksgjaldið innifelur allt að 5 sólarhringa notkun. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar í allt að 10 sólarhringa greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring umfram 10 sólarhringa.

3.1.2. Fyrir línur eða línuhluta í langlínukerfum er tekið lágmarksgjald, sem er 1/6 af ársfjórðungsgjaldi skv. 2.2., og innifelur allt að 5 sólarhringa notkun. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar, allt að 10 sólarhringum, greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en umfram 10 sólarhringa greiðist 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring.

VIII. KAFLI
Sjónvarps- og hljóðvarpsflutningur.

Póstur og sími hf. annast flutning sjónvarps og hljóðvarps innanbæjar og milli staða. Flutningurinn fer fram á dagskrárlínum í fjarskiptakerfinu og er einátta, nema annað sé tekið fram. Þegar stutt er á milli endapunkta er mögulegt að flytja hljóðvarpsmerki á grunnlínu. Sama gjaldskrá gildir fyrir flutning hvort sem hann fer fram á notendalínum eða langlínu. Gjald fyrir flutning er mismunandi eftir gæðum þess merkis, sem skilað er og er miðað við alþjóðlega staðla.* Með flutningi sjónvarps fylgir ein mónó hljóðvarpsrás án gjalds. Sérstakt gjald gildir fyrir flutning fleiri hljóðvarpsrása á leiðum, þar sem sjónvarpsflutningur er fyrir hendi, en með því skilyrði að tæki fyrir hljóðmerkið rýmist í endabúnaði sjónvarps.

1. Stofngjald.

1.1. Stofngjald ákveðst af Pósti og síma hf. hverju sinni. Við ákvörðun stofngjalds skal taka tillit til þess hvort setja þurfi upp nýjar leiðir fyrir flutning merkjanna.

---

* Fyrst um sinn er einungis boðinn sjónvarpsflutningur sem samsvarar gæðum 4. þreps í 5 þrepa mælikvarða, þegar mælt er samkvæmt aðferðum staðalsins ITU-R BT.500.

2. Afnotagjald.

2.1. Fast afnotagjald í kr. á ársfjórðungi er sem hér segir. Línulengdir eru reiknaðar í heilum km en lágmarksgjald miðast við 2 km.

	Kr.
2.1.1. 2 víra dagskrárlína fyrir mónó hljóðvarp á stuttri grunnlínu á km ...	3 816,00
2.1.2. 4 víra dagskrárlína fyrir stereó hljóðvarp á stuttri grunnlínu á km ...	6 525,00
2.1.3. Stafræn dagskrárlína fyrir mónó hljóðvarp.	
Fast gjald fyrir hvern enda eða úttak óháð lengd	31 057,00
Að auki fyrir hvern km, allt að 6 km	1 276,00
Fyrir hvern km umfram 6 km	410,00
2.1.4. Stafræn dagskrárlína fyrir stereó hljóðvarp.	
Fast gjald fyrir hvern enda eða úttak óháð lengd	62 113,00
Að auki fyrir hvern km., allt að 6 km.	2 123,00
Fyrir hvern km. umfram 6 km.....	820,00
2.1.5. Stafræn dagskrárlína fyrir sjónvarp.	
Fast gjald fyrir hvern enda eða úttak óháð lengd	62 113,00
Að auki fyrir hvern km.	4 803,00
2.1.6. Auka mónó hljóðvarpsrás sem flutt er á stafrænni dagskrárlínu fyrir sjónvarp (gildir einungis fyrir sama aðila og með sömu enda- og úttaksstöðum og pöntuð samtímis sjónvarpinu).	
Fast gjald fyrir hvern sendienda	4 498,00
Fast gjald fyrir hvern móttökuenda	1 795,00
Að auki fyrir hvern km.	351,00
2.1.7. Auka stereó hljóðvarpsrás, sem flutt er á stafrænni dagskrárlínu fyrir sjónvarp (gildir einungis fyrir sama aðila og með sömu enda- og úttaksstöðum og pöntuð samtímis sjónvarpinu).	
Fast gjald fyrir hvern sendienda	6 027,00
Fast gjald fyrir hvern móttökuenda	2 993,00
Að auki fyrir hvern km.	410,00

3. Flutningur í stuttan tíma.

3.1. Eftirfarandi gjöld eru tekin fyrir flutning sjónvarps og hljóðvarps í skamman tíma í einu, þ.e.a.s. í minna en 3 mánuði. Leigutíma ber að tilgreina við pöntun. Stofngjald er ekki tekið, nema í sérstökum tilvikum.

3.1.1. Fyrir flutning samkvæmt 2.1.1. til 2.1.4. í notendakerfi greiðist fyrir fyrstu 5 sólarhringa 1/8 af ársfjórðungsgjaldi þ.m.t. af fasta gjaldinu. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar í allt að 10 sólarhringa greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring en 1/60 á sólarhring umfram 10 sólarhringa.

3.1.2. Fyrir flutning samkvæmt 2.1.5. til 2.1.7. greiðist eftirfarandi:	kr.
Tengigjald fyrir sjónvarp (ein mónó hljóðvarpsrás innifalin)	16 478,00
Gjald pr. mínútu	162,00
Gjald pr. mínútu/10 km.	29,00
Gjald pr. mínútu/10 km. umfram 30 mínútur	14,00
Viðbótartengigjald fyrir hverja mónó eða stereó hljóðvapsrás, sem send er af sama aðila og með sömu enda- og úttaksstöðum	2 490,00
Gjald pr. mínútu fyrir hverja slíka rás	16,00
Gjald pr. mínútu/10 km. fyrir hverja slíka rás.....	3,00
Gjald pr. mínútu/10 km. umfram 30 mínútur fyrir hverja slíka rás ...	2,00

3.1.3. Tengigjald er einungis tekið einu sinni, ef flutningur sjónvarps eða hljóðvarps á sér stað oftar en einu sinni innan sama sólarhrings milli sömu staða. Ef tengigjald er fellt niður af þessum ástæðum er lágmarkslengd hverrar sendingar 10 mínútur.

IX. KAFLI
Símaskráin.

Póstur og sími hf. gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Póstur og sími hf. ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.
Aukaeintök eru til sölu á póststöðvum.

1. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsíma-, fax-, farsíma- eða boðtækisnotandi fær nafn sitt eða heiti, starfstitil og heimilisfang skráð án sérstaks gjalds í einni línu í símaskránni fyrir hvert númer. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma ber að greiða kr. 436,00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotandi getur ekki öðlast sama rétt og aðalsímnotandi, t.d. rétt til að fá símann fluttan eða breyta skráningu án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald. Breytir engu þótt aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt viðkomandi aukagjald.
Póstur og sími hf. ákveður tilhögun símaskrárinnar og áskilur sér rétt til að synja um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.
Skrá má aukanöfn á númer annað hvort í réttri stafrófsröð eða sem aukalínu undir aðalsímnotanda.
Aukalína undir fyrirtækjaheiti með eftirfarandi upplýsingum gjaldfærast samkvæmt lið 1.3.

a) opnunartími fyrirtækis, ein lína
b) tilkynning um að samband sé frá skiptiborði við deildir, ein lína
c) tilkynning um beint innval
d) sérgrein fyrirtækis í einni línu
e) heimilisnúmer starfsmanna
f) tilvísun í aðra skráningu í einni línu
g) eftir lokun skiptiborðs, ein lína

Fyrir aðrar aukalínur greiðist samkvæmt lið 1.4.

		Kr.
1.1.	Breytt letur í skrá, hver lína	436,00
1.2.	Aukanafn í skrá, hver sjálfstæð lína eða aukalína og aukaheiti fyrirtækis í stafrófsröð eða sem aukalína, hver lína	436,00
1.3.	Aukalínur undir nöfnum einstaklinga og aukalínur undir nöfnum fyrirtækja í samræmi við liði a-g að framan, hver lína	255,00
1.4.	Aukalínur undir nöfnum fyrirtækja sem ekki samræmist liðum a-g að framan og línur umfram eina í þeim tilfellum þar sem einnar línu hámark er sett í liðum a-g, hver lína	872,00
1.5.	Skráning á veffangi, hver lína	436,00
1.6.	Skráning á netfangi, hver lína	436,00

2. Skráning í gulu síðurnar.

Hver símnotandi, sem greiðir atvinnu- eða verslunarsímagjald, á rétt á að fá án endurgjalds eina skráningu í einn vöru- eða þjónustuflokk í gulu síðunum. Ef símnotandi vill skrá sig í fleiri en einn flokk greiðast kr. 224,00 fyrir hvern flokk umfram hinn fyrsta. Sama gjald gildir fyrir fleiri en eina skráningu í sama flokk.

3. Auglýsingar í símaskrá.

Pósti og síma hf. er heimilt að birta auglýsingar í símaskránni samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni.

X. KAFLI
Þjónusta um radíóstöðvar.
1. Viðskiptagjöld.

1.1. Símtöl við skip og báta.
Sjá kafla II. 4. hér að framan.

1.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla VI. 3. hér að framan.

1.3. Viðskiptagjöld vegna radíóstöðva í verstöðvum. Vegna radíóstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi gjöld.

	Kr.
Fyrir 1-5 báta	193,00
Fyrir 6-15 báta	355,00
Fyrir 16-30 báta	504,00
Fyrir 31 bát og fleiri	672,00

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

1.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póstur og sími hf. veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 355,00 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.

1.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

1.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 672,00.

1.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 96,00.

2. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

	Kr.
Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	355,00
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	529,00
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	703,00
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	965,00

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Pósts og síma hf., og skal það greitt fyrirfram ársfjórðungslega.
Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

XI. KAFLI
1. Almennir skilmálar.

1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða breytingar á þjónustu, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn. Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og á afgreiðslustöðum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, kennitölu og heimilisfang.

1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir strengjum og öðrum símabúnaði í húsi og á lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.3. Póstur og sími hf. ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt.

1.4. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum í eigu Pósts og síma hf. nema með heimild hennar. Öll slík verk framkvæmir félagið eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn félagsins, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum sem eru í eigu þess.

1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Pósts og síma hf. er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.

Óheimilt er að tengja notendabúnað við kerfi Pósts og síma hf. nema að hann sé samþykktur af Póst- og fjarskiptastofnun.

1.6. Verði bilun í símakerfinu ber notanda þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símstöðvar. Póstur og sími hf. ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Pósts og síma hf. á viðgerð síma má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.7. Póstur og sími hf. tekur ekki á sig neina ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofa á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins eða mistaka við afgreiðslu símskeyta, hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í sambandastöðvum eða annarra ástæðna.

1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum föst afnot talsímakerfisins nema með leyfi Pósts og síma hf.

1.9. Pósti og síma hf. er heimilt að synja þeim um síma eða loka símanúmerum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirka símkerfisins, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

1.10. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Pósts og síma hf., getur félagið krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.

1.11. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu félagsins hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

2.1. Skráður rétthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Pósts og síma hf. vegna notkunar á símabúnaði hans.

2.2. Gjalddagi fyrir síma-, radíó- og önnur fjarskiptagjöld er fyrsti hvers mánaðar. Póstur og sími hf. skal sjá svo um að reikningar séu sendir notendum með góðum fyrirvara.

2.3. Eindagi gjaldanna er 15 dögum eftir gjalddagann. Falli gjöldin í eindaga, ber notanda að greiða dráttarvexti af gjaldskuldinni frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Heimilt er að gera fjárnám fyrir gjöldum skv. gjaldskrá þessari án undangenginnar dómsúrlausnar eða dómsáttar, sbr. 37. gr. laga, nr. 143/1996, um fjarskipti.

2.4. Frá 15. næsta mánaðar eftir gjalddagann, er heimilt að beita útilokun símasambanda gagnvart þeim notendum, sem skulda vangreidd gjöld, krónur 1 000,00 eða meira, þar til þeir hafa greitt skuld sína að fullu. Innheimt verður gjald, krónur 212,00, fyrir enduropnun símasambands.

2.5. Ef ætla má vegna framkominna atvika að notandi geti ekki greitt gjaldskuldir sínar á gjalddaga þeirra, er heimilt að beita útilokun símasambanda fyrirvaralaust, nema notandi setji fullnægjandi tryggingu fyrir gjaldskuldinni og væntanlegri notkun á yfirstandandi afnotatímabili.

3. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem önnur ákvæði gilda, og skal uppsögn verða skrifleg.

XII. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 143/1996 um fjarskipti, sbr. 10. gr. laga nr. 103/1996 um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar og öðlast gildi 1. nóvember 1997 og fellur úr gildi 31. desember 1997. Reiknast nýju gjöldin fyrir notkun, sem fram fer 1. nóvember 1997 eða síðar. Jafnframt falla þá úr gildi gjaldskrár og reglur fyrir símaþjónustu í einkarétti nr. 135 18. febrúar 1997 og auglýsing nr. 315 23. maí 1997.

Samgönguráðuneytinu, 21. október 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Nr. 594 17. október 1997

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 83/1984.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 675.661.
Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 48.630.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1997 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. október 1997.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur skv. 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð er heimilt að greiða skv. umsókn þeim sem eru búsettir hér á landi og eiga lögheimili hér enda uppfylli þeir önnur skilyrði fyrir greiðslu þessara bóta.

2. gr.

Umsækjendum er skylt að gefa allar nauðsynlegar upplýsingar og skýringar og skila inn umbeðnum gögnum til þess að hægt sé að ákvarða bætur eða endurskoða bótarétt.

Um meðferð umsóknar og afgreiðslu gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

3. gr.

Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins skipar þriggja manna samráðsnefnd sem lífeyrisdeild stofnunarinnar getur leitað álits hjá áður en úrskurðað er um umsókn um uppbætur skv. reglugerð þessari.

Heimilisuppbót.

4. gr.

Heimilt er að greiða einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar skv. lögum um almannatryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögun við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað heimilisuppbót að fjárhæð kr. 12.792 á mánuði.

Eigi einhleypingur rétt á skertri tekjutryggingu skv. lögum um almannatryggingar er heimilt að greiða honum skerta heimilisuppbótina í sama hlutfalli og eftir sömu reglum og gilda um skerðingu tekjutryggingar vegna tekna.

5. gr.

Heimilisuppbót verður ekki greidd til aðila sem svo er ástatt um sem hér segir:

1. Ef umsækjandi nýtur fjárhagslegs hagræðis, vegna sambýlis við aðra óskylda aðila, skyldmenni eða venslafólk.
2. Ef umsækjandi hefur sameiginlega aðstöðu varðandi fæði eða húsnæði, t.d. sambýli á vegum félagasamtaka eða ríkis og bæja.
3. Ef umsækjandi leigir herbergi/húsnæði með sameiginlegri eldunaraðstöðu með öðrum.

6. gr.

Nú vistast maki elli- eða örorkulífeyrisþega til frambúðar á stofnun og er þá heimilt, skv. umsókn að greiða makanum sem heima býr heimilisuppbót, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum til greiðslu slíkrar uppbótar skv. 4. og 5. gr.

Sérstök heimilisuppbót.

7. gr.

Heimilt er að greiða einhleypingi, sem hefur eingöngu tekjur úr lífeyristryggingum almannatrygginga eða nýtur félagslegrar aðstoðar sveitarfélaga, til viðbótar heimilisuppbót sérstaka heimilisuppbót að fjárhæð kr. 6.257 á mánuði enda uppfylli hann að öðru leyti öll skilyrði til greiðslu óskertrar heimilisuppbótar skv. 4. og 5. gr.

Aðrar tekjur einhleypingsins skerða sérstöku heimilisuppbótina krónu fyrir krónu uns hún fellur niður við mánaðartekjur að fjárhæð kr. 6.257.

Frekari uppbætur.

8. gr.

Heimilt er að greiða frekari uppbætur til elli- og örorkulífeyrisþega ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án þess. Við mat á því hvort lífeyrisþegi geti framfleytt sér skal taka tillit til eigna og tekna bótaþega, þar á meðal bóta almannatrygginga og kostnaðar sbr. 2. mgr. Frekari uppbætur skulu þó aldrei greiddar til lífeyrisþega sem á eignir í peningum eða verðbréfum yfir 2.500.000 kr., eða hefur heildartekjur, að meðtöldum bótum almannatrygginga yfir 88.970 kr. á mánuði.

Frekari uppbætur er heimilt að greiða vegna:

1. Mikils umönnunarkostnaðar, sem heimilishjálp eða aðrir opinberir aðilar greiða ekki.
2. Verulegs sjúkra- eða lyfjakostnaðar, sem sjúkratryggingar greiða ekki.
3. Húsaleigu, sem fellur utan húsaleigubóta.
4. Vistunarkostnaðar á dvalarheimilum, stofnunum svo og sambýlum og áfangastöðum, sem fengið hafa starfsleyfi frá ráðuneyti.

9. gr.

Hámark uppbótar skal vera sem hér segir:

1. Lífeyrisþegi, sem er í hjúskap eða óvígðri sambúð: 90%.
2. Lífeyrisþegi, sem býr einn og er á eigin vegum og nýtur heimilisuppbótar: 70%.
3. Lífeyrisþegi, sem er einhleypur og nýtur umönnunar: 120%.
4. Lífeyrisþegi, sem nýtur sérstakrar heimilisuppbótar: 35%.

Ef einhleypur lífeyrisþegi, sem nýtur umönnunar, getur sýnt fram á verulegan umönnunar-, sjúkra- eða lyfjakostnað sem sjúkratryggingar greiða ekki, og/eða greiðir húsaleigu, er þó heimilt að greiða honum allt að 140% uppbót. Heimilt er að greiða lífeyrisþega, sem nýtur sérstakrar heimilisuppbótar og frekari uppbótar skv. 2. og 3. tl. 8. gr. allt að 50% uppbót.

10. gr.

Ákvarðanir um greiðslu frekari uppbóta skulu að jafnaði vera tímabundnar. Séu gögn ekki tiltæk Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að fara þess á leit við þann sem nýtur frekari uppbótar að hann skili gögnum til staðfestingar því að skilyrði til áframhaldandi greiðslu frekari uppbótar séu fyrir hendi.

Tryggingastofnun semur drög að vinnureglum um ákvarðanir og mat á greiðslu frekari uppbóta. Reglurnar skulu sendast Tryggingaráði og öðlast þær gildi við staðfestingu þess.

Gildistaka o.fl.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast gildi 1. nóvember 1997. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð nr. 59/1996 ásamt síðari breytingum.

Fjárhæð tekjumarks skv. 8. gr. í reglugerð þessari tekur breytingum í réttu hlutfalli við hækkun bóta lífeyristrygginga.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. október 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

AUGLÝSING

um fjárfestingarsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Columbia Ventures Corporation og Norðuráls hf.

Hinn 7. ágúst 1997 var undirritaður fjárfestingarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Columbia Ventures Corporation og Norðuráls hf., um álbræðslu á Grundartanga.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 62/1997 um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga og 15. gr. framangreinds fjárfestingarsamnings skal samningurinn birtur í B-deild Stjórnartíðinda á íslensku og ensku og er hann fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Iðnaðarráðuneytinu, 8. október 1997.

Finnur Ingólfsson.

Halldór J. Kristjánsson.

Fylgiskjal.

FJÁRFESTINGARSAMNINGUR milli ríkisstjórnar Íslands og Columbia Ventures Corporation og Norðuráls hf.

FJÁRFESTINGARSAMNINGUR gerður hinn 7. dag ágústmánaðar 1997

milli

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS, sem iðnaðarráðherra kemur fram fyrir, í fyrsta lagi,

COLUMBIA VENTURES CORPORATION (hér á eftir nefnt „Columbia"), sem er fyrirtæki stofnað og starfrækt samkvæmt lögum Oregonríkis í Bandaríkjum Norður-Ameríku og hefur höfuðstöðvar sínar að 1220 Main Street, Suite 200, Vancouver, Washington 98660, Bandaríkjum Norður-Ameríku, í öðru lagi

og

Norðurál hf (hér á eftir nefnt „félagið" eða „Norðurál hf."), sem er hlutafélag stofnað samkvæmt íslenskum lögum og hefur starfsstöð sína að Grundartanga í Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu á Íslandi, í þriðja lagi.

MEÐ ÞVÍ AÐ ríkisstjórnin (svo sem hún er síðar skilgreind) hefur áhuga á að hvetja til

INVESTMENT AGREEMENT among The Government of Iceland and Columbia Ventures Corporation and Norðurál hf.

INVESTMENT AGREEMENT made as of the 7th day of August 1997

among

THE GOVERNMENT OF ICELAND, represented by its Minister of Industry of the First Part,

COLUMBIA VENTURES CORPORATION (hereinafter referred to as "Columbia"), a company organized and operated under the laws of the State of Oregon, United States of America, whose principal office is located at 1220 Main Street, Suite 200, Vancouver, Washington 98660, United States of America of the Second Part

and

NORÐURÁL HF a limited liability company (hereinafter referred to as "Company" or "Norðurál hf."), a company organized under the laws of Iceland having its principal location at Grundartangi in the Municipality of Hvalfjardarstrandarhreppur county of Borgarfjardarsysla, Iceland of the Third Part.

WHEREAS the Government (as hereinafter defined) is interested in promoting the estab-

stofnunar orkufreks iðnaðar á Íslandi, sem nýtir vatns- og jarðvarmaorku landsins og auka þar með fjölbreytni í efnahagslífi landsins;

lishment of power intensive industries in Iceland utilizing the hydroelectric and geothermal energy resources of the country and contributing to the diversification in the national economy.

MEÐ ÞVÍ AÐ Alþingi hefur með heimildarlögunum (svo sem þau eru síðar skilgreind) heimilað byggingu nýrrar álbræðslu á Íslandi, sett tilteknar reglur og veitt Columbia og félaginu tilteknar undanþágur varðandi stofnun og starfsemi bræðslunnar og heimilað ríkisstjórninni að gera samning þar sem nánar er kveðið á um skilmála slíkrar stofnunar svo og frekari skilmála og undanþágur er við eiga um bygginu og starfrækslu slíkrar bræðslu;

WHEREAS by the Enabling Act (as hereinafter defined), the Althing has authorized the establishment of a new aluminium smelter in Iceland, laid down certain rules and granted Columbia and the Company certain exceptions in respect of the organization and activities of the Smelter and has authorized the Government to enter into agreement providing for the further terms of such establishment and the further conditions and exceptions applicable to the construction and operation of such a smelter;

MEÐ ÞVÍ AÐ félagið var stofnað hinn 28. febrúar 1997 af Columbia Ventures Corporation í þeim tilgangi að byggja og starfrækja bræðslu á Grundartanga í Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu á Íslandi til þess að framleiða ál í samræmi við skilmála og skilyrði, m.a. verkefnasamninganna (svo sem þeir eru skilgreindir hér á eftir), og hafa með höndum slíka framleiðslu og skylda starfsemi, með það fyrir augum að hefja framleiðslu árið 1998;

WHEREAS the Company was established on February 28, 1997, by Columbia Ventures Corporation for the purpose of constructing and operating a smelter at Grundartangi in the Municipalities of Skilmannahreppur and Hvalfjardarstrandarhreppur, County of Borgarfjardarsysla, Iceland, for the production of aluminium in accordance with the terms and conditions of, inter alia, the Project Agreements (as hereinafter defined) and carrying on such production and related business, with a view to commencing production in 1998;

MEÐ ÞVÍ AÐ Landsvirkjun (svo sem hún er skilgreind hér á eftir) er reiðubúin að láta í té það rafmagn sem nauðsynlegt er til þess að starfrækja bræðsluna og nauðsynlegan búnað við höfnina;

WHEREAS Landsvirkjun (as hereinafter defined) is prepared to supply the power necessary for the operation of the Smelter and necessary installations at the Harbour;

MEÐ ÞVÍ AÐ ríkissjóður (svo sem hann er skilgreindur hér á eftir) hefur látið í té lóð undir álbræðsluna;

WHEREAS the Treasury (as hereinafter defined) has provided a site for the aluminium smelter;

MEÐ ÞVÍ AÐ hafnarsjóðurinn (svo sem hann er skilgreindur hér á eftir) er reiðubúinn að tryggja Norðuráli hf. nauðsynlegan aðgang að höfninni við Grundartanga og hafnarmannvirkjum;

WHEREAS the Harbour Fund (as hereinafter defined) is prepared to secure to Norðurál hf. necessary access to the harbour at Grundartangi and port facilities;

HAFA ÞVÍ ríkisstjórnin, Columbia og félagið (hér á eftir sameiginlega nefndir „aðili" hvert um sig en „aðilar" sameiginlega) gert með sér eftirfarandi samning:

NOW THEREFORE the Government, Columbia and the Company (hereinafter referred to individually as "Party" and collectively as the "Parties") hereby agree as follows.

1. gr.

Skilgreiningar og túlkun

1.1 Alls staðar þar sem þau koma fyrir í samningi þessum, skulu eftirtalin heiti hafa þá merkingu sem tilgreind er hér á eftir:

a) „Ríkisstjórnin" merkir ríkisstjórn lýðveldisins Íslands ásamt öllum ráðuneytum hennar og stofnunum.

b) „Stofnandi" merkir Columbia Ventures Corporation, sem er félag stofnað og starfrækt samkvæmt lögum Oregonríkis í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

c) „Ríkissjóður" merkir ríkissjóð Íslands.

d) „Landsvirkjun" merkir Landsvirkjun, sem er sjálfstætt fyrirtæki stofnað og starfrækt samkvæmt lögum frá Alþingi nr. 42/1983 með höfuðstöðvar í Reykjavík á Íslandi.

e) „Sveitarfélögin" merkir Skilmannahrepp og Hvalfjarðarstrandarhrepp.

f) „Hafnarsjóðurinn" merkir hafnarsjóð Grundartangahafnar, sem er sjálfstæður opinber sjóður stofnaður árið 1975 í sameiginlegri eigu Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps, Leirár- og Melahrepps, Skilmannahrepps, Akranesbæjar og allra annarra hreppa Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu en þeirra sem hér að framan er getið, en héraðsnefndir koma fram fyrir þau.

g) „Heimildarlögin" merkir lög frá Alþingi nr. 62 frá 27. maí 1997, sem getið er um í formálanum að samningi þessum.

h) „Fjárfestingarsamningurinn" eða „samningurinn" merkir samning þennan.

i) „Lóðarsamningurinn" merkir samninginn dagsettan 20. mars 1997, eins og honum hefur verið breytt með viðbótarsamningi dagsettum 7. ágúst 1997, milli Norðuráls hf. og ríkissjóðs þar sem kveðið er á um lóð undir bræðsluna.

j) „Hafnarsamningurinn" merkir samninginn milli hafnarsjóðs Grundartangahafnar og Norðuráls, þar sem tryggður er aðgangur hins síðarnefnda að höfninni

k) „Rafmagnssamningurinn" merkir samninginn milli Landsvirkjunar og Norðuráls hf. þar sem kveðið er á um afhendingu rafmagns til

Article 1

Definitions and Interpretation.

Section 1.1. Wherever the same shall appear on this Agreement, the following terms shall have the respective meanings indicated below;

a) "Government" shall mean the Government of the Republic of Iceland, including its ministries and agencies.

b) "Founder" shall mean Columbia Ventures Corporation, a company organized and operated under the laws of the State of Oregon, United States of America.

c) "Treasury" shall mean the State Treasury of Iceland.

d) "Landsvirkjun" shall mean The National Power Company, an independent company organized and operated under Act of the Althing No. 42/1983, whose principal office is located in the City of Reykjavik, Iceland.

e) "Municipalities" shall mean the Municipality of Skilmannahreppur and the Municipality of Hvalfjardarstrandarhreppur.

f) "Harbour Fund" shall mean the Harbour Fund of Grundartangi Harbour, an independent public fund established in 1975 and jointly owned by the Municipality of Hvalfjardarstrandarhreppur, the Municipality of Innri-Akraneshreppur, the Municipality of Leirar- and Melahreppur, the Municipality of Skilmannahreppur, the Township of Akranes and by all Districts of the County of Borgarfjardarsysla and the County of Myrasysla other than those above mentioned, represented by the County Committees thereof.

g) "Enabling Act" means the Act of the Althing No. 62/1997, to which reference is made in the Preamble hereto.

h) "Investment Agreement" or "Agreement" shall mean this agreement.

i) "Smelter Site Agreement" shall mean the agreement of 20 March, 1997, as amended by the First Amendment to the Smelter Site Agreement dated 7 August, 1997, between Norðurál hf. and the Treasury providing for a site for the Smelter.

j) "Harbour Agreement" shall mean the agreement between Grundartangi Harbour Fund and Norðurál hf. securing its access to the Harbour.

k) "Power Contract" shall mean the agreement between Landsvirkjun and Norðurál hf. providing for the supply of power for the

bræðslunnar og mannvirkja hennar á hafnarsvæðinu.

l) „Verkefnissamningarnir“ merkir þennan samning, hafnarsamninginn, lóðarsamninginn og rafmagnssamninginn.

m) „Bræðslan“ merkir álbræðsluna og öll mannvirki er tilheyra verksmiðjunni, sem ætlunin er að Norðurál hf. byggi, eigi og reki á Grundartanga í Skilmanna- og Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu á Íslandi í þeirri mynd og með þeim búnaði sem hún er búin hverju sinni með upphaflegri árlegri framleiðslugetu u.þ.b. 60.000 smálestir af áli og hugsanlegum síðari stækkunum.

n) „Bræðslulóð“ merkir landsvæði á Klafastöðum og Katanesi (Vestra-Katanesi) þar sem bræðslan verður staðsett svo sem frekar er skilgreint á kortinu af bræðslulóðinni.

o) „Kortið af bræðslulóðinni“ merkir kort ásamt skýringum og lóðarmörkum, sem fylgir lóðarsamningnum og sýnir afstöðu bræðslunnar og hafnarinnar ásamt lóðarmörkum bræðslulóðarinnar og hafnarsvæðisins.

p) „Höfnin“ merkir höfnina og tilheyrandi mannvirki, sem liggja að bræðslunni á Grundartanga og starfrækt eru af hafnarsjóðnum.

q) „Hafnarsvæðið“ merkir höfnina og landsvæðið á Grundartanga þar sem hafnarmannvirkin (svo sem þau eru skilgreind í hafnarsamningnum) verða staðsett svo sem nánar er skilgreint í hafnarsamningnum og merkt er inn með gulu á kortið af bræðslulóðinni.

r) „Verkefnið“ merkir skipulagningu, hönnun, byggingu, útbúnað, töku í notkun, starfrækslu og viðhald bræðslunnar.

s) „Starfsleyfi“ merkri leyfi sem Norðuráli hf. verður veitt samkvæmt lögum er gilda um umhverfiseftirlit að því er varðar starfrækslu bræðslunnar og hafnarmannvirkjanna og hvers kyns endurnýjun eða framlengingu þess.

Smelter and its facilities in the Harbour Area.

l) "Project Agreements" shall mean this Agreement, the Harbour Agreement, the Smelter Site Agreement and the Power Contract.

m) "Smelter" means the aluminium reduction plant and all facilities appurtenant to the plant to be constructed, owned and operated by Norðurál hf. at Grundartangi in the Municipalities of Skilmannahreppur and Hvalfjardarstrandarhreppur, County of Borgarfjardarsysla, Iceland, as the same shall be constituted and equipped at any particular time, having an initial annual production capacity of approximately 60,000 metric tonnes of aluminium with possible future expansions.

n) "Smelter Site" shall mean the area of land in Klafastadir and Katanes (Vestra- Katanes) on which the Smelter is to be located, as more particularly defined in the Smelter Site Map.

o) "Smelter Site Map" shall mean a map together with explanatory notes and boundary measurements attached to the Smelter Site Agreement, where the general layout of the Smelter and Harbour as well as the boundaries of the Smelter Site and Harbour Area are shown.

p) "Harbour" shall mean the harbour and appurtenant facilities adjacent to the Smelter at Grundartangi operated by the Harbour Fund.

q) "Harbour Area" shall mean the Harbour and the area of land at Grundartangi on which the Port Facilities (as defined in the Harbour Agreement) are to be located, as more particularly defined in the Harbour Agreement and edged in yellow on the Smelter Site Map.

r) "Project" shall mean the planning, designing, constructing, equipping, commissioning, operation and maintenance of the Smelter.

s) "Environmental Operating Licence" shall mean the licence to be granted to Norðurál hf. under the legislation applicable to environmental control in respect of the operation of the Smelter and facilities at the Harbour and any renewal or extension thereof.

t) „Upphaflegur gildistími" hefur þá merkingu sem fram kemur í 2. mgr. 19. gr.

1.2 Krefjist samhengið ekki annars, gildir eftirfarandi í samningi þessum:

a) Fyrirsagnir eru einungis til hagræðis og hafa ekki áhrif á túlkun samningsins;

b) eintala jafngildir fleirtölu og öfugt;

c) tilvísun til persónu tekur til fyrirtækis, sameignarfélags, sjóðs, sameiginlegs fyrirtækis, samtaka, félags, eða annarrar lögpersónu og hvers kyns opinbers yfirvalds eða stofnunar;

d) tilvísun til greinar, málsgreinar eða viðauka er tilvísun til viðkomandi greinar, málsgreinar eða viðauka við samning þennan;

e) tilvísun til skjals tekur til breytinga eða viðbóta við skjalið, annars skjals er kemur í þess stað þess eða endurnýjunar skjalsins, en tekur ekki til breytinga eða viðbóta við skjalið, annars skjals er kemur í þess stað eða endurnýjunar skjalsins sem á sér stað í andstöðu við samning þennan; og

f) tilvísun til aðila að skjali tekur einnig til aðila sem við tekur af honum og heimilaðra framsalshafa og afsalshafa.

2. gr.

Uppbygging, tilgangur og undanþágur.

2.1 Stofnandinn hefur skráð félagið sem hlutafélag á Íslandi samkvæmt íslenskum lögum svo sem frekar er kveðið á um í heimildarlögunum, lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og svo sem gert er ráð fyrir í samningi þessum.

2.2 Tilgangur félagsins skal vera að framkvæma verkefnið á Grundartanga til framleiðslu á áli með rafgreiningu súráls eða með endurbræðslu áls og að hafa með höndum slíka framleiðslu og skylda starfsemi.

2.3 Stofnandi félagsins skal vera fullgildur sem stofnandi slíks félags þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Fjöldi og heimilisfesti stofnenda og fjöldi hluthafa í félaginu skal ekki háður ákvæðum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 20. gr. nefndra laga. Félagið skal undanþegið ákvæðum 2. mgr. 66. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, þar sem kveðið er á um að meirihluti stjórnarmanna í hlutafélagi skuli búsettur á Íslandi.

t) "Initial Term" shall have the meaning set out in Section 19.2.

Section 1.2. In this Agreement, unless the context otherwise requires:

a) headings are for convenience only and do not affect the interpretation of this Agreement;

b) the singular includes the plural and vice versa;

c) a reference to a person includes any company, partnership, trust, joint venture, association, corporation, or other body corporate and any governmental authority or agency;

d) a reference to an Article, Section or Annex is a reference to that Article or Section of or Annex to this Agreement;

e) a reference to a document includes an amendment or supplement to, or replacement or novation of, that document but disregarding any amendment, supplement, replacement or novation made in breach of this Agreement; and

f) a reference to a party to any document includes that party's successors and permitted transferees and assigns.

Article 2

Structure, Purpose and Exemptions.

Section 2.1. The Founder has incorporated the Company in Iceland in accordance with Icelandic law as further provided in the Enabling Act, Act No. 2/1995 on Limited Companies and as stipulated in this Agreement.

Section 2.2. The purpose of the Company shall be to implement the Project at Grundartangi for the production of aluminium by reduction from alumina or by remelting of aluminium and to carry on such production and related business.

Section 2.3. The Founder of the Company shall be fully qualified as founder of such a Company, irrespective of the provisions of paragraph 3 of Article 3 of the Act No. 2/1995 on Limited Companies. The number and the residence of founders and the number of shareholders of the Company shall be independent of the provisions of paragraph 2 of Article 3 and of paragraph 1 of Article 20 respectively of said Act. The Company shall be exempted

from provisions of paragraph 2 of Article 66 of Act No. 2/1995 on Limited Companies requiring that the majority of Board members of a limited company shall have residence in Iceland.

2.4 Félagið skal undanþegið ákvæðum 4. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, þar sem krafist er að 4/5 hlutafjár hlutafélags séu í eigu íslenskra ríkisborgara og að íslenskir ríkisborgarar fari með meirihluta atkvæða á hluthafafundum og að allir stjórnarmenn séu íslenskir ríkisborgarar.

Section 2.4. The Company shall be exempted from provisions of paragraph 1, sub-paragraph 4 of Article 1 of the Act No. 19/1966 on the Right to Own and Utilise Real Estate requiring that four-fifths of the share capital of a limited company be owned by Icelandic citizens and that Icelandic citizens control the majority of votes at shareholders' meetings and that all directors be Icelandic citizens.

2.5 Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 48/1994 um brunatryggingar eða síðari ákvæðum laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna, enda kaupi félagið brunatryggingar svo sem eðlilegt er og venjulegt í áliðnaðinum vegna hráálsverksmiðja. Ákvæði laga nr. 55/1992 um viðlagatryggingu skulu ekki eiga við um félagið, enda hafi félagið gilda viðlagatryggingu svo sem eðlilegt er og venjulegt í áliðnaðinum eða í tryggingum vegna hráálsverksmiðja.

Section 2.5. The Company shall be exempted from provisions of Act No. 48/1994 on Fire Insurance, or subsequent provisions of law on joint compulsory insurance for houses, provided that the Company secures fire insurance as is normal and customary in the aluminium industry on primary aluminium facilities. The provisions of Act No. 55/1992 on Catastrophe Insurance shall not apply to the Company provided that the Company shall maintain catastrophe insurance as is normal and customary in the aluminium industry or coverage on primary metal production facilities.

2.6 Ríkisstjórnin mun tryggja að leyfi verði gefin út til félagsins samkvæmt 2. mgr. 4. gr. samnings þessa og að undanþágur samkvæmt 3.-5. mgr. 2. gr. verði veittar í samræmi við viðeigandi lög. Slík leyfi og undanþágur skulu háð stjórnsýslu- og lagakröfum er varða fullnægingu á skilmálum þeirra og er heimilt að grípa til afturköllunar eða annarra aðgerða verði brotið gegn skilyrðum þeirra eða þau ekki virt.

Section 2.6. The Government will ensure that licences will be issued to the Company pursuant to Section 4.2 of this Agreement and the exemptions under Section 2.3.-2.5. shall be issued in accordance with the relevant Acts of Law. Such licences and exemptions shall be subject to administrative and legal requirements regarding compliance with their terms and may be subject to revocation or other actions in the event of breach or non-observance.

3. gr

Framsal hlutabréfa.

3.1 Samþykki ríkisstjórnarinnar er áskilið fyrir framsali hlutabréfa í Norðuráli hf. þar til framleiðsla er hafin í bræðslunni. Ekki skal synja um slíkt leyfi eða draga það að ástæðulausu og ekki þarf slíkt leyfi þegar um er að ræða a) framsal til dótturfyrirtækis stofnanda, sem skráð er í ríki innan OECD eða b) veðsetningu allra eða einhverra slíkra hlutabréfa í því skyni að tryggja lán sem Norðurál hf. tekur til að auðvelda því að framkvæma verkefnið eða sölu á slíkum hlutabréfum samkvæmt slíkri veðsetningu til

Article 3

Transfer of Shares.

Section 3.1. The consent of the Government is required for transfer of shares of Norðurál hf. until commencement of production by the Smelter. Such consent shall not be unreasonably withheld or delayed and shall not be required in the case of (a) transfers to any affiliate of the Founder incorporated in an OECD-country or (b) a pledge of all or any of such shares to secure any loan made to Norðurál hf. to assist it in implementing the Project or any sale of any such shares pursuant to such pledge

félags eða félaga sem skráð eru í ríki innan OECD.

Framsal minnihlutaeignar, sem ekki er umfram 49%, má hins vegar eiga sér stað til félaga sem skráð eru í ríkjum innan OECD.

3.2 Ef ekki er um annað samið milli aðila, er hluthöfum Norðuráls hf. heimilt, eftir að framleiðsla er hafin, að framselja, að fullu eða að hluta, hlutabréf í félaginu til annars félags sem er, beint eða óbeint, í eigu félags sem skráð er í ríki innan OECD.

Upplýsa ber ríkisstjórnina með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara um slíkt framsal eða útgáfu og skulu ríkisstjórninni látnar í té upplýsingar um stöðu slíks félags studdar ársreikningum síðustu tveggja ára.

3.3 Nú kemur til framsals á hlutabréfum í Norðuráli hf. og slíkt framsal eða útgáfa er í samræmi við skilmála og ákvæði 1. og 2. mgr. 3 gr. þessa samnings, og skal þá félagið, sem fékk hlutabréfin framseld eða gefin út á sig, verða aðili að þessum samningi á grundvelli útgáfunnar eða framsalsins og skal staðfesta það með því að gefa út og afhenda ríkisstjórninni skriflega yfirlýsingu á því formi sem ríkisstjórnin getur fallist á, þar sem félagið, sem eignaðist hlutabréfin, samþykkir alla skilmála og ákvæði þessa samnings og skuldbindur sig til að hlíta þeim í einu og öllu.

4. gr.
Starfsemi.

4.1 Félagið skal ráðast í verkefnið í samræmi við skilmála og skuldbindingar í rafmagnssamningnum, lóðarsamningnum og hafnarsamningnum með það fyrir augum að hefja framleiðslu árið 1998.

4.2 Samhliða undirritun samnings þessa, skal ríkisstjórnin sjá um að veitt verði og gefið út til félagsins:

a) iðnaðarleyfi er staðfestir rétt félagsins til þess að ráðast í verkefnið

b) verslunarleyfi er stðfestir rétt félagsins til að stunda þá starfsemi sem lýst er í samningi þessum.

to any company(ies) incorporated in an OECD-country.

Transfers of minority shareholding, not exceeding 49% in total, can however take place to companies incorporated in an OECD-country.

Section 3.2. Unless otherwise agreed between the Parties, the shareholders of Norðurál hf. may, following commencement of production, freely transfer, in whole or in part, shares in the Company to any other company owned, directly or indirectly by a company incorporated in an OECD-country.

The Government shall be informed not less than four weeks in advance of such transfer or issue and it shall be provided with information on the status of such company evidenced by annual accounts of the last two years.

Section 3.3. In the event of a transfer of shares in Norðurál hf., such transfer or issue being in accordance with the terms and provisions of Section 3.1. and 3.2., the acquiring company shall become a party to this Agreement by virtue of the issue or transfer, and shall expressly confirm this by executing and delivering to the Government a written instrument in form satisfactory to the Government, whereby such acquiring company shall consent to the terms and provisions of the Agreement and agree to be fully bound by the terms and provisions thereof.

Article 4
Operations.

Section 4.1. The Company shall start the Project in accordance with the terms and obligations of the Power Contract, the Smelter Site Agreement and the Harbour Agreement with a view to commencing production in 1998.

Section 4.2. The Government shall cause concurrently with the signing of this Agreement the grant and issuance:

(a) to the Company of an Industrial Licence confirming the right of the Company to implement the Project;

(b) to the Company of a Commercial Licence confirming the right of the Company to carry on operations, described in this Agreement;

4.3 Reynist nauðsynlegt fyrir félagið að fá frá ríkisstjórninni frekari samþykki eða leyfi, sem ekki er þörf á þann dag sem samningur þessi er undirritaður, skal ríkisstjórnin svo fljótt sem unnt er gera það sem í hennar valdi stendur til að aðstoða félagið við að fá slíkt samþykki eða leyfi.

Section 4.3. If it shall become necessary for the Company to obtain from the Government any further consent or licence not required at the date of signing of this Agreement, the Government shall as soon as practicable use its best efforts to assist the Company to obtain such further consent or licence.

4.4 Ríkisstjórnin skal á hverjum tíma, þegar félagið fer fram á slíkt, gera það sem í hennar valdi stendur til þess að aðstoða félagið við að fá þau atvinnuleyfi sem nauðsynleg kunna að vera vegna starfsmanna eða verktaka félagsins.

Section 4.4. The Government shall from time to time on request of the Company promptly use its best efforts to assist the Company to obtain any work permits that may be necessary in respect of any employees or contractors of the Company.

4.5 Félagið skal leitast við að tryggja að starfsemi þess stuðli að þróun vísinda- og tækniþekkingar á Íslandi, þar með, eftir því sem við á og við verður komið, með því að hafa og þróa á Íslandi nýsköpunarhæfni sína, enda tengist slík viðleitni og samrýmist rekstri bræðslunnar og öðrum ákvæðum þessa samnings.

Section 4.5. The Company shall endeavour to ensure that its activities contribute to the development of Icelandic scientific and technological capacities, including as far as appropriate and reasonably practicable the establishment and improvement in Iceland of its capacity to innovate, provided always that such endeavours are relevant to the operation of the Smelter and compatible therewith, and with the other provisions of this Agreement.

5. gr.
Umhverfismál.

5.1 Bræðslan skal rekin í samræmi við starfsleyfi, sem gefið er út til félagsins af umhverfisráðherra skv. lögum nr. 81/1988 og reglugerð nr. 48/1994, þar sem fjallað er um öll atriði er varða bræðsluna svo og starfsemi við höfnina er tengjast bræðslunni og varða fermingu og affermingu, umhverfisreglur og eftirlit.

Article 5
Environmental Matters.

Section 5.1. The Smelter shall be operated in accordance with an Environmental Operating Licence issued by the Minister of Environment under Act No. 81/1988 and Regulation No. 48/1994 to the Company, covering all aspects of the Smelter, as well as activities at the Harbour related to the Smelter as to loading and unloading, environmental regulation and control.

6. gr.
Meginreglur skattlagningar.

6.1 Félagið skal greiða skatta og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á á Íslandi samkvæmt þeim reglum sem gilda um slík gjöld á grundvelli laga hverju sinni, nema annað sé ákveðið í samningi þessum.

Article 6
Principles of Taxation.

Section 6.1. The Company shall be subject to taxes and other public charges generally levied in Iceland, according to the rules applicable to such charges under the law from time to time, except as otherwise provided in this Agreement.

7. gr.
Skattar til ríkissjóðs.

7.1 Þrátt fyrir breytingar, sem kunna að verða á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, skal félagið greiða 33% tekjuskatt með eftirfarandi sérákvæðum:

Article 7
Government Taxes.

Section 7.1. Notwithstanding eventual changes in the Act No. 75/1981 on Income Tax and Net Worth Tax, as amended, the Company shall pay an income tax at the rate of 33% with the following special provisions:

a) Ákvæði 8. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981, sem heimila 7% frádrátt af nafnvirði hlutafjár frá skattskyldum tekjum, skulu ekki eiga við.

b) Þrátt fyrir 7. tl. 1. mgr. 3. gr. og 2. tl. 1. mgr. 71. gr. laga nr. 75/1981 og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatta, skal skattur ekki lagður á eða haldið eftir af arði, sem greiddur er til hluthafa er hafa búsetu í ríki innan OECD, enda uppfylli hluthafinn kröfur i. og ii. tl. b-liðar 2. mgr. 12. gr. milliríkjasamnings Bandaríkja Norður-Ameríku og lýðveldisins Íslands nr. 22/1975, sem birtur er í Stjórnartíðindum.

c) Varanlegir rekstrarfjármunir, sem varða byggingu bræðslunnar, skulu teljast byggingar og vélar og búnaður í föstum hlutföllum, svo sem frekar er lýst í viðauka A við samning þennan. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem félagið eignast með öðrum hætti í því skyni að viðhalda eða bæta bræðsluna, skulu flokkaðir í samræmi við 32. og 38. gr. laga nr. 75/1981. Fyrning skal ákvörðuð með þeim hætti sem kveðið er á um í 5. mgr. 7. gr. samnings þessa.

d) Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu átta almanaksárum, svo sem frekar er kveðið á um í 7. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981.

e) Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári og færa á sérstakan fjárfestingarreikning fjárhæð er nemur 4% af nafnvirði hlutafjár. Fé á reikningnum, sem notað er til fjárfestingar í fyrnanlegum eignum innan sex ára frá því að það var fært á reikninginn, skal bætt við skattskyldar tekjur félagsins á árinu sem fjárfestingin á sér stað. Á sama ári skal félaginu heimilt að flýta fyrningu eignanna um sömu upphæð og notuð var af fjárfestingarreikningnum.

Fé af hinum sérstaka fjárfestingarreikningi, sem ekki hefur verið notað til fjárfestingar og hefur ekki verið jafnað á móti rekstrartapi innan fyrrnefndra tímamarka, skal bætt við skatt-

(a) The provisions in Article 31, sub-paragraph 8 of paragraph 1 of Act No. 75/1981, allowing the deduction of 7% of the nominal value of shares from taxable income shall not be applicable.

(b) Notwithstanding Article 3, sub-paragraph 7 of paragraph 1 and Article 71, sub-paragraph 2 of paragraph 1 of Act No. 75/1981 and Article 3, paragraph 2 of Act No. 94/1996, on withholding Tax, tax shall not be imposed or withheld on dividends, that are distributed to a shareholder resident in an OECD-country so long as the shareholder satisfies the requirements of Article 12, paragraph 2 (b) (i) and 2 (b) (ii) of the Convention of the United States of America and the Government of the Republic of Iceland, No. 22/1975, published in the Government Gazette.

(c) Fixed assets relating to the erection of the Smelter shall be assumed to consist of buildings and machinery and equipment in fixed proportions as further described in Annex A to this Agreement. Fixed assets otherwise acquired by the Company for the purposes of preservation or improvement of the Smelter shall be classified according to Articles 32 and 38 of Act No. 75/1981. Depreciation shall be determined as provided for in Section 7.5. of this Agreement.

(d) The Company shall be entitled to deduct from taxable income in any given year the remaining net operating losses from the preceding, eight calendar years as further stipulated in sub-paragraph 7, paragraph 1 of Article 31 of Act No. 75/1981.

(e) The Company shall be entitled to deduct from taxable income in any given year and allocate into a special internal investment account an amount equivalent of up to 4% of the nominal value of shares. Amounts allocated in the investment account used for investment in depreciable assets within six years succeeding the allocation shall be added to the taxable income of the Company in the year of the investment. In the same year the Company shall have the right to accelerate the depreciation of the assets by the same amount used from the investment account.

Amounts in the special investment account that have not been invested or have been offset against operating losses within the mentioned period of time shall be added to taxable

Section 23.2. Notices required or permitted under this Agreement may be waived, in writing, by the Party entitled to receive the same either before or after the date on which notice is required or permitted to be given.

Section 23.3. Notices given as herein provided shall be considered to have been given ten (10) calendar days after the mailing thereof or two business days after dispatch if sent by tele-

þegar um símbréf er að ræða í raun borist staðfesting á tilkynningunni með ábyrgðarbréfi.

24. gr.
Ýmis ákvæði.

24.1 Samningur þessi skal undirritaður og afhentur í þremur eintökum. Sérhvert eintak telst frumrit og jafngilt hinum eintökunum.

24.2 Sérhver aðili skal afhenda hinum aðilunum lögfræðilegar álitsgerðir á því formi sem aðilar komast að samkomulagi um.

24.3 Ríkisstjórnin hefur tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA um skilmála og skilyrði þátttöku sinnar (þ.m.t. þátttöku ríkissjóðs og hafnarsjóðsins) í verkefninu á grundvelli verkefnasamninganna. Samhliða undirritun samnings þessa skal ríkisstjórnin afhenda félaginu og Columbia staðfestingu á slíkri tilkynningu og síðan tafarlaust upplýsa hina aðilana um niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA varðandi tikynninguna.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hefur samningur þessi verið undirritaður fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, Columbia og félagsins þann dag er í upphafi greinir, í þremur eintökum.

Fyrir hönd Ríkisstjórnar Íslands
Finnur Ingólfsson
iðnaðarráðherra

Fyrir hönd Norðuráls hf.
Kenneth D. Peterson Jr.
stjórnarformaður

Fyrir hönd Columbia Ventures Corporation
Richard A. Roman
forstjóri

fax, provided that in the case of telefax the confirmation by registered mail is actually received thereafter.

Article 24
Miscellaneous Provisions.

Section 24.1. This Agreement shall be signed and delivered by the Parties in three copies. Each such copy shall constitute an authentic original of equal validity with each of the other copies.

Section 24.2. Each Party shall deliver to the other Party legal opinions in the form the Parties mutually agree on.

Section 24.3. The Government has notified the EFTA Surveillance Authority of the terms and conditions of its involvement (including the involvement of the Treasury and the Harbour Fund) in the Project through the Project Agreements. The Government shall concurrently with the signing of this Agreement provide a copy of such notification to the Company and Columbia and shall promptly inform the other Parties of the decision of the EFTA Surveillance Authority concerning its notification.

IN WITNESS WHEREOF, this Agreement has been signed on behalf of the Government, Columbia and the Company as of the date first above written, in three copies.

For the Government of Iceland:
By Finnur Ingólfsson
Minister of Industry

For Norðurál hf.:
By Kenneth D. Peterson Jr.
Chairman of the Board

For Columbia Ventures Cororation:
By Richard A. Roman
Senior Vice President and
Chief Financial Officier

VIÐAUKI A

Sundurliðun á varanlegum rekstrarfjármunum og fyrningartafla

1. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem Columbia Ventures Corporation (Nordic Aluminium Corporation) hefur eignast í tengslum við byggingu álbræðslunnar skulu teljast byggingar og vélar og búnaður.

   Aðilar að fjárfestingarsamningnum hafa komið sér saman um eftirfarandi föstu hlutföll fyrir sérhvern flokk varanlegra rekstrarfjármuna til nota sem fyrningargrunn við álagningu skatta:

Byggingar	21%	af heildarbyggingarkostnaði
Vélar	7%	af heildarbyggingarkostnaði
Búnaður	72%	af heildarbyggingarkostnaði

2. Innan sérhvers flokks framangreindra varanlegra rekstrarfjármuna skulu eftirfarandi fyrningarhlutföll gilda samkvæmt 38. gr. laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum:

Varanlegir rekstrarfjármunir	Hlutfall af byggingarkostnaði	Fyrningarhlutfall Lágmark	Hámark	Skv. 1. mgr. 38. gr. laga, lið nr.:
Byggingar				
Stjórnar- og starfsmannaaðstaða	3%	1%	3%	5.a
Aðstaða eiganda	1%	7,5%	10%	5.d
Aðrar byggingar	17%	3%	6%	5.b
Vélar				
Vélbúnaður	1%	5%	15%	3
Rafmagnsbúnaður	6%	10%	20%	4.b
Búnaður				
Ökutæki	2%	10%	20%	4.b
Annar búnaður	70%	5%	15%	3

ANNEX A

Breakdown of Smelter fixed assets and depreciation schedule.

1. Fixed assets acquired by Norðurál hf. relating to the erection of the Smelter will consist of buildings and machinery and equipment.

   As a base for depreciation for tax purposes the parties of the Investment Agreement have agreed upon the following fixed proportions for each category of fixed assets:

Buildings	21 %	of total construction costs
Machinery ...	7 %	of total construction costs
Equipment ...	72 %	of total construction costs

2. Within each category of the above mentioned fixed assets the following depreciation rates will apply according to Article 38 of Act. No. 75/1981 as amended:

Fixed assets	Percentage of constr. costs	Depreciation rates Min.	Max.	Acc. to Art. 38 paragraph 1 subparagraph No:
Buildings				
Administration and Personell facilities	3%	1%	3%	5.a
Owners camp	1%	7,5%	10%	5.d
Other buildings	17%	3%	6%	5.b
Machinery				
Mechanical installation	1%	5%	15%	3
Electrical installation	6%	10%	20%	4.b
Equipment				
Mobile equipment	2%	10%	20%	4.b
Other equipment	70%	5%	15%	3

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur er taki gildi 1. nóvember 1997.

Frá og með 1. nóvember 1997 verður gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 555 18. október 1996 sem hér segir:

		kr.
1.	Notendagjöld:	
	Orkugjald	31,27 pr. m^3
	Mælagjald	11,23 pr. dag
	Lokunargjald	2.148
2.	Tengigjöld:	
	Lágmarksgjald miðað við 400 m^3	111.570
	Gjald fyrir hús umfram 400 m^3	140

Iðnaðarráðuneytinu, 17. október 1997.

F. h. r.
Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

20. október 1997 Nr. 598

GJALDSKRÁ

Póst- og fjarskiptastofnunar.

Virðisaukaskattur er ekki innifalinn í upphæðunum.

1. gr.

Leyfisbréf fyrir radíótæki.

Greiðist, þegar fjarskiptastöð er tekin í notkun og við hverja breytingu:

		kr.
1.1	Skipa- og flugtíðnir, >100 wött	4.320
1.2	Skipa- og flugtíðnir, < 100 wött	2.160
1.3	Fastastöðvar, land (sértíðnir), >100 wött	9.600
1.4	Fastastöðvar, land (sértíðnir), <100 wött	4.800
1.5	Farstöðvar þ.m.t. hand- og bílastöðvar (sértíðnir)	2.160

Af eftirtöldum radíótækjum sem starfrækja má án leyfisbréfa skal innflytjandi greiða gjald fyrir hverja stöð við innflutning:

1.6	Almenningstalstöðvar A (CB), <10 milliwött útgeislað afl*	480
1.7	Almenningstalstöðvar B (CB), >10 milliwött útgeislað afl*	960
1.8	Fjarstýringar (módel o.fl.), fyrir hvern sendi	960

* samkvæmt ETSI staðli ETS 300 135.

2. gr.

Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radíótæki
(sem háð eru skylduskoðun eða með sértíðnum).

Árleg gjöld fyrir hverja starfsstöð eða tæki (skip, flugvélar, fastastöðvar og farstöðvar).

		kr.
2.1	Skip og flugvélar, >100 wött	8.640
2.2	Skip og flugvélar, <100 wött	6.480
2.2.1	Þrátt fyrir ákvæði 2.2 skal starfrækslugjald á hverju almanaksári fyrir smábáta vegna metrabylgjurása vera kr. 2.000. Til smábáta teljast opnir vélbátar 6 m og lengri og fiskiskip með þilfari allt að 15 m að lengd enda hafi þessi skip eingöngu metrabylgjutalstöðvar en ekki millibylgju- og/eða stuttbylgjutalstöðvar um borð og sigla á hafsvæði A1 sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 295/1994 um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa.	
2.3	Aukaskoðun skipa og flugvéla óháð sendiafli	4.800
2.4	Fastastöðvar í landi með sértíðnum	4.320
2.5	Talstöðvar í landi, skipa- og flugvélatíðnir	2.400
2.6	Farstöðvar með landtíðnum (sértíðnir):	
2.6.1	Tveggja tíðni rás (ir)	3.240
2.6.2	Einnar tíðni rás (ir)	2.160
2.6.3	Sítónn á einnar tíðni rás	1.080
2.7	Skammtímaleyfi fyrir talstöðvum, hámark 6 mánuðir	2.400

Aðilar með neyðar- og hjálpartíðnir, sem falla undir 2.6 skulu greiða 25% viðkomandi gjalda.

3. gr.

Leyfisbréf og skírteini fyrir notendur.

		kr.
3.1	Leyfisbréf radíóáhugamanna	2.400
3.2	Leyfisbréf radíóáhugamanna fyrir nýliða (gildir í 2 ár)	1.600
3.3	Bráðabirgðaleyfi erlendra radíóáhugamanna	1.600
3.4	Aukaskoðun hjá radíóáhugamönnum	2.400
3.5	Skírteini loftskeytamanna, gildir í 5 ár	2.400
3.6	Skírteini talstöðvarvarðar, gildir í 5 ár	2.400
3.7	Rannsóknarleyfi	26.400

4. gr.

Fastasambönd.

Árleg gjöld fyrir hvert samband.

		kr.
4.1	Sambönd með 1-9 talrásum	15.000
4.2	Sambönd með 10-29 talrásum	22.000
4.3	Sambönd með 30-119 talrásum	30.000
4.4	Sambönd með 120-299 talrásum	36.000
4.5	Sambönd með 300-599 talrásum	43.000
4.6	Sambönd með 600-999 talrásum	50.000
4.7	Sambönd með yfir 1000 talrásum	58.000
4.8	Sambönd með einni sjónvarpsrás	36.000

Hver 2 Mb/s í stafrænum samböndum reiknast sem 30 talrásir.

5. gr.
Sendar í almennum fjarskiptanetum.

Árleg gjöld.

		kr.
5.1	Fyrir talrás í sendi í farsímakerfi	3.300
5.2	Fyrir hvern sendi í almennu boðkerfi	13.000

6. gr.
Útvarpssendar.

Árleg gjöld.

	Sendar sem ná til 25 þúsund íbúa eða fleiri:	kr.
6.1	Sjónvarpssendar, >900 wött	242.000
6.2	Sjónvarpssendar, 90-900 wött	162.000
6.3	Sjónvarpssendar,<90 wött	106.000
6.4	Hljóðvarpssendar, >900 wött	62.000
6.5	Hljóðvarpssendar, 90-900 wött	41.000
6.6	Hljóðvarpssendar, <90 wött	27.000
	Sendar sem ná til færri en 25 þúsund íbúa:	kr.
6.7	Sjónvarpssendar, >900 wött	51.000
6.8	Sjónvarpssendar, 90-900 wött	34.000
6.9	Sjónvarpssendar, <90 wött	20.000
6.10	Hljóðvarpssendar, >900 wött	10.200
6.11	Hljóðvarpssendar, 90-900 wött	7.700
6.12	Hljóðvarpssendar, <90 wött	6.000
6.13	Skammtímaleyfi fyrir hljóðvarpssendi, hámark 4 vikur	5.800

Ofangreind gjöld gilda einnig fyrir útvarpssenda á örbylgjutíðnum 2,5-2,7 Ghz.

7. gr.
Gerðarsamþykki radíótækja.

Búnaði er skipt í 4 flokka, A, B, C og D, sjá 1. viðauka.

		kr.
7.1	Gerðarsamþykki A, án mælinga	14.400
7.2	Gerðarsamþykki B, án mælinga	19.200
7.3	Gerðarsamþykki C, án mælinga	24.000
7.4	Gerðarsamþykki D, án mælinga	36.000
7.5	Gerðarprófun og samþykki A	26.400
7.6	Gerðarprófun og samþykki B	43.200
7.7	Gerðarprófun og samþykki C	52.800
7.8	Gerðarprófun og samþykki D	57.600
7.9	Tækjasamþykki fyrir einstaklinga A	1.200
7.10	Tækjasamþykki fyrir einstaklinga B	4.800
7.11	Tækjasamþykki fyrir einstaklinga C	7.200
7.12	Tækjasamþykki fyrir einstaklinga D	9.600

8. gr.
Gerðarsamþykki línutengdra tækja.

Búnaði er skipt í 4 flokka, A, B, C og D, sjá 1. viðauka.

	kr.
8.1 Gerðarsamþykki A, án mælinga	12.000
8.2 Gerðarsamþykki B, án mælinga	16.800
8.3 Gerðarsamþykki C, án mælinga	21.600
8.4 Gerðarsamþykki D, án mælinga	31.200
8.5 Gerðarprófun og samþykki A	21.600
8.6 Gerðarprófun og samþykki B	31.200
8.7 Gerðarprófun og samþykki C	38.400
8.8 Gerðarprófun og samþykki D	55.200
8.9 Tækjasamþykki fyrir einstaklinga A	1.200
8.10 Tækjasamþykki fyrir einstaklinga B	4.800
8.11 Afsal gerðarsamþykkis til nýs handhafa	5.000

Sama gjald skal að jafnaði gilda hvort sem niðurstaða prófunar er jákvæð eða neikvæð, þ.e. hvort sem gerðarsamþykki er veitt eða ekki. Þó er heimilt að veita allt að 50% afslátt frá gjöldum skv 7. og 8. gr., ef niðurstaða er neikvæð og raunveruleg útlögð vinna réttlætir slíkan afslátt.

Ef sótt er um gerðarsamþykki fyrir tæki sem þegar hefur verið samþykkt, skulu síðari umsækjendur ávallt greiða gjald eins og um gerðarsamþykki án prófunar sé að ræða. Ef slíkri umsókn fylgir yfirlýsing frá handhafa gerðarsamþykkis um að hann afsali gerðarsamþykkinu til nýs aðila og óskar eftir að vera tekinn af skrá yfir handhafa gerðarsamþykkis, skal greiða fast gjald skv. 8.11.

9. gr.

Ýmislegt.

9.1 Mælitækjaleiga	kr/klst.	3.300
9.2 Tímavinna (t.d. mælingar í verktöku)	kr/klst.	2.400
9.3 Innsiglisgjald	kr.	4.800

10. gr.

Almenn ákvæði.

1. Innflutningur og sala fjarskiptatækja er háð samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar. Innflytjendur og innlendir framleiðendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum.

2. Hver sá sem óskar að starfrækja radíótæki á landi, sjó eða í lofti innan íslensks lögsagnarumdæmis skal senda Póst- og fjarskiptastofnun skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt er það gert með leyfisbréfi þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o.fl. Fyrir hvert leyfi komi ákveðið gjald samkvæmt gjaldskrá þessari. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

3. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með notkun radíótækja. Talstöðvar í flugvélum, skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðanaskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.

4. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t.d. við skoðun gúmbjörgunarbáta og þ.u.l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radíótækis aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálft eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

5. Þeim sem leyfi fá fyrir sendistöð ber að sjá um að enginn starfræki hana nema sá sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og fjarskiptastofnun er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar. Stöðin er þó alltaf undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
6. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, íslenskum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu getur Póst- og fjarskiptastofnun afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar og látið innsigla hana eða taka í opinbera vörslu skv. nánari ákvörðun ráðherra.
7. Gjalddagi er 15 dögum eftir útsendingu reiknings. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Falli gjöld í eindaga ber að greiða dráttarvexti af skuldinni frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.
8. Hafi áfallin gjöld fyrir skoðun radíótækja ekki verið greidd á eindaga er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að að láta innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig að nota megi stöðina í neyðartilfelli.
9. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglisgjald áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsiglunar greiðir leyfishafi.
10. Leyfi til starfrækslu radíóstöðva má segja upp með minnst mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og fjarskiptastofnunar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.
11. Öll gjöld til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna starfrækslu radíótækja sem ekki eru greidd á tilsettum tíma eru lögtakskræf samkvæmt 1. gr. laga um aðför nr. 90 frá 1. júní 1989.

11. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 143/1996 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 20. október 1997.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

1. VIÐAUKI.
Flokkaskipting við gerðarprófun og útgáfu gerðarsamþykkis (sbr. 7. og 8. gr.).

7. gr. Radíótæki.
A Leikföng, bílskúrshurðaopnarar, gervihnattaviðtæki, húslínukallkerfi, lágaflstæki, fjarstýringar og boðviðtæki.
B Talstöðvar í bíla og flugvélar, almenningstalstöðvar (CB), kallkerfi, öryggisbúnaður og 9 Ghz radarsvarar.
C NMT farstöðvar, móðurstöðvar, þráðlausir símar (CT 1).
D SSB talstöðvar, sjónvarps- og hljóðvarpssendar.

8. gr. Línutengd tæki.
A Símtæki, mótöld, heimilissímstöðvar, símsvarar, faxrofar og faxtæki án valbúnaðar.
B Símkerfi, faxtæki með valbúnaði, viðvörunarkerfi og sjálfsalar.
C Einkasímstöðvar (PABX).
D

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 1. nóvember 1997 til og með 31. desember 1997, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu, sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30N, 21°39V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30N, 21°39V í punkt 63°40N, 22°32V. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°40N, 22°32V réttvísandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 1. nóvember 1997 til og með 31. janúar 1998, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42V og að norðan af 64°20N.

Frá og með 1. febrúar 1998 til og með 30. apríl 1998, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vestan markast svæðið af 23°42V og að norðan af 64°20N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. október 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 600 17. október 1997

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 473/1989 um boðtæki fyrir hið almenna boðkerfi Póst- og símamálastofnunar.

1. gr.

Reglugerð nr. 473/1989 um boðtæki fyrir hið almenna boðkerfi Póst- og símamálastofnunar, er hér með úr gildi felld.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 143/1996 öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 17. október 1997.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um löndun á bræðslufiski erlendis.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til löndunar á bræðslufiski í fiskimjölsverksmiðjur erlendis.

Einungis er heimilt að landa afla í fiskimjölsverksmiðjur erlendis, þar sem vigtunaraðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu.

2. gr.

Skiptstjóri skal strax og haldið er til erlendrar hafnar, tilkynna Fiskistofu um áætlaðan afla um borð í skipinu, löndunarstað og áætlaðan komutíma. Jafnframt skal Landhelgisgæslunni á sama tíma tilkynnt um áætlaðan afla um borð. Verði breyting á löndunarstað, eða áætluðum komutíma, skal það tilkynnt Fiskistofu þegar í stað.

Fiskistofu er heimilt að senda eftirlitsmann til þess að fylgjast með löndun á bræðslufiski hjá erlendum fiskimjölsverksmiðjum telji hún ástæðu til þess.

3. gr.

Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Telji Fiskistofa upplýsingar um aflamagn ekki fullnægjandi eða ótrúverðugar, svo sem ef landaður afli er umtalsvert minni en áætlun, sbr. 2. gr., vigtarnótur eru óglöggar eða aðrar upplýsingar misvísandi, skal við það miðað við útreikning afla skipsins að það hafi landað fullfermi, miðað við staðreynda burðargetu þess á þeirri vertíð.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. október 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

20. október 1997 Nr. 602

REGLUGERÐ

um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

1. gr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna skal auglýsa með tryggilegum hætti eftir umsóknum um námslán. Í auglýsingu skal taka fram um hvaða lán sé að ræða, hvar umsóknareyðublöð og önnur umsóknargögn séu fáanleg, hvenær umsóknarfrestur renni út, sem og annað sem máli skiptir.

Eyðublöð fyrir umsóknir og fylgiskjöl þeirra, svo og upplýsingar um námsaðstoð sjóðsins, skulu jafnan vera fáanleg í íslenskum skólum þar sem lánshæft nám fer fram, sem og í sendiráðum Íslands erlendis.

2. gr.

Sækja skal sérstaklega um námslán fyrir hvert námsár, sem miðast yfirleitt við 1. júní ár hvert. Umsóknir um námslán skulu vera á eyðublöðum sjóðsins og skal þeim skilað til hans eða þau póstlögð áður en umsóknarfresti lýkur, ásamt tilskildum fylgiskjölum. Ekki er veitt lán fyrir framfærslu vegna þess tíma sem liðinn er þegar útfylltri umsókn er skilað. Verði breytingar á högum umsækjanda eftir að umsókn var lögð fram, ber honum þegar í stað að skýra sjóðnum frá þeim ef ætla má að þær hafi áhrif á ákvörðun um námslán. Lán skal fellt niður og innheimt með vöxtum og kostnaði ef í ljós kemur að umsækjandi hefur vísvitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar.

3. gr.

Námsmenn í grunnháskólanámi eða sérnámi eiga rétt á almennum námslánum í samtals fimm ár að hámarki, sbr. nánari ákvæði í úthlutunarreglum sjóðsins. Leggi námsmaður stund á framhaldsháskólanám að loknu grunnháskólaprófi er heimilt að veita honum lán í allt að 10 ár samtals.

Sjóðurinn lánar hvorki til undirbúningsnáms né náms að loknu doktorsprófi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að setja reglur um hámark lána, t.d. vegna skólagjalda og að miða upphæð lána við námsárangur lánþega á hverri önn, misseri eða skólaári.

5. gr.

Námsmenn, sem fá lán úr sjóðnum, undirrita skuldabréf til viðurkenningar á teknum lánum. Á skuldabréfi, sem gefið verður út skv. ákvæðum þessarar reglugerðar, skal ekki tilfærð upphæð fyrr en að námi loknu. Námsmenn skulu leggja fram viðurkenningu eins til tíu manna sem taka að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu á höfuðstól lánsins ásamt verðtryggingu, vöxtum, dráttarvöxtum og öllum kostnaði vegna þess og rita nöfn sín á skuldabréfið því til staðfestingar eða á þar til gerða yfirlýsingu í viðurvist votta. Hver ábyrgðarmaður getur takmarkað ábyrgð sína við ákveðna fjárhæð. Miða skal við að samtala sjálfskuldarábyrgða sé sem næst þeirri upphæð sem námsmaður hyggst taka að láni til þess að ljúka námi sínu.

6. gr.

Námslán skulu bera auk verðtryggingar 1% ársvexti, sem leggjast á verðtryggðan höfuðstól og reiknast frá námslokum.

7. gr.

Innheimta skal í hvert sinn sem námslán er greitt út 1,2% lántökugjald af lánsfjárhæðinni. Lántökugjaldið rennur til þess að standa straum af rekstri sjóðsins og einnig til þess að mæta afföllum af útistandandi námslánum að svo miklu leyti sem það hrekkur til.

8. gr.

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar föst árgreiðsla og er gjalddagi hennar að jafnaði 1. mars ár hvert. Ef námslok eru á fyrri hluta árs, þ.e. 1. janúar til 30. júní, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslunnar 30. júní tveimur árum eftir námslok. Séu námslok á síðari hluta árs, þ.e. 1. júlí til 31. desember, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslunnar 1. mars á þriðja ári frá námslokum. Seinni árgreiðslan er í öllum tilvikum 1. september.

9. gr.

Nú gefur útsvarsstofn vegna tekna á fyrra ári ekki rétta mynd af fjárhag lánþega á endurgreiðsluári, vegna skyndilegra og verulegra breytinga sem hafa orðið á högum hans milli ára, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Ef lánþegi gerir skriflega grein fyrir þessum breyttu högum sínum og styður hana tilskildum gögnum, er sjóðstjórn heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu, ýmist til lækkunar eða niðurfellingar á greiðslum, eftir atvikum.

10. gr.

Námsmaður sem hefur haft svo lágar tekjur á fyrra ári að honum reiknast ekki viðbótargreiðsla og fjárhagur hans hefur ekki batnað á endurgreiðsluárinu, getur sótt um undanþágu frá fastri ársgreiðslu ef lánshæft nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda þessum örðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans. Skal hann þá leggja fyrir sjóðstjórn upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og annað það sem stjórnin telur máli skipta. Stjórninni er þá heimilt að veita undanþágu að hluta eða öllu leyti eftir atvikum. Sjóðstjórn setur nánari almennar reglur um framkvæmd þessa heimildarákvæðis.

11. gr.

Nú fær lánþegi ofgreitt lán skv. reglum sjóðsins vegna rangra upplýsinga eða af öðrum ástæðum og er þá sjóðstjórn heimilt að innheimta ofgreidda upphæð með venjulegum vöxtum banka eða sparisjóðs frá þeim degi sem greiðslan fór fram.

12. gr.

Almennar upplýsingar, sem tengjast ekki einstökum lánþegum eða umsækjendum, eru öllum opnar eftir því sem tök eru á að afla þeirra hverju sinni. Aðrar upplýsingar sem sjóðurinn býr yfir teljast einstaklingsbundnar og eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál sem eru eingöngu aðgengileg starfsfólki sjóðsins og stjórn, svo og námsmanni sjálfum og umboðsmanni hans, að því er hann sjálfan varðar. Skal stjórn og starfsfólki á hverjum tíma kynnt hvað í þessu felst. Námsmaður fellst með umsókn sinni á ofangreinda meðferð upplýsinga er hann varða. Að öðru leyti er farið með upplýsingar sem sjóðurinn býr yfir í samræmi við lög nr. 211/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 16. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sbr. lög nr. 67/1997, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 210/1993, með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytinu, 20. október 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 673/1996, sbr. reglugerð nr. 313/1997, um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.

1. gr.

4. tl. 4. gr. orðist svo:	Kr.
Staðfest afrit af skjölum skv. 2. og 3. tl., m.a. forgangsréttarskjöl	2.500

2. gr.

14. gr. orðist svo:

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 17/1991, 63. og 65. gr. laga nr. 45/1997 og 30. gr. laga nr. 48/1993.....	80.000

Áfrýjunargjald greiðist iðnaðarráðuneyti við afhendingu bréfs um áfrýjun.

3. gr.

Stafliður c) í 16. gr. orðist svo:

Sérrit 1994-1996, hvert eintak	2.500

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi með síðari breytingum, 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og 40. gr. laga nr. 48/1993 um hönnunarvernd, og öðlast gildi 1. janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. október 1997.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Nr. 604 28. október 1997

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Selfossveitna bs. til að taka gildi 1. nóvember 1997.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. nr. 583 13. október 1997:

Orkugjald taxta A1 verður	6,48 kr/kWh
Fastagjald taxta A1 verður	2.831,00 kr/ár
Orkugjald taxta A2 verður	6,48 kr/kWh
Orkugjald taxta A3 verður	6,48 kr/kWh
Aflgjald taxta B1 verður	10.049,00 kr/kW/ár

Iðnaðarráðuneytinu, 28. október 1997.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Akraneskaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 279/1988, sbr. samþykktir nr. 448/1990, 183/1995 og 653/1995.

1. gr.

1. mgr. 12. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði, 2. og 4. þriðjudag hvers mánaðar og skal fundur hefjast kl. 17:00, nema bæjarráð ákveði annað.

2. gr.

58. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Einn áheyrnarfulltrúi og einn til vara.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Undirkjörstjórnir.* Þrír aðalmenn í hverja undirkjörstjórn og jafnmargir til vara.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar.

1. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994 og reglugerð fyrir Akraneshöfn.
2. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. lögum um almannavarnir nr. 94/1962, sbr. lög nr. 85/1985.
3. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum sérstaklega er varðar nýjar atvinnugreinar. Nefndin skal, eftir því sem tilefni gefast til, gera tillögur til sveitarstjórnar og annarra opinberra aðila um aðgerðir til styrktar eða eflingar atvinnulífi í sveitarfélaginu. Hún annast umsjón markaðs- og ferðamála á Akranesi og gerir tillögur til bæjarstjórnar um þau mál svo og varðandi átaksverkefni og önnur mál sem varða atvinnulíf á Akranesi.
4. *Æskulýðs- og félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið fjallar um framfærslumál, um barnavernd sbr. lög um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, heimilishjálp, þjónustu við aldraða og almenna félagslega þjónustu, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Æskulýðs- og félagsmálaráð fjallar um jafnréttismál sbr. lög nr. 28/1991. Æskulýðs- og félagsmálaráð skal ennfremur fara með verkefni áfengisvarnanefndar. Æskulýðs- og félagsmálaráð skipar þjónustuhóp aldraðra í samráði við hreppsnefndir sunnan Skarðsheiðar og fer þjónustuhópurinn með verkefni öldrunarnefndar sbr. ákvæði laga um málefni aldraðra. Þá fer ráðið með æskulýðsmál, menningamál æskunnar og samskipti við stofnanir bæjarins og æskulýðsfélög.
5. *Bygginga-, skipulags- og umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. byggingarlögum nr. 54/1978 og byggingarreglugerð frá júlí 1992. Bygginganefnd fer einnig með skipulagsmál samkvæmt skipulagslögum og er bæjarstjórn til ráðgjafar um skipulagsmál. Nefndin annast húsafriðunarmál og er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun húsa. Að auki er nefndin bæjarstjórn til ráðuneytis í umferðarmálum og skal gera tillögur um bættar samgöngur innan bæjarins og um aukið öryggi fyrir vegfarendur. Bygginganefnd skal fjalla um ferlimál fatlaðra og stuðla að

bættu aðgengi fatlaðra að byggingum og öðrum mannvirkjum. Þá fer nefndin með umhverfismál á Akranesi. Nefndin er bæjarstjórn einnig til ráðuneytis í umhverfismálum og tekur starfssvið nefndarinnar m.a. til náttúruverndar og varna gegn hvers kyns mengun, sbr. lög nr. 93/1996 um náttúruvernd. Nefndin fer með málefni sem snerta gróðurvernd sbr. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965. Ennfremur skal nefndin annast veitingu viðurkenninga til einstaklinga og fyrirtækja fyrir snyrtilegt umhverfi. Nefndin kalli til ráðuneytis fulltrúa þeirra samtaka sem láta sig umhverfismál varða þegar veittar eru viðurkenningar.

6. *Heilbrigðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
8. *Undirkjörstjórnir.* Þrír aðalmenn í hverja undirkjörstjórn og jafnmargir til vara.
9. *Skólanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, lögum nr. 78/1994 um leikskóla, lögum um tónlistarskóla nr. 75/1985 og samkvæmt erindisbréfi skólanefndar. Nefndin fer einnig með málefni Tónlistarskóla Akraness og skipar tvo fulltrúa í stjórn skólans og tvo til vara.
10. *Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samningi sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi um rekstur skólans, dags. í janúar 1987.
11. *Stjórn sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Stjórnin er skipuð skv. lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
12. *Íþróttanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Íþróttanefnd fjallar um rekstur mannvirkja sem notuð eru til íþrótta. Nefndin annast undirbúning hátíðarhalda á 17. júní og annarra samkoma samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Íþróttanefnd tilnefnir samráðsnefndir við íþróttahreyfinguna eftir því sem um er samið.
13. *Menningarmála- og safnanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vinna að málefnum safna og menningarstofnana á Akranesi. Hún skal stuðla að framgangi hvers kyns menningarstarfsemi í samstarfi við félagasamtök og hópa sem starfa að menningarmálum. Nefndin fer auk þess með eftirfarandi verkefni:

- Stjórn héraðsbókasafns og héraðsskjalasafns Akraness, en héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu skipar einn fulltrúa fyrir hreppa sunnan Skarðsheiðar til að fjalla um málefni héraðsbókasafnsins. Starfað skal skv. lögum nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn og lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands.
  - Stjórn menningarsjóðs skv. skipulagsskrá.
  - Stjórn Byggðasafns Akraness og nærsveita skv. reglugerð um safnið frá 20. mars 1986.
  - Stjórn Bíóhallar skv. skipulagsskrá frá 1986.

14. *Stjórn Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. reglugerð sjóðsins frá 15. janúar 1990.
15. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara.
16. *Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum SSV.
17. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
18. *Hafnarstjórn Grundartangahafnar.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð um Grundartangahöfn nr. 214/1980.
19. *Stjórn dvalarheimilisins Höfða.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. skipulagsskrá frá júní 1974.

20. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 39. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins sbr. lög nr. 58/1995.
21. *Stjórn Akranesveitu.* Fimm aðalmenn og fimm til vara samkvæmt reglugerð um Akranesveitu og samþykktum bæjarstjórnar.
22. *Stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Einn endurskoðandi og einn til vara skv. samningi eignaraðila og samþykktum HAB.
23. *Starfskjaranefnd.* Þrír aðalmenn skv. grein 12.1. kjarasamnings STAK og Akraneskaupstaðar, sem taki til meðferðar ágreiningsmál sem upp kunna að koma varðandi laun og kjör starfsmanna.
24. *Starfsmatsnefnd.* Tveir aðalmenn skv. grein 12.2. í kjarasamningi STAK og Akraneskaupstaðar.
25. *Búfjáreftirlitsmaður.* Tilnefning búfjáreftirlitsmanns skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. október 1997.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

20. október 1997 Nr. 606

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um veitinga- og gististaði nr. 288/1987 með síðari breytingum.

1. gr.

Við 12. gr. bætast eftirfarandi málsgreinar:

Rúm skulu vera a.m.k. 2,00 × 0,9 m fyrir einn, en a.m.k. 2,00 × 1,4 m fyrir tvo. Í rúmi skal, auk sængur og kodda, vera hlífðardýna og rúmteppi sem auðvelt er að þvo.

Borð og lesljós skal vera við hvert rúm. Í herbergi skal vera góð lýsing og þannig frá gluggum gengið að útiloka megi birtu.

Gestir skulu eiga aðgang að síma.

Ákvæði 2.-4. mgr. gilda ekki um gistiskála.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði nr. 67, 28. júní 1985 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 20. október 1997.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu skipulags- og umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 14. október 1997, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

Bílastæði á svæðinu frá Bergstaðastræti 6 (Bergstöðum) að Ingólfsstæti, milli lóðanna Hallveigarstígs 1 annars vegar og Skólavörðustígs 6b, Ingólfsstrætis 7 og 7b hins vegar, verði gjaldskyld.

Settur verði upp miðamælir á svæðinu með tímagjaldinu 40 krónur á klukkustund og án sérstakra takmarkana á leyfilegum hámarksstöðutíma, til samræmis við önnur miðamælastæði á gjaldsvæði 2.

Reykjavík, 16. október 1997.

Borgarstjórinn í Reykjavík,
e.u. Gunnar Eydal.

Nr. 608 22. október 1997

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 9/1997 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust að lokinni álagningu opinberra gjalda á skattaðila gjaldárið 1997.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 1996 og eigna í lok þess árs 22. desember 1997 í stað 1. nóvember 1997.

Reykjavík, 22. október 1997.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 88 – 1997

30. október 1997 1381 Nr. 609

REGLUGERÐ

um öryggislok og áþreifanlega viðvörun.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að umbúðir mjög hættulegra efna og vörutegunda sem í eru slík efni, og ætlaðar eru til dreifingar á almennum markaði, séu með öryggislok sem börn geta ekki opnað og/eða að á þeim sé áþreifanleg viðvörun um hættu, fyrir sjónskerta.

2. gr.

Gildissvið.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til umbúða af öllum stærðum og gerðum sem í eru hættuleg efni eða efnablöndur sem falla undir reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum og skilgreindar eru í 1.- 5. tölul. Sjá þó jafnframt ákvæði 22. gr. reglugerðar nr. 236/1990 og ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 449/1996, um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

1) Efni og vörutegundir flokkaðar sem *„Sterkt eitur“* (Tx), *„Eitur“* (T) eða *„Ætandi“* (C).
2) Efni og vörutegundir flokkaðar sem *„Varúð hættulegt“* (Xn), *„Mjög eldfimt“* (Fx) eða *„Eldfimt“* (F).
3) Efni og vörutegundir flokkaðar sem *„Varúð hættulegt“* (Xn), þegar gerð er krafa um merkinguna: „Varúð hættulegt, getur valdið lungnaskaða við inntöku“ (H 65).
4) Vörutegundir sem í eru 3% eða meira af metanóli, CAS nr.[1] 67-56-1.
5) Vörutegundir sem í eru 1% eða meira af díklórmetani, CAS nr. 75-09-2.

3. gr.

Öryggislok.

Umbúðir hættulegra efna og vörutegunda sem falla undir 1., 3., 4. og 5. tölul. 2. gr. og ætlaðar eru til dreifingar á almennum markaði skulu búnar öryggislokum sem börn geta ekki opnað.

Undanþegin þessu ákvæði eru efni eða vörutegundir sem falla undir 3. tölul. 2. gr. ef þau eru í úðabrúsum eða öðrum úðunarílátum.

Umbúðirnar skulu samræmast ákvæðum í A-hluta viðauka við reglugerð þessa.

[1] CAS nr.: Chemical Abstract Service - Alþjóðlegt númer efna og efnasambanda.

B 96
Gutenberg

4. gr.

Áþreifanleg viðvörun um hættu.

Á umbúðum hættulegra efna og vörutegunda sem falla undir 1. og 2. tölul. 2. gr. skal vera áþreifanleg viðvörun um hættu, fyrir sjónskerta.

Viðvörunin skal vera í samræmi við ákvæði í B-hluta viðauka við reglugerð þessa.

5. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

Leiki vafi á að búnaðurinn sem um getur í 3. og 4. gr. sé í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð þessa, geta eftirlitsaðilar farið þess á leit við þann sem er ábyrgur fyrir dreifingu efnisins eða vörutegundarinnar að hann láti þeim í té allar upplýsingar sem máli skipta, ásamt prófunarvottorði í samræmi við A-hluta viðauka við reglugerð þessa.

6. gr.

Viðurlög.

Um mál er rísa kunna út af brotum á reglum þessum fer að hætti opinberra mála. Um refsingar fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum svo og lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka, XV. kafla, tl. 1, 10 og 12b, tilskipun 90/35/EBE sem skilgreinir í samræmi við 6. gr. tilskipunar 88/379/EBE flokka efnavöru í umbúðum sem skulu búnar lokum þannig að börn geti ekki opnað þær og/eða hafa áþreifanlega viðvörun um hættu, tilskipun 91/410/EBE um fjórtándu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og tilskipun 91/442/EBE um umbúðir hættulegra efna sem skulu vera þannig að börn geti ekki opnað þær, eins og henni var breytt með tilskipun 96/65/EB.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Ákvæði 3. tl. 2. gr. tekur þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 1998.

Umhverfisráðuneytinu, 30. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

VIÐAUKI

A-hluti.

Umbúðir búnar öryggislokum sem börn geta ekki opnað skulu vera í samræmi við ISO-staðal 8317 (útgáfa frá 1. júlí 1989) varðandi „Umbúðir sem eru þannig að börn geti ekki opnað þær - Kröfur og aðferðir við prófun á margnota umbúðum“ sem samþykktur er af Alþjóðastaðlastofnuninni (ISO).

Aðeins rannsóknarstofa sem samræmist evrópsku staðalnúmeri EN 45 000 getur vottað að ofangreindum staðli sé fylgt.

Sérstök tilvik.

Ekki þarf að framkvæma ofangreinda prófun ef augljóst er að umbúðirnar eru þannig að börn geti ekki komist í innihaldið án þess að nota til þess áhald.

Í öðrum tilvikum og þegar gildar ástæður eru til að draga í efa að um barnhelt öryggislok sé að ræða, geta eftirlitsaðilar farið þess á leit við þann sem er ábyrgur fyrir dreifingu efnisins eða vörunnar að hann leggi fram vottorð frá rannsóknarstofu eins og lýst er hér að ofan sem annaðhvort staðfestir:

- að lokið sé þannig að ekki sé nauðsynlegt að prófa það í samræmi við ofangreindan ISO-staðal, eða
- að lokið hafi verið prófað og reynst vera í samræmi við ofangreindan staðal.

B-hluti.

Útfærslan á áþreifanlegri viðvörun um hættu skal samræmast EN staðli 272 (útgáfa frá 20. ágúst 1989) um áþreifanlega viðvörun um hættu.

STJÓRNARTÍÐINDI B 89 – 1997

Nr. 610 1384 4. nóvember 1997

AUGLÝSING

um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og með vísan til þess að komið hefur upp Newcastle-veiki í Svíþjóð, er þar til annað verður ákveðið, bannað að flytja til landsins lifandi fugla, frjóegg og hvers konar afurðir af hænsnfuglum frá Svíþjóð.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 4. nóvember 1997.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Nr. 611 3. nóvember 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 548, 17. október 1995, um þorskfisknet.

1. gr.

Önnur málsgrein 2. gr. orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að leggja þorskfisknet með $5^1/_2$ þumlunga riðli á eftirgreindum svæðum:

a. Fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi suður frá Stokksnesi. Fyrir Vesturlandi markast svæðið af 65°10'N.
b. Á sunnanverðum Vestfjörðum innan línu sem dregin er frá Blakksnesi í Fjallaskagavita.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 5. nóvember 1997. Jafnframt er felld úr

Gutenberg

gildi reglugerð nr. 343, 5. júní 1997, um breytingu á reglugerð nr. 548, 17. október 1995, um þorskfisknet.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. nóvember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 90 – 1997

Nr. 612 1386 5. nóvember 1997

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 534/1997, um bann við loðnuveiðum fyrir Norðurlandi.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 534, 4. september 1997, um bann við loðnuveiðum fyrir Norðurlandi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. nóvember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 613 3. nóvember 1997

REGLUGERÐ

um tryggingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.

1. gr.

Fasteignasala er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans.

Trygging skal nema minnst 5.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers vátryggingarárs skal nema minnst 10.000.000 kr. Tryggingafjárhæðir skulu miðast við neysluvísitölu til verðtryggingar 180,3 og breytast 1. október ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni.

Tryggingin skal taka til starfsemi fasteignasala hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins. Til að fullnægja tryggingaskyldu skal fasteignasali kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða leggja fram samsvarandi ábyrgð, sem gefin er út af viðskiptabanka eða sparisjóði, enda veiti hún sambærilega vernd að mati dómsmálaráðuneytisins.

2. gr.

Trygging skal ná til allra tjónsatvika sem verða á vátryggingartímanum enda hafi skaðabótakrafa verið tilkynnt vátryggingafélagi í síðasta lagi 12 mánuðum eftir lok vátryggingartímans. Sama á við um ábyrgðir sem gefnar eru út af viðskiptabanka eða sparisjóði.

Gutenberg

3. gr.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu tryggingataka í tryggingaskilmálum en slíkt má ekki skerða rétt þriðja manns til bóta úr hendi vátryggingafélags eða viðskiptabanka eða sparisjóðs.

Tilhögun eigin áhættu skal getið í tryggingaskilmálum en þó er heimilt að geta eigin áhættu í skírteini eða iðgjaldskvittun hafi Vátryggingaeftirlitinu áður verið tilkynnt um slíka ákvörðun.

4. gr.

Falli vátrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingafélag, viðskiptabanki eða sparisjóður tilkynna það tryggingartaka og dómsmálaráðuneytinu þegar í stað. Vátryggingartíma eða bankaábyrgðartíma telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að vátryggingafélagið, viðskiptabankinn eða sparisjóðurinn tilkynnti tryggingartaka og ráðuneytinu um tryggingarslit. Að þeim tíma liðnum telst löggilding fasteignasalans fallin úr gildi nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið sett, enda hafi fasteignasala verið gefinn kostur á að tjá sig um niðurfellingu löggildingarinnar.

Vátryggingafélögum, viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af stórkostlegu gáleysi.

5. gr.

Þar sem tveir eða fleiri fasteignasalar starfa saman og reka fasteignasölu undir sama firmanafni og bera óskipta bótaábyrgð á störfum hvors/hvers annars geta þeir fullnægt tryggingaskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega tryggingu enda komi nöfn þeirra beggja/allra fram í tryggingarskjölum og á skjölum og í auglýsingum fasteignasölunnar. Skal þá lágmarksfjárhæð hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern fasteignasala umfram einn.

6. gr.

Ef fasteignasali hefur með höndum lögmannsstörf samhliða fasteignasölu, og hefur ábyrgðartryggingu sem slíkur, má telja hann hafa með því fullnægt tryggingaskyldu sinni ef lágmarksfjárhæð þeirrar tryggingar er jafn há eða hærri en tryggingar skv. reglugerð þessari og viðkomandi vátryggingafélag hafi staðfest að umrædd trygging taki jafnt til lögmannsstarfa og fasteignasölustarfsemi.

7. gr.

Allir tryggingarskilmálar sem reglugerð þessi tekur til skulu látnir dómsmálaráðuneyti og Vátryggingaeftirliti í té áður en þeir eru boðnir fasteignasölum.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. og 17. grein laga nr. 54/1997 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni nr. 520/1987, sbr. reglugerð nr. 161/1994.

Ákvæði til bráðbirgða.

Trygging sem fasteignasali hefur í gildi við gildistöku reglugerðar þessarar má halda gildi sínu út umsamið tryggingartímabil. Þegar ný trygging er tekin samkvæmt reglugerð þessari skal fasteignasali afhenda dómsmálaráðuneytinu skilríki því til staðfestingar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. nóvember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Sigrún Jóhannesdóttir.

Stjórnartíðindi B 90, nr. 612–613. Útgáfudagur 6. nóvember 1997.

STJÓRNARTÍÐINDI B 91 – 1997

Nr. 614 1388 22. október 1997

REGLUR

um ársreikninga lífeyrissjóða.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar gilda um lífeyrissjóði sem starfa samkvæmt sérstökum lögum og lífeyrissjóði sem veita viðtöku eða hafa veitt viðtöku iðgjaldi á grundvelli laga nr. 55/1980.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

2. gr.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Einnig skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi myndar eina heild. Ársreikningur skal hafa að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar.

3. gr.

Ársreikningur skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og gefa glögga mynd af breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris á reikningsárinu og efnahag í lok þess. Nægi ákvæði laga eða góð reikningsskilavenja ekki til að gefa glögga mynd af breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og efnahag skal veita frekari upplýsingar í skýringum.

Ársreikningur skal settur upp með hliðstæðum hætti frá ári til árs nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars. Breytingar skulu tilgreindar og rökstuddar í skýringum.

4. gr.

Ársreikningurinn skal gerður í því formi sem fyrir er mælt í viðauka I, sem er hluti af þessum reglum, og skal heiti liða og röð þeirra vera eins og þar segir.

Sameina má liði er nema óverulegum fjárhæðum öðrum liðum.

Frekari greiningu má gera undir einstökum liðum sé það nauðsynlegt til að gera reikningsskilin gleggri og að því tilskildu að heiti tilgreindra liða sé ekki breytt né röð þeirra.

Fjárstreymisyfirlit skal gert sem sjóðstreymi, en í því skal m.a. gerð grein fyrir inngreiðslum og útgreiðslum, ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri breytingu á handbæru fé. Í viðauka II er gerð grein fyrir skilgreiningum hugtaka í sjóðstreymisyfirliti.

5. gr.

Ríki þar sem krefjast má staðgreiðsluskatta.

1. Þegar aðili heimilisfastur í einu samningsríkjanna þiggur laun fyrir starf, sem innt er af hendi í öðru samningsríki, og heimilisfestisríkið telur að starfið, í eitt eða fleiri skipti, muni á tólf mánaða tímabili samtals ekki vara lengur en 183 daga og launin eru greidd af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem heimilisfastur er í síðarnefnda ríkinu, skal staðgreiðsluskattur greiðast til heimilisfestisríkis. Skattyfirvöld í atvinnuríki skulu í því tilviki ekki krefjast staðgreiðsluskatts ef sýnt er með skriflegri tilkynningu frá skattyfirvöldum í heimilisfestisríki að frádráttur vegna staðgreiðsluskatts eigi sér þar stað. Ef atvinnuríkið viðurkennir álit heimilisfestisríkis samkvæmt fyrsta málslið getur atvinnuríkið látið hjá líða að krefjast staðgreiðsluskatts, þó svo að tilkynning samkvæmt öðrum málslið hafi ekki verið send. Ef frádráttur vegna staðgreiðsluskatts á sér ekki lengur stað í heimilisfestisríki, skulu skattyfirvöld þar upplýsa skattyfirvöld í atvinnuríki um það strax og þau fá vitneskju þar um.
2. Ákvæðum 1. mgr. skal ekki beitt ef skattyfirvöld í heimilisfestisríki telja að launagreiðslur eigi með réttu að gjaldfærast hjá fastri atvinnustöð eða fastri starfsstöð í atvinnuríki. Sé frádrætti staðgreiðsluskatts hætt vegna þessa í heimilisfestisríki, skulu skattyfirvöld þar strax tilkynna það til skattyfirvalda í atvinnuríki.
3. Komi fram í upplýsingum frá vinnuveitanda eða á annan hátt, að ekki séu lengur forsendur fyrir frádrætti vegna skatts í heimilisfestisríki samkvæmt 1. mgr. eða að slíkur frádráttur eigi sér ekki stað, getur atvinnuríkið krafist staðgreiðsluskatts. Áður en slíkur frádráttur er gerður skulu skattyfirvöld í atvinnuríki tilkynna skattyfirvöldum í heimilisfestisríki um breyttar aðstæður og að slíks skatts verði krafist í atvinnuríkinu.

4. gr.

Kröfur um staðgreiðsluskatt í atvinnuríki.

1. Þegar laun skulu skattlögð í atvinnuríki samkvæmt ákvæðum 7. mgr. 21. greinar tvísköttunarsamningsins frá 1996 eða samsvarandi ákvæðum í öðrum tvísköttunarsamningi samkvæmt 1. grein, getur það ríki krafist staðgreiðsluskatts. Hið sama gildir þegar laun sem getið er um í 1. mgr. 3. greinar eru greidd af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem hvorki er heimilisfastur í atvinnuríkinu né í heimilisfestisríki launþega.
2. Telji skattyfirvöld í atvinnuríki að staðgreiðsluskattur greiðist eða muni greiðast í atvinnuríkinu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skulu þau yfirvöld tilkynna skattyfirvöldum í heimilisfestisríki launþega að svo sé. Þegar síðarnefnd skattyfirvöld hafa fengið slíka tilkynningu skal staðgreiðsluskatts ekki lengur krafist í heimilisfestisríki launþega.

5. gr.

Útleiga á vinnuafli.

1. Telji skattyfirvöld í atvinnuríki að um útleigu á vinnuafli sé að ræða getur það haldið eftir staðgreiðsluskatti þar. Launþegi, samkvæmt 1. mgr. 3. greinar, telst leigður út ef einhver aðili (útleigjandi) ráðstafar honum til vinnu í starfsemi annars aðila (verkkaupa) í atvinnuríkinu, svo fremi sem verkkaupi er heimilisfastur eða hefur fasta atvinnustöð í atvinnuríkinu og útleigjandi er hvorki ábyrgur fyrir né ber áhættu af árangri vinnunnar.
2. Við ákvörðun á því, hvort launþegi skuli talinn leigður út, skal gert heildarmat og sérstaklega höfð hliðsjón af því hvort:
   a) heildarverkstjórn sé í höndum verkkaupanda;
   b) vinna sé innt af hendi á vinnustað, sem verkkaupandi hefur til umráða og ber ábyrgð á;
   c) greiðsla til útleigjanda reiknast út eftir nýttum starfstíma eða út frá öðrum tengslum milli greiðslunnar og þeirra launa sem launþeginn fær;

d) verkkaupandi leggi til megnið af verkfærum og efni; og
e) útleigjandi ákveði ekki einhliða fjölda launþega og hvaða hæfniskröfur skulu gerðar til þeirra.

3. Skattyfirvöld í atvinnuríki skulu tilkynna skattyfirvöldum í heimilisfestisríki um að staðgreiðsluskattur greiðist í atvinnuríki. Hafi slík tilkynning borist skal heimilisfestisríki ekki krefjast staðgreiðsluskatts af launanum.

6. gr.

Gagnkvæmt samkomulag vegna ágreinings um innheimtu staðgreiðsluskatts.

1. Ef skattyfirvöld samningsríkis, sem samkvæmt undanfarandi ákvæðum eiga að láta hjá líða að krefjast staðgreiðsluskatts, samþykkja ekki ákvörðun skattyfirvalda annars samningsríkis skal málið leyst með gagnkvæmu samkomulagi milli bærra stjórnvalda þessara samningsríkja.
2. Komist bær stjórnvöld ekki að samkomulagi um annað skal, þar til málið leysist, ekki krafist skatts í:
   a) atvinnuríki, ef málið skal leyst samkvæmt ákvæðum 3. greinar;
   b) heimilisfestisríki, ef málið skal leyst samkvæmt ákvæðum 4. eða 5. greinar.

7. gr.

Landamærafarar.

Ef tvísköttunarsamningurinn eða sérstakt samkomulag milli samningsríkjanna inniheldur ákvæði um skattlagningu tekna sem svonefndir landamærafarar með heimilisfesti í einu samningsríki þiggja fyrir persónulegt starf sem innt er af hendi í öðru samningsríki, skal ákvæðum 3.-6. greinar ekki beitt hvað varðar slíkar tekjur.

III. YFIRFÆRSLA Á TEKJUSKATTI

8. gr.

Almennt um yfirfærslu skatta.

Hafi skattur vegna vinnulauna, eftirlauna eða tekna af sjálfstæðri starfsemi verið greiddur í samningsríki má, samkvæmt beiðni bærs stjórnvalds í öðru samningsríki, yfirfæra þennan greidda skatt til síðarnefnda ríkisins og bókfæra hann þar á skattskyldan aðila sem skatt af slíkum tekjum.

9. gr.

Beiðni um yfirfærslu skatta vegna vinnulauna eða eftirlauna á staðgreiðslustigi.

1. Hafi staðgreiðsluskattur verið greiddur vegna vinnulauna eða eftirlauna í öðru samningsríki en því, sem samkvæmt tvísköttunarsamningnum á rétt á endanlegri álagningu, skal eftir beiðni síðarnefnda ríkisins yfirfæra skattinn til þess ríkis.
2. Beiðni samkvæmt 1. mgr. skal hafa borist bæru stjórnvaldi, í Danmörku og Færeyjum í síðasta lagi 1. febrúar, í Noregi í síðasta lagi 1. apríl, í Finnlandi, Íslandi og Svíþjóð í síðasta lagi 31. maí árið eftir tekjuárið.
3. Ekki skal yfirfæra hærri fjárhæð en þá sem með tilliti til tekna skattskylds aðila hefði átt að greiða sem staðgreiðslu vinnulauna og eftirlauna samkvæmt löggjöf umsóknarríkisins. Ekki skal heldur yfirfæra hærri fjárhæð en greidd hefur verið sem staðgreiðsluskattur vinnulauna eða eftirlauna í beiðniríki. Séu vinnulaun eða eftirlaun undanskilin skattlagningu í beiðniríki hindrar það ekki yfirfærslu á staðgreiðsluskatti, eins og vitað var á innheimtutíma að hefði átt að greiða í síðarnefnda ríkinu.

10. gr.

Beiðni um yfirfærslu skatta innan þriggja ára frá lokum tekjuárs.

1. Komi beiðni um yfirfærslu skatta innan þriggja ára frá lokum tekjuárs, skal með þeim takmörkunum sem leiða af 2. mgr., yfirfæra skatt sem greiddur hefur verið vegna tekna í beiðniríki til þess ríkis sem hefur forgangsrétt á að skattleggja tekjurnar samkvæmt tvísköttunarsamningnum. Þetta gildir aðeins komi beiðni um yfirfærslu skatta vegna vinnulauna eða eftirlauna eftir þann tíma sem nefndur er í 9. grein, en innan þriggja ára frá lokum tekjuársins.
2. Beiðniríki getur takmarkað yfirfærsluna við þá fjárhæð sem greiddur skattur í því ríki er hærri en sem nemur þeim skattkröfum tekjuársins sem eftir eru þegar tekjur hafa verið undanskildar skattlagningu eða sem frádráttur hefur verið leyfður fyrir við endanlega skatta á tekjur í umsóknarríkinu. Frádráttarfjárhæðin takmarkast þó við þann hluta tekjuskatts (reiknaðs án frádráttar) í beiðniríki, sem lagður er á þær tekjur sem má skattleggja í umsóknarríkinu.

11. gr.

Beiðni um yfirfærslu skatta að þremur árum liðnum frá lokum tekjuárs.

Komi beiðni um yfirfærslu skatta að þremur árum liðnum frá lokum tekjuárs getur yfirfærsla átt sér stað samkvæmt ákvæðum 10. greinar. Yfirfærslufjárhæðin má þó í slíku tilfelli einnig takmarkast með tilliti til annarra krafna sem beiðniríkið hefur lagt fram vegna slíkra skatta og gjalda sem ekki eru álögð á tekjuárinu. Þessi réttur til skuldajöfnunar takmarkast ekki við þá skatta og gjöld sem sanmingurinn milli Norðurlandanna um aðstoð í skattamálum frá 7. desember 1989 tekur til. Beiðniríki er þess í stað heimilt samkvæmt eigin löggjöf að nota skattfjárhæðina til skuldajöfnunar séu á þeim tíma fyrirliggjandi kröfur á skattskyldan aðila.

12. gr.

Endurgreiðsla.

1. Hafi staðgreiðsluskattur verið greiddur af sömu tekjum í fleiri samningsríkjum skal það ríki endurgreiða hann, sem samkvæmt ákvæðum 6. greinar á ekki að innheimta skatt.
2. Komi upp mál í samningsríki um endurgreiðslu skatts og annað samningsríki gerir kröfu til skattsins, skal endurgreiðslu frestað meðan beðið er eftir að síðarnefnda ríkið leggi fram beiðni um yfirfærslu á skattinum innan þess tíma sem kveðið er á um í 2. mgr. 9. greinar. Ef skattskyldur aðili fer sjálfur fram á endurgreiðslu skatts skal 3. mgr. beitt.
3. Eigi að endurgreiða ofgreiddan skatt í samningsríki vegna tekna sem aflað er í öðru samningsríki og hafi síðarnefnda ríkið ekki lagt fram beiðni um yfirfærslu skatta, skal því ríki tilkynnt um það áður en endurgreiðsla á sér stað. Hafi fyrrnefnda ríkið ekki móttekið slíka kröfu um yfirfærslu innan 30 daga frá því tilkynning var send, getur endurgreiðsla átt sér stað.

13. gr.

Vextir.

Beiðniríki er ekki skylt að greiða vexti á þær skattfjárhæðir, sem eru yfirfærðar samkvæmt 8.-10. grein. Umsóknarríki getur ekki heldur krafist vaxta á slíkar skattfjárhæðir.

IV. ÖNNUR ÁKVÆÐI

14. gr.

Tilkynningar og beiðnir.

1. Tilkynning samkvæmt 3.-6. grein skal innihalda upplýsingar um:
   a) nafn launþega, fæðingardag og ár (kennitölu), heimilisfang og skattlagningarstað í báðum ríkjunum;

b) nafn vinnuveitanda og heimilisfang í báðum ríkjum; og
c) tímabil, sem staðgreiðsluskattur hefur verið greiddur.

Telji skattyfirvöld veittar upplýsingar ekki fullnægjandi til að grundvalla megi á þeim úrskurð um að frádráttur vegna staðgreiðsluskatts skuli ekki eiga sér stað skal skattyfirvöldum hins ríkisins tilkynnt um það þegar í stað.

2. Tilkynningar samkvæmt 3. mgr. 12. greinar skulu innihalda upplýsingar um:
   a) nafn skattskylds aðila, fæðingardag og ár (kennitölu) og heimilisfang í báðum ríkjunum;
   b) tekjur og tekjutímabil sem endurgreiðslan nær yfir, ennfremur hvort um er að ræða vinnulaun eða eftirlaun;
   c) nafn vinnuveitanda/launagreiðanda og heimilisfang í báðum ríkjum ef kostur er; og
   d) hjúskaparstétt skattskylds aðila.
3. Beiðni um yfirfærslu skatta samkvæmt 9.–11. grein skal innihalda upplýsingar um:
   a) nafn skattskylds aðila, fæðingardag og ár (kennitölu) og heimilisfang í beiðniríki;
   b) tekjur og tekjutímabil sem staðgreiðsluskatturinn nær til;
   c) fjárhæð sem á að yfirfæra, ennfremur hvort um er að ræða vinnulaun eða eftirlaun; og
   d) nafn vinnuveitanda/launagreiðanda og heimilisfang í báðum ríkjum ef kostur er.
4. Tilkynningar skulu ennfremur, svo sem kostur er, innihalda kennitölu launþega í báðum ríkjum svo og kennitölu vinnuveitanda í báðum ríkum.
5. Tilkynningar og beiðnir samkvæmt þessum samningi sendast gegnum bært stjórnvald.

15. gr.

Nánari framkvæmd.

Bær stjórnvöld geta komið sér saman um nánari beitingu ákvæða samkomulags þessa.

16. gr.

Gildistaka.

Samkomulag þetta öðlast gildi þann 1. janúar 1998. Með samkomulagi þessu fellur úr gildi samkomulag frá 19. júní 1991, um innheimtu og yfirfærslu skatta.

Eftir að samkomulag þetta öðlast gildi, tekur það til erinda sem berast bæru stjórnvaldi í beiðniríki eftir gildistökudag.

Samkomulag þetta er gert í sjö eintökum, á dönsku, færeysku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, á sænsku gilda tveir textar, einn fyrir Finnland og einn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.

Kangerlussuaq hinn 30. júní 1997.

Fyrir Danmörk: Ivar Nordland
Fyrir Færeyjar: Peter A. Lamhauge
Fyrir Finnland: Hillel Skurnik
Fyrir Ísland: Garðar Valdimarsson
Fyrir Noreg: Odd Hengsle
Fyrir Svíþjóð: Kerstin Bostrøm

Framangreint sendist hér með öllum hlutaðeigandi til upplýsingar og eftirbreytni.

Fjármálaráðuneytinu, 12. nóvember 1997.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Lísa Yoder.

SAMÞYKKT

um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar.

I. KAFLI
Gildissvið og almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar eins og þau eru ákveðin af heilbrigðisnefndum í samræmi við reglugerð nr. 319/1995 um neysluvatn.

2. gr.

Markmið samþykktarinnar er að stuðla að hámarkshollustu neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa á vatnsverndarsvæðum vatnsbóla á svæðinu.

3. gr.

Samþykktin tekur til framkvæmda, ræktunarstarfa, umgengni, nýrra bygginga, breytinga, viðhalds og frágangs mannvirkja, umferð véknúinna farartækja, meðferð efna sem valdið geta mengun, atvinnurekstrar, húsdýrahalds og útivistar. Jafnframt skulu uppfyllt ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 319/1995, reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 35/1994 og mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 með síðari breytingum og vísast til skilgreininga hugtaka í þeim reglugerðum eftir því sem við á.

4. gr.

Um eftirlit með samþykkt þessari fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum.

5. gr.

Þurfi heilbrigðisnefnd að taka ákvörðun í samræmi við samþykkt þessa sem kann að varða vatnsvernd vatnsbóls á öðru eftirlitssvæði skal ákvörðun aðeins tekin að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd þess svæðis.

6. gr.

Framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæða á höfuðborgarsvæðinu mynda sameiginlega framkvæmdastjórn sem skipuleggur eftirlit á brunnsvæðum, grannsvæðum og fjarsvæðum samkvæmt samþykkt þessari, hefur umsjón með að viðbragðsáætlanir vegna mengunaróhappa séu gerðar og kemur fram sem fulltrúi heilbrigðisnefndanna eftir því sem við á vegna vatnsverndar yfir lögsögumörk. Framkvæmdastjórnin gerir árlega skýrslu um störf sín og skiptir með sér verkum. Hún hefur jafnframt reglubundið samráð við forsvarsmenn vatnsveitna um framkvæmd samþykktar þessarar.

II. KAFLI
Vatnsverndarsvæði.
Brunnsvæði.

7. gr.

Salerni og þvottaaðstaða á brunnsvæði er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Skólpi frá slíkum búnaði skal veitt í geymi sem tæmdur skal reglulega. Utan um geymi og leiðslur skal vera viðurkennd lekavörn með góðri aðstöðu til eftirlits. Ennfremur skal flutningsaðili sem annast

tæmingu slíks geymis hafa starfsleyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar og samþykktar verklagsreglur fyrir þá vinnu.

8. gr.

Um girðingar, mannvirki, búnað, framkvæmd vinnu, meðferð varasamra efna, viðbragðsáætlanir vegna mengunaróhappa og umhirðu og frágang mannvirkja skal fjallað nánar í starfsleyfi viðkomandi vatnsveitu og samþykktu innra eftirliti samkvæmt reglugerð nr. 522/1994, um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

Grannsvæði.

Almenn umgengni.

9. gr.

Við alla starfsemi, viðhald bygginga, girðinga, raflína o.þ.h. ber að gæta þess að uppfyllt séu ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum, um varnir gegn grunnvatnsmengun. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta hreinsa upp, á kostnað hlutaðeigandi aðila, efni og önnur óhreinindi, sem farið hafa niður og minnsti grunur leikur á að geti valdið grunnvatnsmengun.

10. gr.

Allar framkvæmdir og ræktun á svæðinu skulu miðast við að sem minnst breyting verði á hripi regns og yfirborðsvatns niður í grunnvatn.

Geymsla varasamra efna.

11. gr.

Geymsla á olíu, bensíni eða varasömum efnum er óheimil nema á vegum vatnsveitna og er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Flutningsaðili slíkra efna skal hafa fullnægjandi viðbragðsáætlun vegna óhappa og leyfi heilbrigðisnefndar til flutninganna.

Vegir og verklegar framkvæmdir.

12. gr.

Vegagerð og aðrar verklegar framkvæmdir á svæðinu eru háðar leyfi heilbrigðisnefndar sem setur nánari skilyrði um mengunarvarnir vegna framkvæmdanna. Vegi skal ekki leggja á grannsvæði nema mikilvægar ástæður séu fyrir hendi. Þá skal að jafnaði ekki leggja bundnu slitlagi, en sé það gert skal nota steinsteypu eða malbik. Við allar framkvæmdir þar sem notaðar eru bifreiðar, vinnuvélar eða önnur tæki sem nota olíu af einhverju tagi, skal gætt fullkominna mengunarvarna. Notkun á vegsalti og öðrum hálkuhamlandi eða rykbindandi efnum er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

13. gr.

Þar sem almennir vegir liggja inn á grannsvæði vatnsbóla skal eigandi vegarins láta koma fyrir skilti með nauðsynlegum upplýsingum fyrir vegfarendur um viðkvæmni svæðisins fyrir mengun. Óheimilt er að aka bifreiðum, vélsleðum, vélknúnum farartækjum eða vinnuvélum utan skipulagðra vega eða slóða, nema þegar ekki verður hjá því komist vegna verklegra framkvæmda samkvæmt 11. gr.

Salerni og rotþrær.

14. gr.

Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir náðhúsum, salernum, fráveitum og rotþróm. Í leyfi nefndarinnar skal kveðið á um gerð, viðhald, hreinsun og eftirlit með búnaðinum. Þar sem rotþró með viðeigandi siturlögn er ekki nægjanleg mengunarvörn að dómi heilbrigðis-

nefndar skal koma fyrir safntanki á fráveitulögn eða hafa þurrsalerni. Förgun á seyru og úrgangi úr þurrsalernum eða náðhúsum er óheimil á svæðinu.

15. gr.

Allar fráveitulagnir skulu vera þéttar og þar sem hætta er á að mengandi efni geti borist í regnvatnslagnir er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast hreinsibúnaðar.

Sorp og annar úrgangur.

16. gr.

Óheimilt er að flytja úrgang inn á svæðið til geymslu eða förgunar. Sorp og annan úrgang sem þar verður til skal geyma samkvæmt viðurkenndum aðferðum og ber að flytja hann út af svæðinu til förgunar eða endurnýtingar eftir því sem við á. Venjulegan garða-úrgang og lífrænan heimilisúrgang er heimilt að jarðgera og nota þar sem hann verður til. Hlíta skal fyrirmælum heilbrigðisnefndar um búnað og framkvæmd jarðgerðar.

Mengandi atvinnurekstur eða starfsemi.

17. gr.

Á grannsvæði er óheimilt að hefja nýjan atvinnurekstur. Heilbrigðisnefnd er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði þegar tryggt er að engin hætta sé á mengun grunnvatns af völdum starfseminnar. Atvinnurekstur eða starfsemi sem skilgreind eru í viðaukum 7 og 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum, er óheimill á grannsvæði nema annað sé ákveðið í samþykkt þessarri.

Viðhald bygginga o.fl.

18. gr.

Varðandi viðhald bygginga, girðinga, raflína o.þ.h. skal gætt sérstakrar varúðar við notkun varasamra efna, s.s. fúavarnarefna, olíu o.þ.h. Geymsla varasamra efna er óheimil og skulu slík efni tekin með ef svæðið er yfirgefið. Óheimilt er að stækka byggingar sem fyrir eru.

Búfjárhald.

19. gr.

Óheimilt er að auka eða hefja nýtt búfjárhald á svæðinu. Búfjárhald á grannsvæðum skal uppfylla ákvæði samþykktar viðkomandi sveitarfélags um búfjárhald. Samþykki heilbrigðisnefndar skal liggja fyrir á staðsetningu, gerð og fyrirkomulagi fráveitu taðþróa og haughúsa. Búfjáráburð sem verður til á svæðinu og er ekki nýttur jafnóðum í samræmi við ákvæði 22. gr. skal flytja reglulega út af svæðinu. Þeir sem stunda búfjárhald á grannsvæðum skulu leggja fram áætlun um á hvern hátt mykju, taði, skít og skemmdu heyi er fargað og staðfestingu á afdrifum ef förgun er á annars vegum. Dýrahræ skulu flutt út af svæðinu og fargað á viðurkenndan hátt. Við búfjárhald skal gætt góðrar umgengni.

Ræktunarstörf.

20. gr.

Ræktun og uppgræðsla á grannsvæði er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Þegar sótt er um slíkt leyfi skal leggja fram áætlun um framkvæmdina. Heilbrigðisnefnd setur þau skilyrði fyrir leyfinu sem hún telur eiga við hverju sinni og skal leyfið bundið við tiltekið svæði, árafjölda og framkvæmdaraðila. Í leyfinu skal tekið fram um magn og meðferð áburðar sem heimilt er að dreifa og á hvaða tíma ársins dreifing er heimil. Notkun tilbúins áburðar er eingöngu heimil í undantekningartilvikum.

21. gr.

Ef fram kemur rökstuddur grunur um óæskileg áhrif ræktunar og uppgræðslu á grunnvatn er heilbrigðisnefnd heimilt að takmarka eða banna frekari ræktun.

22. gr.

Á svæðinu skal aðeins geyma áburð til skamms tíma í senn og skal gætt mengunarvarna sem eru fullnægjandi að mati heilbrigðisnefndar. Notkun plöntulyfja, örgresisefna, stýriefna, útrýmingarefna og annarra eiturefna er einungis heimil til heimilisnota.

Útivist.

23. gr.

Við skipulag útivistar og umferðar skal þess gætt að mengunarhætta verði sem minnst. Umráðaaðili útivistarsvæðis skal sjá um að komið verði fyrir ílátum fyrir rusl þar sem það á við og að fram fari reglubundin tæming þeirra. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að fram fari reglubundin hreinsun á og við stíga eða staði þar sem fólk er oft á ferli.

Meðferð skotvopna.

24. gr.

Á svæðinu er óheimilt er að nota byssuskot sem innihalda blý.

Fjarsvæði.

Aðgreining í tvö svæði.

25. gr.

Fjarsvæði skiptist í tvö svæði, farsvæði A og fjarsvæði B. Fjarsvæði A þarfnast verndar umfram fjarsvæði B þar sem á fjarsvæði A er aðalákoman fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnsbólum og framtíðar vatnsbólum.

Neyslugeymar fyrir eldsneyti.

26. gr.

Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir byggingu og notkun olíugeyma á svæðinu. Geymarnir skulu vera samkvæmt fullnægjandi mengunarvarnakröfum og skal frágangur miðaður við að mæta óhöppum við áfyllingu. Í leyfi skal tiltekið um eftirlit með lekavarnabúnaði og viðbrögð við óhöppum.

Á fjarsvæði A er óheimilt að nota olíu til húshitunar eða annarrar notkunar þegar rafmagn og/eða gas getur komið í staðinn.

Framkvæmdir og vélavinna.

27. gr.

Við allar framkvæmdir þar sem notaðar eru bifreiðar, vinnuvélar eða önnur tæki sem nota olíu af einhverju tagi, skal gætt fullkominna mengunarvarna. Áður en vegir eru gerðir eða lagðir bundnu slitlagi skal afla samþykkis heilbrigðisnefndar fyrir framkvæmdinni og þeim efnum sem nota á í vegastæði og slitlag.

Á fjarsvæði A skal einungis nota steinsteypu eða malbik í bundið slitlag.

Skólp og úrgangur.

28. gr.

Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir náðhúsum, fráveitum og rotþróm. Gætt skal ákvæða varðandi mengunarvarnir, sbr. 14. og 15. gr. eftir því sem við á.

29. gr.

Óheimilt er að flytja úrgang inn á svæðin til geymslu eða förgunar. Sorp og annan úrgang sem þar verður til skal geyma samkvæmt viðurkenndum aðferðum og flytja reglulega út af svæðinu til förgunar eða endurnýtingar eftir því sem við á. Þó er heimilt að jarðgera venjulegan garðaúrgang og lífrænan heimilisúrgang og nota þar sem hann verður til.

Atvinnurekstur.

30. gr.

Á fjarsvæðum er óheimilt að staðsetja mengandi starfsemi án samþykktar heilbrigðisnefndar.

Á fjarsvæði A er atvinnurekstur og starfsemi háð starfsleyfi heilbrigðisnefnda og skal leyfi fyrir slíkri starfsemi því aðeins veita að tryggt sé að grunnvatn mengist ekki.

Búfjárhald.

31. gr.

Búfjárhald á fjarsvæðum skal uppfylla ákvæði samþykktar viðkomandi sveitarfélags um búfjárhald. Samþykki heilbrigðisnefndar skal liggja fyrir á staðsetningu, gerð og fyrirkomulagi fráveitu, taðþróa og haughúsa, áður en byggingaryfirvöld samþykkja ný mannvirki vegna búfjárhalds. Búfjáráburð sem verður til á svæðinu og er ekki nýttur þar í samræmi við ákvæði 32. gr. skal flytja reglulega út af svæðinu. Þeir sem stunda búfjárhald á fjarsvæðum skulu leggja fram áætlun um á hvern hátt mykju, taði, skít og skemmdu heyi er fargað og staðfestingu á afdrifum ef förgun er á annars vegum. Dýrahræ skulu flutt út af svæðinu og fargað á viðurkenndan hátt. Við búrekstur skal gætt góðrar umgengni.

Á fjarsvæði A er óheimilt að auka eða hefja búfjárhald.

Uppgræðsla og ræktun.

32. gr.

Áður en ræktun eða uppgræðsla hefst á fjarsvæði skal leggja fyrir heilbrigðisnefnd til samþykktar áætlun um framkvæmdina. Óheimilt er að geyma búfjáráburð eða annan áburð í miklu magni á svæðinu nema komið hafi verið fyrir viðurkenndum mengunarvörnum. Halda skal yfirborði svæðisins sem upprunalegustu og stilla skal áburðarnotkun þar í hóf.

III. KAFLI

Gildistaka.

33. gr.

Samþykkt þessi sem samin er af heilbrigðisnefndum á höfuðborgarsvæðinu og samþykkt af sveitarstjórnum Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 12. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

1. gr.

Í sveitarfélagi þar sem metin hefur verið hætta á ofanflóðum gerir sveitarstjórn að fengnu samþykki ofanflóðanefndar tillögu að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem byggð eru eða byggð verða samkvæmt aðalskipulagi. Tillögunum fylgi teikningar, uppdrættir og aðrar viðeigandi upplýsingar þannig að meta megi gæði og varnaráhrif varnarvirkja. Auk þess skulu fylgja uppdrættir, í mælikvarðanum 1:5000, sem sýni hverju varnarvirkin eru talin breyta um öryggi á svæðinu, og útreikningar því til stuðnings. Upplýsingar um tölu og tegund fasteigna sem á að verja skulu enn fremur fylgja.

Varnarvirki skulu að jafnaði reist nema hagkvæmara sé talið að kaupa eða flytja húseignir, sbr. 2. gr.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að gera tillögu um kaup eða flutning á húseignum í stað þess að byggja varnarvirki ef það er talið hagkvæmara til að tryggja öryggi íbúa á hættusvæðum. Tillögunum fylgi kostnaðaráætlun þar sem gerður er samanburður á kostnaði við kaup eða flutning á húsum og kostnaði við gerð varnarvirkja.

3. gr.

Tillögur sveitarstjórna skv. 1. og 2. gr. skulu lagðar fyrir ofanflóðanefnd sem fer yfir framkvæmda- og kostnaðaráætlanir og sannreynir gildi þeirra. Nefndin skal hafa tekið afstöðu til tillögu innan átta vikna frá því hún berst nema mál sé sérstaklega umfangsmikið og skal nefndin í því tilviki tilkynna sveitarstjórn um það fyrirfram og hversu langan tíma vænta megi að meðferðin muni taka.

Tillögur öðlast gildi að fengnu samþykki ofanflóðanefndar og staðfestingu umhverfisráðherra.

4. gr.

Öll vinna við undirbúning og gerð varnarvirkja, sem Ofanflóðasjóður greiðir að hluta, skal unnin á grundvelli útboða þar sem því verður við komið. Ofanflóðanefnd fylgist með framkvæmdum við varnarvirki.

Sveitarstjórnir annast framkvæmdir við gerð varnarvirkja og samninga um kaup eða flutning á húseignum í samræmi við staðfestar áætlanir. Náist ekki samkomulag um kaup á húseign er sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi. Um framkvæmd eignarnáms fer samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms nr. 11/1973.

5. gr.

Ofanflóðasjóður greiðir allan kostnað við rannsóknir sem miða að því að bæta hættumat og hönnun varnarvirkja.

Ofanflóðasjóði er heimilt að greiða viðkomandi sveitarfélagi allt að 90% af kostnaði við hönnun, undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki, kaup á lóðum vegna varnarvirkja og húseignum (íbúðarhúsum) og kostnaði við flutning húseigna.

Umhverfisráðherra ákveður greiðslu úr sjóðnum að fengnum tillögum ofanflóðanefndar.

Hvorki má byggja á óbyggðum hættusvæðum né þétta þá byggð, sem fyrir er, fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp.

6. gr.

Greiðslur Ofanflóðasjóðs til sveitarfélags vegna kaupa á húsnæði skv. 5. gr. skulu miðast við staðgreiðslumarkaðsverð sambærilegra húseigna í sveitarfélaginu utan hættusvæða. Við ákvörðun þess skal ekki tekið tillit til hækkana á markaðsverði sem rekja má til ákvörðunar um kaup á húseignum á hættusvæði.

Heimilt er að miða greiðslur sjóðsins við framreiknað kaupverð húseignar sem keypt hefur verið á síðustu árum, ásamt mati á kostnaði núverandi eiganda af endurbótum hennar, ef fyrir liggur að staðsetning húseignar á hættusvæði eða í námunda við það hefur haft áhrif til lækkunar markaðsverðs.

Náist ekki samningar milli sveitarfélags og húseiganda þannig að til eignarnáms kemur miðast greiðslur sjóðsins við fjárhæð eignarnámsbóta.

Greiðslur Ofanflóðasjóðs skulu inntar af hendi til sveitarfélags samkvæmt samkomulagi ofanflóðanefndar og sveitarfélags. Sveitarfélögin annast samningagerð og greiðslur til húseigenda.

7. gr.

Ofanflóðasjóður greiðir ekki kostnað vegna kaupa á löndum og lóðum nema það sé nauðsynlegt vegna byggingar varnarvirkja.

8. gr.

Greiðslur Ofanflóðasjóðs til sveitarfélaga vegna flutnings á húseign miðast við kostnað við flutning og kostnað við að koma húsi fyrir á nýjum stað enda hafi verið leitað hagkvæmustu leiða. Ofanflóðasjóður greiðir ekki vegna kaupa á húseign sem tæknilega er unnt að flytja nema flutningskostnaður sé metinn hærri en kaupverð sbr. 6. gr.

9. gr.

Eigandi keyptra húseigna er viðkomandi sveitarsjóður. Hann ber ábyrgð á viðhaldi og rekstri húseigna og ákveður hvort hús skuli rifið.

Ofanflóðasjóður endurgreiðir ekki kostnað sem leiða kann af 1. mgr.

10. gr.

Nýting og sala þeirra húseigna sem keypt hafa verið samkvæmt reglugerð þessari er háð samþykki umhverfisráðuneytisins.

11. gr.

Reglugerð þessi, er sett með heimild í 16. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 145/1996 með sama heiti.

Umhverfisráðuneytinu, 12. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um bólusetningu sauðfjár og geita til varnar garnaveiki.

1. gr.

Bólusetning til varnar garnaveiki skal framkvæmd á öllum ásetningslömbum og ásetningskiðum ár hvert á landinu öllu, að undanteknum eftirtöldum svæðum: Hofshreppur, Austur-Skaftafellssýsla, Vestur-Skaftafellssýsla, Vestfjarðakjálki norðan varnargirðingar úr Gilsfirði í Bitrufjörð, Austfjarðahólf milli Lagarfljóts og Reyðarfjarðar og Héraðshólf milli Jökulsár á Brú og Lagarfljóts.

2. gr.

Bólusetning skal fara fram á tímabilinu 15. september til 31. desember ár hvert. Heimilt er að sleppa bólusetningu lamba og kiða sem ákveðið er að slátra fram að 15. apríl næsta vor. Þessi lömb og kið skal einstaklingsmerkja eiganda og færa inn í bólusetningarskýrslur. Við komu í sláturhús skal merkið skráð á móttökukvittun.

Bólusetja skal aftast í snögga blettinn við hægri olnboga. Framleiðandi bóluefnis skal að öðru leyti veita nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmd bólusetningar og meðferð fjár að henni lokinni.

3. gr.

Sýslumenn skulu, hver í sínu umdæmi og í samráði við yfirdýralækni, skipa eftirlitsmenn með framkvæmd bólusetningarinnar. Starfið er uppsegjanlegt af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 15. september ár hvert. Skipun framlengist sjálfkrafa til eins árs í senn, ef hvorugur segir upp.

Eftirlitsmenn skulu í samráði við sveitarstjórnir (bæjarstjórnir) útnefna bólusetningarmenn, einn til tvo í hverjum hreppi eða bæjarfélagi. Heimilt skal að ráða fleiri bólusetningarmenn, ef bólusettir eru margir aldursflokkar sauðfjár sama ár t.d., þegar bólusetning er hafin á nýju svæði. Einnig er heimilt að sami maður bólusetji fé í fleiri hreppum, ef hentara þykir að dómi eftirlitsmanns.

4. gr.

Eftirlitsmenn skulu hlutast til um, að nægilegt bóluefni sé ætíð fyrir hendi, þegar bólusetning skal fara fram, einnig viðhlítandi útbúnaður til bólusetningar.

5. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt í samráði við eftirlitsmenn, að láta bólusetningarmenn framkvæma skoðun á bólusettu sauðfé og geitum til könnunar á árangri bólusetningar um það bil mánuði eftir bólusetningu. Komi í ljós, að eigi séu finnanleg merki eftir fyrri bólusetningu, skal bólusetja á ný svo fljótt sem verða má.

Eftirlitsmenn skulu safna skýrslum frá bólusetningarmönnum um framkvæmd bólusetningar og endurbólusetningar og senda þær yfirdýralækni að því loknu.

6. gr.

Nú hefur eigandi af einhverjum ástæðum ekki látið bólusetja ásetningslömb eða kið, sem skylt er að bólusetja innan tilskilins tíma, skal oddviti (bæjarstjóri) þá gera eftirlitsmanni aðvart. Skal þá eftirlitsmaður í samráði við sýslumann gera ráðstafanir til þess að féð verði bólusett á kostnað eigenda eða umráðamanna, eins fljótt og við verður komið.

7. gr.

Þóknun fyrir starf eftirlitsmanns skal greiða að hálfu úr sveitarsjóði (bæjarsjóði) og að hálfu úr ríkissjóði. Yfirdýralæknir ákveður þóknun til eftirlitsmanna og úrskurðar ferðakostnaðarreikninga þeirra. Bóluefni, útbúnað til bólusetningar og kaup bólusetningarmanna skal greiða úr viðkomandi sveitarsjóði (bæjarsjóði), en þeim kostnaði má síðan deila niður á fjáreigendur í hlutfalli við bólusett fé.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni nr. 553 15. nóvember 1991.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

3. nóvember 1997 Nr. 639

AUGLÝSING

um umferð á Hellu og við Gunnarsholt.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Rangárvallahrepps, hefur verið ákveðið:

1. Biðskylda verði á nýrri tengibraut milli Dynskála og Suðurlandsvegar gagnvart umferð á Suðurlandsvegi.
2. Biðskylda verði á nýrri tengibraut milli Dynskála og Suðurlandsvegar gagnvart umferð á Dynskálum.
3. Biðskylda verði á Dynskálum (fyrir austan fuglasláturhús Reykjagarðs hf.) gagnvart umferð á Suðurlandsvegi.
4. Biðskylda verið frá afleggjara að Gunnarsholti og Akurhól gagnvart umferð á vegi nr. 264.
5. Biðskylda verði á heimreið frá bílastæði við skrifstofu Landgræðslu ríkisins gagnvart umferð á afleggjara að Gunnarsholti og Akurhól.

Viðeigandi umferðarmerki hafa verið sett upp, til leiðbeiningar ökumönnum.

Ákvörðun þessi tekur gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Rangárvallasýslu, Hvolsvelli, 3. nóvember 1997.

Friðjón Guðröðarson.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Akraneskaupstaðar á fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 hefur bæjarstjórn Akraness, þann 10. nóvember 1997, samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum:

Staðsetning:	Staðgr.nr.:		Eigandi:
Garðagrund/Garðaland 19	000.855.06	Hesthús, skúr, hlaða	Jón S. Jónsson
Garðagrund/Garðaland 20	001.855.05	Geymsla, gripahús, gripahús	Jón Guðjónsson Þorbergur Þórðarson Björn Jóhannesson
Garðagrund/Garðaland 21	001.844.04	Geymslur	Ármann Gunnarsson
Garðagrund/Garðaland 21A	001.855.04	Hlaða	Oddgeir Jónsson
Garðagrund/Garðaland 21B	001.844.03	Gripahús	Guðmundur Gunnarsson
Garðagrund/Garðaland 22	001.844.05	Fjárhús, hlaða	Hörður Jóhannesson Guðjón Pétursson
Garðagrund/Garðaland 32	001.833.01	Gripahús	Smári Njálsson Bjarni Bjarnason
Garðagrund/Garðaland 61	001.976.03	Hlaða, fjárhús	Gunnar Gunnarsson
Garðagrund/Garðaland 62	001.976.04	Hesthús, hlaða	Benedikt Jónmundsson
Vogar/Miðvogur	000.544.10	Hesthús	Guðni Steinar Helgason
Vogar/Bakkabæjarland	000.544.10	Hesthús	Guðmundur Bjarnason
Þjóðbraut 42/Borgartún	001.633.03	Íbúðarhús, geymsluskúr	Magnús Guðmundsson
Þjóðvegur 11	000.344.03	Fjárhús, hesthús	Hörður Jónsson Kristín Minny Pétursdóttir
Þjóðvegur 17	000.344.06	Sumarbústaður	Haraldur Daníelsson Margeir Rúnar Daníelsson Benoný Guðbergur Daníelsson
Þjóðvegur 21	000.344.08	Fjárhús	Guðjón Haraldsson
Þjóðvegur 23	000.344.09	Geymsla, hesthús	Jón Ársæll Stefánsson Bjarni Stefánsson Þórunn Stefánsdóttir Fríða Fanney Stefánsdóttir
Þjóðvegur 13 Akurprýði	000.344.04	Íbúðarhús, bílskúr, geymsla, hesthús	Einar Ottó Einarsson

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Umhverfisráðuneytinu, 13. nóvember 1997.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 1985-2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 17. nóvember 1997, staðfest breytingar á aðalskipulagi Stykkishólms 1985-2005, frá 22. apríl 1988 með síðari breytingum.

Breytingin er fólgin í því að hluti verslunar- og þjónustusvæðis á horni Aðalgötu og Borgarbrautar breytist í svæði fyrir stofnun. Á viðkomandi lóð mun rísa skrifstofuhúsnæði sýslumanns í Stykkishólmi ásamt lögreglustöð.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Stykkishólms. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

12. nóvember 1997 Nr. 642

AUGLÝSING

um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og tillögu Hitaveitu Reykjavíkur og að fengnu samþykki skipulagsnefndar Mosfellsbæjar hefur verið ákveðið að stöðvunarskylda verði við Nesjavallaveg á vegum frá eftirtöldum stöðum:

1. Dallandi.
2. Sumarbústaðalandi.
3. Sumarbústað.
4. Sumarbústað.
5. Sumarbústöðum við vestanverða Krókatjörn.
6. Sumarbústað í Djúpadal, reiðleið.
7. Sumarbústöðum við austanverða Krókatjörn.
8. Sumarbústöðum við gamla Þingvallaveg, reiðleið.
9. Sumarbústað, línuvegur.
10. Línuvegi, reiðleið.
11. Sumarbústað.
12. Grjótnámu sunnan vegar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. nóvember 1997.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 78 30. janúar 1997.

1. gr.

34. gr. breytist þannig:
2. málsl. 1. mgr. falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. nóvember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Símon Sigvaldason.

Nr. 644 12. nóvember 1997

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að biðskylda verði á Vættaborgum gagnvart umferð um Strandveg,
2. að biðskylda verði á Melavegi gagnvart umferð um Strandveg,
3. að biðskylda verði á Vík gagnvart umferð um Strandveg.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. nóvember 1997.

e.u.
Sturla Þórðarson.

Nr. 645 17. nóvember 1997

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi Molduhrauns, Garðabæ.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 17. nóvember 1997 staðfest deiliskipulag fyrir iðnaðar-, verslunar- og þjónustuhverfið Molduhraun, Garðabæ. Deiliskipulagið er endurskoðun á áður gerðum uppdrætti frá 14. september 1988.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr.19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Laugaráss 1989-2009.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Biskupstungnahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. október 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugaráss í Biskupstungum 1989-2009, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að um 7 ha svæði við enda Auðsholtsvegar austast í Laugarási er ætlað var undir iðnað breytist í svæði fyrir íbúðarhús.

Sveitarstjórn Biskupstungnahrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005, iðnaðarsvæði.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 1. október 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005, frá 6. mars 1987 með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að svæði austan þjóðvegar við suðurmörk Húsvíkurkaupstaðar er nú skilgreint sem skógrækt og útivist og sem iðnaðarsvæði.

Bæjarstjórn Húsavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skotvopn og skotfæri, nr. 265, 1997.

1. gr.

Í stað „dómsmálaráðuneytis“ í 5. mgr. 5. gr. kemur: ríkislögreglustjóri.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um skotvopn, skotfæri og skotelda nr. 46 13. maí 1977, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Kolbeinn Árnason.

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa, Nesjavallalína 1.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Grafningshrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins með undirskrift sinni þann 29. október 1997, staðfest, skv. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015, sem staðfest var 17. desember 1996.

Breytingin er sú að inn kemur Nesjavallalína 1 (132kV) og efnisnáma í Grafningshreppi.

Fram hefur farið mat á umhverfisáhrifum línunnar og efnisnámu. Úrskurður skipulagsstjóra er frá 23. júlí 1997 og úrskurður ráðherra frá 23. október 1997.

Umhverfisráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 650 11. nóvember 1997

AUGLÝSING

um gildistöku reglna um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið, samkvæmt heimild í 188. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, að Q-kafli í sameiginlegum flugrekstrarreglum ríkja í Flugöryggissamtökum Evrópu JAR-OPS 1 sem gefnar voru út 22. maí 1995 og fjallar um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna, skuli gilda í flugrekstri íslenskra aðila frá gildistöku auglýsingar þessarar.

Ákvæði reglna þessara í íslenskri þýðingu eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari og skulu teljast viðauki við reglugerð um flutningaflug nr. 641/1991 með síðari breytingum til fyllingar ákvæðum 4.2.10.3. og 11.1.3.

Með brot á umræddum reglum skal farið að hætti opinberra mála og varða þau refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. janúar 1998.

Samgönguráðuneytinu, 11. nóvember 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Fylgiskjal.

1. ÞÁTTUR JAR-OPS 1
Q-KAFLI
Flug- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma.

JAR–OPS 1.1075 Almenn ákvæði
(Sjá IEM OPS 1.1075)

a) Flugrekandi skal setja flug- og vinnutímamörk og leggja fram áætlanir um hvíldartíma fyrir flugverja.

b) Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að flug- og vinnutímamörk og áætlanir um hvíldartíma séu í samræmi við ákvæði þessa kafla;

2) að flug sé skipulagt þannig að því ljúki innan leyfilegrar flugvaktar og sé þá reiknað með þeim tíma sem þarf til undirbúnings undir flugið, fartíma og viðdvalartíma og eðli flugrekstrarins. (Sjá 2. tölul. b-liðar IEM OPS 1.1075); og

3) að vaktaskrár séu samdar og birtar (sjá 3. tölul. b-liðar IEM OPS 1.1075).

c) Hér á að vera eyða

d) Flugverji skal ekki starfa um borð í flugvél ef hann veit eða grunar að hann sé haldinn þreytu eða telur líklegt að hann verði það eða finnst hann vera þannig á sig kominn að hann geti stofnað fluginu í hættu.

e) Flugrekandi skal tilnefna heimahöfn fyrir hvern flugverja.

JAR–OPS 1.1080 Orðskýringar

a) *Flugstarfið sjálft:* Flugstarfið sjálft hefst þegar áhöfnin kemur á flugvakt og lýkur þegar hún fer af vakt.

b) *Viðunandi aðstaða:* Rólegur og þægilegur staður sem almenningur hefur ekki aðgang að.

c) *Aukin flugáhöfn:* Flugáhöfn þar sem flugliðar eru fleiri en sá lágmarksfjöldi sem þarf til að starfrækja flugvélina og hver flugliði getur yfirgefið starfsstöð sína og

annar flugliði með viðeigandi menntun og hæfni tekið við af honum.

d) *Fartími:* Tíminn frá því að flugvél hreyfist af flugvélastæði sínu til að hefja flug og þar til hún stöðvast að því loknu á flugvélastæði sem henni hefur verið úthlutað eða þar til allir hreyflar hafa verið stöðvaðir.

e) *Vinnuhlé:* Tímabil án vinnuskyldu, sem telst þó til vinnu þar eð það er styttra en hvíldartími.

f) *Dagur:* 24 stunda tímabil (sólarhringur) sem hefst klukkan 0000 að máltíma (UTC).

g) *Vinna:* Öll störf sem flugverja ber að inna af hendi í tengslum við starfsemi handhafa flugrekandaskírteinis (AOC).

h) *Vakt:* Tímabil sem hefst þegar flugverja ber að mæta til vinnu samkvæmt fyrirmælum flugrekanda og lýkur þegar flugverjinn er laus við alla vinnuskyldu.

i) *Flugvakt (FDP):* Tímabil sem hefst þegar starfandi flugverja ber að mæta til vinnu sem felur í sér flug og endar í lok fartíma í lokafluginu þar sem flugverjinn er starfandi flugverji.

j) *Heimahöfn:* Staður sem flugrekandi tilnefnir fyrir flugliða og þar sem flugliði alla jafna hefur og lýkur vakt eða röð vakta, en við venjulegar aðstæður er flugrekanda ekki skylt að sjá viðkomandi flugliða fyrir gistiaðstöðu þar.

k) *Staðardagur:* 24 stunda tímabil (sólarhringur) sem hefst klukkan 0000 að staðartíma.

l) *Boðunartími:* Tímabil frá því að flugliði á bakvakt fær boð flugrekanda um að mæta til vinnu og þar til hann á að vera mættur í vinnuna.

m) *Starfandi flugverji:* Flugverji sem starfar um borð í flugvél á flugi eða einhverjum hluta flugsins.

JAR–OPS 1.1080 (framhald)

n) *Val flugmálayfirvalda:* Réttur flugmálayfirvalda til að velja annan kost sem mælt er fyrir um í kröfunum, á almennum grundvelli sem nær til landsins alls eða á jafnræðisgrundvelli fyrir einstaka flugrekendur.

o) *Flutningur á flugverjum:* Flutningur á flugverjum frá einum stað til annars samkvæmt fyrirmælum flugrekanda, að undanskildum „ferðatíma til/frá hvíldarstað" samkvæmt skilgreiningu í v-lið hér á eftir.

p) *Mætingartími:* Sá tími þegar flugverja er skylt að mæta til vinnu samkvæmt fyrirmælum flugrekanda.

q) *Hvíldartími:* Órofið og afmarkað tímabil þar sem flugverji er laus við alla vinnuskyldu og/eða bakvaktir.

r) *Skipt vakt:* Flugvakt sem skiptist í tvær vaktir með vinnuhléi á milli.

s) *Bakvakt:* Afmarkað tímabil þar sem flugverji er ekki að störfum en verður að vera til taks fái hann fyrirmæli frá flugrekanda um að mæta til vinnu án undanfarandi hvíldartíma.

t) *Viðeigandi gistiaðstaða:* Svefnherbergi búið viðeigandi húsgögnum, ætlað einum manni ef flugverji æskir þess, þar sem hávaði er í lágmarki, loftræsting er góð og búnaður til að stjórna lýsingu og hitastigi.

u) *Tímamunur:* Munurinn á staðartíma tveggja staða (án tillits til „sumartíma").

v) *Ferðatími til/frá hvíldarstað:* Allur tími sem telja má eðlilegt að áætla í ferðir flugverja milli hvíldarstaðar sem flugrekandi sér honum fyrir og vinnustaðar og öfugt.

JAR–OPS 1.1085 Takmarkanir – flugáhöfn

a) *Fartímar*

1) Flugrekandi skal sjá til þess að samanlagðir fartímar sem hverjum flugverja eru ætlaðir sem starfandi flugverja í flugi fari ekki yfir:

JAR–OPS 1.1085 (framhald a-liðar)

i) 900 klukkustundir á hverju samfelldu 12 mánaða tímabili; og

ii) 100 klukkustundir á hverju samfelldu 28 daga tímabili.

2) Flugrekandi skal sjá til þess að lengsti órofni fartími sem tveggja manna flugáhöfn er ætlaður á sömu flugvakt fari ekki yfir eftirfarandi:

Mætingartími milli	Lengsti órofni fartími
0700-1359	11 klukkustundir
1400-1759	10 klukkustundir
1800-0459	9 klukkustundir
0500-0659	10 klukkustundir

Tafla 1 Lengsti órofni fartími — tveir menn í flugáhöfn

b) *Vaktir*

1) Flugrekandi skal sjá til þess að samanlagðar vaktir sem flugliða eru ætlaðar fari ekki yfir:

i) 1800 klukkustundir á hverju samfelldu 12 mánaða tímabili;

ii) 190 klukkustundir á hverju samfelldu 28 daga tímabili; og

iii) 55 klukkustundir á hverju samfelldu 7 daga tímabili. Þessa tölu má þó hækka í 58 klukkustundir ef ófyrirséð seinkun verður á vakt sem hafin er samkvæmt vaktaskrá og felst í röð vakta.

2) Flugverjar sem starfa ekki fyrst og fremst á flugvöktum eru undanþegnir þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í 1. tölul. b-liðar hér að framan nema 7 daga takmörkunum fyrir og á meðan á flugvakt eða röð flugvakta stendur.

c) *Flugvaktir*

1) Leyfilegar flugvaktir, sem fara eftir mætingartíma og fjölda lendinga, eru gefnar upp í töflunum hér á eftir. Mætingartími er gefinn upp sem staðartími á mætingarstað.

JAR–OPS 1.1085 (framhald c-liðar)

Mætingartími	Fjöldi lendinga sem starfandi flugliði							
	1-2	3	4	5	6	7	8	>=9
	(a)	(b)	(c)	(d)	(e)	(f)	(g)	(h)
0700 – 1159	1400	1315	1230	1145	1100	1015	0930	0900
1200 – 1359	1330	1245	1200	1115	1030	0945	0900	0900
1400 – 1559	1300	1215	1130	1045	1000	0915	0900	0900
1600 – 1759	1230	1145	1100	1015	0930	0900	0900	0900
1800 – 0359	1200	1115	1030	0945	0900	0900	0900	0900
0400 – 0459	1230	1145	1100	1015	0930	0900	0900	0900
0500 – 0559	1300	1215	1130	1045	1000	0915	0900	0900
0600 – 0659	1330	1245	1200	1115	1030	0945	0900	0900

Tafla 2 – Leyfilegar flugvaktir – fleiri en einn flugmaður í áhöfn

Mætingartími	Fjöldi lendinga sem starfandi flugliði			
	1-4	5	6	>=7
	(a)	(b)	(c)	(d)
0700 – 1159	1000	0915	0830	0800
1200 – 1359	0930	0845	0800	0800
1400 – 1559	0930	0815	0800	0800
1600 – 1759	0830	0800	0800	0800
1800 – 0359	0800	0800	0800	0800
0400 – 0459	0830	0800	0800	0800
0500 – 0559	0900	0815	0800	0800
0600 – 0659	0930	0845	0800	0800

Tafla 3 – Leyfilegar flugvaktir – einn flugmaður í áhöfn

2) Mætingartímana í töflu 2 og 3 má færa í heild fram eða aftur um eina klukkustund að vali flugmálayfirvalda.

3) Að vali flugmálayfirvalda er heimilt að leyfa þriðju lendingu á flugvakt sem reiknuð er út í samræmi við a-dálk í töflu 2, með fyrirvara um að slíkt gerist ekki oftar en tvisvar á 7 daga samfelldu tímabili.

4) Hækka má tölurnar sem fást úr töflu 2 annaðhvort með því að:

i) skipta vakt eins og mælt er fyrir um í JAR–OPS 1.1105; eða

ii) fjölga í flugáhöfn eins og mælt er fyrir um í e-lið hér á eftir.

5) Hækka má tölurnar sem fást úr töflu 3 með því að skipta vakt.

6) Þegar um er að ræða flug sem einn flugmaður stjórnar og fer að öllu leyti fram samkvæmt sjónflugsreglum skal miða leyfilega flugvakt við a-dálk í töflu 3 enda þótt lendingafjöldi sé ekki takmarkaður í þessu tilviki. Ef lendingafjöldi fer hins vegar yfir meðaltöluna 4 á klukkustund skal taka að minnsta kosti 30 mínútna vinnuhlé á hverjum samfelldum 3 tímum.

JAR–OPS 1.1085 (framhald)

d) *Blandað flug/tegund flugrekstrar*

1) *Flugvélar og þyrlur* – Ef flugliði starfar bæði í flugvélum og þyrlum skal flugrekandi fá samþykki flugmálayfirvalda fyrir flug- og vinnutímamörkum og áætlunum um hvíldartíma sem byggjast á Q-kafla í 1. og 3. hluta JAR–OPS.

2) *Flughermis- og æfingaflug vegna flugvélaskipta/reglubundinnar flugþjálfunar* – Flugrekandi skal sjá til þess að fari flugliði annaðhvort í flughermis- eða æfingaflug áður en hann fer í flutningaflug á sömu flugvakt sé sá tími tvöfaldaður þegar tímamörk flugvaktar í samræmi við c-lið hér að framan eru reiknuð út. Ekki þarf að taka tillit til fjölda lendinga í flughermis- og æfingaflugi.

3) *Einn/fleiri en einn flugmaður í áhöfn* – Ef einn flugmaður flýgur ýmist sem eini flugmaðurinn í áhöfn eða í áhöfn með öðrum flugmanni eða fleiri á einni og sömu flugvakt gilda þrengri mörkin í töflu 2 og 3 hér að framan.

e) *Aukin flugáhöfn* – Flugrekandi skal sjá til þess:

1) án tillits til mætingartíma:

i) ef fjölgað er í flugáhöfn þar sem fyrir eru að minnsta kosti tveir flugmenn til að lengja flugvakt, sem er í samræmi við töflu 2 hér að framan, þannig að hver flugliði geti farið af starfsstöð sinni í að minnsta kosti 50% af samanlögðum fartíma í öllu flugi á flugvaktinni, að flugvaktin fari ekki yfir 18 klukkustundir (Sjá 1. tölul. e-liðar IEM OPS 1.1085); eða

ii) ef fjölgun í flugáhöfn er minni en í 1. tölul. hér að framan, að flugvaktin fari ekki yfir 16 klukkustundir;

JAR–OPS 1.1085 (framhald e-liðar)

2) að á áætlun aukinnar flugáhafnar séu ekki fleiri en 2 lendingar á sömu flugvakt, eða 3 lendingar að vali flugmálayfirvalda, að því tilskildu að a. m. k. eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i) fartíminn fyrir einn legg skal vera 2 klukkustundir eða skemmri; og

ii) hvíldartíminn strax á eftir þeirri flugvakt sem var upprunalega reiknuð út í samræmi við JAR–OPS 1.1110 skal lengdur um 6 klukkustundir; og

3) að um borð sé hvíldaraðstaða fyrir flugliða í hvíld. (Sjá 3. tölul. e-liðar AMC & IEM OPS 1.1085/i-lið 1. tölul. c-liðar AMC & IEM OPS 1.1090.)

JAR–OPS 1.1090 Takmarkanir – þjónustuáhöfn

a) *Vaktir*

1) Flugrekandi skal sjá til þess að samanlagðar vaktir sem þjónustuáhöfn eru ætlaðar fari ekki yfir:

i) 1800 klukkustundir á hverju samfelldu 12 mánaða tímabili;

ii) 190 klukkustundir á hverju samfelldu 28 daga tímabili; og

iii) 60 klukkustundir á hverju samfelldu 7 daga tímabili. Þessa tölu má þó hækka í 63 klukkustundir ef ófyrirséð seinkun verður á vakt sem hafin er samkvæmt skrá og felst í röð vakta.

2) Flugverjar sem starfa ekki fyrst og fremst á flugvöktum eru undanþegnir þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í 1. tölul. hér að framan nema 7 daga takmörkunum áður en og meðan á flugvakt eða röð flugvakta stendur.

b) *Flugvaktir*

1) Leyfilegar flugvaktir, sem fara eftir mætingartíma og fjölda lendinga, eru gefnar upp í töflunum hér á eftir. Mætingartími er gefinn upp sem staðartími á mætingarstað.

JAR–OPS 1.1090 (framhald b-liðar)

Mætingartími	Fjöldi lendinga sem starfandi þjónustuliði							
	1-2	3	4	5	6	7	8	>=9
	(a)	(b)	(c)	(d)	(e)	(f)	(g)	(h)
0700 – 1159	1400	1315	1230	1145	1100	1015	0930	0900
1200 – 1359	1330	1245	1200	1115	1030	0945	0900	0900
1400 – 1559	1300	1215	1130	1045	1000	0915	0900	0900
1600 – 1759	1230	1145	1100	1015	0930	0900	0900	0900
1800 – 0359	1200	1115	1030	0945	0900	0900	0900	0900
0400 – 0459	1230	1145	1100	1015	0930	0900	0900	0900
0500 – 0559	1300	1215	1130	1045	1000	0915	0900	0900
0600 – 0659	1330	1245	1200	1115	1030	0945	0900	0900

Tafla 4 – Leyfilegar flugvaktir – þjónustuáhöfn

2) Mætingartímana í töflu 4 má færa í heild fram eða aftur um eina klukkustund að vali flugmálayfirvalda.

3) Að vali flugmálayfirvalda er heimilt að leyfa þriðju lendingu á flugvakt sem reiknuð er út í samræmi við a-dálk í töflu 4, með fyrirvara um að slíkt gerist ekki oftar en tvisvar á samfelldu 7 daga tímabili.

4) Hækka má tölurnar sem fást úr töflu 4 annaðhvort með því að:

i) skipta vakt eins og mælt er fyrir um í JAR–OPS 1.1105; eða

ii) lengja leyfilegar flugvaktir eins og mælt er fyrir um í c-lið hér á eftir.

5) Ef mætingartími þjónustuáhafnar er allt að einni klukkustund á undan mætingartíma flugliða í sama flugi eða röð fluga á sömu flugvakt er flugrekanda heimilt að miða leyfilega flugvakt og eftirfylgjandi hvíldartíma við mætingartíma flugáhafnarinnar.

6) Ef munurinn á mætingartíma þjónustuliða og flugliða sem eru að byrja flugvakt í sama flugi er meiri en ein klukkustund skal miða flugvaktina við mætingartíma þjónustuliðanna og reikna hana út í samræmi við töflu 4 hér að framan.

c) *Lenging leyfilegra flugvakta* — Ef flugrekandi lengir leyfilega flugvakt þjónustuliða skal hann sjá til þess:

1) að flugvaktin fari ekki yfir 18 klukkustundir, án tillits til mætingartíma, að því tilskildu:

i)) að um borð sé hvíldaraðstaða fyrir þjónustuliða í hvíld (Sjá 3. tölul. e-liðar IEM OPS 1.1085/ i-lið 1. tölul. c-liðar IEM OPS 1.1090); og

ii) að hver þjónustuliði sé leystur undan öllum störfum á hluta af fluginu (Sjá ii-lið 1. tölul. c-liðar AMC OPS 1.1090); og

2) að ekki séu nema 2 lendingar á sömu flugvakt, eða 3 að vali flugmálayfirvalda.

JAR–OPS 1.1095 Flutningur á flugverjum

Flugrekandi skal sjá til þess að allur tími sem fer í flutning á flugverjum teljist til vinnu.

JAR–OPS 1.1100 Mætingartími

Flugrekandi skal tilgreina mætingartíma sem eru raunhæfir miðað við þann tíma sem þarf til undirbúnings fyrir flugið, þó eigi síðar en 60 mínútum fyrir upphaf áætlaðs fartíma nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt annað.

JAR–OPS 1.1105 Skipt vakt
(Sjá IEM OPS 1.1105)

a) Ef flugvakt er skipt í tvær vaktir og á milli er afmarkað vinnuhlé sem flugverjum hefur fyrirfram verið tilkynnt um er flugrekanda heimilt að lengja áætlaða leyfilega flugvakt, sem mælt er fyrir um í töflum 2 og 3 í JAR–OPS 1.1085 eða töflu 4 í JAR–OPS 1.1090 eftir því sem við á, í samræmi við töflu 5 hér á eftir, að því tilskildu að skilyrðin sem mælt er fyrir um í b-, c- og d-lið hér á eftir séu uppfyllt.

JAR–OPS 1.1105 (framhald a-liðar)

Samfellt vinnuhlé í klukkustundum (a)	Lenging flugvaktar (b)
0 – 2 klst. 59 mín.	Engin
3 klst. – 6 klst. 59 mín.	1/2 lengd vinnuhlés
7 klst. – 10 klst. 59 mín.	2/3 lengdar vinnuhlés eða 1 1/2 lengd vinnuhlés ef að minnsta kosti sjö klukkustundir vinnuhlésins falla milli 2000-0800 að staðartíma þar sem vinnuhléið er tekið.

Tafla 5 – Lenging vaktar vegna skiptrar vaktar

b) Flugrekandi skal sjá til þess að hvor hluti flugvaktar fyrir og eftir vinnuhlé fari ekki yfir 10 klukkustundir og að samanlagður tími flugvaktar, sem er lengd í samræmi við töflu 5 hér að framan, fari ekki yfir 20 klukkustundir.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að skipt vakt sé ekki tengd aukinni flugáhöfn eða, þegar um þjónustuáhöfn er að ræða, lengingu leyfilegrar flugvaktar.

d) Flugrekandi skal sjá til þess:

1) ef vinnuhlé er 6 klukkustundir eða lengra, eða 3 klukkustundir eða lengra á tímabilinu milli 2200 – 0600 að staðartíma þar sem vinnuhléið er tekið, að viðeigandi gistiaðstaða sé fyrir hendi. Í öllum öðrum tilvikum skal séð fyrir viðunandi aðstöðu;

2) ef vinnuhlé er styttra en 8 klukkustundir, að allt hléið sé talið með að því er varðar uppsafnaða vaktatíma eins og mælt er fyrir um í b-lið JAR–OPS 1.1085 og a-lið JAR–OPS 1.1090. Ef hléið er 8 stundir eða lengra eru 50% hlésins talin með;

JAR–OPS 1.1105 (framhald 2. tölul. d-liðar)

3) að ekki sé nema eitt vinnuhlé á flugvakt;

4) ef samanlagður ferðatími báðar leiðir milli vinnustaðar og viðunandi aðstöðu eða viðeigandi gistiaðstöðu er lengri en ein klukkustund, að allur ferðatími til/frá hvíldarstað sem er umfram þá klukkustund sé dreginn frá vinnuhléinu til að reikna út lengda flugvakt; og

5) að tímamunurinn milli staðarins þar sem vinnan hefst og staðarins þar sem vinnuhlé er tekið sé ekki meiri en 2 klukkustundir.

JAR–OPS 1.1110 Ákvæði um hvíld

a) Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að áður en flugvakt hefst hafi flugverji fengið að minnsta kosti jafnlangan hvíldartíma og undanfarandi vakt hans stóð eða 11 klukkustundir eftir því hvort er lengra (Sjá a-lið IEM OPS 1.1110); og

2) að lágmarkshvíldartími eftir flugvakt þar sem notuð var áunnin lenging vaktar vegna skiptrar vaktar sé að minnsta kosti jafnlangur og samanlagður tími flugvaktar, að vinnuhléi meðtöldu, en þó þannig að við útreikning á hvíldartíma þurfi ekki að taka tillit til lengdar vinnuhlés ef séð var fyrir viðeigandi gistiaðstöðu.

b) Flugrekanda er heimilt að stytta hvíldartíma, sem er reiknaður út í samræmi við 1. tölul. a-liðar hér að framan, um 3 klukkustundir hið mesta en þó má hann ekki verða skemmri en 11 klukkustundir nema í tilvikum sem kveðið er á um í f-lið hér á eftir, með þeim fyrirvara:

1) að undanfarandi hvíldartíma samkvæmt 1. tölul. a-liðar hér að framan sé lokið;

2) að tímanum sem hvíldartíminn er styttur um sé bætt við næsta hvíldartíma sem ekki má stytta;

3) að tíminn sem hvíldartíminn er styttur um sé dreginn frá næstu leyfilegu flugvakt; og

JAR–OPS 1.1110 (framhald b-liðar)

4) ekki má stytta hvíldartímann næst á undan eða eftir skiptri vakt.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að lámarkshvíldartímunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið hér að framan sé fjölgað í að minnsta kosti:

1) 36 stundir á 7 daga samfelldu tímabili; eða

2) 60 stundir á 10 daga samfelldu tímabili (Sjá c-lið IEM OPS 1.1110).

d) Flugrekandi skal sjá til þess að flugverjar fái frídaga þar sem þeir eru lausir við alla vinnuskyldu og bakvaktir og að tilkynnt sé fyrirfram um frídagana, sem hér segir (Sjá d-lið IEM OPS 1.1110):

1) 7 staðardaga í hverjum almanaksmánuði, sem geta innifalið tilskilin hvíldartímabil; og

2) að minnsta kosti 24 staðardaga á hverjum almanaksársfjórðungi, sem geta innifalið tilskilin hvíldartímabil.

e) Flugrekandi skal sjá áhöfn fyrir viðeigandi gistiaðstöðu þegar taka þarf hvíldartíma fjarri heimahöfn.

f) Flugrekandi skal sjá til þess:

1) ef samanlagður ferðartími báðar leiðir milli vinnustaðar og viðeigandi gistiaðstöðu sem flugrekandi sér fyrir er lengri en 2 klukkustundir, að öllum ferðatíma til/frá hvíldarstað umfram það sé bætt við lágmarkshvíldartímann; eða

2) ef samanlagður ferðatími báðar leiðir milli vinnustaðar og viðeigandi gistiaðstöðu sem flugrekandi sér fyrir er skemmri en 1 1/2 klukkustund, að draga megi mismuninn frá lágmarkshvíldartímanum en tíminn í gistiaðstöðunni skal þó ekki vera skemmri en 10 klukkustundir.

g) Flugrekandi skal sjá til þess að ef, einhvern tíma á samfelldu 7 daga tímabili:

1) einhver hluti þriggja eða fleiri vakta á áætlun fellur innan tímabilsins 0100 – 0659 að staðartíma á mætingarstað, en þær má að vali flugmálayfirvalda færa fram um eina heila klukkustund; og

JAR–OPS 1.1110 (framhald g-liðar)

2) tímamunurinn milli hverra tveggja staða þar sem áhöfnin tók sér hvíld er minni en 4 klukkustundir,

þá sé 36 stunda samfelldur hvíldartími sem gefinn er kostur á og mælt er fyrir um í 1. tölul. c-liðar hér að framan lengdur í 48 stundir, en viðbótarstundirnar 12 sem lengja hvíldartímann í 48 stundir þurfa ekki að falla innan 7 daga tímabilsins.

h) Ef g-liður hér að framan gildir skal flugrekandi ekki velja þann kostinn að nota 60 stunda hvíldartíma sem mælt er fyrir um í 2. tölul. c-liðar hér að framan.

JAR–OPS 1.1115 Hér á að vera eyða

JAR–OPS 1.1120 Tímamunur
(Sjá AMC OPS 1.1120)

Ef tímamunur milli tveggja staða þar sem vakt hefst og endar er 4 klukkustundir eða meiri skal flugrekandi taka tillit til áhrifanna sem þetta getur haft á flugverja með því að tiltaka lengri hvíld.

JAR–OPS 1.1125 Bakvakt

a) Kjósi flugrekandi að hafa áhafnir á bakvakt skal hann:

1) setja eftirfarandi tímamörk á bakvaktir flugverja;

Boðunartími (a)	Lengsta bakvakt (b)
0 – 5 klst. 59 mín.	12 klst.
6 klst eða meira	18 klst.

Tafla 6 – Tímamörk fyrir bakvakt

2) sjá til þess að viðeigandi gistiaðstaða sé fyrir hendi ef:

i) flugverji er settur á bakvakt fjarri heimahöfn; eða

JAR–OPS 1.1125 (framhald a-liðar)

ii) bakvakt er tekin á flugvelli;

3) tilkynna flugverja hvenær bakvakt hefst, hvenær henni lýkur og hver lágmarksboðunartími er;

4) sjá til þess að eftirfarandi sé talið með í heildartíma vaktanna sem mælt er fyrir um í b-lið JAR–OPS 1.1085 eða a-lið JAR–OPS 1.1090, eftir því sem við á:

i) 50% af bakvaktartíma hvers flugverja (að frátöldum fyrstu 4 klukkustundum bakvaktar sem er tekin heima); og

ii) ef flugverji er boðaður til vinnu, 50% alls boðunartíma sem er undir 10 klukkustundum;

5) sjá til þess, ef flugverji er settur á bakvakt í beinu framhaldi af vakt og án hvíldar þar á milli, að vakta- og bakvaktartímarnir séu lagðir saman og bætt við:

i) flugvakt sem kemur í beinu framhaldi þar á eftir; eða

ii) vakt sem kemur í beinu framhaldi þar á eftir;

6) sjá til þess að flugverji sem lýkur bakvakt án þess að vera kallaður á vakt fái að minnsta kosti 10 klukkustunda hvíldartíma áður en næsta vakt eða bakvakt hans hefst.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, ef seinkun verður á flugi áður en flugverji fer af hvíldarstað þann dag sem flug er áætlað, að flugverjinn teljist vera á bakvakt sem hefst á upphaflega áætluðum mætingartíma. Þegar svo er skal flugrekandi tilgreina boðunartíma.

JAR–OPS 1.1130 Ófyrirséðar aðstæður í flugstarfinu sjálfu

a) Í flugstarfinu sjálfu, sem hefst á mætingartíma, er heimilt að breyta takmörkunum um flugvaktir, vinnu- og hvíldartíma, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, ef ófyrirséðar aðstæður koma upp. Flugstjórinn þarf að geta fallist á breytingarnar, að höfðu samráði við alla hina flugverjana, og þær verða jafnan að vera í samræmi við eftirfarandi:

JAR OPS 1.1130 (framhald a-liðar)

1) ekki er heimilt að lengja leyfilega flugvakt um meira en 2 klukkustundir nema:

i) fjölgað hafi verið í flugáhöfn og er þá heimilt að lengja leyfilega flugvakt um 3 klukkustundir hið mesta; eða

ii) þegar um þjónustuáhöfn er að ræða, leyfileg flugvakt hafi verið lengd í samræmi við c-lið JAR–OPS 1.1090 og er þá heimilt að lengja leyfilega flugvakt um 3 klukkustundir hið mesta;

2) skapist ófyrirséðar aðstæður eftir flugtak í lokaflugi flugvaktar, sem leiða til þess að farið er fram yfir leyfilega lengingu, er heimilt að halda fluginu áfram til ákvörðunarflugvallar eða varaflugvallar á áætlun; og

3) heimilt er að stytta hvíldartímann um 2 klukkustundir hið mesta en þó má hann ekki verða skemmri en 10 1/2 klukkustund, að því tilskildu að fyrri hvíldartími sama flugverja hafi ekki verið styttur. Bæta verður tímanum sem hvíldartíminn er styttur um við næsta hvíldartíma sem ekki er leyfilegt að stytta.

b) Komi upp ófyrirséð staða, eftir að flugvakt hefst, sem leiðir til þess að flugrekandi lætur flugverja taka sér vinnuhlé skal viðkomandi flugverja/flugverjum tilkynnt um það áður en vinnuhléið hefst og gilda þá ákvæðin um skipta vakt sem mælt er fyrir um í JAR–OPS 1.1105.

c) Ef ófyrirséðar aðstæður valda því að vakt sem samkvæmt áætlun lá utan tímabilsins 0100 – 0659 að staðartíma á mætingarstað fellur meira en eina klukkustund innan þess tímabils skal flugrekandi sjá til þess að farið sé að ákvæðum g- og h-liðar JAR–OPS 1.1110.

d) Flugrekandi skal sjá til þess að:

1) flugstjórinn gefi flugrekanda jafnan skýrslu ef flugvakt er lengd eða hvíldartími styttur í flugstarfinu sjálfu; og

JAR–OPS 1.1130 (framhald d-liðar)

2) ef flugvakt er lengd eða hvíldartími styttur um meira en eina klukkustund, þá sé afrit af skýrslunni ásamt tilskilinni umsögn flugrekanda um skýrsluna sent flugmálayfirvöldum eigi síðar en 28 dögum eftir atburðinn.

JAR–OPS 1.1135 Flugvaktaskrár, vinnu- og hvíldartímaskrár
(Sjá AMC OPS 1.1135)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að haldnar séu nógu nákvæmar skrár fyrir hvern flugverja um:

1) fartíma hans;

2) flugvaktir;

3) vaktir; og

4) hvíldartíma og staðardaga þar sem hann er laus við alla vinnuskyldu,

til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessa kafla.

b) Flugverji sem starfar sjálfstætt og/eða er í lausamennsku eða á eigin vegum skal halda sérstaka skrá, eftir því sem við á, um:

1) fartíma sína;

2) flugvaktir;

3) vaktir; og

4) hvíldartíma og staðardaga þar sem hann er laus við alla vinnuskyldu,

sem hann skal framvísa, áður en hann byrjar á flugvakt, hjá öllum flugrekendum sem nýta sér þjónustu hans (sjá b-lið AMC OPS 1.1135).

11. nóvember 1997 Nr. 651

AUGLÝSING

um gildistöku reglna um útreikning massa og jafnvægi í flugrekstri.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið, samkvæmt heimild í 188. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, að J-kafli í sameiginlegum flugrekstrarreglum ríkja í Flugöryggissamtökum Evrópu JAR-OPS 1 sem gefnar voru út 22. maí 1995 og fjalla um útreikning massa og jafnvægis í flugrekstri, skuli gilda í flugrekstri íslenskra aðila frá gildistöku auglýsingar þessarar.

Ákvæði reglna þessara í íslenskri þýðingu eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Með brot á umræddum reglum skal farið að hætti opinberra mála og varða þau refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. janúar 1998. Falla þá úr gildi ákvæði annarra greina en 4. gr. og 2. og 3. mgr. 6. gr. í reglugerð um sama efni nr. 52/1976 með síðari breytingum. Jafnframt fellur þá úr gildi gr. 6.2. í reglugerð um mannaflutninga í loftförum nr. 53/1976 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 11. nóvember 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Fylgiskjal.

1. ÞÁTTUR JAR-OPS 1
J-KAFLI
Massi og jafnvægi.

JAR–OPS 1.605 Almenn ákvæði
(Sjá 1. viðbæti við JAR–OPS 1.605)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að í öllum flugrekstri sé hleðsla, massi og þyngdarmiðja flugvéla jafnan í samræmi við þær takmarkanir sem tilgreindar eru í samþykktri flughandbók flugvélarinnar, eða flugrekstrarhandbók ef hún er meira takmarkandi.

b) Flugrekandi skal ákvarða massa og þyngdarmiðju hverrar flugvélar með því að vigta hana áður en hún er tekin fyrst í notkun og síðan á 4 ára fresti ef stuðst er við massa hverrar flugvélar, en á 9 ára fresti ef stuðst er við massa flugvélaflota. Gera skal grein fyrir samanlögðum áhrifum breytinga og viðgerða á massa og jafnvægi og skrásetja á tilskilinn hátt. Enn fremur skal endurvigta flugvélar ef ekki er vitað nákvæmlega um áhrif breytinganna á massa og jafnvægi.

c) Flugrekandi skal ákvarða massa allra hluta sem notaðir eru við starfrækslu, svo og flugverja sem reiknað er með í þurrarekstrarmassa flugvélarinnar, með vigtun eða notkun staðalmassa. Ákvarða skal áhrif staðsetningar þeirra á þyngdarmiðju flugvélarinnar.

d) Flugrekandi skal ákvarða massa flutningshleðslu, að meðtaldri kjölfestu, með því að vigta hana eða ákvarða massa flutningshleðslunnar í samræmi við staðalmassa farþega og farangurs samkvæmt JAR–OPS 1.620.

e) Flugrekandi skal ákvarða massa eldsneytis á flugvél út frá raunverulegum eðlismassa eldsneytisins eða, ef eðlismassi eldsneytisins er ekki þekktur, með aðferð sem tilgreind er í flugrekstrarhandbókinni. (Sjá e-lið IEM OPS 1.605.)

JAR–OPS 1.607 Orðskýringar

a) *Þurrarekstrarmassi:* Heildarmassi flugvélar sem er tilbúin til tiltekinnar tegundar flugs, að frádreginni heildarþyngd nýtanlegs eldsneytis og flutningshleðslu. Í þessum massa eru eftirtaldir þættir:

1) áhöfn og áhafnarfarangur;

2) flugvistir og lausabúnaður fyrir þjónustu við farþega; og

3) drykkjarvatn og kemísk efni í salerni.

b) *Hámarksþurramassi:* Mesti leyfilegi massi flugvélar án nýtanlegs eldsneytis. Massi eldsneytis í tilteknum geymum skal reiknaður með í þurramassanum ef það er tekið sérstaklega fram í ákvæðum um takmarkanir í flughandbók flugvélarinnar.

c) *Hámarkslendingarmassi miðað við burðarþol:* Mesti leyfilegi heildarmassi flugvélar í lendingu við eðlilegar aðstæður.

d) *Hámarksflugtaksmassi miðað við burðarþol:* Mesti leyfilegi heildarmassi flugvélar við upphaf flugtaksbruns.

e) *Flutningshleðsla:* Heildarmassi farþega, farangurs og fraktar, að meðtalinni óarðbærri hleðslu.

JAR–OPS 1.610 Hleðsla, massi og jafnvægi

Í flugrekstrarhandbók skal flugrekandi tilgreina þær meginreglur og aðferðir viðvíkjandi hleðslu og massa- og jafnvægiskerfinu er uppfylla kröfur JAR–OPS 1.605. Það kerfi skal taka til alls fyrirhugaðs rekstrar.

JAR–OPS 1.615 Massagildi fyrir áhöfn

a) Flugrekandi skal nota eftirfarandi massagildi til að ákvarða þurrarekstrarmassa:

1) raunmassa, þar með talinn allan áhafnarfarangur; eða

2) staðalmassa, þar með talinn handfarangur, sem er 85 kg fyrir flugliða og 75 kg fyrir þjónustuliða; eða

3) aðra staðalmassa sem flugmálayfirvöld geta fallist á.

b) Flugrekandi skal leiðrétta þurrarekstrarmassann með hliðsjón af viðbótarfarangri, ef einhver er. Taka skal tillit til staðsetningar þessa viðbótarfarangurs þegar þyngdarmiðja flugvélar er ákvörðuð.

JAR–OPS 1.620 Massagildi fyrir farþega og farangur

a) Flugrekandi skal reikna út massa farþega og skráðs farangurs, annaðhvort með því að nota raunverulega þyngd hvers einstaklings samkvæmt vigt og raunverulega þyngd farangurs samkvæmt vigt eða staðalmassagildi sem tilgreind eru í töflu 1 til 3 hér á eftir, nema færri en 6 sæti séu í boði en þá er heimilt að ákvarða massa farþega með því að láta hvern farþega, eða einhvern fyrir hans hönd, gefa upp þyngd sína munnlega eða með því að áætla hana. Í flugrekstrarhandbókinni skulu vera reglur um hvenær skuli nota raunmassa og hvenær staðalmassa.

b) Ef raunmassi er ákvarðaður með vigtun skal flugrekandi sjá til þess að persónulegir munir og handfarangur teljist þar með. Skal þá vigtun fara fram sem næst flugvélinni, strax áður en farið er um borð.

c) Ef massi farþega er ákvarðaður með staðalmassagildum skal nota staðalmassagildin í töflu 1 til 2 hér á eftir. Í staðalmassa er innifalinn handfarangur og massi allra ungbarna undir tveggja ára aldri sem fullorðinn farþegi situr með í einu farþegasæti. Ungbörn sem sitja ein í farþegasætum teljast börn, að því er þennan lið varðar.

d) *Massagildi fyrir farþega – 20 sæti eða fleiri*

1) Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 20 eða fleiri skal nota staðalmassagildin fyrir karla og fyrir konur í töflu 1. Ef heildarfjöldi farþegasæta í boði er 30 eða fleiri má einnig nota massagildin fyrir „alla fullorðna“ í töflu 1.

2) Í töflu 1 merkir orlofsleiguflug leiguflug sem er einungis ætlað sem hluti af orlofsferðatilboði.

Tafla 1

Farþegasæti	20 og fleiri		30 og fleiri
	Karlar	Konur	Allir fullorðnir
Allt flug nema orlofsleiguflug	88 kg	70 kg	84 kg
Orlofsleiguflug	83 kg	69 kg	76 kg
Börn	35 kg	35 kg	35 kg

e) *Massagildi fyrir farþega – 19 sæti eða færri.*

Tafla 2

Farþegasæti	1 – 5	6 – 9	10 – 19
Karlar	104 kg	96 kg	92 kg
Konur	86 kg	78 kg	74 kg
Börn	35 kg	35 kg	35 kg

1) Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 19 eða færri skal nota staðalmassagildin í töflu 2.

2) Ef enginn handfarangur er í farþegarými í flugi eða ef handfarangur er reiknaður sér er heimilt að draga 6 kg frá massagildum fyrir karla og fyrir konur hér að framan. Hlutir eins og yfirhafnir, regnhlífar, litlar handtöskur eða veski, lesefni eða litlar myndavélar teljast ekki handfarangur að því er þennan lið varðar.

f) *Massagildi fyrir farangur*

1) Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 20 eða fleiri skal nota staðalmassagildin í töflu 3 fyrir hvern hlut í skráðum farangri. Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 19 eða færri skal nota raunmassa skráðs farangurs samkvæmt vigt.

2) Að því er töflu 3 varðar:

i) innanlandsflug er flug sem er hafið og lokið innan landamæra eins og sama ríkis;

ii) flug á evrópska svæðinu er flug, annað en innanlandsflug, sem er hafið og lokið á svæði sem tilgreint er í 1. viðbæti við f-lið JAR–OPS 1.620; og

iii) alþjóðaflug er flug, annað en flug á evrópska svæðinu, sem er hafið og lokið með brottfararstað og ákvörðunarstað í mismunandi heimsálfum.

JAR–OPS 1.620 (framhald f-liðar)

Tafla 3 – 20 sæti eða fleiri

Tegund flugs	Staðalmassi farangurs
Innanlandsflug	11 kg
Flug á evrópska svæðinu	13 kg
Alþjóðaflug	15 kg
Annað flug	13 kg

g) Óski flugrekandi eftir að nota önnur staðalmassagildi en gefin eru upp í töflu 1 til 3 hér að framan skal hann greina flugmálayfirvöldum frá ástæðum þess og fá samþykki þeirra fyrirfram. Hann skal einnig leggja fram ítarlega vigtunaráætlun til samþykkis og beita þeirri aðferð við tölfræðilega greiningu sem gefin er upp í 1. viðbæti við g-lið JAR–OPS 1.620. Þegar flugmálayfirvöld hafa sannprófað og samþykkt niðurstöður vigtananna gilda endurskoðuðu staðalmassagildin aðeins fyrir þann flugrekanda. Ekki er unnt að nota endurskoðuðu staðalmassagildin nema við sams konar aðstæður og vigtað var við. Í þeim tilvikum sem endurskoðuðu staðalmassagildin eru hærri en gildin í töflu 1 til 3 skal nota hærri gildin. (Sjá g-lið IEM OPS 1.620.)

h) Í öllu flugi þar sem ljóst er að reikna verður með því að verulegur fjöldi farþega ásamt handfarangri sé þyngri en staðalmassi farþega skal flugrekandi ákvarða raunmassa farþeganna með því að vigta þá eða auka massagildin nægilega. (Sjá h- og i-lið IEM OPS 1.620.)

i) Ef notuð eru staðalmassagildi fyrir skráðan farangur og verulegur fjöldi farþega lætur skrá farangur sem gert er ráð fyrir að fari yfir staðalmassa farangurs skal flugrekandi ákvarða raunmassa þessa farangurs með því að vigta hann eða auka massagildin nægilega. (Sjá h- og i-lið IEM OPS 1.620.)

j) Flugrekandi skal sjá til þess að flugstjóri sé látinn vita ef notuð hefur verið óstöðluð aðferð til að ákvarða massa hleðslunnar og að sú aðferð sé tilgreind í massa- og jafnvægisskrá.

JAR–OPS 1.625 Massa- og jafnvægisskrár
(Sjá 1. viðbæti við JAR–OPS 1.625)

a) Fyrir hvert flug skal flugrekandi gera massa- og jafnvægisskrá þar sem hleðsla og dreifing hennar er tilgreind. Massa- og jafnvægisskrá skal gera flugstjóra kleift að ákvarða, með því að skoða hana, að hleðslu og dreifingu sé þannig háttað að ekki sé farið yfir massa- og jafnvægismörk fyrir flugvélina. Nafn þess sem fyllir út massa- og jafnvægisskrána skal koma fram í skránni. Sá sem hefur yfirumsjón með hleðslu flugvélarinnar skal staðfesta með undirskrift sinni að hleðsla og dreifing hennar séu í samræmi við massa- og jafnvægisskrána. Flugstjórinn verður að geta fallist á það skjal og samþykkja það með áritun eða á annan sambærilegan hátt. (Sjá einnig 12. tölul. a-liðar JAR–OPS 1.1055.)

b) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um breytingar á hleðslu á síðustu stundu.

c) Með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda er flugrekanda heimilt að nota aðrar aðferðir en kveðið er á um í a- og b-lið hér að framan.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.605
Massi og jafnvægi – Almenn ákvæði
(Sjá JAR-OPS 1.605)

a) *Ákvörðun þurrarekstrarmassa flugvélar*

1) *Vigtun flugvélar*

i) Nýjar flugvélar eru venjulega vigtaðar í verksmiðjunni og því tilbúnar til starfrækslu án endurvigtunar ef massa- og jafnvægisskrár hafa verið leiðréttar með tilliti til breytinga eða lagfæringa á flugvélunum. Ekki þarf að vigta flugvél sem einn JAA-flugrekandi með samþykkta áætlun um massaeftirlit afhendir öðrum JAA-flugrekanda með samþykkta áætlun um massaeftirlit áður en flugrekandinn sem tekur við henni tekur hana í notkun nema 4 ár séu liðin frá því að hún var vigtuð síðast.

ii) Massa og staðsetningu þyngdarmiðju skal endurákvarða reglubundið fyrir hverja flugvél. Flugrekandi ákveður hámarkstímann sem líða má milli tveggja vigtana og skal hann vera í samræmi við ákvæði b-liðar JAR–OPS 1.605. Auk þess skal endurákvarða massa og þyngdarmiðju hverrar flugvélar, annaðhvort með:

A) vigtun; eða

B) útreikningi, ef flugrekandi getur lagt fram nægileg rök fyrir gildi þeirrar reikningsaðferðar sem notuð er,

ef breytingar á þurrarekstrarmassa eru samtals meiri en 0,5% af hámarkslendingarmassa eða ef breytingar á staðsetningu þyngdarmiðju eru samtals meiri en 0,5% af meðalvænglínu.

2) *Massi og staðsetning þyngdarmiðju fyrir flugvélaflota*

i) Þegar um er að ræða flota eða hóp flugvéla af sömu tegund í sömu útfærslu er heimilt að nota meðalgildi þurrarekstrarmassa og meðalstaðsetningu þyngdarmiðju sem massagildi og staðsetningu þyngdarmiðju fyrir flugvélaflotann, að því tilskildu að þurrarekstrarmassi og staðsetning þyngdarmiðju í hverri flugvél uppfylli ákvæðin um leyfileg frávik í ii-lið hér á eftir. Enn fremur gilda viðmið sem kveðið er á um í iii- og iv-lið og í 3. tölul. a-liðar hér á eftir.

ii) *Leyfileg frávik*

A) Ef þurrarekstrarmassi flugvélar sem hefur verið vigtuð eða útreiknaður þurrarekstrarmassi flugvélar í flugvélaflota víkur meira en 0,5% frá hámarkslendingarmassa miðað við burðarþol frá ákvörðuðum þurrarekstrarmassa flugvélaflotans eða staðsetning þyngdarmiðja víkur meira en 0,5% af meðalvænglínu frá þyngdarmiðju flugvélaflotans skal ekki telja flugvélina með í flugvélaflotanum. Heimilt er að ákvarða aðra flugvélaflota sem hver um sig er með mismunandi meðalmassa flugvélaflota.

B) Þegar massi flugvélar er innan marka þurrarekstrarmassa flugvélaflota en staðsetning þyngdarmiðju flugvélarinnar er utan leyfilegra marka fyrir flotann er þó heimilt að starfrækja flugvélina samkvæmt gildandi þurrarekstrarmassa flugvélaflotans með staðsetningu þyngdarmiðju fyrir þá flugvél.

C) Sé unnt að benda á verulegan útlitsmun á tiltekinni flugvél og öðrum flugvélum í flotanum sem gera má nákvæma grein fyrir (t.d. eldhús- eða sætafyrirkomulag) og það veldur því að hún fer yfir mörk flugvélaflotans er heimilt að hafa flugvélina áfram í flotanum, að því tilskildu að leiðrétt sé á viðeigandi hátt fyrir massa og/eða staðsetningu þyngdarmiðju fyrir þá flugvél.

D) Hafi meðalvænglína flugvéla ekki verið gefin upp skal starfrækja flugvélarnar samkvæmt gildum fyrir massa og þyngdarmiðju hverrar flugvélar eða láta athuga þær og samþykkja sérstaklega.

iii) *Gildi flotans notuð*

A) Þegar flugvél hefur verið vigtuð, eða hafi breytingar orðið á búnaði flugvélarinnar eða útfærslu, skal flugrekandi ganga úr skugga um að flugvélin sé innan fráviksmarkanna sem kveðið er á um í ii-lið 2. tölul. hér að framan.

1. viðbætir JAR–OPS 1.605 (framhald)

B) Flugvélar sem hafa ekki verið vigtaðar frá síðustu úttekt á flotamassa má hafa áfram í flota sem starfræktur er með flotagildum, að því tilskildu að gildi fyrir hverja flugvél séu endurmetin með útreikningi og haldist innan fráviksmarkanna sem skilgreind eru í ii-lið 2. tölul. hér að framan. Ef gildi einstakra flugvéla eru ekki lengur innan leyfilegra fráviksmarka skal flugrekandi annaðhvort ákvarða ný flotagildi sem uppfylla skilyrði samkvæmt i- og ii-liðum 2. tölul. hér að framan eða starfrækja flugvélar sem eru ekki innan markanna samkvæmt þeirra eigin gildum.

C) Til að bæta flugvél í flota sem starfræktur er samkvæmt flotagildum skal flugrekandi sannprófa með vigtun eða útreikningum að raunveruleg gildi séu innan fráviksmarkanna sem kveðið er á um í ii-lið 2. tölul. hér að framan.

iv) Til að uppfylla ákvæði i-liðar 2. tölul. hér að framan skal uppfæra flotagildin eigi sjaldnar en í lok hverrar úttektar á flotamassa.

3) *Fjöldi flugvéla sem þarf að vigta til að finna flotagildi*

i) Ef „n" er fjöldi flugvéla í flota þar sem flotagildi eru notuð skal flugrekandi, á tímabilinu milli tveggja úttekta á flotamassa, vigta að minnsta kosti ákveðinn fjölda flugvéla eins og tilgreint er í töflunni hér á eftir.

Fjöldi flugvéla í flota	**Lágmarksfjöldi vigtana**
2 eða 3	n
4 til 9	$\frac{n+3}{2}$
10 eða fleiri	$\frac{n+51}{10}$

ii) Þegar flugvélar eru valdar til vigtunar ber að velja þær flugvélar í flotanum sem lengst er síðan að voru vigtaðar.

iii) Ekki mega líða meira en 48 mánuðir milli tveggja úttekta á flotamassa.

1. viðbætir JAR–OPS 1.605 (framhald)

4) *Vigtunaraðferð*

i) Framleiðandi eða samþykkt viðhaldsstöð skal annast vigtun.

ii) Gera skal eðlilegar varúðarráðstafanir í samræmi við reglur um góðar starfsvenjur, svo sem:

A) kanna hvort flugvél og búnaður er fullfrágenginn;

B) ganga úr skugga um að tekið hafi verið tillit til allra vökva;

C) sjá til þess að flugvélin sé hrein; og

D) sjá til þess að vigtun fari fram í lokaðri byggingu.

iii) Búnaður sem notaður er til vigtunar skal kvarðaður og núllstilltur á réttan hátt og notaður í samræmi við fyrirmæli framleiðanda. Framleiðandi, mælifræðistofnun eða önnur löggilt stofnun skal annast kvörðun allra voga innan tveggja ára eða innan tímamarka sem framleiðandi vigtunarbúnaðarins tiltekur, hvort heldur skemmra er. Búnaðurinn verður að gera kleift að finna út massa flugvélarinnar innan 0,1% skekkjumarka.

b) *Sérstök staðalmassagildi fyrir flutningshleðslu.* Til viðbótar við staðalmassa fyrir farþega og skráðan farangur getur flugrekandi farið fram á samþykki flugmálayfirvalda fyrir staðalmössum annarrar hleðslu.

c) *Hleðsla flugvéla*

1) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar hans séu hlaðnar undir umsjón hæfra starfsmanna.

2) Flugrekandi skal sjá til þess að hleðsla á fragt sé í samræmi við gögn sem notuð eru við útreikning á massa og jafnvægi flugvélarinnar.

3) Flugrekandi skal halda sig innan viðbótarmarka fyrir burðarþol, svo sem burðartakmarkana gólfs, hámarkshleðslu á lengdarmetra, hámarksmassa í lestarhólf og/eða hámarkshleðslumörk vegna sæta.

1. viðbætir JAR–OPS 1.605 (framhald)

d) *Þyngdarmiðjumörk*

1) *Þyngdarmiðjusvið í rekstri*

Ef ekki er raðað í sæti og tekið nákvæmlega tillit til fjölda farþega í hverri sætaröð, farms í hverju lestarhólfi og eldsneytis í hverjum geymi við útreikning á jafnvægi verður að þrengja samþykkt þyngdarmiðjusvið með rekstrartakmörkunum. Þegar mörk þyngdarmiðjusviðs eru ákvörðuð skal hafa í huga hugsanleg frávik frá áætlaðri dreifingu hleðslunnar. Sé sætaval frjálst skal flugrekandi setja verklagsreglur til að tryggja að velji farþegar sér of einhliða sæti eftir flugvélinni endilangri þá bregðist flugáhöfn eða þjónustuáhöfn við og leiðrétti það. Flugmálayfirvöld verða að geta fallist á þrengingu þyngdarmiðjusviðsins og starfsreglur þar að lútandi, þar með talið áætlaða skipan farþega í sæti. (Sjá IEM með 1. viðbæti við d-lið JAR–OPS 1.605.)

2) *Þyngdarmiðja á flugi.* Auk 1. tölul. d-liðar hér að framan skal flugrekandi sýna fram á að í reglunum sé tekið fullt tillit til mestu frávika í færslu þyngdarmiðju sem orðið geta á flugi og stafa af því að áhöfn/farþegar er(u) á ferli svo og eyðslu og tilfærslu eldsneytis.

HÉR Á AÐ VERA EYÐA

HÉR Á AÐ VERA EYÐA

1. viðbætir við f-lið JAR-OPS 1.620
Skilgreining á evrópska flugsvæðinu

Að því er varðar f-lið JAR–OPS 1.620 merkir flug á evrópska svæðinu, að innanlandsflugi undanskildu, flug á svæði sem markað er með kompáslínu milli eftirfarandi punkta:

N7200	E04500
N4000	E04500
N3500	E03700
N3000	E03700
N3000	W00600
N2700	W00900
N2700	W03000
N6700	W03000
N7200	W01000
N7200	E04500

eins og sýnt er á mynd 1 hér fyrir neðan:

HÉR Á AÐ VERA EYÐA



Mynd 1 - Evrópska svæðið

1. viðbætir við g-lið JAR-OPS 1.620
Verklagsreglur um setningu endurskoðaðra staðla um massagildi fyrir farþega og farangur
(Sjá IEM með 1. viðbæti við g-lið JAR-OPS 1.620)

a) *Farþegar*

1) *Úrtaksaðferð við vigtun.* Ákvarða skal meðalmassa farþega og handfarangurs þeirra með vigtun þar sem notuð eru slembiúrtök. Tilhögun og umfang slembiúrtöku skal vera dæmigert fyrir farþegafjölda með hliðsjón af tegund flugs og tíðni á mismunandi leiðum, innleið/útleið, árstíð og sætaframboði í flugvélinni.

2) *Fjöldi í úrtaki.* Vigtunaráætlunin skal að minnsta kosti taka til þess fjölda sem mestur er:

i) fjölda farþega sem reiknaður er út frá tilraunaúrtaki með venjulegum tölfræðilegum aðferðum og byggist á hlutfallslegum vikmörkum (nákvæmni) sem eru 1% fyrir alla fullorðna og 2% fyrir meðalmassa fyrir karla annars vegar og konur hins vegar (tölfræðiaðferðina er að finna í g-lið IEM OPS 1.620, ásamt útreiknuðu dæmi til ákvörðunar á tilskildum lágmarksfjölda úrtaka og á meðalmassa); og

ii) fyrir flugvélar:

A) þar sem framboð farþegasæta er 40 eða meira, alls 2000 farþega; eða

B) þar sem framboð farþegasæta er minna en 40, alls 50 × sætaframboðið.

3) *Farþegamassi*

i) *Fullorðnir og börn.* Til fullorðinna teljast allir sem eru tólf ára og eldri. Fullorðnir eru enn fremur flokkaðir sem karlar eða konur. Ekki er gerður greinarmunur á kyni barna sem orðin eru tveggja ára en hafa ekki náð 12 ára aldri. Í massa farþega er innifalinn massi persónulegra muna sem farþegar taka með sér um borð í flugvélina.

ii) *Ungbörn.* Ungbörn eru börn yngri en tveggja ára. Þegar tekin eru slembiúrtök úr farþegamassa skal vigta ungbörn með þeirri fullorðnu manneskju sem þau eru í fylgd með.

4) *Vigtunarstaður.* Vigtun skal fara fram eins nálægt flugvélinni og unnt er, á stað þar sem ólíklegt er að breyting verði á farþegamassa með því að farþegar losi sig við eða bæti á sig persónulegum munum áður en þeir fara um borð í flugvélina.

5) *Vog.* Vogin sem notuð er til að vigta farþegana skal geta vigtað að minnsta kosti 150 kg. Minnsta kvarðaskipting má ekki vera stærri en 500 g. Nákvæmni vogarinnar skal vera innan 0,5% eða 200 g skekkjumarka, eftir því hvort er meira.

6) *Skráning massagilda.* Í hverju flugi skal skrá massa farþeganna, í hvaða farþegaflokki þeir eru (þ. e. karl/ kona/ barn) og flugnúmer.

b) *Skráður farangur.* Tölfræðiaðferðin til að ákvarða endurskoðuð staðalmassagildi fyrir farangur, sem byggjast á meðalmassa farangurs í tilskildum lágmarksfjölda úrtaka, er í grundvallaratriðum sú sama og fyrir farþega og eins og greint er frá í 1. tölul. a-liðar (Sjá einnig g-lið IEM OPS 1.620). Hlutfallsleg vikmörk (nákvæmni) fyrir farangur eru 1%. Vigta skal minnst 2000 stykki af skráðum farangri.

c) *Útreikningur endurskoðaðra staðalmassagilda fyrir farþega og skráðan farangur.*

1) Til að tryggja að það hafi ekki óhagstæð áhrif á öryggi í starfrækslu að nota endurskoðuð staðalmassagildi fyrir farþega og skráðan farangur fremur en raunveruleg massagildi sem ákvörðuð eru með vigtun skal framkvæma tölfræðilega greiningu (sjá g-lið IEM OPS 1.620). Úr slíkri greiningu fást meðalmassagildi fyrir farþega og farangur og sömuleiðis önnur gögn.

2) Í flugvélum með 20 farþegasætum eða fleiri gilda þessar meðaltalstölur sem endurskoðuð staðalmassagildi fyrir karla og fyrir konur.

3) Í minni flugvélum skal bæta við eftirfarandi gildisaukum fyrir meðalfarþegamassa til að fá fram endurskoðuð staðalmassagildi:

1. viðbætir JAR–OPS 1.620 (framhald g-liðar)

Fjöldi farþegasæta	Tilskilinn gildisauki fyrir massa
1 til og með 5	16 kg
6 til og með 9	8 kg
10 til og með 19	4 kg

Annar möguleiki er að nota endurskoðuðu (meðal) staðalmassagildin fyrir alla fullorðna í flugvélum með 30 eða fleiri farþegasæti. Endurskoðuð (meðal) staðalmassagildi fyrir skráðan farangur gilda í flugvélum með 20 farþegasæti eða fleiri.

4) Flugrekendur eiga þess kost að leggja ítarlega vigtunaráætlun fyrir flugmálayfirvöld til samþykkis til að fá síðan að víkja frá endurskoðuðu staðalmassagildi, að því tilskildu að fráviksgildið sé ákvarðað með aðferðinni sem gerð er grein fyrir í þessum viðbæti. Slík frávik skal endurskoða með minnst 5 ára millibili. (Sjá 4. tölul. c-liðar AMC með g-lið 1. viðbætis við JAR–OPS 1.620.)

5) Endurskoðuð staðalmassagildi fyrir alla fullorðna skulu byggjast á hlutfalli karla/kvenna sem er 80/20 í öllu flugi nema orlofsleiguflugi þar sem hlutfallið er 50/50. Óski flugrekandi eftir samþykki fyrir öðru hlutfalli á tilteknum leiðum eða í tilteknu flugi skal hann afhenda flugmálayfirvöldum gögn sem sýna að hið nýja hlutfall karla/kvenna er varlega áætlað og að það tekur til að minnsta kosti 84% af mældu hlutfalli karla/kvenna í úrtaki úr að minnsta kosti 100 dæmigerðum flugferðum.

6) Meðalmassagildin sem fást skulu hækkuð eða lækkuð í næstu heilu kílóatölu. Massagildi skráðs farangurs skulu hækkuð eða lækkuð í næstu 0,5 kg tölu, eftir því sem við á.

HÉR Á AÐ VERA EYÐA

1. viðbætir við JAR-OPS 1.625
Massa- og jafnvægisskrár
(Sjá IEM með 1. viðbæti við JAR-OPS 1.625)

a) *Massa- og jafnvægisskrár*

1) *Inntak*

i) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í massa- og jafnvægisskrám:

A) skrásetning og tegund flugvélar;

B) flugnúmer og dagsetning flugs;

C) nafn flugstjórans;

D) nafn þess sem fyllti út skrána;

E) þurrarekstrarmassi og samsvarandi þyngdarmiðja flugvélarinnar;

F) massi eldsneytis við flugtak og massi eldsneytiseyðslu í fluginu;

G) massi annarrar eyðslu en eldsneytis í fluginu;

H) hleðslueiningar, að meðtöldum farþegum, farangri, fragt og kjölfestu;

I) flugtaksmassi, lendingarmassi og þurramassi;

J) dreifing hleðslu;

K) viðeigandi staðsetning þyngdarmiðju flugvélarinnar; og

L) takmarkandi massa- og þyngdarmiðjugildi.

ii) Með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda er flugrekanda heimilt að sleppa sumum þessara upplýsinga úr massa- og jafnvægisskrám.

2) *Breytingar á síðustu stundu.* Verði breytingar á síðustu stundu eftir að gengið hefur verið frá massa- og jafnvægisskrá skal athygli flugstjórans vakin á því og verður að færa þær breytingar inn í massa- og jafnvægisskrána. Í flugrekstrarhandbókinni skal tilgreina mestu leyfilega breytingu á fjölda farþega eða á farmi í lest sem unnt er að fallast á sem breytingu á síðustu stundu. Ef farið er yfir þá tölu skal gera nýja massa- og jafnvægisskrá.

b) *Tölvuvædd kerfi.* Ef massa- og jafnvægisskrárnar eru unnar í tölvuvæddu massa- og jafnvægiskerfi skal flugrekandi ganga úr skugga um áreiðanleika frálagsgagna. Hann skal koma á kerfi til að hafa eftirlit með því að breytingar á ílagsgögnum hans séu teknar á réttan hátt inn í kerfið og að kerfið starfi rétt og óslitið; hann gerir þetta með því að sannprófa frálagsgögnin með í mesta lagi 6 mánaða millibili.

c) *Massa- og jafnvægiskerfi í flugvélinni.* Óski flugrekandi eftir því að fá að nota massa- og jafnvægistölvukerfi í flugvél sem aðalgagnagrunn fyrir flugið þarf hann að fá samþykki flugmálayfirvalda fyrir því.

d) *Gagnatenging.* Ef massa- og jafnvægisskrá er send flugvélum um gagnatengingu skal afrit af endanlegu massa- og jafnvægisskránni, sem flugstjórinn hefur samþykkt, vera tiltækt á jörðu niðri.

REGLUGERÐ

fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Nafn, heimili og deildir.

1.1 Sjóðurinn heitir Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar. Heimili hans og varnarþing er í Hafnarfirði. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

1.2 Eftirlaunasjóður stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar starfar í tveimur fjárhagslega sjálfstæðum deildum, A-deild og B-deild, sem skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hvorrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum er stjórn sjóðsins setur.

2. gr.

Sjóðfélagar.

Sjóðfélagar samkvæmt reglugerð þessari eru þeir einstaklingar sem greiða iðgjald til sjóðsins, þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum og þeir einstaklingar sem með iðgjaldagreiðslum hafa áunnið sér rétt í sjóðnum en greiða ekki lengur iðgjald og hafa ekki hafið töku lífeyris úr sjóðnum.

3. gr.

Sjóðfélagar A-deild.

3.1 Sjóðfélagar í A-deild sjóðsins skulu vera allir þeir starfsmenn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja sem náð hafa 16 ára aldri og eiga ekki aðild að B-deild sjóðsins skv. 4. og 5. gr. Heimilt er þó að semja svo um í kjarasamningi að tilteknir hópar starfsmanna kaupstaðarins, sem uppfylla þessi skilyrði, greiði í aðra lífeyrissjóði.

3.2 Starfsmenn annarra launagreiðenda en Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja, sem rétt eiga á aðild að B-deild sjóðsins skv. 2. og 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild hans.

3.3 Félagsmönnum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélaga Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Ísland, sem ekki eiga aðild að sjóðnum skv. 1. og 2. mgr., er jafnframt heimilt að greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins, enda hafi viðkomandi launagreiðandi samþykkt aðildina og þær skuldbindingar sem henni fylgja. Nánar skal kveðið á um aðild þessa af stjórn sjóðsins.

3.4 Stjórn sjóðsins er heimilt að veita öðrum en þeim er að framan greinir aðild að A-deild sjóðsins, enda beri þeim ekki að greiða í annan lífeyrissjóð og fyrir liggi samþykki viðkomandi launagreiðenda fyrir aðildinni og þeim skuldbindingum sem henni fylgja. Stjórnin setur nánari ákvæði um aðild að A-deild sjóðsins.

3.5 Þeir launagreiðendur, sem greiddu iðgjald til Eftirlaunasjóðs stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar á árinu 1997 fyrir starfsmenn sína, hafa heimild til að tryggja þá starfsmenn hjá A-deild sjóðsins sem ekki eiga aðild að B-deild hans skv. 4. gr. Sama gildir um þá starfsmenn þessara launagreiðenda sem áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu á árinu 1997.

4. gr.

Sjóðfélagar B-deild.

4.1 Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga og réttindaávinnsla til ársloka 1997 skulu varðveitt í B-deild sjóðsins.

4.2 Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til sjóðsins eða áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu við árslok 1997, skulu eiga rétt til aðildar að B-deild lífeyrissjóðsins á meðan þeir gegna störfum hjá bænum, enda séu þeir ráðnir til a.m.k. eins árs eða ráðnir með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti. Sama á við um þá kennara og skólastjórnendur við grunnskóla sem voru í starfi við árslok 1997 á meðan þeir starfa við grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum, enda uppfylli ráðning þeirra sömu skilyrði um ráðningartíma.

4. 3 Þeir sem starfa hjá grunnskólum við annað en kennslu eða skólastjórnun, þeir sem starfa hjá skólaskrifstofu og hjá sjúkrastofnunum og aðild áttu að sjóðnum við árslok 1997 skulu eiga sama rétt til aðildar að B-deild sjóðsins meðan þeir gegna þessum störfum.

4.4 Launagreiðendur, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 1997 til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína, hafa áfram sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins fyrir þá starfsmenn sína og aðra sjóðfélaga sem greiddu iðgjald til sjóðsins við árslok 1997. Hafi sjóðfélagi lokið iðgjaldagreiðslu fyrir árslok 1997 en áfram áunnið sér réttindi án iðgjaldagreiðslu vegna starfa hjá launagreiðanda sem um ræðir í þessari málsgrein skal hann halda sama rétti til réttindaávinnslu hjá B-deild sjóðsins. Kjósi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar sjóðsins er honum það þó heimilt að tilskildu samþykki launagreiðanda hans. Fellur þá niður heimild hans til að greiða iðgjald til B-deildarinnar.

4.5 Einstaklingur, sem fengið hefur heimild til áframhaldandi aðildar að Eftirlaunasjóði stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árslok 1997 vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi, hefur sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins.

5. gr.

Sjóðfélagar B-deild.

5.1 Sjóðfélagi, sem ekki greiddi iðgjald til sjóðsins við árslok 1997, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til aðildar að B-deild sjóðsins og þeir einstaklingar sem falla undir 2., 3. og 4. mgr. 4. gr.

5.2 Falli iðgjaldagreiðslur til B-deildar sjóðsins niður af öðrum ástæðum en segir í 1. mgr., t.d. vegna þess að viðkomandi sjóðfélagi hættir í starfi eða skiptir um starf, hefur sjóðfélagi áfram rétt til aðildar að B-deildinni, svo fremi hann hefji aftur starf sem veitir honum rétt til aðildar að deildinni innan tólf mánaða frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla hins vegar niður í tólf mánuði eða lengur, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að B-deild sjóðsins.

5.3 Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til Eftirlaunasjóðs stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar eða áunnu sér réttindi hjá sjóðnum án iðgjaldagreiðslu á árinu 1997, þó svo að þeir hafi ekki verið í starfi sem veitti þeim rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum í lok þess árs, eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins hefji þeir störf sem um ræðir í 2. mgr. 4. gr. á árinu 1997, enda uppfylli ráðning þeirra skilyrði 2. mgr. 4. gr. um ráðningartíma. Sömu heimild til iðgjaldagreiðslu fyrir starfsmenn sína hafa þeir launagreiðendur sem falla undir 4. mgr. 4. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn kosinn af sjóðfélögum úr þeirra hópi. Annan kýs bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar. Þeir skulu báðir kosnir til fjögurra ára. Bæjarstjóri, sem fulltrúi beggja aðila, verði oddamaður stjórnarinnar og jafnframt formaður hennar.

7. gr.

Ávöxtun á fé sjóðsins.

7.1 Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Heimilt er að ávaxta fjármuni sjóðsins með eftirfarandi hætti:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjarfélaga, enda séu heildarskuldir og ábyrgðir viðkomandi bæjarfélaga innan viðurkenndra marka að mati sjóðsstjórnar.
4. Í innlánum banka og sparisjóða.
5. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum, sem er innan við 60% af sölumati.
6. Í skuldabréfum banka, sparisjóða, lánasjóða og fjármálafyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu, enda starfi þau samkvæmt sérstökum lögum, eða séu undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.
7. Í skuldabréfum og víxlum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, enda séu viðkomandi skuldabréf skráð á Verðbréfaþingi Íslands.
8. Í hlutabréfum. Lífeyrissjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Þetta ákvæði gildir þó ekki gagnvart eignarhlutum í félögum, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal á hverjum tíma ekki vera meiri en sem nemur 25% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Hlutabréfaeign sjóðsins í félögum skráðum á Verðbréfaþingi Íslands, skal aldrei vera lægri en sem nemur 75% af heildarhlutabréfaeign sjóðsins. Allt að 25% af heildarhlutabréfaeign þurfa ekki að vera skráð á Verðbréfaþingi Íslands, enda hafi þau hlutabréf skráð kaup- og sölugengi á opinberum markaði.
9. Í traustum erlendum verðbréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfararstofnunar Evrópu (OECD) og í skráðum verðbréfasjóðum. Verðbréf skulu keypt fyrir milligöngu viðurkenndra verðbréfamiðlara. Þó er sjóðnum heimilt að kaupa millilíðalaust hlutdeildarskírteini í skráðum verðbréfasjóðum. Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 15% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.
10. Fjárfestingar lífeyrissjóðsins skulu miðast við, að heildarkröfur á hendur einum aðila fari ekki umfram 2,5% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Þó er heimilt að hafa allt að fjórfalt þetta hlutfall í heildarkröfum gagnvart einstökum bönkum. Þessi takmörk eiga ekki við um kröfur með ríkisábyrgð.
11. Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignum. Þar skal ennfremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins.

Heimilt er sjóðnum að eiga fasteign fyrir skrifstofur sínar.

8. gr.

Ársfundur.

8.1 Fyrir lok júní ár hvert skal stjórn sjóðsins boða til ársfundar sjóðsins. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum.

8.2 Á ársfundi verði eftir því sem við á gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu og breytingum á samþykktum sjóðsins.

9. gr.

Reikningar sjóðsins, endurskoðun og afgreiðsla.

9.1 Stjórnin ákveður hvernig haga skuli afgreiðslu sjóðsins.

9.2 Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af bæjarendurskoðanda án sérstakrar þóknunar.

10. gr.

Tryggingafræðileg úttekt.

Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins.

11. gr.

Um bann við framsali og veðsetningu.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt reglugerð þessari, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

II. KAFLI
A-deild lífeyrissjóðsins.

12. gr.

Hlutverk.

A-deild lífeyrissjóðsins greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka þeirra og börnum, og eftir atvikum sambúðaraðila, lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim sem hér fara á eftir. Auk ákvæða þessarar greinar gilda ákvæði 13.-21. gr. sérstaklega um deildina.

13. gr.

Iðgjöld.

13.1 Iðgjald til A-deildar sjóðsins skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu og skal iðgjaldastofninn vera allar launatekjur starfsmanna. Ökutækjastyrkur, dagpeningar, fæðispeningar og þess háttar greiðslur, sem eru endurgreiðsla á útlögðum kostnaði, teljast þó ekki til iðgjaldastofns. Iðgjald launagreiðenda til deildarinnar skv. 4. mgr. telst sömuleiðis aldrei til iðgjaldastofnsins.

13.2 Sjóðfélagar greiða 4% af launum skv. 1. mgr. í iðgjald til A-deildar sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun þeirra.

13.3 Sjóðfélagar og launagreiðendur þeirra bera eigi ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar nema með iðgjöldum sínum.

13.4 Launagreiðendur greiða að lágmarki 6% af launum þeim er sjóðfélagar taka hjá þeim, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, í iðgjald til A-deildar sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að iðgjald sjóðfélaga til sjóðsins ásamt mótframlagi atvinnurekenda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins skal stjórn sjóðsins hækka framlag launagreiðenda í samræmi við niðurstöðu athugunarinnar. Við ákvörðun á greiðslum launagreiðenda umfram 6% af launum sjóðfélaga ráði það sjónarmið að hrein eign A-deildar lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda til A-deildarinnar séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miða við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur til.

13.5 Iðgjald launagreiðenda skv. 4. mgr. skal endurskoða árlega og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.

13.6 Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt verði umfram iðgjald skv. 2. og 4., sbr. 5. mgr., og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá lífeyrissjóðnum eftir nánari reglum stjórnar og í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

14. gr.

Grundvöllur lífeyrisréttinda.

14.1 Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga A-deildar hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

14.2 Til grundvallar stigaútreikningi skal leggja samanlögð grundvallarlaun almanaksársins. Grundvallarlaun miðað við janúar 1996 skulu vera 49.084 kr., og skulu þau taka sömu hlutfallsbreytingum og vísitala neysluverðs frá 174,2 stigum.

14.3 Stig hvers árs reiknast þannig að í árslaun sjóðfélaga sem iðgjald er greitt af (þ.e. 4% iðgjald skv. 1. og 2. mgr. 13. gr. margfaldað með 25) er deilt með grundvallarlaunum ársins skv. 2. mgr.

14.4 Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.

14.5 Stig verði ekki reiknuð eftir lok þess mánaðar sem sjóðfélagi nær 70 ára aldri, enda greiði sjóðfélagar ekki iðgjald til sjóðsins eftir að þeim aldri er náð.

15. gr.

Eftirlaun.

15.1 Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til A-deildar sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára.

15.2 Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sjóðfélaga skv. 14. gr., margfölduðum með 1,90.

15.3 Sjóðfélaga A-deildar er heimilt að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 65 ára aldri, en þó ekki fyrr en næstu mánaðamót eftir að hann verður 60 ára. Upphæð ellilífeyris skal þá lækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,5% af óskertum áunnum lífeyrisrétti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur er taka lífeyris hefst.

15.4 Sjóðfélaga A-deildar er heimilt að fresta töku lífeyris eftir að hann nær 65 ára aldri. Upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem hann ávann sér fram til 65 ára aldurs skal þá hækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem töku lífeyris er frestað fram yfir 65 ára aldurinn, en þó ekki lengur en til 70 ára aldurs.

15.5 Haldi sjóðfélagi í A-deild sjóðsins áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu viðbótarstig hans reiknuð á ný þegar hann hefur náð 70 ára aldri. Réttindi, sem sjóðfélagi ávinnur sér eftir að taka lífeyris hefst, reiknast án hækkunar skv. 4. mgr. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu stig samkvæmt þessari málsgrein margfölduð með 0,95 við útreikning ellilífeyris.

16. gr.

Örorkulífeyrir.

16.1 Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi sem telja verður að nemi 40% eða meira og hefur áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

16.2 Réttur til örorkulífeyris stofnast aðeins ef sjóðfélagi hefur orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 18. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

16.3 Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímanna. Trúnaðarlæknir skal meta hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat þess aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

16.4 Heimilt er, að fengnu áliti trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.

16.5 Þegar skilyrði 1. mgr. og þessarar málsgreinar eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt skv. 15. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuðum samkvæmt ákvæðum 9. mgr., margfölduðum með 1,90, enda hafi sjóðfélagi:

a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára,
b. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum,
c. ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

16.6 Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans.

16.7 Þó svo að lífeyrissjóðurinn hafi gert samning við aðra lífeyrissjóði um réttindaflutninga samkvæmt heimild í 20. gr. stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði ef sjóðfélagi hefur skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap og rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins. Eigi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, ekki rétt á framreiknuðum örorkulífeyri úr öðrum lífeyrissjóði skal þó framreikna réttindi hjá þessum sjóði, enda hafi örorka sjóðfélaga skv. 1. mgr. komið til að mati trúnaðarlæknis eftir að sjóðfélagi hóf iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs.

16.8 Hafi sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, orðið þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a-lið 5. mgr. er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.

16.9 Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt skv. 5. mgr. á framreikningi stiga skal sá framreikningur vera reiknaður út frá meðaltali stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðatal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.

16.10 Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjald til sjóðsins. Skal þá í slíkum tilvikum miða framreikning við þetta meðaltal.

16.11 Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími styttur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

16.12 Nemi árlegt meðaltal sem miða skal framreikning við skv. 9. og 10. mgr. meira en sex stigum skal reikna með meðaltalinu allt að tíu árum, en síðan til 65 ára aldurs, reiknað með sex stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.

16.13 Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann að nemur a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri til þess tíma er orkutap telst hafa orðið skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.
16.14 Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.
16.15 Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vegna orkutaps vara í þrjá mánuði eða lengri tíma.
16.16 Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.
16.17 Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
16.18 Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

17. gr.
Makalífeyrir.

17.1 Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum. Fullur makalífeyrir skal að lágmarki greiddur í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.
17.2 Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 22 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal fullur makalífeyrir greiddur fram að 22 ára aldri yngsta barnsins, enda sé það á framfæri makans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt og börn samkvæmt þessari grein. Hafi ættleiðingin átt sér stað eftir 60 ára aldur sjóðfélagans, eftir að hann missti starfsorku sína eða innan árs áður en hann lést, skal stjórn sjóðsins þó úrskurða um hvort greiða skuli eftirlifandi maka lífeyri samkvæmt þessari grein.
17.3 Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélagans.
17.4 Jafnframt skal greiða makalífeyri ótímabundið til eftirlifandi maka sjóðfélaga sem fæddir eru fyrir 1. janúar 1945 með þeim takmörkunum sem hér segir: Makalífeyrir skv. 6. mgr. skal lækka um 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.
17.5 Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. 1.-3. mgr. til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.
17.6 Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,95. Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt skal auk áunninna stiga telja þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 9. mgr. 16. gr. Hafi sjóðfélaginn notið

örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 65 ára aldri, í samræmi við ákvæði lokamálsgreinar 16. gr., en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 2. mgr. 19. gr.

17.7 Rétthafi samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist, sbr. lög nr. 87/1996, eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er hér átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

18. gr.

Barnalífeyrir.

18.1 Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn sem hann lætur eftir sig og yngri eru en 22 ára rétt á lífeyri úr sjóðnum til 22 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

18.2 Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 10.000 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 2. mgr. 14. gr. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 6. mgr. 17. gr., eru a.m.k. eitt stig. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

18.3 Sé sjóðfélaga, sem uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 5. mgr. 16. gr., úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu tólf mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta skv. 2. mgr. með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er 7.500 kr. með hverju barni. Sé örorka skv. 16. gr. metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

18.4 Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

18.5 Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins til 18 ára aldurs þess, en eftir það til barnsins.

19. gr.

Iðgjaldagreiðslur falla niður.

19.1 Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður vegna veikinda eða atvinnuleysis reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

19.2 Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig, sbr. þó 1. mgr.

20. gr.

Endurgreiðsla iðgjalda.

20.1 Heimilt er að endurgreiða erlendum ríkisborgurum, sem flytjast af landi brott, öðrum en borgurum ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, þau iðgjöld sem greidd hafa verið þeirra vegna í A-deild sjóðsins. Endurgreiðslufjárhæðin skal vera margfeldi grundvallarlauna á greiðsludegi, samanlagðs iðgjaldshlutfalls sjóðfélaga og launagreiðanda og stiga sjóðfélaga. Ekki skal reikna vexti. Stjórnin getur með hliðstæðum hætti heimilað endurgreiðslu á iðgjöldum, sem greidd hafa verið til B-deildar sjóðsins.

20.2 Ekki skal að öðru leyti flytja iðgjöld og þar með bundin réttindi til sjóðsins eða frá honum. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að gera gagnkvæman samning við annan lífeyrissjóð um flutning iðgjalda, sem veita óveruleg réttindi.

21. gr.

Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

21.1 Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð þegar lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar réttur til lífeyris fellur úr gildi. Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og hefur fengið fyrirfram greidd laun, skal þó fá lífeyri greiddan fyrirfram.

21.2 Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

III. KAFLI
B-deild lífeyrissjóðsins.

22. gr.

Almenn ákvæði.

B-deild sjóðsins greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka þeirra og börnum, og eftir atvikum sambúðaraðila, lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim sem hér fara á eftir. Auk ákvæða þessarar greinar gilda ákvæði 23.-33. gr. sérstaklega um deildina.

23. gr.

Iðgjöld.

23.1 Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

23.2 Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

23.3 Launagreiðendur greiða 6% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

23.4 Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður. Þó er sjóðfélaga, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta, sbr. 3. mgr. þessarar greinar. Eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður samkvæmt þessari málsgrein eða 4. mgr. 24. gr. greiðir launagreiðandi hans 10% af launum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. þessarar greinar í iðgjald til sjóðsins.

23.5 Launþegi, sem yngri er en 16 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

23.6 Taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af, og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um starfsmenn sveitafélaga og fyrirtækja.

24. gr.

Eftirlaun.

24.1 Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

24.2 Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélagi gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagans og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

24.3 Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 2. mgr., og skal Hagstofa Íslands reikna þær mánaðarlega.

24.4 Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð. Sjóðfélagi, sem nær 95 ára markinu eftir að hann nær 64 ára aldri, getur ekki nýtt sér heimild samkvæmt þessari málsgrein.

24.5 Lífeyrisréttur hjá þeim sem njóta útreiknings skv. 4. mgr. skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst, en um hlutfallslega lægri hundraðshluta fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall.

24.6 Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti tíu ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum í Eftirlaunasjóði stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti tíu ár, ella skal miðað við það hærra launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti tíu ár.

24.7 Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð trúnaðarlæknis um heilsufar.

24.8 Sjóðfélagi, sem gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 4. gr., á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris meðan hann gegnir því starfi. Sama á við um þá sem fá greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, eftir að þeir láta af störfum.

25. gr.

Um sérstök lífeyrisréttindi fyrir vaktavinnu og næturvinnu.

25.1 Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða maka-

lífeyris) úr Eftirlaunasjóði stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar, enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

25.2 Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á nóttunni, það er á tímabilinu frá kl. 22.00-09.00, og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

25.3 Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.

25.4 Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.

25.5 Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaununum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.

25.6 Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

25.7 Fyrir jafngildi hverrar tólf mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

26. gr.

Örorkulífeyrir.

26.1 Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er trúnaðarlæknir metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

26.2 Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt skv. 24. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt skv. 24. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs, og skulu áunnin lífeyrisréttindi þá reiknast af launum í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast eins og þau eru á hverjum tíma.

26.3 Sé örorka sjóðfélagans á milli 10% og 50% er örorkulífeyrir hans sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75% er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1% sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginga. Þegar öryrki, sem metinn er undir 75%, nær 65 ára aldri fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 24. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

26.4 Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

26.5 Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

26.6 Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

27. gr.
Makalífeyrir.

27.1 Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum.

27.2 Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Makalífeyrir hækkar síðan um 20% af launum þeim er hann miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hækkunin verður hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn hefur verið í lægra starfshlutfalli við starfslok. Viðbótarlífeyrir þessi greiðist þó einungis ef hinn látni sjóðfélagi hefur uppfyllt eitt af þremur eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann hafi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið.
2. Hann hafi hafið töku lífeyris fyrir andlátið og upphaf lífeyristöku hans hafi verið í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum.
3. Hann hafi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nema iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjald til annars sjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

27.3 Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

27.4 Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris má eftirlifandi maki velja um hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann.

27.5 Hafi hjúskap lokið vegna skilnaðar skal útreikningur makalífeyris miðast við þann tíma er hinn látni sjóðfélagi hafði átt aðild að sjóðnum þegar hjúskap var slitið. Viðbótarlífeyrir skv. 2. mgr. greiðist ekki í því tilviki.

27.6 Þegar sjóðfélagi, sem verið hefur tvígiftur, deyr og lætur eftir sig maka og fyrrverandi maka á lífi skiptist makalífeyririnn á milli þeirra þannig að réttur fyrrverandi maka ákvarðast samkvæmt reglu 5. mgr. en réttur maka telst frá þeim degi er hinum fyrra hjúskap var slitið. Hliðstæð regla gildir séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

27.7 Hafi sjóðfélagi verið utan hjónabands við andlátið, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, þó eigi skemur en fimm ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málsl. um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

28. gr.
Frestun á töku eftirlauna.

28.1 Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu sem hærra var launað.

28.2 Sama regla gildir þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á sem í þessari málsgrein ræðir um er sjóðfélaga heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs trúnaðarlæknis til sönnunar því að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

28.3 Þegar lífeyrisgreiðslur skulu miðast við hærra launað starf en lokastarf skv. 1. eða 2. mgr. eða skv. 6. mgr. 24. gr. skal við ákvörðun um lífeyri miða við meðalhækkanir á launum

opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. 3. mgr. 24. gr. frá þeim tíma er starfsmaður lætur af sínu hærra launaða starfi og þar til taka lífeyris hefst.

28.4 Hafi starfsmaður látið af hinu hærra launaða starfi fyrir árslok 1997 skal þó miða breytingar á lífeyri við breytingar á þeim launum er starfinu fylgdu fram til ársloka 1997. Eftir það skal farið eftir reglu 3. mgr.

29. gr.

Barnalífeyrir.

29.1 Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn er sá maður lætur eftir sig er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist.

29.2 Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

29.3 Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.

29.4 Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

30. gr.

Úrgöngur úr sjóðnum.

30.1 Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans, örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og laun þau er hann hafði er hann lét af stöðu þeirri er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra eftir að taka lífeyris hefst. Eigi sjóðfélagi réttindi hjá sjóðnum vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma reiknast lífeyrir þó samkvæmt reglum 3. og 4. mgr. 28. gr. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig að full upphæð skv. 29. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.

30.2 Sé staða eða starf sjóðfélagans lagt niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.

31. gr.

Flutningur milli sjóða.

31.1 Nú flyst starfsmaður, er verið hefur í Eftirlaunasjóði stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar, í starf sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði er hann flyst til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði er svari til þess starfstíma er sjóðfélaginn hafði öðlast.

31.2 Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu þegar sjóðfélagi flyst í annan sjóð sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá trygginga-

félagi eða stofnun sem starfar eftir reglum er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessari reglugerð.

31.3 Á tilsvarandi hátt er sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki bæjarsjóðs eða fyrirtækis, að veita viðtöku, vegna manns er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingafélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

31.4 Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki bæjarsjóðs eða fyrirtækis, heimilað réttindakaup aftur í tímann þó að ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar er starfsmaðurinn vinnur hjá, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs frá því starfsmaðurinn var ráðinn og að starfsmaðurinn sé eldri en 35 ára þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.

31.5 Heimilt er að endurgreiða iðgjald til erlendra ríkisborgara sem flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland á aðild að.

32. gr.

Tilhögun greiðslu lífeyris.

Bæjarsjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt reglugerð þessari, og greiðist hann með 1/12 árslífeyrisins fyrirfram í hverjum mánuði.

33. gr.

Um endurgreiðslu bæjarsjóðs og bæjar- og sjálfseignarstofnana á lífeyrishækkunum.

33.1 Nú verður hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum bæjarstarfsmanna eða starfsmanna bæjar- og sjálfseignarstofnana og endurgreiðir þá bæjarsjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald til sjóðsins vegna starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda skal skipting á skuldbindingum milli launagreiðenda reiknast samkvæmt þeim launum sem áunninn réttur er reiknaður eftir og í hlutfalli við réttindaávinning hjá hverjum launagreiðanda.

33.2 Hafi innan árs, áður en taka lífeyris hefst, verið gerðar breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá tilteknum sjóðfélaga, og þessar breytingar eru umfram almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna, skal reikna skuldbindingar launagreiðenda skv. 1. mgr. út frá launum eins og þau voru fyrir þessa hækkun.

33.3 Stjórn sjóðsins er heimilt, að fengnu samþykki Hafnarfjarðarkaupstaðar, að taka við skuldabréfi til greiðslu á áföllnum skuldbindingum annarra launagreiðenda en bæjarsjóðs skv. 1. mgr. þessarar greinar, enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Skuldbindingin sem gerð er upp skal byggð á tryggingafræðilegu mati miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi, sem gert hefur upp skuldbindingu sína með útgáfu skuldabréfs samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til.

IV. KAFLI

Gildistaka og reglugerðaskil.

34. gr.

Val um eftirmannsreglu í B-deild við útreikning eftirlauna.

Sjóðfélagar, sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku reglugerðar þessarar, geta, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar, valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast,

eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir hærra launað starf samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 24. gr. og 1. eða 2. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar, eða hvort þær skuli breytast samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar. Skal stjórnin setja nánari ákvæði um með hvaða hætti vali sjóðfélaga samkvæmt þessu verði háttað og innan hvaða tímamarka þeir skuli tilkynna sjóðnum um þessa ákvörðun.

35. gr.

Réttindi sjóðfélaga sem eru skemur en þrjú ár í B-deild þegar þeir flytja sig yfir í A-deild.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 30. gr. skal reikna lífeyri þeirra sjóðfélaga, sem greitt hafa skemur en þrjú ár til sjóðsins, þegar þeir hefja iðgjaldagreiðslu til A-deildar þannig að miðað verði við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því að starfsmaður hættir iðgjaldagreiðslu til B-deildar sjóðsins og þar til taka lífeyris hefst samkvæmt reglum 3. mgr. 28. gr. og 3. mgr. 24. gr., enda sé samanlagður iðgjaldagreiðslutími til A-deildar og B-deildar a.m.k. þrjú ár.

36. gr.

Niðurfall og tvítrygging réttinda milli deilda.

37.1 Sjóðfélagar, sem rétt eiga á að greiða iðgjald til B-deildar lífeyrissjóðsins skv. 4. gr. en kjósa fremur að greiða til A-deildar, eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild á meðan þeir gegna störfum sem uppfylla aðildarskilyrði 4. gr.

37.2 Að öðru leyti skal stjórn sjóðsins setja reglur til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild.

37. gr.

Skipting makalífeyris.

Hafi sjóðfélagi, sem er látinn við gildistöku laga þessara, verið giftur oftar en einu sinni og látið eftir sig maka og fyrrverandi maka ákvarðast réttur til lífeyris milli fleiri en eins rétthafa makalífeyris eftir eldri reglugerð. Heimilt er þó að skipta rétti til makalífeyris milli fyrrverandi maka og síðari sambúðaraðila eftir gildistöku reglugerðar þessarar samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 27. gr.

38. gr.

Breyting á reglugerð.

Til breytinga á reglugerð þessari, annarra en þeirra, er leiða kynnu af breytingu á landslögum, þarf samþykki meirihluta stjórnar Starfsmannafélagsins og meirihluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar.

39. gr.

Gerðardómur.

Vilji sjóðfélagi, eða fjárhaldsmaður ólögráða sjóðfélaga, ekki hlíta úrskurði sjóðstjórnar um eitthvert atriði varðandi sjóðinn, getur hann lagt málið fyrir gerðardóm. Hann skal þá tilkynna sjóðsstjórninni það innan fjögurra vikna frá því hann fékk tilkynningu um úrskurð hennar. Jafnframt skal hann tilnefna annan gerðardómsmann innan tveggja vikna. Þeir velja síðan oddamann en geti þeir ekki komið sér saman um oddamanninn, skal hann tilnefndur af héraðsdómi Reykjaness. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila og verður ekki lagður fyrir dómstóla. Kostnaður við gerðardóminn skiptist milli aðila eftir mati dómsins.

40. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 1998 og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð sjóðsins frá 1. janúar 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Iðgald launagreiðanda 1998-2000.

Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar skal iðgjald launagreiðenda vera 11,5% á árunum 1998-2000.

II.

Hækkun skv. 4. mgr. 15. gr.

Eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku reglugerðar þessarar skal stjórn sjóðsins ákveða nýja hækkunarprósentu skv. 4. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar í samræmi við tillögur tryggingafræðinga, þó aldrei hærri en 0,8%. Við þá tillögugerð skal viðbótarkostnaður vegna tilfærslu sjóðfélaga úr B-deild sjóðsins í A-deild skv. 5. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar útreiknaður og metinn til breytingar á annars ákveðinni prósentu.

III.

Lífeyrir fyrir stofnun sjóðsins (1. sept. 1956).

III.1 Sjóðfélagar, sem fyrir stofnun sjóðsins hafa verið í þjónustu Hafnarfjarðarkaupstaðar eða stofnana, sem fengið hafa aðgang að sjóðnum, og þá fullnægt ráðningarskilyrðum 2. mgr. 4. gr., skulu fá lífeyrisrétt fyrir þann starfstíma svo sem hér segir:

III.2 Eftirlaunin eru fundin þannig, að fyrst er fundið hve marga hundraðshluta af launum hvert ár, sem þeir hafa greitt iðgjald til sjóðsins, gefur í eftirlaun, samkvæmt 24. gr. Hvert starfsár fyrir stofnun sjóðsins gefur 100% af ársmeðaltalinu eftir að iðgjaldagreiðslan hófst.

III.3 Örorkulífeyrir ákvarðast út frá áunnum eftirlaunarétti með sama hætti og hjá öðrum sjóðfélögum.

III.4 Eigi einhver sjóðfélagi betri lífeyrisrétt en hér greinir vegna fyrri samþykktar bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar, heldur hann þeim rétti.

III.5 Lífeyrir, sem greiddur kann að verða vegna starfstíma fyrir stofnun sjóðsins, skal endurgreiddur úr bæjarsjóði eða af þeirri bæjarstofnun eða sjálfseignarstofnun, sem í hlut á.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 11. nóvember 1997.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla.

1. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af útsvarsstofni.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu grunnskólans skulu nema 0,77% af útsvarsstofni. Við skil á staðgreiðslu útsvars samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, skal jafnframt gera Jöfnunarsjóði skil á hlutdeild sjóðsins í staðgreiðslu. Ríkisbókhald skal sjá um útreikning á tekjum þessum og skiptir innheimtri staðgreiðslu hvers mánaðar milli ríkis, sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs. Tekjur sjóðsins skulu reiknaðar af þeim stofni sem staðgreiðsla hvers mánaðar er greidd af.

Enn fremur skal Ríkisbókhald sjá um útreikning á hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvari af tekjum sem skattlagðar eru eftir á við álagningu og ekki hefur verið greidd staðgreiðsla af. Í uppgjöri staðgreiðslu sveitarfélaga við álagningu útsvars skal Ríkisbókhald, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, taka tillit til hlutdeildar Jöfnunarsjóðs og gera sjóðnum skil á henni.

2. gr.

Framlög.

Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla skiptast í almenn framlög, framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda, veikindaforfalla og barnsburðarleyfa kennara, nýbúafræðslu, Skólabúða að Reykjum, Barnaverndarstofu, svo og önnur framlög.

Fyrir hvert fjárhagsár skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga gera áætlanir um jöfnunarframlög skv. 1. mgr. Í desember skal senda sveitarfélögum upplýsingar um áætluð jöfnunarframlög næsta árs og greiðsludreifingu þeirra eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Almenn framlög.

Fjármagn til almennra jöfnunarframlaga skal vera jafnhátt tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. 1. gr. að frádregnum framlögum skv. 4.-9. gr. reglugerðar þessarar, hlutdeild í rekstrarkostnaði Jöfnunarsjóðs og hlut Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. 12. gr. laga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Framlög samkvæmt þessari grein eru ætluð öllum sveitarfélögum nema Reykjavíkurborg.

Við útreikning framlaga samkvæmt þessari grein skal finna útgjaldaþörf hvers sveitarfélags vegna launakostnaðar af kennslu í grunnskólum og annars kostnaðar sem tengdur er flutningi alls rekstrar grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga. Útgjaldaþörfina skal finna með tvískiptum hætti, annars vegar almennt á grundvelli kennslustundafjölda samkvæmt reiknilíkani og hins vegar svæðisbundið þar sem reiknuð er útgjaldaþörf hvers sveitarfélags í sameiginlegum útgjöldum sveitarfélaga í viðkomandi umdæmum.

I. hluti: Reiknuð útgjaldaþörf á grundvelli reiknilíkans.

Reiknilíkaninu er ætlað að lýsa sem best hagkvæmni grunnskólanna miðað við fjölda nemenda í hverjum skóla. Líta má á niðurstöðu reiknilíkansins sem útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda vegna almennrar kennslu og vegna afsláttar stjórnenda. Nemendafjöldi hvers grunnskóla er breyta reiknilíkansins, þ.e. stærð sem hefur breytilegt gildi.

Reiknilíkanið er eftirfarandi:

$$Y = 2{,}02992 - 509{,}452/X^2 + 65{,}80395/X - 0{,}000847945X$$

Útreikningi skal haga með eftirfarandi hætti:

A.

Nemendafjöldi hvers grunnskóla skal settur inn í reiknilíkanið. Niðurstaðan sýnir útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda í viðkomandi grunnskóla.

Undantekningar frá þessari reglu skulu vera:

1. Breyta reiknilíkansins skal aldrei taka lægra gildi en sem svarar 22 nemendum fyrir hvern grunnskóla.
   Á sama hátt skal breytan aldrei taka hærra gildi en sem svarar 550 nemendum fyrir hvern grunnskóla.
   Grunnskóli með útibú skal reiknaður sem ein heild. Samanlagður nemendafjöldi aðalskólans og útibúsins skal því notaður við útreikning kennslustundafjölda.
2. Rekstraraðilar grunnskóla með færri en 22 nemendur geta óskað eftir því við ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að tekið sé tillit til aðstæðna þeirra við útreikning framlaganna. Verði nefndin við beiðninni skal finna útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda hjá viðkomandi skóla á grundvelli vinnureglna sem ráðgjafarnefnd setur.
3. Þar sem fleiri en einn grunnskóli er rekinn í sama sveitarfélagi skal finna útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda samkvæmt reiknilíkaninu fyrir hvern skóla fyrir sig og finna síðan út vegið meðaltal fyrir sveitarfélagið. Það meðaltal skal síðan notað í áframhaldandi útreikningi, sbr. B- og C-lið.
4. Ef í sama sveitarfélagi eru reknir tveir til fjórir grunnskólar af mismunandi skólagerð skal litið á þá grunnskóla sem taka við hver af öðrum sem einn heildstæðan grunnskóla, sbr. 1. dæmi í fylgiskjali. Þó skal margfalda niðurstöðu úr reiknilíkaninu með stuðli sem þannig er fundinn út:
   Fyrir skóla, sem vinna saman, skal finna út þann hlutfallslega mun sem er á milli niðurstöðu reiknilíkansins m.v. að hver skóli sé reiknaður sér og m.v. að viðkomandi skólar séu reiknaðir út sem ein heild. Þennan hlutfallslega mun skal síðan meðhöndla með eftirfarandi hætti:

   a. Margfalda með stuðlinum 0,50
   Ef í hverjum skóla eru færri en 200 nemendur eða að samanlagður nemendafjöldi er færri en fjöldi fundinn þannig {talan 200 margfölduð með fjölda skóla sem um ræðir + (0,1 að viðbættum 0,05 fyrir hvern skóla umfram tvo)}, sbr. 2. dæmi í fylgiskjali.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta. Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliðir	1602.10XX	1.000 kg
vöruliðir	1602.20XX	1.000 kg
vöruliðir	1602.3XXX	6.200 kg
vöruliðir	1602.4XXX	5.000 kg
vöruliðir	1602.50XX	1.800 kg
vöruliðir	1602.90XX	1.400 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1998.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

26. nóvember 1997 Nr. 661

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst -				
Tollnúmer:	*vöruliður 0202 og 0210:*		36.100		
0202.3002	Lundir	01.01.-30.06.98		0	494
0202.3003	Hryggvöðvar	01.01.-30.06.98		0	494
0202.3004	Vöðvar af læri	01.01.-30.06.98		0	494
	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað,				
Tollnúmer:	*þurrkað eða reykt:*				
0210.2001	Beinlaust	01.01.-30.06.98		0	301
	Svínakjöt - vöruliður 0203 og 0210:		24.200		
Tollnúmer:	*Svínakjöt, fryst:*				
0203.2903	Hakkað	01.01.-30.06.98		0	228

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0203.2904	Lundir	01.01.-30.06.98		0	401
0203.2905	Hryggvöðvar	01.01.-30.06.98		0	401
0203.2906	Vöðvar af læri	01.01.-30.06.98		0	401
0203.2909	Annað	01.01.-30.06.98		0	401
Úr tollnr.:	*Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reykt:*				
0210.1200	Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	01.01.-30.06.98		0	287
Tollnúmer:					
0210.1901	Reykt - beinlaust	01.01.-30.06.98		0	325
Úr tollnr.:					
0210.1909	Annars - beinlaust	01.01.-30.06.98		0	325
	Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207:		22.600		
	Kjöt og ætir hlutar af hænsnum, fryst:				
0207.1200	Ekki skorið í hluta, fryst	01.01.-30.06.98		0	147
0207.1401	Beinlaust	01.01.-30.06.98		0	147
0207.1402	Lifur	01.01.-30.06.98		0	202
0207.1409	Annað	01.01.-30.06.98		0	147
	Af kalkúnum:				
0207.2500	Ekki skorið í hluta, fryst	01.01.-30.06.98		0	202
0207.2701	Beinlaust	01.01.-30.06.98		0	202
0207.2702	Lifur	01.01.-30.06.98		0	202
0207.2709	Annað	01.01.-30.06.98		0	202
	Af öndum, gæsum eða perluhænsnum:				
0207.3300	Ekki skorið í hluta, fryst	01.01.-30.06.98		0	202
	Annað kjöt, fryst - vöruliður 0208:		6.000		
0208.9006	Hreindýrakjöt, fryst	01.01.-30.06.98		0	465
Úr tollnr.:					
0208.9009	Annars - Strútakjöt, fryst	01.01.-30.06.98		0	272

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar nr. 525/1996 um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð.

4. gr.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta.

Skulu tilboð ráða úthlutun. Þó skal að lágmarki og hámarki úthluta því magni sem hér greinir í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

		Að lágmarki:	Að hámarki:
vöruliður	0207.25xx og 0207.27xx	2.100 kg	3.000 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1998.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

24. nóvember 1997 Nr. 662

AUGLÝSING

um skráningu farmflytjenda á innfluttum og útfluttum vörum og skil á farmskrám.

1. gr.

Farmflytjendur skulu gefa öllum vörusendingum sem þeir flytja til og frá landinu sérstakt sendingarnúmer sem innflytjendur og útflytjendur eiga að tilgreina í aðflutnings- eða útflutningsskýrslu.

Sendingarnúmerið skulu farmflytjendur tilgreina í farmskrá við hverja vörusendingu sem flutt er til eða frá landinu, með sérhverju farmskrárnúmeri sjálfstæðrar vörusendingar, til aðgreiningar frá öllum öðrum sendingum sem flutningsfar flytur.

2. gr.

Sendingarnúmer er 19 stafa tala sem greinist í átta þætti sem hér segir:

Til skýringar er sendingarnúmerið sýnt hér samsett úr 19 bókstöfum, sem skipt er upp í átta bókstafaþætti sem hafa hver sína merkingu, þ.e. A-BBB-CCCC-D-EE-FFF-GGGG-H.

1. **A = Farmflytjandi.** Hvert skipafélag eða flugfélag skal hafa ákveðið tákn. Smærri farmflytjendur (t.d. fiskiskip) skulu þó vera nokkrir saman um tákn. Táknum úthlutar ríkistollstjóri samkvæmt beiðni viðkomandi farmflytjanda.
2. **BBB = Flutningsfar.** Skammstöfun fyrir flutningsfar er þrír stafir, bókstafir eða tölustafir. Farmflytjendur skulu ákveða sínar skammstafanir sjálfir og nota alltaf eina og sömu skammstöfunina fyrir sama flutningsfar óháð skammstöfunum hjá öðrum farmflytjendum. Innlendir farmflytjendur og umboðsmenn erlendra farmflytjenda skulu tilkynna ríkistollstjóra um þær skammstafanir sem orðið hafa fyrir valinu. Ríkistollstjóri mun hins vegar úthluta smærri farmflytjendum skammstöfun fyrir flutningsför þeirra.
3. **CCCC = Komudagur eða brottfarardagur,** eftir því sem við á. Fyrstu tveir bókstafirnir tákna mánaðardag en tveir þeir síðustu tákna mánuðinn.
4. **D = Ár.** Tilgreina skal síðasta tölustaf viðkomandi árs.
5. **EE = Hleðsluland.** Tilgreina skal með skammstöfun samkvæmt LOCODE (staðall Sameinuðu þjóðanna) viðkomandi hleðsluland. Tollstjórar skulu veita farmflytjendum upplýsingar um staðal þennan samkvæmt nánari fyrirmælum ríkistollstjóra.
6. **FFF = Hleðslustaður.** Tilgreina skal með skammstöfun samkvæmt LOCODE-staðli síðasta hleðslustað vörunnar í flutningsfar sem flytur vöru til eða frá landinu.
7. **GGGG = Númer sendingar** (farmskrárnúmer vegna skipsfarms en innfærslunúmer í innfærslubók flugfélaga vegna flugfarms). Tilgreina skal töluröð sendingar innan hleðslustaðar fyrir hverja ferð.
8. **H = Til prófunar.** Aðeins þeir farmflytjendur sem vinna farmskrár í tölvum þurfa að rita þessa tölu eða bókstaf.

3. gr.

Farmflytjendur, sem vinna farmskrár sínar í tölvum, skulu skila þeim í tölvutæku formi til embættis ríkistollstjóra samkvæmt nánari fyrirmælum sem ríkistollstjóri setur.

4. gr.

Farmflytjendur skulu tilgreina sendingarnúmer í flutningsgjaldsreikningum eða tilkynningum sem þeir gefa út vegna viðkomandi vörusendingar.

5. gr.

Tollstjórar skulu skila farmskrám, sem eru í skriflegu formi (pappírsfarmskrám), til endurskoðunardeildar embættis ríkistollstjóra innan viku frá því að flutningsfar tekur eða lætur úr höfn. Tollstjórar skulu innan viku frá tollafgreiðsludegi skila endurskoðunardeild embættis ríkistollstjóra aðflutnings- og útflutningsskjölum sem skilað hefur verið í skriflegu formi (pappírstollskjölum) vegna tollafgreiðslu á vörum.

6. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með vísan til 14., 15., 53. og 121. gr. tollalaga nr. 55, 30. mars 1987, með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1998. Frá sama tíma falla úr gildi fyrirmæli samkvæmt auglýsingu nr. 566/1987 um sama efni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Öðrum farmflytjendum en um ræðir í 3. gr. er heimilt til 1. janúar árið 2000 að skila viðkomandi tollstjóra farmskrám í skriflegu formi (pappírsfarmskrám) í tvíriti yfir vörur sem eru á skrá til tollumdæmis hans, sbr. m.a. bráðabirgðaákvæði tollalaga nr. 55/1987 og lög nr. 69/1996 um breyting á þeim.

Ríkistollstjóri, 24. nóvember 1997.

Sigurgeir A. Jónsson.

Nr. 663 21. nóvember 1997

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli Garðabæjar, Kópavogskaupstaðar og Bessastaðahrepps um breytt mörk sveitarfélaganna í Skerjafirði.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið hinn 21. nóvember 1997 staðfest samkomulag milli Garðabæjar, Kópavogskaupstaðar og Bessastaðahrepps um breytt mörk sveitarfélaganna í Skerjafirði, sbr. samning milli sveitarstjórna framangreindra sveitarfélaga, dags. 7. nóvember 1997.

Í samningnum segir svo:

„Undirritaðir, bæjarstjórinn í Kópavogi, fyrir hönd bæjarstjórnar Kópavogs, bæjarstjórinn í Garðabæ, fyrir hönd bæjarstjórnar Garðabæjar og sveitarstjórinn í Bessastaðahreppi, fyrir hönd hreppsnefndar Bessastaðahrepps, gerum með okkur eftirfarandi samning um lögsagnarumdæmamörk í Skerjafirði. Mörkin ákvarðast með hnitum í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951 eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti gerðum á tæknideild Kópavogs, dags. 25. mars 1997.

1. *Milli Kópavogs og Garðabæjar:*
Óbreytt samkvæmt lögum nr. 22 frá 20. maí 1985, bein lína úr markapunkti fyrir botni Kópavogs með hnit X= 20.900; Y= 13.250 í punkt í voginum norður af Arnarnesi með hnit X= 22.000; Y= 13.540. Lengd línu 1137,58 metrar.
Úr þeim punkti óbreytt samkvæmt fyrrgreindum lögum bein lína til vesturs með hnit, Y= 13.540. Lengd þeirrar línu ákvarðast nú 800,00 metrar í punkt úti á Skerjafirði í mynni Arnarnesvogs með hnit, X= 22.800; Y= 13.540.

2. *Milli Kópavogs og Bessastaðahrepps:*
Bein lína úr síðastgreindum punkti til NNV. í punkt með hnit: X= 23.400; Y= 14.920. Lengd línu 1504,79 metrar.

Samningur þessi er staðfestur í bæjarstjórn Garðabæjar hinn 22. maí 1997, í hreppsnefnd Bessastaðahrepps hinn 2. júní 1997 og í bæjarstjórn Kópavogs hinn 3. júlí 1997.
Af samningi þessum eru gerð 5 samhljóða frumrit og skal hann staðfestur af félagsmálaráðherra og honum þinglýst í Kópavogi og Hafnarfirði.

Kópavogi, 7. nóvember 1997.

F. h. Garðabæjar
Bæjarstjórinn í Garðabæ (stimpill)
Ingimundur Sigurpálsson (sign.)

F. h. Kópavogsbæjar
Bæjarstjórinn í Kópavogi (stimpill)
Sigurður Geirdal (sign.)

F. h. Bessastaðahrepps
Sveitarstjóri Bessastaðahrepps (stimpill)
Gunnar Valur Gíslason (sign.)"

Auglýsing þessi skal öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. nóvember 1997.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 98 – 1997

Nr. 664 1520 1. desember 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni nr. 236/1990.

1. gr.

Við gr. 5.1 bætist eftirfarandi, undir skilgreiningu á hættulegum efnum:

Flokkun	Varnaðarmerki
Hættulegt umhverfinu (N)	Dautt tré og dauður fiskur

Flokkunin N á aðeins við um hrein efni ekki efnablöndur.

2. gr.

Við 14. gr. bætist nýr töluliður 1.4, er hljóðar svo:

Efni sem flokkast hættuleg umhverfinu skal merkja með varnaðarmerki fyrir flokk N „Hættulegt umhverfinu“ til viðbótar við varnaðarmerki sem tiltekin eru í tölulið 1.1 og/eða tölulið 1.2.

3. gr.

Við 14. gr. bætist nýr töluliður 2.2, er hljóðar svo:

Innihaldi samsettar efnavörur efni sem flokkast hættuleg umhverfinu ber að tiltaka viðkomandi hættusetningar ef þörf er á að vekja athygli á þeim skaða sem efnið getur valdið í umhverfinu.

4. gr.

Við fylgiskjal 1, *Listi yfir eiturefni og hættuleg efni,* bætist flokkunin N „Hættulegt umhverfinu“ og viðeigandi hættu- og varnaðarsetningar, þar sem við á, sbr. 2. viðauka við reglugerð þessa.

5. gr.

Við fylgiskjal 2, *Varnaðarmerki,* bætist varnaðarmerkið N „Hættulegt umhverfinu“ eins og það er birt í 1. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit,

Gutenberg

ásamt síðari breytingum. Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka, XV. kafla, tl. 1, tilskipun 67/548/EBE eins og henni var breytt með tilskipun 92/32/EBE, gr.1.1(d), gr. 2.1(o), gr. 4 og 1. viðauka, svo og tilskipun 92/37/EBE viðauki II.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 1. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

1. VIÐAUKI

Varnaðarmerkið N „Hættulegt umhverfinu" bætist við fylgiskjal 2.

Fylgiskjal 2

VARNAÐARMERKI

N



2. VIÐAUKI

Eftirtalin efni, sem flokkuð hafa verið samkvæmt ákvæðum 4. og 5. gr., eru birt í lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sbr. fylgiskjal 1. Þar sem þessi efni flokkast sem hættuleg umhverfinu bætist við á listann varnaðarmerkið N og nýjar hættu- og varnaðarsetningar. Einnig bætast við athugasemdir þar sem við á í samræmi við 4. gr. reglugerðar nr. 449/1996, um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

Fylgiskjal 1

Listi yfir eiturefni og hættuleg efni

Heiti efna	Varnaðarmerki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Athugasemdir
aldrin	T + N	24/25-40-48/24/25- 50/53	(1/2)-22-36/37-45-60-61	Ú
allýlalkóhól	T + N	10-23/24/25-36/37/38-50	(1/2)-36/37/39-38-45-61	Ú

Heiti efna	Varnaðarmerki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Athugasemdir
allýlklóríð	F + Tx + N	11-26-50	(1/2)-16-29-33-45-61	D,Ú
amitrol	Xn + N	40-48/22-51/53	(2)-36-37-61	
anilín	T + N	20/21/22-40-48/23/24/25-50	(1/2)-28-36/37-45-61	Ú
ortó-anisidín	Tx +N	45-26/27/28-33-51/53	53-45-61	E,Ú
asetonsýanhýdrín	Tx + N	26/27/28-50	(1/2)-7/9-27-45-61	Ú
aziridin	F + Tx + N	45-46-11-26/27/28-34-51/53	53-45-61	D,E,Ú
1,3-benzendíól	Xn + N	22-36/38-50	(2)-26-61	
bis(2,4,6-trínítrófenýl)-amín	E + Tx + N	2-26/27/28-33-51/53	(1/2)-35-36-45-61	Ú
brómmetan (metýlbrómíð)	T + N	23-36/37/38-50/53-59	(1/2)-15-27-36/37/39-38-45-59-61	Ú
brómófos-ethýl	T + N	21-25-50/53	(1/2)-28-36/37-45-60-61	Ú
DDT (klófenótan)	T + N	25-40-48/25-50/53	(1/2)-22-36/37-45-60-61	Ú
demeton-O	Tx + N	27/28-50	(1/2)-28-36/37-45-61	Ú
demeton-S-metýl	T + N	24/25-51/53	(1/2)-28-36/37-45-61	Ú
díalifos	Tx + N	24-28-50/53	(1/2)-28-36/37-45-60-61	Ú
4,4'-díamínódífenýl-metan	T + N	45-20/21/22-48/20/21-43-51/53	53-45-61	E,Ú
díazinon	Xn + N	22-50/53	(2)-24/25-60-61	
díeldrin	Tx + N	25-27-40-48/25-50/53	(1/2)-22-36/37-45-60-61	Ú
N,N-díetýlanilín	T + N	23/24/25-33-51/53	(1/2)-28-37-45-61	Ú
díklófentíon	Xn + N	22-50/53	(2)-60-61	
díklóflúaníð	Xi + N	36-43-50/53	(2)-22-24-60-61	
1,2-díklórbenzen	Xn + N	22-36/37/38-50/53	(2)-23-60-61	Ú
ortó-díklórbenzen	Xn + N	22-36/37/38-50/53	(2)-23-60-61	Ú
3,3'-díklórbenzidín	T + N	45-21-43-50/53	53-45-60-61	E,Ú
díkrótofos	Tx + N	24-28-50/53	(1/2)-28-36/37-45-60-61	Ú
dínítróbenzen allir ísómerar	Tx + N	26/27/28-33-50/53	(1/2)-28-36/37-45-60-61	Ú
dínoseb	T + N	61-62-24/25-36-44-50/53	53-45-60-61	E,Ú
dísulfoton	Tx + N	27/28-50/53	(1/2)-28-36/37-45-60-61	Ú
endosulfan	T + N	24/25-36-50/53	(1/2)-28-36/37-45-60-61	Ú
endrin	Tx + N	24-28-50/53	(1/2)-22-36/37-45-60-61	Ú
EPN	Tx + N	27/28-50/53	(1/2)-22-36/37-45-60-61	Ú
etýlenímín	F + Tx + N	45-46-11-26/27/28-34-51/53	53-45-61	D,E,Ú
etýlklórasetat	T + N	23/24/25-50	(1/2)-7/9-45-61	Ú
fenitrotíon	Xn + N	22-50/53	(2)-60-61	
fenkapton	T + N	23/24/25-50/53	(1/2)-13-45-60-61	Ú
fensúlfotíon	Tx + N	27/28-50/53	(1/2)-23-28-36/37-45-60-61	Ú

Heiti efna	Varnaðarmerki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Athugasemdir
fentinasetat	Tx + N	24/25-26-36/38-43-50/53	(1/2)-36/37-45-60-61	Ú
fentinhýdroxíð	Tx + N	24/25-26-36/38-50/53	(1/2)-36/37-45-60-61	Ú
fentíon	T + N	21-25-50/53	(1/2)-36/37-45-60-61	Ú
fenýlhýdrazín	T + N	23/24/25-36-50	(1/2)-28-45-61	Ú
fonofos	Tx + N	27/28-50/53	(1/2)-28-36/37-45-60-61	Ú
fosalon	T + N	21-25-50/53	(1/2)-36/37-45-60-61	Ú
fosasetim	Tx + N	27/28-50/53	(1/2)-28-36/37-45-60-61	Ú
fosfamidon	Tx + N	24-28-40-50/53	(1/2)-23-36/37-45-60-61	Ú
heptaklor	T + N	24/25-33-40-50/53	(1/2)-36/37-45-60-61	Ú
heptaklórepoxíð	T + N	25-33-40-50/53	(1/2)-36/37-45-60-61	Ú
1,4,5,6,7,8,8-heptaklór-2,3-epoxí-3a,4,7,7a-tetrahýdró-4,7-metano-indan	T + N	25-33-40-50/53	(1/2)-36/37-45-60-61	Ú
1,4,5,6,7,8,8-heptaklór-3a,4,7,7a-tetrahýdró-4,7-metanóinden	T + N	24/25-33-40-50/53	(1/2)-36/37-45-60-61	Ú
gamma-1,2,3,4,5,6-hexa-klórsýklóhexan, sjá lindan	T +N	23/24/25-36/38-50/53	(1/2)-13-45-60-61	Ú
1,2,3,4,10,10-hexaklór-6,7-epoxí-1,4,4a,5,6,7,8, 8a-oktahýdró-exo-1,4-endo-5,8-dímetanónaftalín	Tx + N	24-28-50/53	(1/2)-22-36/37-45-60-61	Ú
hexaklórófen	T + N	24/25-50/53	(1/2)-20-37-45-60-61	Ú
hexisíð	T + N	23/24/25-36/38-50/53	(1/2)-13-45-60-61	Ú
hexyl sjá bis(2,4,6-trínítró-fenýl)amín	E + Tx + N	2-26/27/28-33-51/53	(1/2)-35-36-45-61	Ú
ísóbenzan	Tx + N	27/28-50	(1/2)-28-36/37-45-61	Ú
karbófenótíon	T + N	24/25-50/53	(1/2)-28-36/37-45-60-61	Ú
klófenótan (sjá DDT)				
klórdan	Xn + N	21/22-40-50/53	(2)-36/37-60-61	
klórediksýra	T + N	25-34-50	(1/2)-23-37-45-61	Ú
klórfenvinfos	Tx + N	24-28-50/53	(1/2)-28-36/37-45-60-61	Ú
para-klór-meta-kresól	Xn + N	21/22-38-50	(2)-26-28-61	
4-klór-3-metýlfenól	Xn + N	21/22-38-50	(2)-26-28-61	
3-klór-2-metýlprópen	F + Xn + N	11-20-51/53	(2)-9-16-29-33-61	
3-klórprópen	F + Tx + N	11-26-50	(1/2)-16-29-33-45-61	D,Ú
klórpyrifos	T + N	24/25-50/53	(1/2)-28-36/37-45-60-61	Ú
koltetraklorid, sjá tetraklórkolefni	T + N	23/24/25-40-48/23-59	(1/2)-23-36/37-45-59-61	Ú
krúfomat	Xn + N	21/22-50/53	(2)-36/37-60/61	
kúmafos	Tx + N	21-28-50/53	(1/2)-28-36/37-45-60-61	Ú
leptofos	T + N	21-25-39/25-50/53	(1/2)-25-36/37/39-45-60-61	Ú
lindan, sjá hexisíð	T + N	23/24/25-36/38-50/53	(1/2)-13-45-60-61	Ú

Heiti efna	Varnaðarmerki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Athugasemdir
mefosfolan	Tx + N	27/28-51/53	(1/2)-36/37/39-45-61	Ú
mekarbam	T + N	24/25-50/53	(1/2)-36/37-45-60-61	Ú
metamidofos	Tx + N	24-28-36-50	(1/2)-22-28-36/37-45-61	Ú
metidatíon	Tx + N	21-28-50/53	(1/2)-22-28-36/37-45-60-61	Ú
2- metoxíanilín	Tx + N	45-26/27/28-33-51/53	53-45-61	E,Ú
2-metýlallýlklóríð	F + Xn + N	11-20-51/53	(2)-9-16-29-33-61	
metýlbrómíð	T + N	23-36/37/38-50/53-59	(1/2)-15-27-36/37/39-38-45-59-61	Ú
4,4'-metýlenbis-(2-klóranilín)	T + N	45-22-50/53	53-45-60-61	E,Ú
2,2'-metýlen-bis-(3,4,6-tríklórfenól)	T + N	24/25-50/53	(1/2)-20-37-45-60-61	Ú
metýlklóroform	Xn + N	20-59	(2)-24/25-59-61	
1-metýl-3-nítró-1-nítrósóguanidín	T + N	45-20-36/38-51/53	53-45-61	E,Ú
mónókrótofos	Tx + N	24-28-50/53	(1/2)-23-36/37-45-60-61	Ú
morfotíon	T + N	23/24/25-50/53	(1/2)-13-45-60-61	Ú
2-nítrótólúen	T + N	23/24/25-33-51/53	(1/2)-28-37-45-61	Ú
4-nítrótólúen	T + N	23/24/25-33-51/53	(1/2)-28-37-45-61	Ú
nítrótólúídín allir ísómerar	T + N	23/24/25-33-51/53	(1/2)-28-36/37-45-61	Ú
1,2,4,5,6,7,8,8-okta-klór-3a,4,7,7a-tetra-hýdró-4,7-metanóindan (klórdan)	Xn + N	21/22-40-50/53	(2)-36/37-60/61	
ometóat	T + N	21-25-50	(1/2)-23-36/37-45-61	Ú
oxídemeton-metýl	T + N	24/25-50	(1/2)-23-36/37-45-61	Ú
paratíon	Tx + N	27/28-50/53	(1/2)-28-36/37-45-60-61	Ú
PCB (pólýklórbífenýl)	Xn + N	33-50/53	(2)-35-60-61	
pentaetýlenhexamín, sjá 3,6,9,12-tetraaza-tetradekan-1,14-díamín	C + N	34-43-50/53	(1/2)-26-36/37/39-45-60-61	
pentaklóretan	T + N	40-48/23-51/53	(1/2)-23-36/37-45-61	Ú
pentaklórfenól	Tx + N	24/25-26-36/37/38-40-50/53	(1/2)-22-36/37-45-52-60-61	Ú
pentaklórfenól, alkalísölt	Tx + N	24/25-26-36/37/38-40-50/53	(1/2)-22-36/37-45-52-60-61	Ú
pentaklórnaftalen	Xn + N	21/22-36/38-50/53	(2)-35-60-61	
pírimifos-etýl	T + N	21-25-50/53	(1/2)-23-36/37-45-60-61	Ú
pólýklórbífenýl (PCB),	Xn + N	33-50/53	(2)-35-60-61	
resorsínól	Xn + N	22-36/38-50	(2)-26-61	
sýanófos	Xn + N	21/22-50/53	(2)-36/37-60-61	
2-sýanó-2-própanól	Tx + N	26/27/28-50	(1/2)-7/9-27-45-61	Ú
TEPP (tetraetýlpýrófosfat)	Tx + N	27/28-50	(1/2)-36/37/39-38-45-61	Ú

Heiti efna	Varnaðarmerki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Athugasemdir
3,6,9,12-tetraazatetra-dekan-1,14-díamín	C + N	34-43-50/53	(1/2)-26-36/37/39-45-60-61	
tetraetýlenpentamín	C + N	21/22-34-43-51/53	(1/2)-26-36/37/39-45-61	
tetraetýlpýrófosfat (TEPP)	Tx + N	27/28-50	(1/2)-36/37/39-38-45-61	Ú
1,1,2,2-tetraklóretan	Tx + N	26/27-51/53	(1/2)-38-45-61	Ú
tetraklórmetan	T + N	23/24/25-40-48/23-59	(1/2)-23-36/37-45-59-61	Ú
O,O,O',O'-tetraprópýl-dítíópýrófosfat	Xn + N	21/22-50/53	(2)-36/37-60-61	
tíókarbamíð	Xn + N	22-40-51/53	(2)-22-24-36/37-61	Ú
tíóþvagefni	Xn + N	22-40-51/53	(2)-22-24-36/37-61	Ú
meta-tólúídín,	T + N	23/24/25-33-50	(1/2)-28-36/37-45-61	Ú
para-tólúídín,	T + N	23/24/25-33-50	(1/2)-28-36/37-45-61	Ú
3,6,9-tríazaúndekan-1,11-díamín	C + N	21/22-34-43-51/53	(1/2)-26-36/37/39-45-61	
1,2,4-tríazól-3-ýlamín	Xn + N	40-48/22-51/53	(2)-36-37-61	Ú
trífenýltinasetat	Tx + N	24/25-26-36/38-43-50/53	(1/2)-36/37-45-60-61	Ú
trífenýltinhýdroxíð	Tx + N	24/25-26-36/38-50/53	(1/2)-36/37-45-60-61	Ú
tríflúormetýlbenzen	F + N	11-51/53	(2)-16-23-61	
alfa, alfa, alfa-tríflúortólúen	F + N	11-51/53	(2)-16-23-61	
1,1,1-tríklór-2,2-bis-(4-klórfenýl)-etan, sjá klófenótan (DDT)	T + N	25-40-48/25-50/53	(1/2)-22-36/37-45-60-61	Ú
1,1,1-tríklóretan	Xn + N	20-59	(2)-24/25-59-61	
2,4,5-tríklórfenól	Xn + N	22-36/38-50/53	(2)-26-28-60-61	
tríklóronat	Tx + N	24-28-50/53	(1/2)-23-28-36/37-45-60-61	Ú
tríkresýlfosföt (o,o,o-o,o,m-o,o,p-o,m,m-o,m,p-o,p,p)	T + N	39/23/24/25-51/53	(1/2)-20/21-28-45-61	Ú
tríkresýlfosföt (m,m,m-m,m,p-m,p,p-p,p,p)	Xn + N	21/22-51/53	(2)-28-61	
vamidotíon	T + N	21-25-50	(1/2)-36/37-45-61	Ú

STJÓRNARTÍÐINDI B 99 – 1997

Nr. 665 1526 2. desember 1997

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 525/1996 vegna innflutnings á landbúnaðarvörum.

1. gr.

Til viðbótar þeim vöruliðum sem tilgreindir eru í 1. gr. auglýsingarinnar kemur: 0202.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. auglýsingarinnar orðast svo:

Innflutningur er heimilaður frá eftirtöldum löndum, að uppfylltum skilyrðum 3. gr.:

Danmörku:	Kjöt af nautgripum, svínum og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.
Grænlandi:	Hreindýrakjöt.
Finnlandi:	Hreindýra-, nautgripa- og svínakjöt og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.
Noregi:	Hreindýra-, nautgripa- og svínakjöt og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.
Svíþjóð:	Hreindýra-, nautgripa- og svínakjöt og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.

3. gr.

Síðari málsliður 3. mgr. 2. gr. auglýsingarinnar orðast svo:

Eingöngu er heimilt að flytja inn úrbeinað nautgripa- og svínakjöt.

4. gr.

Til viðbótar þeim vöruliðum sem tilgreindir eru í 3. gr. auglýsingarinnar kemur: 0202.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 479/1995, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi dýra sem fengið hafa vaxtaraukandi efni, sbr. lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 377/1997 um breytingu á auglýsingu nr. 525/1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri, ostum og eggjum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi ákvæði taflna a, b, c og d gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
a)					
0405.0000	Smjör og önnur fita	01.01.-30.06.98	20.200	0	201
b)	Ostur til almennra nota:		29.500		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.01.-30.06.98		0	143
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.01.-30.06.98		0	143
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.01.-30.06.98		0	107
0406.4000	Gráðostur	01.01.-30.06.98		0	164
0406.9000	Annar ostur	01.01.-30.06.98		0	160
c)	Ostur til iðnaðar- og/eða matvælagerðar:		14.700		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.01.-30.06.98		0	143
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.01.-30.06.98		0	143
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.01.-30.06.98		0	107
0406.4000	Gráðostur	01.01.-30.06.98		0	164
0406.9000	Annar ostur	01.01.-30.06.98		0	160
Úr tollnúmeri:					
d)	Eggjarauða:				
0408.1900	Önnur, gerilsneydd	01.01.-30.06.98	ótilgr.	0	195

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ótilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Til úthlutunar í vörulið 0406 eru samtals 44.200 kg. Til almennra nota, annað en til iðnaðar- og/eða matvælagerðar, skv. töflu b) í 2. gr. eru til úthlutunar 29.500 kg og til iðnaðar- og/eða matvælagerðar skv. töflu c) eru 14.700 kg. Það teljast almenn not í þessu sambandi ef aðeins er um niðurhlutun og umpökkun í neytendaumbúðir að ræða.

Tilgreina skal í umsóknum hvort sótt er um tollkvóta í osti til almennra nota, eða hvort sótt er um ost til iðnaðar- og/eða matvælagerðar. Verði sótt um minna magn af osti en auglýst er í öðrum hvorum flokknum, skal því magni sem umfram er bætt við hinn.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1998.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 667 2. desember 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisskoðun.

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til pökkunar á afurðum má einungis nota hreinar, nýjar og hentugar umbúðir, sem hvorki spilla eða lýta vöruna, en verja afurðir óhreinindum og koma í veg fyrir hvers konar mengun við geymslu og dreifingu.

Afurðir skulu merktar í samræmi við reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla. Á umbúðir skal skrá upplýsingar um varúðarráðstafanir sem gera skal við matreiðslu og að fuglinn skuli ávallt vera borinn fram vel steiktur eða vel soðinn. Ef fleiri einingum er pakkað saman í kassa eða öskjur, skal auðkenna umbúðir eftir því hvaða afurðir þær hafa að geyma.

Ófrystar sláturafurðir alifugla sem boðnar eru til sölu, skulu vera af sláturfuglum þar sem staðfest hefur verið með sýnatöku a.m.k. einu sinni á eldistímanum, að ekki hafi greinst salmonella í fuglunum.

Heimilt er að pakka vel hreinsuðum innyflum, þ.e. lifur, hjarta, fóarni og hálsi í hreinan plastpoka og setja þær með heilum sláturafurðum. Slíkar afurðir skulu sérstaklega merktar: „Með innmat".

Óheimilt er að bjóða til sölu afurðir alifugla sem eru án umbúða eða í ómerktum umbúðum.

2. gr.

4. mgr. 30. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 238/1987, nr. 470/1995 og 550/1995 um breytingu á reglugerð nr. 260/1980.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

3. desember 1997 Nr. 668

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			kg	%	kr./kg
0407.0000	Frjóegg (af tegund Gallus domesticus)	01.01.-31.12.98	ótilgr.	0	77
0404.9000	Annað (mysuduft)	01.01.-31.12.98	ótilgr.	0	5

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407-0000) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1998 og gildir til 1. janúar 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 100 – 1997

Nr. 669 1530 13. nóvember 1997

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð bankamanna.

I. KAFLI

Hlutverk, skipulag og ávöxtun sjóðsins.

1. gr.

Hlutverk sjóðsins.

Sjóðurinn hefur það hlutverk að sjá sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum fyrir lífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Lífeyrissjóðurinn er sjálfstæð stofnun undir eigin stjórn. Sjóðurinn tók við eignum og skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbanka Íslands, sem stofnaður var skv. 49. gr. laga nr. 10, 15. apríl 1928 og tók til starfa 1. janúar 1929. Nafn hans breyttist eftir að fyrrgreindum lögum um bankana var breytt árið 1961 og á ný með gildistöku reglugerðar þessarar.

2. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum. Skal einn tilnefndur af Landsbanka Íslands, annar tilnefndur af Seðlabanka Íslands og þriðji kosinn af aðildarfyrirtækjum sjóðsins í atkvæðagreiðslu sbr. 34. gr. og þrír kjörnir á fundi sjóðfélaga. Aðilar skulu tilnefna eða kjósa jafnmarga menn til vara. Skipunartími stjórnarmanna er 2 ár. Heimilt er stjórninni að skipta með sér verkum.

3. gr.

Sjóðfélagar.

Allir starfsmenn aðildarfyrirtækja sjóðsins, sem náð hafa 16 ára aldri, skulu vera sjóðfélagar og greiða iðgjöld til sjóðsins meðan þeir starfa hjá viðkomandi fyrirtæki, sbr. 9. gr. II. kafla og 17. gr. III. kafla. Sjóðfélagar eru í reglugerð þessari nefndir þeir sem taka laun hjá aðildarfyrirtækjum sjóðsins og skyldir eru til að greiða iðgjöld til hans, þeir sem á hverjum tíma njóta eftirlauna og örorkulífeyris úr sjóðnum, svo og þeir sem hafa áunnið sér rétt til lífeyris úr honum samkvæmt reglugerð þessari. Undanskildir eru þeir starfsmenn, sem eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Þeir sem gerast starfsmenn aðildarfyrirtækja sjóðsins yngri en 16 ára verða ekki sjóðfélagar fyrr en næstu mánaðamót eftir að þeir hafa náð þeim aldri. Sá tími sem iðgjöld eru greidd til sjóðsins vegna sjóðfélaga, telst starfstími hans. Sá starfstími þarf ekki að vera samfelldur. Um aðild stjórnenda og stjórnarmanna fer samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi aðildarfyrirtækja í samráði við stjórn sjóðsins.

4. gr.

Skipting sjóðsins í deildir.

Lífeyrissjóðurinn starfar í þremur deildum og skal halda þeim fjárhagslega aðskildum hverri frá annarri. Deildir sjóðsins bera ekki fjárhagslega ábyrgð hver á annarri. Starfrækt skal sérstök deild fyrir starfsmenn sem hófu störf fyrir 1. janúar 1998, með réttindum og skyldum skv. II. kafla og vegna þeirra sjóðfélaga sem hætt hafa störfum. Fyrir starfsmenn sem hefja störf eftir 31. desember 1997 skal starfrækt deild skv. III. kafla. Þá skal starfrækt sérstök deild vegna réttinda stjórnenda aðildarfyrirtækja samkvæmt samþykkt stjórna aðildarfyrirtækja sbr. samþykkt bankaráða Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands frá 18. apríl

Gutenberg

1989. Heimilt er sjóðstjórninni að fela verðbréfafyrirtæki að annast rekstur einstakra deilda sjóðsins.

5. gr.
Uppgjör sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal árlega láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans. Leiði rannsókn tryggingafræðings í ljós að misræmi hafi myndast milli eigna og skuldbindinga einstakra deilda skal áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga breytt að fengnum tillögum tryggingafræðings þannig að jöfnuður verði milli eigna og skuldbindinga. Áður skal þó sjóðstjórnin leita leiða til að bæta ávöxtun sjóðsins eða hækka iðgjöld.

Sjóðurinn skal árlega senda út til sjóðfélaga upplýsingar um áorðin réttindi þeirra við sjóðinn.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem sjóðstjórnin velur, og tveimur skoðunarmönnum sem kosnir skulu á fundi sjóðfélaga. Skal endurskoðun reikninga sjóðsins lokið fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

6. gr.
Sjóðfélagafundir.

Stjórn sjóðsins skal efna til sjóðfélagafundar eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Fundinn skal boða með mánaðar fyrirvara. Á sjóðfélagafundi skulu eftirgreind mál tekin fyrir:

a) Skýrsla stjórnar.
b) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.
c) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
d) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins sbr. ákvæði 34. gr.
e) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
f) Kosning stjórnarmanna skv. 2. gr.
g) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

7. gr.
Skipting rekstrarkostnaðar sjóðsins.

Sameiginlegum rekstrarkostnaði sjóðsins skal skipt á milli deilda sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild eigna.

8. gr.
Ávöxtun sjóðsins.

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans með traustum hætti og skal það gert á eftirfarandi hátt:

a. Í ríkisskuldabréfum og í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
b. Í skuldabréfum sveitarfélaga og skuldabréfum með ábyrgð sveitarfélaga, enda sé fjárhagur hlutaðeigandi sveitarfélaga traustur að mati sjóðstjórnar.
c. Í bönkum og sparisjóðum og í skuldabréfum lánastofnana og annarra fjármálastofnana enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.
d. Í innlendum hlutdeildarverðbréfum verðbréfasjóða.
e. Í hlutabréfum í fyrirtækjum, sem hafa skráð kaup- og sölugengi á markaði hjá a.m.k. tveimur verðbréfafyrirtækjum, sem aðild eiga að Verðbréfaþingi Íslands. Sjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal á hverjum tíma ekki vera meiri en sem

nemur 15% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Sjóðnum er óheimilt að eiga aðild að stjórn hlutafélaga sem hann hefur fjárfest í.

f. Í erlendum verðbréfum og hlutabréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfararstofnunar Evrópu (OECD). Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 10% af hreinni eign til greiðslu lífeyris og skal stjórn sjóðsins gæta eðlilegrar áhættudreifingar í því sambandi.

g. Í skuldabréfum með veði í fasteignum. Þó eigi yfir 60% af áætluðu söluverði eignar. Sé verð ekki fyrir hendi getur sjóðstjórnin látið meta eignina. Til íbúða fyrir aldraða má veita skammtímalán til allt að tveggja ára vegna byggingar eða kaupa.

h. Í skuldabréfum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu enda séu viðkomandi skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi að hámarki 10% af eigin fé viðkomandi fyrirtækis. Heildarskuldabréfaeign samkvæmt þessum lið má aldrei nema meira en 15% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.

Miðað skal við að a.m.k. 90% af verðbréfaeign, annarri en samkvæmt g-lið að ofan, séu verðbréf skráð opinberlega á verðbréfaþingi.

II. KAFLI
Iðgjöld og réttindi sjóðfélaga sem hófu störf fyrir 1. janúar 1998.

9. gr.
Iðgjöld til sjóðsins.

Sjóðfélagar greiða 4% af föstum mánaðarlaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins, og skal fjárhæðinni haldið eftir mánaðarlega af launum þeirra. Enginn skal þó greiða lengur til sjóðsins en í 40 ár.

Vinnuveitendur greiða 14,4% af sömu launum sjóðfélaga í iðgjöld til sjóðsins meðan sjóðfélagi er starfandi hjá vinnuveitanda.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með tillagi sínu.

10. gr.
Aldursmörk til lífeyristöku.

Heimilt er starfsmanni að láta af störfum með rétti til eftirlauna hvenær sem er, eftir að hann er orðinn 65 ára. Getur hann með því að starfa áfram unnið sér viðbótarlífeyrisréttindi hafi hámarki ekki verið náð, enda sé iðgjaldagreiðslum haldið áfram meðan hann starfar.

Sjóðfélagi sem náð hefur 60 ára aldri og hefur samanlagðan aldur og starfsaldur 95 ár getur hætt störfum með rétti til eftirlauna og tekur þá eftirlaun samkvæmt 1. mgr. 11. gr.

Einnig er sjóðfélaga heimilt að láta af störfum og hefja töku eftirlauna áður en hann nær 65 ára aldri, þótt hann uppfylli ekki ákvæði 2. mgr., en þó ekki fyrr en hann er orðinn 60 ára. Skal þá fjárhæð eftirlauna lækka frá því sem segir í 1. mgr. 11. gr. um 0,5% fyrir hvern mánuð sem vantar á að 65 ára aldri sé náð.

11. gr.
Hlutfall lífeyris af launum.

Hver sjóðfélagi sem lætur af starfi og greitt hefur iðgjald til sjóðsins og orðinn er 65 ára að aldri á rétt á árlegum eftirlaunum úr sjóðnum í hlutfalli við iðgjaldagreiðslutíma. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum fyrir fullt starf í stöðu þeirri sem sjóðfélaginn gegndi síðustu fimm árin og skal endurmeta laun fyrstu fjögurra áranna til verðlags á því síðasta með vísitölu neysluverðs. Skulu eftirlaunin nema 2,125% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár í fullu starfi, en hlutfallslega lægri fyrir lægra starfshlutfall, þar til að 85% eftirlaunahlutfalli er náð. Hafi orðið veruleg hækkun á launum sjóðfélaga síðustu fimm árin áður en að töku lífeyris kemur, sem ekki má rekja til breytinga á starfi eða almennra launabreytinga, er sjóðstjórninni

heimilt að víkja frá þeirri reglu sem tilgreind er í 1. mgr. og ákvarða sjóðfélaga lægri eftirlaun.

Nú hækkar eða lækkar vísitala neysluverðs er Hagstofa Íslands reiknar og auglýsir mánaðarlega, eftir að starfsmanni hafa verið ákvörðuð eftirlaun að loknu starfi, og breytast þá eftirlaun í samræmi við það.

Nú frestar sjóðfélagi að taka lífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi, lægra launuðu en því er hann gegndi áður, og skal þá miða lífeyri við það starf sem hærra var launað.

Hafi sjóðfélagi tekið við nýju starfi sem er lægra launað en greitt iðgjald af hærri launum inn í sjóðinn í lengri tíma en þrjú ár, skal tekið hlutfallslegt tillit til þess við ákvörðun eftirlauna.

12. gr.

Örorkulífeyrir.

Hver sjóðfélagi sem ófær verður að gegna starfi sínu, eða missir einhvern hluta af launum sínum vegna varanlegrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef trúnaðarlæknir sjóðsins metur örorkuna að minnsta kosti 10%, enda hafi sjóðfélagi greitt í sjóðinn í a.m.k. 3 ár á síðustu fjórum og í sex mánuði á undangengnum 12 mánuðum.

Hámark hins árlega örorkulífeyris hans skal vera jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára uppfylli sjóðfélagi skilyrði 1. mgr. um inngreiðslur í sjóðinn en annars skal miða við áunnin rétt sjóðfélaga. Örorkulífeyrir tekur verðlagsbreytingum með sama hætti og segir í 2. mgr. 11. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaklings er sami hundraðshluti af hámarkslífeyri hans skv. 2. mgr. þessarar greinar, sem örorka hans er metin. Enginn getur fengið örorkulífeyri meðan hann heldur fullum launum, þrátt fyrir örorkuna.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna, og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

13. gr.

Makalífeyrir.

Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. í 12 mánuði.

Fjárhæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og nemur 1,25% af launum sjóðfélaga fyrir hvert ár hans í starfi, þó að hámarki 50%. Makalífeyririnn miðast við laun þau er hinn látni hafði með sama hætti og lýst er í 1. mgr. 11. gr. og tekur verðlagsbreytingum skv. 2. mgr. 11. gr.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum eða úr einhverjum öðrum lífeyrissjóði. Sama regla gildir, ef hinn eftirlifandi maki býr samvistum með manni eða konu, meðan samvistum er eigi slitið.

Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka, sem hefur ekki búið með honum undanfarin tvö ár, og getur sjóðstjórnin þá ákveðið makanum lægri lífeyri en hann hefði átt rétt á samkvæmt þessari grein í hlutfalli við þann tíma, er þau hafa ekki verið samvistum.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni eða sambúðarkonu lífeyri í samræmi við ákvæði 2. ,3. og 6. mgr.

Til viðbótar þeim makalífeyri sem skilgreindur er að ofan skal sjóðurinn greiða til eftirlifandi maka eingreiðslu við andlát sjóðfélaga og skal sú greiðsla fylgja sömu reglum og gilda um hóplíftryggingu bankamanna skv. kjarasamningi SÍB og bankanna frá 8. júní 1995.

14. gr.

Barnalífeyrir.

Börn og kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig er hann andast og yngri eru en 20 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum þar til að þau eru fullra 20 ára, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að mestu eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri á lífi er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess úr þessum sjóði 50% af barnalífeyri almannatrygginga. Að undangengnu mati á félagslegri aðstöðu barna, er sjóðstjórn heimilt að ákveða barnalífeyri allt að 50% hærri en barnalífeyri almannatrygginga, enda styðji matið slíka ákvörðun.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga ef hann verður öryrki, þó þannig að lífeyrir þeirra skal nema sama hundraðshluta af barnalífeyri úr þessum sjóði og örorka sjóðfélaga er metin. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barna.

15. gr.

Réttur sjóðfélaga er hætta störfum

Nú lætur sjóðfélagi af starfi af öðrum ástæðum en elli eða örorku, og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans og örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlifandi maka og barna miðast við 11.-14. gr. og taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs frá þeim tíma. Iðgjaldagreiðslur í skemmri tíma en eitt ár veita ekki rétt til lífeyris, en endurgreiðast með vöxtum, sem stjórn sjóðsins ákveður, þegar lífeyrisaldri er náð. Réttur til hóplíftryggingar skv. lokamálsgrein 13. gr. fellur þó niður hætti sjóðfélagi störfum hjá aðildarfyrirtæki sjóðsins.

III. KAFLI

Iðgjöld og réttindi sjóðfélaga sem hófu störf eftir 31. desember 1997.

16. gr.

Iðgjöld.

Iðgjöld sjóðfélaga skulu vera 10% af heildarlaunum hans og skiptast þannig að að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi 6%.

Enginn greiði iðgjöld til sjóðsins lengur en til 67 ára aldurs, eða eftir að taka ellilífeyris er hafin.

Sjóðfélagar eða vinnuveitendur bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

17. gr.

Grundvöllur lífeyrisréttinda.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu reiknast í stig, sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal leggja samanlögð grundvallarlaun almanaksársins. Grundvallarlaun í janúar 1993, kr. 70.597, skulu taka sömu hlutfallsbreytingum og vísitala neysluverðs sú sem Hagstofa Íslands auglýsir með heimild í IV. kafla laga nr. 25/1987 með síðari breytingum.

Stig ársins eru reiknuð þannig, að í árslaun sjóðfélaga (þ.e. tíföld iðgjöld hans sbr. 1. mgr.) er deilt grundvallarlaunum samkv. 2. mgr. Hafi sjóðfélagi þegið örorkulífeyri á árinu, skal leggja við stig ársins þann hundraðshluta, sem örorkulífeyririnn byggir á samkvæmt 6. mgr. 22. gr.

18. gr.

Útreikningur stiga.

Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.

Ef sjóðfélagi á stig fyrir fleiri en 30 ár við útreikning maka- eða örorkulífeyris, skal reikna með stigum 30 bestu áranna að fullu, en þeim stigum, sem umfram eru, að hálfu.

19. gr.

Ellilífeyrir.

Sá, sem öðlast hefur samanlagt a.m.k. 3 stig hjá sjóðnum samkvæmt 17. gr. og orðinn er 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti grundvallarlauna og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda viðkomandi samkvæmt 17. gr., margfölduðum með 1,467.

Sá, sem er orðinn 65 ára en hefur ekki náð 67 ára aldri og uppfyllir skilyrði 1. mgr. að öðru leyti, má hefja töku ellilífeyris. Upphæð ellilífeyris samkvæmt 2. mgr. lækkar þá um 0,6% fyrir hvern mánuð, sem sjóðfélagann vantar upp á 67 ára aldur.

Sjóðfélagi sem er orðinn 67 ára og heldur áfram störfum hækkar ellilífeyri um 0,6% fyrir hvern mánuð sem hann vinnur umfram 67 ára aldur.

20. gr.

Örorkulífeyrir.

Sjóðfélagi, sem öðlast hefur samanlagt a.m.k. 3 stig hjá sjóðnum samkvæmt 17. gr., greitt hefur iðgjald til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og ekki er orðinn 65 ára á rétt á örorkulífeyri samkvæmt 2.- 9. mgr. þessarar greinar.

Örorkulífeyrir er greiddur ef tryggingayfirlæknir metur örorkuna a.m.k. 40% (örorkuprósenta). Örorkuna skal meta á fimm ára fresti eða oftar.

Örorkumat samkvæmt 2. mgr. skal miða við vanhæfni sjóðfélaga til þess að gegna starfi því, sem hann hefur gegnt og veitti honum aðild að sjóðnum.

Til grundvallar örorkulífeyri eru lögð þau stig, sbr. 17. gr., sem sjóðfélaginn hefur öðlast, auk þeirra stiga, sem hann hefði áunnið sér til 65 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið, sbr. þó 2. mgr. 18. gr. og 5. mgr. þessarar greinar. Reynist þetta þriggja ára meðaltal sjóðfélaga óhagstætt vegna sjúkdóma eða atvinnuleysis, er stjórn sjóðsins heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ára aftur í tímann og sleppa því almanaksárinu, sem lakast er.

Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyfi- eða fíkniefna, skal ekki reikna með stigum vegna ókomins tíma í 4. mgr.

Örorkulífeyrir er hundraðshluti grundvallarlauna og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda samkvæmt 4. mgr. margfölduðum með örorkuprósentunni skv. 2. mgr. og margfölduðum með 1,467. Örorkulífeyri skal reikna á fimm ára fresti eða oftar í samræmi við 2. mgr.

Aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélagi hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv.

Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru, til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur eða fyrr, þegar taka ellilífeyris hefst.

21. gr.

Makalífeyrir.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undafarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 42 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans, hjónabandið hafi staðið a.m.k. 5 ár og verið stofnað, áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 20 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 20 ára aldri yngsta barnsins án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og eftirlifandi maka. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.

Nú andast sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt 1. mgr. né 2. mgr. eða greiðsla samkvæmt 2. mgr. stendur skemur en 24 mánuði, og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans. Heimilt er sjóðstjórn að lengja þetta tímabil, ef starfsorka hins eftirlifandi maka er talin skert um a.m.k. 50%.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 1.-3. mgr. til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.

Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,9. Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma er uppfyllt, skal auk áunninna stiga telja þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 20. gr. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, allt að 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 4. mgr. 20. gr., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Sé eftirlifandi maki yngri en 55 ára við fráfall sjóðfélaga, skerðist makalífeyrir samkvæmt 1. mgr. um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem eftirlifandi maka vantar á 55 ára aldur. Lífeyrir greiðist jafnan óskertur þann tíma, sem réttur helst samkvæmt 2. mgr. eða 3. mgr.

Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst ekki sá, sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

22. gr.

Barnalífeyrir.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða uppfyllir skilyrði 1. mgr. 20. gr., og eiga þá eftirlifandi börn hans sbr. 3. mgr. rétt til lífeyris úr sjóðnum samkvæmt 4. mgr., uns þau hafa náð 20 ára aldri. Stofnist réttur til barnalífeyris hjá þessum sjóði og öðrum lífeyrissjóði samtímis, skal því aðeins greiddur barnalífeyrir að meiri iðgjöld hafi verið greidd til þessa sjóðs vegna hins látna en til hins sjóðsins á síðustu 12 mánuðum.

Börn elli- og örorkulífeyrisþega eiga rétt til lífeyris úr sjóðnum samkvæmt 4. og 5. mgr., uns þau hafa náð 20 ára aldri.

Sem börn sjóðfélaga gilda börn og kjörbörn. Einnig fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélaginn framfærði að mestu eða öllu leyti, ef um lífeyri samkvæmt 1. mgr. er að ræða.

Fullur barnalífeyrir. Ef barnið á foreldri, kjörforeldri, fósturforeldri eða stjúpforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þess að öllu eða mestu leyti, skal samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum, öðrum lífeyrissjóðum og fullur lífeyrir úr þessum sjóði vera 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti skal samanlagður lífeyrir þess vera 150% hærri en einfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, sbr. þó 5. mgr.

Lífeyrir barna örorkulífeyrisþega skal vera fullur lífeyrir samkvæmt 4. mgr., margfaldaður með örorkuprósentunni samkvæmt 2. mgr. 20. gr. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barns.

23. gr.

Geymd réttindi.

Maður sem á réttindi hjá sjóðnum, sbr. 17. gr., skal eiga rétt til lífeyris samkvæmt ákvæðum þessa kafla reglugerðar þessarar miðað við áunnin geymd stig, þó að hann uppfylli ekki skilyrði um a.m.k. þriggja stiga inneign, sbr. 19. og 20. gr. eða skilyrði um að hafa greitt til sjóðsins sex mánuði á síðustu 12 mánuðum skv. 20. gr.

Örorkumat manns sem ekki hefur greitt til sjóðsins sex mánuði á síðustu 12 mánuðum skv. 20. gr. skal miða við vanhæfni hans til að gegna því starfi sem síðast veitti honum aðild að lífeyrissjóði.

24. gr.

Greiðsla í séreignarsjóð.

Til viðbótar iðgjaldi skv. 16. gr. skal vinnuveitandi greiða 7% iðgjald af sama grunni og tilgreindur er í 1. mgr. 16. gr. í séreignasjóð, að vali sjóðfélaga, sem hlotið hefur starfsleyfi sem lífeyrissjóður af fjármálaráðuneyti. Skal við það miðað að greiðsla hefjist þegar iðgjaldatími til sjóðsins skv. 3. gr. hefur náð 3 árum.

25. gr.

Útborgun séreignar.

Endurgreiðsla séreignar sjóðfélaga skal hefjast þegar sjóðfélagi hefur hætt störfum og miðast við reglur viðkomandi séreignasjóðs. Inneign sjóðfélaga með áföllnum vöxtum og verðbótum greiðist á ekki skemmri tíma en 10 árum til sjóðfélaga. Andist sjóðfélagi áður en að töku eftirlauna kemur eða áður en inneign er að fullu greidd skal inneign hans ásamt áföllnum vöxtum og verðbótum greidd í einu lagi til erfingja sjóðfélaga.

IV. KAFLI

Ýmis sameiginleg ákvæði.

26. gr.

Endurráðning.

Sjóðfélagi sem kemur aftur til starfa í aðildarfyrirtæki sjóðsins skal greiða til þeirrar deildar sjóðsins þar sem hann á réttindi fyrir. Sjóðfélaga er þó heimilt að flytja sig yfir í deild samkvæmt kafla III., en réttindi hans í deild samkvæmt kafla II. í reglugerð þessari er óheimilt að flytja.

27. gr.

Greiðsla við andlát.

Erfingjar látins sjóðfélaga eiga rétt á greiðslu úr sjóðnum við andlát hans að fjárhæð er samsvari mánaðarlaunum skv. launaþrepi nú 141. Sjóðstjórn endurskoðar þessa viðmiðun með hliðsjón af launaþróun.

28. gr.

Innheimta iðgjalda.

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Áskilinn er réttur til þess að reikna vexti fyrir hvern byrjaðan mánuð umfram þann fyrsta, sem greiðsla hefur dregist frá útborgun launa.

29. gr.

Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eins og laun starfandi sjóðfélaga. Lífeyrir skal greiddur fyrir þann mánuð sem réttur til hans stofnast, og fyrir þann mánuð sem réttur til hans fellur úr gildi.

Berist stjórn sjóðsins ekki umsókn um lífeyri þegar réttur til töku lífeyris stofnast er henni heimilt að ákveða fyrirkomulag greiðslna lífeyris aftur í tímann, þ.m.t. vaxtakjör.

30. gr.

Endurgreiðsla iðgjalda.

Heimilt er að endurgreiða iðgjöld úr sjóðnum ef sjóðfélagi er erlendur ríkisborgari eða flytur alfarinn af landi brott sbr. lög nr. 9 frá 1974 og lög nr. 55 frá 9. júní 1980. Stjórn sjóðsins ákveður þá vexti sem greiddir eru af inneign, en þeir skulu ekki vera lægri en vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands á hverjum tíma.

31. gr.

Samningar við aðra lífeyrissjóði.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda þegar sjóðfélagi hefur átt aðild að fleiri en einum sjóði og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn réttindatíma.

32. gr.

Verndun lífeyrisréttinda.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt reglugerð þessari og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim aðför. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

33. gr.

Málsmeðferð vegna ágreinings.

Rísi ágreiningur um það hvernig skilja beri ákvæði í reglugerðinni, skal málið lagt fyrir gerðardóm, þar sem ágreiningsaðilar skulu tilnefna hvor sinn mann og skulu þeir koma sér saman um oddamann. Komi þeir sér ekki saman um oddamann, eða ef annar hvor aðili tilnefnir ekki mann, skal dómsstjóri héraðsdóms Reykjavíkur tilnefna mann eða menn, svo að gerðardómurinn verði fullskipaður. Um kostnað vegna gerðardómsins úrskurðar gerðardómur.

34. gr.

Breytingar á reglugerð.

Tillögur um breytingar á reglugerð þessari skulu hafa borist stjórn a.m.k. þremur mánuðum fyrir fund sjóðfélaga. Miði tillögur að aukningu réttinda sjóðsins eða fjárfestingarstefnu sem ætla má að hafi áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja trygginga-

fræðileg úttekt á afleiðingum breytinganna á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingatillagna á reglugerð sjóðsins skal getið í fundarboði og þær skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins.

Breytingar á reglugerð þessari skulu bornar undir atkvæði á fundi sjóðfélaga og hljóta samþykki meirihluta hans og staðfestar af meirihluta bankaráða og stjórna aðildarfyrirtækja. Meirihluti stjórnar hvers aðildarfyrirtækis fer með atkvæði þess en atkvæðavægi einstakra aðildarfyrirtækja skal miðast við starfsmannafjölda og ræður meirihluti þannig fenginn afstöðu aðildarfyrirtækja í heild. Breytingar á iðgjöldum til sjóðsins eru þó háðar samþykki þeirra sem fara með kjarasamninga fyrir hönd aðila að sjóðnum.

35. gr.

Aðilar að sjóðnum.

Aðildarfyrirtæki sjóðsins eru nú Landsbanki Íslands og Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna, Samband íslenskra bankamanna, Bankamannaskólinn, Fiskveiðasjóður Íslands, Landsbréf hf., Landsvaki hf., Greiðslumiðlun hf., Iðnþróunarsjóður, Lánasýsla ríkisins og Lífeyrissjóður bankamanna. Stjórn sjóðsins er heimilt að veita öðrum fyrirtækjum aðild að sjóðnum enda samþykki þau reglur sjóðsins.

36. gr.

Áfallnar skuldbindingar skv. eldri reglugerðum.

Reglugerð þessi gildir frá 31. desember 1997. Ákvæði hennar taka ekki til áfallinna skuldbindinga sjóðsins gagnvart eldri reglugerðum. Þó skal við það miðað að lágmarksiðgjaldatími til þess að öðlast verðtryggðan lífeyri sé 6 ár vegna réttinda sem mynduðust fyrir 1. janúar 1988. Einnig skal lífeyrisréttur þeirra sjóðfélaga sem hættir eru störfum hjá aðildarfyrirtækjum fyrir 1. janúar 1998 miðast við laun eftirmanns þeirra eins og þau voru 31. desember 1997 eigi sjóðfélagi verðtryggðan rétt til lífeyris hjá sjóðnum. Jafnframt skal allur lífeyrir, greiddur af sjóðnum eftir 31. desember 1997, sem nýtur verðtryggingar, verðtryggður með vísitölu neysluverðs, sbr, 3. mgr. 11. gr. og gildir það bæði um þá sem njóta lífeyris hjá sjóðnum á þeim tíma og þá sem taka munu lífeyri síðar.

I

Ákvæði til bráðabirgða.

Um flutning réttinda milli deilda sjóðsins.

Sjóðstjórninni er heimilt að bjóða þeim sjóðfélögum sem eru starfandi hjá aðildarfyrirtækjum sjóðsins við gildistöku reglugerðar þessarar að flytja sig milli deilda innan sjóðsins, yfir í deild samkvæmt kafla III. Flutningur réttinda samkvæmt þessu ákvæði er óafturkallanlegur.

Við flutning réttinda skal boðið upp á tvo kosti:

a) að eftirlaun, miðað við 31. desember 1997, verði þau sömu og samkvæmt reglugerð sjóðsins frá 1. janúar 1988. Engin greiðsla kæmi þá inn á séreignasjóð í upphafi en 7% þaðan í frá.

b) að eftirlaun yrðu 60% af réttindum miðað við reglugerð sjóðsins frá 1. janúar 1988 en mismunur þess og núvirðis eftirlauna samkvæmt reglugerð sjóðsins frá 1. janúar 1988 samkvæmt tryggingafræðilegu mati verði greiddur inn á séreignasjóð sjóðfélaga.

Sjóðfélagar skulu upplýsa sjóðinn fyrir 31. desember 1997 um hvort þeir vilja flytja réttindi sín yfir í deild samkvæmt III. kafla.

II

Ákvæði til bráðbirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 11. gr. um að eftirlaun skuli miða við framreiknuð meðallaun síðustu fimm ára í starfi skal við gildistöku reglugerðar þessarar miða við framreiknuð

meðallaun sjóðfélaga með vístölu neysluverðs frá og með gildistíma hennar uns fimm ára (60 mánaða) viðmiðun er náð.

III

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 36. gr. reglugerðar um Lífeyrissjóð bankamanna skal 2. gr. reglugerðarinnar koma strax til framkvæmda og skal kjörtímabil þeirrar stjórnar vera til næsta sjóðfélagafundar.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 13. nóvember 1997.

F. h. r.
Magnús Pétursson.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Nr. 670 2. desember 1997

AUGLÝSING

um álagningarstofn fasteignaskatts 1998.

1. gr.

Fasteignamat ríkisins hefur í samræmi við II., sbr. I. kafla laga nr. 4/1995, sbr. lög nr. 122/1996 um breyting á þeim, reiknað álagningarstofn fasteignaskatts fyrir hverja einstaka fasteign í landinu.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest skrá um álagningarstofn fasteignaskatts fyrir landið allt eins og hann er ákveðinn með ofangreindum hætti. Skráin er hluti af fasteignaskrá þeirri sem ráðuneytið staðfesti hinn 20. nóvember sl. Skráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofninn með tilkynningu um fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 655/1997 um nýtt fasteignamat.

3. gr.

Með vísun til laga nr. 4/1995 með áorðnum breytingum tilkynnir ráðuneytið hér með að álagningarstofn fasteignaskatts, eins og hann er ákveðinn með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. janúar 1998 og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 668 20. desember 1996.

Fjármálaráðuneytinu, 2. desember 1997.

F. h. r.
Þórhallur Arason.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra.

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

Tryggja skal svo sem kostur er góða meðferð og aðbúnað nautgripa svo að þörfum þeirra sé fullnægt, hvort sem þeir eru á húsi, á beit eða útigangi.

Eingöngu skal nota gripi til framleiðslu mjólkur og sláturafurða, sem eru heilbrigðir og lausir við sjúkdóma hættulega mönnum.

Reglugerð þessi gildir um nautgripi sem aldir eru til framleiðslu afurða til neyslu.

2. gr.

Yfirstjórn og eftirlit.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem reglugerð þessi tekur til.

Yfirdýralæknir skal vera ráðherra til aðstoðar og hafa undir sinni stjórn dýralækni júgursjúkdóma sem starfar samkvæmt erindisbréfi.

Dýralæknir júgursjúkdóma skal stuðla að góðri meðferð og heilbrigði nautgripa, bættum framleiðsluháttum, vörnum og greiningu sjúkdóma í samvinnu við dýralækna, bændur, ráðunauta, mjólkureftirlitsmenn og búfjáreftirlitsmenn. Hann skal með almennri fræðslu og leiðbeiningastarfi leitast við að auka skilning manna á nautgripasjúkdómum, vörnum gegn þeim og því tjóni sem þeir geta valdið. Hann skal gera tillögur að reglum um innra eftirlit og skráningu sjúkdóma og lyfjanotkun við mjólkurframleiðslu.

Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt. Landbúnaðarráðherra getur þó falið öðrum dýralæknum þetta eftirlit á tilteknum svæðum, ef henta þykir, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og viðkomandi héraðsdýralæknis.

3. gr.

Umhverfi gripahúsa.

Umhverfi og næsta nágrenni fjóss skal vera þrifalegt til varnar því að óhreinindi og smitefni berist inn í það. Hlað framan við mjólkurhús skal vera svo stórt að mjólkurbílar geti auðveldlega athafnað sig þar. Þannig skal frá því gengið að það haldist hreint og þrifalegt.

Geymsla fyrir mykju skal vera við hvert fjós og skal vera tryggt að ekki berist frá henni lykt eða óþrifnaður, þ.m.t. skordýr, né að hætta stafi af fyrir skepnur, menn og umhverfi. Flutningur á mykju og hlandi má ekki valda óþrifnaði eða hættu fyrir skepnur, menn og umhverfi og að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar.

Frárennsli frá salerni, mjólkurhúsi og mjaltabás skal leiða í rotþró.

4. gr.

Aðbúnaður og innréttingar.

Í húsum þar sem nautgripir eru hýstir skulu dýr og gangar vera þannig frágengnir að fljótlegt sé að rýma húsin í neyðartilfellum.

Loftræsting skal vera góð og í samræmi við viðauka 2. Koma skal í veg fyrir dragsúg í húsum. Magn varhugaverðra lofttegunda skal að jafnaði vera innan viðurkenndra hættumarka, sbr. viðauka 4. Ryki og annarri loftmengun skal haldið í lágmarki. Hita- og rakastigi skal haldið jöfnu og innan þeirra marka sem tilgreind eru í viðauka 2 með reglugerð þessari.

Á öllum húsum skulu vera gluggar sem tryggi að þar gæti dagsbirtu. Önnur lýsing skal vera til staðar sem fullnægir lýsingarþörf hverju sinni, sbr. viðauka 3. Ljós skulu þannig staðsett að þau valdi ekki gripunum óþægindum. Hvorki má vera stöðug sterk lýsing né stöðugt myrkur.

Óheimilt er að hafa gripi í stöðugum hávaða og varast ber að þeir verði fyrir miklum óvæntum hávaða. Hávaði skal að jafnaði vera innan þeirra marka sem tilgreind eru í viðauka 5.

Gólf, veggir og loft skulu vera úr traustu efni og með yfirborði, sem auðvelt er að þrífa og mála. Flór skal vera með góðu frárennsli. Hann má ýmist vera úr steinsteypu (vatnsþéttur) eða rimlaflór, þ.e.a.s. rimlagólf yfir djúpflór eða haughúsi.

Innréttingar skulu vera þannig gerðar að þær hefti ekki eðlilegar hreyfingar gripanna, að þeir sjái hverjir aðra og að ekki sé hætta á að þeir skaði sig.

Óheimilt er að nota rafstraum til að hindra nautgripi í að óhreinka básа.

Að öðru leyti skulu innréttingar vera í samræmi við viðauka 1 með reglugerð þessari.

5. gr.

Básafjós.

Básar og bindingar skulu vera þannig að gripirnir geti lagst niður, legið, risið á fætur, staðið, sleikt sig og hreyft á annan hátt án erfiðleika. Gólf í bás skal halla 2-3% frá jötu og í þeim skulu vera gúmmímottur eða annað sambærilegt undirlag með óskreipu yfirborði. Básum skal haldið þurrum og hreinum. Eitt drykkjarker skal vera fyrir hverjar tvær kýr hið minnsta. Að öðru leyti skulu básar og innréttingar vera í samræmi við viðauka 1.

6. gr.

Lausagöngufjós.

Í lausagöngufjósum þar sem eru mjólkurkýr skal vera einn legubás fyrir hvern grip. Í básum skulu vera gúmmímottur eða annað sambærilegt undirlag með óskreipu yfirborði. Í lausagöngufjósum skal einnig vera haganleg og rúmgóð burðar- og sjúkrastía þannig að auðvelt sé að veita nauðsynlega fæðingarhjálp og umönnun sjúkra gripa. Jöturými skal vera nægjanlegt til þess að allir gripir geti étið samtímis og skal þá miðað við fullvaxna gripi. Fjöldi drykkjarkerja skal vera nægjanlegur og þau þannig staðsett að gripirnir komist auðveldlega að þeim. Að öðru leyti skulu básar og innréttingar vera í samræmi við viðauka 1 með reglugerð þessari.

7. gr.

Fóðrun og umhirða.

Gripir skulu ávallt hafa nægan aðgang að hreinu, ómenguðu drykkjarvatni.

Fóður skal að magni, gæðum og efnainnihaldi fullnægja þörfum gripanna til vaxtar, viðhalds og framleiðslu.

Klaufir skulu jafnan vera vel hirtar og gripum haldið hreinum og klipptir eftir því sem þörf er á.

8. gr.

Aðbúnaður ungviðis og geldneytis.

Stíur fyrir kálfa og geldneyti, skulu þannig gerðar og viðhaldið að þær haldist þurrar og sem minnst hætta sé á að gripir slasist. Loftræsting skal vera góð og stíur staðsettar þar sem ekki gætir dragsúgs. Loftraki skal vera að jafnaði innan viðmiðunarmarka, sbr. viðauka 2. Jöturými skal vera nægjanlegt til þess að allir gripir geti étið á sama tíma. A.m.k. eitt

drykkjarker skal vera fyrir hverja 10 gripi. Stærð stía, jöturými, rimla- og rifubreidd í gólfum skal vera í samræmi við viðauka 1 með reglugerð þessari.

Sérstakar stíur skulu ætlaðar til uppeldis á kálfum, 0-3ja mánaða. Fjöldi kálfa í hverri stíu skal miðast við að allir geti legið samtímis og með útteygða fætur. Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að kálfarnir sjúgi hvern annan en fái fullnægt sogþörf sinni á annan hátt. Bannað er að binda kálfa en heimilt er að tjóðra þá hjá mæðrum sínum fyrstu dagana eftir fæðingu.

Óheimilt er að hafa sauðfé, svín og alifugla í sömu húsum og nautgripi.

9. gr.

Útigangur nautgripa.

Gripir sem ganga úti skulu geta leitað skjóls fyrir óveðrum í gripahúsi eða sérstöku skýli sem hefur þrjá veggi hið minnsta, nema jafngilt náttúrulegt skjól sé til staðar. Héraðsdýralæknir tekur út slík skýli og getur bannað útigöngu ef viðunandi skilyrði eru ekki til staðar. Umhverfi, hönnun og viðhald skýla og húsa skal vera þannig að gripir haldist hreinir. Ætíð skal vera til staðar rými innanhúss fyrir gripi á útigangi sem þurfa sérstakrar umönnunar við.

10. gr.

Mjaltir og meðferð mjólkur í fjósi.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um mjaltir og meðferð mjólkur í fjósi:

1. Fjósum skal haldið hreinum. Flórar skulu hreinsaðir kvölds og morgna. Veggi og loft skal þvo og sótthreinsa árlega eða oftar ef þurfa þykir og mála eða kalka eftir þörfum.
2. Fjósverkum skal haga þannig að ekki berist í mjólkina reykur, óþefur, ryk eða önnur óhreinindi.
3. Eigi skal hefja mjaltir fyrr en hálfri klukkustund eftir heyfóðrun og flórmokstur. Vothey má ekki gefa fyrr en að mjöltum loknum. Þessi ákvæði eiga þó ekki við, þar sem mjólkað er í mjaltabás í sérstöku rými og ekki er hætta á að ryk berist í mjólkina.
4. Mjólkurkúm skal kembt og haldið vel hreinum og þær klipptar reglulega þegar þær eru á húsum.
5. Óheimilt er að hafa sauðfé, svín, alifugla, hunda og ketti í fjósi og hlöðu.
6. Fjós skulu varin flugum og meindýrum.
7. Notkun tóbaks í fjósi er óheimil meðan á mjöltum stendur.
8. Ljósstyrkur við mjaltir skal vera í samræmi við viðauka 3.
9. Mjaltafólk skal þvo sér vandlega um hendur fyrir mjaltir og meðan á mjöltum stendur ef með þarf. Það skal klæðast hreinum hentugum vinnufatnaði. Hafi mjaltafólk sár á höndum eða handleggjum skulu þau hulin með einnota hönskum eða á annan viðunandi hátt. Mjaltafólk skal ekki sinna öðrum störfum sem geta haft óheppileg áhrif á gæði mjólkurinnar meðan á mjöltum stendur.
10. Mjaltafólk má ekki vera haldið sjúkdómum sem geta borist með mjólkinni í fólk.
11. Starfsmenn í fjósi skulu hafa greiðan aðgang að salerni og þar skal einnig vera handlaug og við hana gerileyðandi sápulögur og einnota handþurrkur og skal þessari aðstöðu haldið þrifalegri.
12. Júgur og spenar skulu vera hreinir og þurrir áður en kýr er mjólkuð. Ef þvottaklútar eru notaðir skulu þeir þvegnir vandlega á milli mjalta og soðnir eða sótthreinsaðir með viðurkenndum sótthreinsiefnum, sbr. ákvæði 2. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.
13. Hefja skal mjaltir strax eftir hreinsun júgurs og spena og eftir að fyrstu mjólkurbogarnir hafa verið mjólkaðir í sýnakönnu. Verði vart sjáanlegra breytinga á mjólkinni skal mjólk

úr viðkomandi júgurhluta haldið sér. Ef spenar eru smurðir, úðaðir eða dýft í sótthreinsilög skal það gert strax eftir mjaltir með efnum samþykktum af Hollustuvernd ríkisins, sbr. ákvæði 2. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

14. Leitast skal við að mjólka kýr með júgursjúkdóma sem spilla mjólkinni og kýr sem eru á lyfjameðferð og útskolunartíma lyfjanna er eigi lokið, á eftir heilbrigðum kúm. Mjaltatæki sem notuð hafa verið á kýr í lyfjameðferð eða með júgurbólgu skulu þrifin og skoluð með vel heitu vatni áður en þau eru sett á næstu kýr. Spillt mjólk vegna sjúkdóma eða lyfja er óhæf til neyslu og dýrafóðurs og skal mjólkinni fargað svo að hætta stafi ekki af.
15. Broddmjólk og geldmjólk má ekki blanda saman við aðra mjólk.
16. Bannað er að sía, kæla og geyma mjólk í fjósi.
17. Við mjaltir, kælingu, geymslu og flutninga mjólkur skal verja hana fyrir flugum, frosti, sólskini, ryki, reyk, óþef, lyktarsterkum efnum og öðru sem getur spillt henni.
18. Mjólkurframleiðendur skulu starfrækja innra eftirlit samkvæmt reglum sem yfirdýralæknir setur.

11. gr.

Mjólkurhús, mjaltabásar og mjaltabúnaður.

Mjólkurhús skal vera við hvert fjós. Það skal vera áfast við fjósið og skilið frá því með sjálflokandi dyrum. Mjaltabásar og mjólkurhús skulu vera rúmgóð, vel umgengin, björt og vel loftræst. Ljósstyrkur skal vera í samræmi við viðauka 3.

Loft og veggir mjólkurhúsa og mjaltabása skulu vera úr traustu efni með yfirborði sem auðvelt er að þrífa og mála. Þeir skulu málaðir í ljósum lit eða lagðir flísum eða öðru hliðstæðu efni. Gólf skulu vera steinsteypt og vatnsheld með nægum vatnshalla að góðu niðurfalli. Þau skulu vera slétt en þó ekki hál. Mjólkurhús má einungis nota til þess að sía, kæla og geyma mjólk og þvo mjólkurbúnað. Dýrum má ekki hleypa inn í mjólkurhús og skulu þau einnig varin flugum og meindýrum. Í mjólkurhúsi skal vera hæfilegt borð úr efni sem auðvelt er að þrífa og sótthreinsa.

Lyf, hreinsiefni og önnur efni, sem notuð eru í mjólkurhúsi og fjósi skulu geymd í lokuðum skápum, þar sem börn ná ekki til. Notkun tóbaks er óheimil í mjólkurhúsi og mjaltabás.

Í mjólkurhúsi og mjaltabás skal vera viðunandi aðstaða og nægjanlegt rennandi heitt og kalt vatn til þvotta á mjaltabúnaði. Þar skal einnig vera sérstök handlaug til handþvotta og við hana skal vera gerileyðandi sápulögur og einnota handþurrkur. Vatnið skal fullnægja kröfum gildandi reglugerðar um neysluvatn. Mjaltabúnaður skal vandlega hreinsaður og síðan sótthreinsaður samkvæmt viðurkenndum þvotta- og sótthreinsiaðferðum svo fljótt sem verða má eftir notkun og síðan varinn óhreinindum milli mjalta. Öll mjólk skal síuð með einnota síu eða á annan sambærilegan hátt.

Kæling mjólkur skal fara fram í mjólkurhúsi í geymi úr ryðfríu sýruþolnu stáli. Nægilegt rými skal vera undir og umhverfis kæligeyma svo auðvelt sé að þvo þá og sótthreinsa. Mjólk skal kæld niður í 2-4°C svo fljótt sem unnt er að loknum mjöltum og geymd við það hitastig. Hitamælar skulu vera á öllum kæligeymum.

Við uppsetningu og eftirlit mjaltabúnaðar skal stuðst við ISO/DIS 5707. Áhöld og tæki, sem koma í snertingu við mjólk, mega ekki vera úr oxandi efnum eða efnum sem geta mengað hana. Mjólkurbílstjórar, frjótæknar, dýralæknar og aðrir sem koma í mjólkurhús og/eða fjós skulu gæta ítrasta hreinlætis til að koma í veg fyrir að smit berist í fjósið.

12. gr.

Leyfi til mjólkurframleiðslu.

Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi, annast reglulegt eftirlit með heilbrigði og hirðingu allra mjólkurkúa, ungviðis og annarra nautgripa hjá mjólkurframleiðendum. Þeir skulu a.m.k. árlega skoða húsakost, mjaltaaðstöðu, mjaltabúnað, hreinlæti, umgengni og annað sem að framleiðslu sölumjólkur snýr. Ef héraðsdýralæknir telur að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð þessari, skal hann að skoðun lokinni, afhenda framleiðanda fjósaskoðunarvottorð, sem veitir honum leyfi til mjólkursölu. Afrit skulu varðveitt af héraðsdýralækni og viðkomandi afurðastöð. Vottorðin skulu skrifuð á eyðublöð í þríriti sem yfirdýralæknir lætur í té. Gildistími vottorðsins er þar til næsta skoðun fer fram. Óheimilt er að framleiða mjólk til sölu eða taka við mjólk frá framleiðanda sem ekki hefur gilt fjósaskoðunarvottorð, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 392/1997 um mjólk og mjólkurvörur.

Komi í ljós að aðstaða mjólkurframleiðanda brýtur í bága við eða fullnægir ekki ákvæðum reglugerðar þessarar skal héraðsdýralæknir krefjast úrbóta skriflega. Héraðsdýralæknir skal gefa framleiðanda hæfilegan, tímabundinn frest til nauðsynlegra lagfæringa og endurbóta. Afrit af fyrirmælum þessum skal þegar í stað senda afurðastöð. Héraðsdýralæknir skal gefa heilbrigðisnefnd upplýsingar um málið telji hann þess þörf. Héraðsdýralæknir getur veitt frekari frest til úrbóta ef óviðráðanlegar ástæður hafa tafið þær, svo sem slys eða náttúruhamfarir.

Hyggist framleiðandi hætta mjólkurframleiðslu fyrir fullt og allt má veita honum undanþágu í allt að 6 mánuði, án þess að úrbætur fari fram. Þegar veittur er tímabundinn frestur skal héraðsdýralæknir afhenda framleiðanda vottorð er veiti honum undanþágu til sölu á mjólk, en aðeins á meðan á hinum tilskilda fresti stendur. Afrit þessa vottorðs skal senda afurðastöð. Eldra fjósaskoðunarvottorð dýralæknis fellur þá sjálfkrafa úr gildi. Jafnskjótt og úrbótum er lokið skal framleiðandi tilkynna það héraðsdýralækni. Nú telur héraðsdýralæknir eftir að veittur frestur er liðinn, að enn sé ástand í fjósi mjólkurframleiðanda óviðunandi, þar sem ekki hafi verið sinnt ítrekuðum kröfum eða þeim eigi sinnt á viðunandi hátt, þá skal héraðsdýralæknir veita stuttan lokafrest. Hafi viðhlítandi úrbætur ekki verið gerðar að lokafresti liðnum, skal mjólkursala stöðvuð. Héraðsdýralæknir skal tafarlaust senda skýrslu um veittan lokafrest og kröfu um stöðvun á móttöku mjólkur og aðdraganda hennar til viðkomandi afurðastöðvar og yfirdýralæknis.

Verði héraðsdýralæknir þess var, að svo mikið sé áfátt heilbrigði mjólkurkúa, umgengni, þrifnaði eða mjólkinni sé spillt í meðferð að hætta geti stafað af fyrir neytendur t.d. vegna bráðra smitsjúkdóma, þá skal héraðsdýralæknir þegar í stað stöðva sölu mjólkur frá því kúabúi og láta framleiðanda í té rökstudd, skrifleg fyrirmæli um það. Fjósaskoðunarvottorð dýralæknis fellur sjálfkrafa úr gildi meðan á slíkri sölustöðvun stendur. Í slíkum tilvikum skal héraðsdýralæknir tafarlaust tilkynna afurðastöð um ákvörðun sína og krefjast þess, að hætt verði móttöku mjólkur frá viðkomandi kúabúi uns úrbætur hafa farið fram eða sjúkdómur afstaðinn. Héraðsdýralæknir skal senda yfirdýralækni greinargerð um málið. Afurðastöð er skylt að taka til greina fyrirmæli héraðsdýralæknis um tímabundið sölubann og tilkynna framleiðanda tafarlaust að móttaka mjólkur frá honum sé stöðvuð. Ákvörðun héraðsdýralæknis um sölustöðvun er heimilt að áfrýja þegar í stað til úrskurðar yfirdýralæknis. Hafi bann verið lagt við sölu mjólkur frá framleiðanda um stundarsakir, skal héraðsdýralæknir fylgjast með því hvað líður gangi sjúkdóms sé slíku til að dreifa. Þegar héraðsdýralæknir telur fært, að undangenginni athugun, að heimila sölu mjólkur á nýjan leik, skal hann án tafar tilkynna framleiðanda það, viðkomandi afurðastöð og yfirdýralækni með bréfi. Skal héraðsdýralæknir þá láta framleiðanda í té nýtt fjósaskoðunarvottorð, er heimilar sölu mjólkur að nýju.

Framleiðanda er skylt að leyfa eftirtöldum eftirlitsmönnum aðgang að kúabúi sínu til skoðunar hvenær sem óskað er, hvort sem um er að ræða reglubundið eftirlit eða skoðun að

gefnu tilefni: Yfirdýralækni, héraðsdýralæknum, dýralækni júgursjúkdóma og mjólkureftirlitsmönnum. Nú neitar framleiðandi ofangreindum eftirlitsaðilum leyfis til skoðunar og skal þá eftirlitsmaður samstundis kæra það til viðkomandi lögreglustjóra eða sýslumanns og krefjast þess að afurðastöðin stöðvi móttöku mjólkur frá viðkomandi framleiðanda um stundarsakir.

13. gr.

Leyfi til nautakjötsframleiðslu og uppeldis á ungviði til mjólkurframleiðslu.

Héraðsdýralæknar skulu hver á sínu svæði skoða a.m.k. árlega, aðstöðu, aðbúnað og kanna heilbrigðisástand nautgripa á þeim búum þar sem fram fer uppeldi kálfa og nautgripa til nautakjöts- eða mjólkurframleiðslu en sölumjólk er ekki framleidd.

Telji héraðsdýralæknir að þeim skilyrðum sem sett eru í reglugerð þessari sé fullnægt skal hann að skoðun lokinni afhenda framleiðandanum vottorð sem veitir honum leyfi til framleiðslu á nautakjöti og uppeldi á ungviði til mjólkurframleiðslu þar til næsta skoðun fer fram. Afrit skal varðveitt af héraðsdýralækni. Vottorðin skulu skrifuð á eyðublöð í þríriti sem yfirdýralæknir lætur í té. Afrit af vottorðinu skal lagt inn til sláturleyfishafa eða fylgja gripum af búinu til slátrunar.

14. gr.

Sjúkdómar og lyfjameðhöndlun.

Við lyfjagjöf og sölu á lyfjum er dýralækni skylt að sjá til þess að útskolunartími viðkomandi lyfja sé umráðamanni gripanna kunnur. Gripir sem meðhöndlaðir hafa verið með lyfjum sem áhrif hafa á neysluhæfi afurða skulu merktir á tryggilegan hátt meðan á meðhöndlun stendur og þar til útskolunartíma lyfjanna er lokið og afurðir eru hæfar til manneldis á ný.

Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur á nautgripabúi eða grunur um slíkan sjúkdóm skal dýralæknir búsins þegar í stað tilkynna það yfirdýralækni.

15. gr.

Skráning nautgripa og sjúkdóma.

Umráðamaður nautgripa skal sjá um að allir gripir búsins séu plötumerktir í eyra með raðnúmerum eða á annan viðurkenndan hátt. Jafnframt skal hann halda nákvæma skýrslu á þar til gerð eyðublöð, sem héraðsdýralæknir lætur í té, um heilsufar einstakra gripa, aðgerðir og þá lyfjameðferð sem hann framkvæmir. Skýrslur þessar skulu ávallt vera aðgengilegar fyrir héraðsdýralækna.

Dýralæknum er skylt í lok hverrar vitjunar að skrá á staðnum upplýsingar um sjúkdómsgreiningu, meðhöndlun og lyfjanotkun. Þetta skal gert fyrir hvern grip þegar það á við. Einnig skal hann skrá leiðbeiningar um framhaldsmeðferð og nýtingu afurða. Þessar upplýsingar skulu afhentar umráðamanni gripanna en afrit varðveitt af viðkomandi dýralækni. Upplýsingar þessar skulu ávallt vera aðgengilegar fyrir yfirdýralækni og dýralækni júgursjúkdóma.

Árlega skulu héraðsdýralæknar semja yfirlitsskýrslu um fjósaskoðun og júgursjúkdóma mjólkurkúa á eyðublöð sem yfirdýralæknir lætur þeim í té og skal skýrslan send honum fyrir 1. júlí ár hvert.

16. gr.

Samvinna kúabús, mjólkurstöðvar og sláturhúss.

Afurðastöð skal sjá um að upplýsingar er varða mjólkurgæði séu varðveittar og niðurstöður sendar viðkomandi framleiðanda eins fljótt og unnt er eftir að þær liggja fyrir.

Sláturleyfishafi skal sjá um að skýrslur kjötskoðunardýralæknis um sjúkdóma og sjúkdómseinkenni séu geymdar og niðurstöður sendar viðkomandi framleiðanda reglulega.

Forráðamaður skal halda skrá um alla aðfengna gripi og gripi sem látnir eru til lífs, slátrað eða misfarast. Héraðsdýralæknir, dýralæknir júgursjúkdóma og búfjáreftirlitsmaður skulu hafa aðgang að þessum upplýsingum.

17. gr.

Refsiákvæði og gildistaka.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um búfjárhald nr. 46/1991, lögum um dýralækna nr. 77/1981 með síðari breytingum og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 og öðlast gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að veita undanþágu til allt að sex ára frá gildistöku reglugerðar þessarar hvað varðar fullbyggð fjós og aðstöðu vegna einstakra krafna í reglugerðinni, sem erfitt og kostnaðarsamt er að uppfylla. Þessi undanþága gildir ekki um ákvæði 10. og 11. gr. Héraðsdýralæknir leggur fram tillögur sínar um undanþágur ásamt rökum til yfirdýralæknis, sem synjar eða veitir umbeðnar undanþágur. Í sérstökum tilfellum er heimilt að veita lengri aðlögunartíma en þó aldrei lengur en til 10 ára.

Ákvæði 1. málsl. 15. gr. taka ekki gildi fyrr en við lögfestingu ákvæða um skyldumerkingu nautgripa.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

VIÐAUKI 1

Básastærðir (lágmarksmál):

	Mesta þyngd	Básar, sem gripir eru festir/bundnir á		Legubásar gripa í lausgöngufjósi	
	kg	lengd	breidd	lengd	breidd
		m	m	m	m
Geldneyti	200	1,20	0,80	1,50	0,75
Geldneyti	300	1,30	0,90	1,70	0,85
Geldneyti	400	1,40	1,00	1,90	0,95
Mjólkurkýr	450	1,40	1,05	2,00	1,05
Mjólkurkýr	500	1,45	1,10	2,10	1,10

Báslengd: Mæld frá aftanverðum jötukanti að flór.
Básbreidd: Mæld frá miðju milligerða.
Mesta hæð jötukants frá básgólfi: 20 cm.
Fóðurgangur (jata) sé a.m.k. 6 cm hærri en básgólf (mælt fremst í bás).
Halli á bás sé 2-3%.
Flórristar: Breidd teina: 16 mm. Rifubreidd: 36 mm.

Stíustærð/rýmisþörf í stíu (lágmarksmál):

	Mesta þyngd gripa kg	Einstaklingsstía lengd m	breidd m	Fjöldastía m²/grip
Kálfar	60	1,00	0,80	0,80
Kálfar	100	1,20	1,00	1,00
Geldneyti	200			1,50
Geldneyti	300			1,70
Geldneyti	400			1,90
Geldneyti	>400			2,20

Rými við fóðurgrind í lausagöngustíum:

	Mesta þyngd gripa, kg	Jöturými á grip lágmark, m
Geldneyti	100	0,30
Geldneyti	200	0,40
Geldneyti	300	0,45
Geldneyti	400	0,55
Mjólkurkýr	450	0,60
Mjólkurkýr	500	0,60

Rimlagólf í fjósum:

	Mesta þyngd gripa kg	rimlabreidd mm	rifubreidd hámark mm
Geldneyti	100	100-120	30
Geldneyti	300	120-150	35
Geldneyti/kýr	400	120-150	40
Kýr	500	120-150	40

VIÐAUKI 2

Loftræsting:

Hámarksafköst vélræns loftræstikerfis skal miða við u.þ.b. 200 m^3/klst á hverja varmaframleiðslueiningu. Ein varmaframleiðslueining er sá fjöldi gripa sem framleiðir 1000 wött af varma við 20C umhverfishita. Ein íslensk mjókurkýr er u.þ.b. ein varmaframleiðslueining.

Loftraki:

Lágmarksloftræstingu í fjósum skal miða við að unnt sé að halda hlutfallslegum loftraka í fjósinu innan við 80%.

Lofthraði:

Við hönnun loftræstikerfis skal leitast við að lofthraði umhverfis gripina verði ekki meiri en 0,2 m/sek.

Hitastig:

Umhverfishiti skal að jafnaði ekki vera hærri en 15°C hjá fullorðnum nautgripum.

VIÐAUKI 3

Lágmarksgildi fyrir lýsingu í fjósum og mjólkurhúsum:

Mjólkurhús almennt:	200 lux
Mjólkurhús, tankur, vinnuborð:	400 lux
Mjaltabás (í júgurhæð):	400 lux
Básar (í júgurhæð, ef mjólkað er á bás):	400 lux
Fóðurgangur:	75 lux
Geldneytastíur:	75 lux
Kálfastíur:	100 lux
Næturljós:	ca 3 lux

VIÐAUKI 4

Hættulegar lofttegundir:
Magn eftirtalinna lofttegunda skal að jafnaði ekki vera meira en sem hér segir:

CO_2: 3000 ppm
NH_3: 10 ppm
H_2S : 0,5 ppm

VIÐAUKI 5

Hávaði:
Hávaði skal að jafnaði ekki vera meiri en 65 dB(A)

27. nóvember 1997 Nr. 672

AUGLÝSING

um umferð á Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Siglufjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði:

1. Bifreiðastöður við Aðalgötu frá Lækjargötu að Grundargötu verði tímabundnar í 20 mínútur.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar austan megin á Lindargötu frá Hólum (Lindargötu 11) suður að Skriðustíg.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Hverfisgötu frá Skriðustíg í 15 metra til suðurs.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Siglufirði, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Siglufirði, 27. nóvember 1997.

Guðgeir Eyjólfsson.

REGLUGERÐ

um starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda.

1. gr.

Endurskoðandi sem starfar við endurskoðunarstörf sbr. 7. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, er skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans. Leggi endurskoðandi inn réttindi sín, fellur vátryggingaskyldan niður.

Vátryggingin skal nema minnst 5.000.000 króna vegna hvers einstaks tjónsatviks. Heildarfjárhæð vátryggingabóta innan hvers árs skal nema minnst 15.000.000 krónum. Fjárhæðir þessar skulu miðast við vísitölu neysluverðs 181,7 og breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni.

Vátryggingin skal taka til starfa endurskoðandans hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu vátryggingataka í vátryggingaskilmálum, en slíkt má ekki skerða rétt þriðja manns til bóta úr hendi vátryggingafélags. Tilhögun eigin áhættu skal getið í vátryggingaskilmálum, vátryggingaskírteini eða iðgjaldskvittun.

3. gr.

Falli starfsábyrgðartrygging úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingafélag tilkynna það vátryggingataka og fjármálaráðuneytinu þegar í stað. Vátryggingatímabili telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að vátryggingafélagið tilkynnti vátryggingatakanum og fjármálaráðuneytinu sannanlega um vátryggingaslit, nema önnur fullnægjandi vátrygging hafi verið tekin.

Verði bótaskylt tjón, sem fellur undir starfsábyrgðartryggingu samkvæmt reglugerð þessari, ber vátryggingafélagi að tilkynna um hið bótaskylda atvik og greiðslu vegna þess til fjármálaráðuneytisins.

Vátryggingafélagi er heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af stórkostlegu gáleysi.

4. gr.

Þar sem tveir eða fleiri endurskoðendur starfa saman með sameiginlega starfsstofu og bera óskipta bótaábyrgð á störfum hvors/hvers annars, geta þeir fullnægt vátryggingaskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega vátryggingu enda komi nöfn þeirra beggja/allra fram í vátryggingaskjali. Skulu þá lágmarksfjárhæðir skv. 1. gr. hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern endurskoðanda umfram einn.

5. gr.

Uppfylli endurskoðandi ekki skilyrði reglugerðar þessarar um starfsábyrgðartryggingu er honum skylt að leggja inn réttindi sín og er honum þá óheimilt að taka að sér störf sem endurskoðandi.

6. gr.

Allir vátryggingaskilmálar sem reglugerð þessi tekur til skulu látnir fjármálaráðuneyti og Vátryggingaeftirliti í té áður en þeir eru boðnir endurskoðendum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. og 22. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigi síðar en 31. desember 1997 skulu vátryggingaskyldir endurskoðendur afhenda fjármálaráðuneytinu staðfestingu um að þeir hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu, sem uppfyllir skilyrði reglugerðar þessarar.

Fjármálaráðuneytinu, 5. desember 1997.

F. h. r.
Magnús Pétursson.

Ragnheiður Snorradóttir.

27. nóvember 1997 Nr. 674

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Samvinnuháskólann nr. 73 31. janúar 1990, sbr. breytingu nr. 498 11. september 1995.

Skólanefnd sjálfseignarstofnunarinnar Samvinnuháskólinn hefur samkvæmt heimild í 10. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskránni:

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Markmið Samvinnuháskólans er að efla og styrkja íslenskt atvinnulíf og samfélag sem fagháskóli með því að veita framúrskarandi fræðslu á sviði viðskipta og rekstrar. Þá skulu við háskólann fara fram rannsóknir á íslensku atvinnu- og viðskiptalífi er m.a. beinist að mismunandi rekstrarformum, lýðræði í atvinnulífi og atvinnurekstri, viðskiptasiðferði og umhverfismálum.

Við þjálfun og fræðslu skal Samvinnuháskólinn leggja sérstaka áherslu á raunhæf verkefni, tengsl við atvinnulífið, alþjóðleika, upplýsingatækni, samvinnu, hópstarf, samskipti og samskiptafræðslu, skapandi og gagnrýna hugsun. Samvinnuháskólinn skal jafnframt þjálfa nemendur með tilliti til frumkvæðis, aðlögunarhæfni og sveigjanleika, vinnu, ákvarðanatöku og forystu í hópum.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Samvinnuháskólinn staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. nóvember 1997.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 281/1997 fyrir Lífeyrissjóð Verkfræðingafélags Íslands.

1. gr.

Grein 5.6 orðast svo:

Til kaupa á hlutabréfum í og skuldbréfum útgefnum af skráðum almenningshlutafélögum á Verðbréfaþingi Íslands svo og hlutabréfum í og skuldabréfum útgefnum af hlutafélögum skráðum á Opna tilboðsmarkaðinum. Eign í slíkum verðbréfum fari þó ekki umfram 20% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

2. gr.

Grein 5.7 orðast svo:

Í traustum erlendum verðbréfum og hlutabréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París. Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 30% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerðarbreyting þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 20. júní 1997.

F. h. r.
Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

Nr. 676 8. desember 1997

AUGLÝSING

um afnám auglýsingar um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Felld er út gildi auglýsing nr. 610/1997 um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 8. desember 1997.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Stjórnartíðindi B 100, nr. 669–676. Útgáfudagur 10. desember 1997.

STJÓRNARTÍÐINDI B 101 – 1997

28. nóvember 1997 1553 Nr. 677

AUGLÝSING

um staðfestingu reglugerðar fyrir Tónskóla Neskaupstaðar.

Með vísan til 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla staðfestist hér með reglugerð fyrir Tónskóla Neskaupstaðar, sem samþykkt var af bæjarstjórn Neskaupstaðar hinn 10. október sl. og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 28. nóvember 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Fylgiskjal.

Reglugerð fyrir Tónskóla Neskaupstaðar.

1. gr.

Skólinn heitir Tónskóli Neskaupstaðar. Skólinn er eign Neskaupstaðar og fer bæjarstjórn Neskaupstaðar með yfirstjórn hans. Skólinn starfar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 með síðari breytingum.

2. gr.

Markmið skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og vinna að eflingu tónlistarlífs í Neskaupstað.

Þessum markmiðum hyggst skólinn ná meðal annars með því að:

- annast kennslu í hljóðfæraleik og söng ásamt kennslu í öðrum tónlistgreinum sem gert er ráð fyrir í námskrá tónlistarskólanna,
- búa nemendum fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu,
- leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik, kór- og hljómsveitarstarfi,
- búa nemendur undir framhaldsnám í tónlist,
- gera fullorðnum kleift að auðga tómstundir sínar með tónlistariðkun,
- styðja kennara skólans til tónleikahalds.

3. gr.

Skólanefnd Neskaupstaðar sem kosin er samkvæmt 62. gr. samþykktar um stjórn Neskaupstaðar fer með málefni Tónskóla Neskaupstaðar.

Gutenberg

4. gr.

Formaður skólanefndar boðar til funda með dagskrá svo oft sem þurfa þykir og er skylt að boða til fundar ef tveir nefndarmenn, skólastjóri eða kennarafundur æskir þess.

Skólastjóri skal sitja skólanefndarfundi. Heimilt er kennarafundi að tilnefna 1 fulltrúa úr hópi fastra kennara til að sitja skólanefndarfundi með málfrelsi og tillögurétt þegar fjallað er um málefni Tónskólans og skal hann bundinn sömu trúnaðarskyldu og aðrir nefndarmenn.

5. gr.

Bæjarstjórn ræður skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd. Starfsmenn skólans starfa samkvæmt starfslýsingum sem skólanefnd ákveður.

6. gr.

Kennarafundur er skólastjóra til ráðuneytis um starf skólans. Kennarafundi skal halda ekki sjaldnar en 4 sinnum á starfstíma skólans.

Skólastjóri boðar til kennarafunda með dagskrá og tilnefnir fundarstjóra og ritara sem færir gjörðabók kennarafunda.

Skylt er föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi. Skylt er stundakennurum að sækja kennarafund ef skólastjóri æskir þess, enda sé boðað til fundarins með a.m.k. þriggja daga fyrirvara.

Skylt er að halda kennarafund ef minnst 1/4 hluti fastra kennara æskir þess.

7. gr.

Starfstími skólans er 9 mánuðir frá 1. september ár hvert. Leyfi yfir starfstímann skulu vera þau sömu og í grunnskólum bæjarins. Viðverutími starfsmanna og vinnuskylda fer eftir gildandi kjarasamningi.

8. gr.

Rekstur skólans skal kosta með fjárveitingu á fjárhagsáætlun Neskaupstaðar og skólagjöldum nemenda.

Bæjarsjóður Neskaupstaðar annast greiðslu launa og rekstrarreikninga svo og bókhald Tónskóla Neskaupstaðar.

9. gr.

Skólagjöld eru ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Skólagjöld skulu greidd í upphafi annar.

10. gr.

Skólastjóri skal fyrir 1. júní ár hvert gera áætlun um kennslustundafjölda á næsta skólaári í samráði við skólanefnd. Skal áætlun þessi lögð fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Áætlun um kennsluskipan og námsframboð skal liggja fyrir í upphafi skólaárs.

11. gr.

Skólastjóri setur skólanum starfsreglur sem kveða á um ástundun, árangur og umgengni nemenda. Reglurnar skulu settar að fenginni umsögn kennarafundar og þurfa samþykki skólanefndar.

12. gr.

Rétt til skólavistar hefur hver sá er áhuga hefur á tónlistarnámi því sem skólinn býður upp á með eftirtöldum frávikum:

a) Þurfi að takmarka fjölda nemenda á einstökum námssviðum er skólanum m.a. heimilt að beita hæfnisprófum og breyta auglýstu fyrirkomulagi.

b) Heimilt er skólastjóra að vísa nemanda frá námi ef hann hefur ekki sinnt því um lengri tíma eða hefur gerst brotlegur við reglur skólans og ekki látið skipast við áminningu. Úrskurði skólastjóra má skjóta til skólanefndar til umfjöllunar.

13. gr.

Reglugerð þessi er samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar þann 10. október 1995.

2. desember 1997 Nr. 678

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 305/1989, með síðari breytingum.

1. gr.

1. ml. 1. mgr. 2. gr. hljóði svo:

Heilbrigðisnefnd, í umboði borgarstjórnar, er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa í Reykjavík undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur með eftirfarandi skilyrðum:

2. gr.

1. ml. stafl. d. 2. gr. hljóði svo:

Skylt er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartryggðan og getur heilbrigðisnefnd ákveðið að gera heildarsamning við tryggingarfélag, eitt eða fleiri.

3. gr.

1. mgr. 3. gr. hljóði svo:

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, sem gefur út umbeðið leyfi að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar.

4. gr.

Í 4. gr. komi í stað orðsins „borgarstjórn“ orðið „heilbrigðisnefnd“.

5. gr.

Í 5. gr. komi í stað orðsins „borgarstjórn“ orðið „heilbrigðisnefnd“.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur niður.

7. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1998.

Umhverfisráðuneytinu, 2. desember 1997.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um listamannalaun.

1. gr.

Hlutverk Launasjóðs rithöfunda, Launasjóðs myndlistarmanna, Tónskáldasjóðs og Listasjóðs er að veita listamönnum starfslaun og styrki samkvæmt lögum um listamannalaun nr. 35/1991 með áorðnum breytingum og reglugerð þessari. Ákvarðanir um veitingu framlaga úr sjóðum þessum skulu gegna þeim tilgangi að efla listsköpun í landinu.

2. gr.

Starfslaun listamanna skulu veitt úr fjórum sjóðum:

a. Launasjóði rithöfunda.
b. Launasjóði myndlistarmanna.
c. Tónskáldasjóði.
d. Listasjóði.

Þrír fyrstnefndu sjóðirnir eru sérgreindir sjóðir. Listasjóður er almennur sjóður en sinnir einkum öðrum listgreinum en þeim sem falla undir sérgreindu sjóðina. Listasjóður veitir og sérstök framlög til listamanna, sem notið höfðu listamannalauna í nokkur ár fyrir 31. desember 1991 og höfðu þá náð 60 ára aldri. Allir sjóðirnir veita starfslaun, svo og náms- og ferðastyrki.

3. gr.

Yfirumsjón með sjóðunum skv. 1. gr. er í höndum stjórnar listamannalauna. Menntamálaráðherra skipar stjórn listamannalauna þremur fulltrúum til þriggja ára í senn, einum tilnefndum af Bandalagi íslenskra listamanna, einum tilnefndum af Háskóla Íslands, en af Listaháskóla þegar stofnaður verður, og loks einum án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn listamannalauna úthlutar fé úr Listasjóði, en sérstakar þriggja manna úthlutunarnefndir, sem skipaðar eru árlega af menntamálaráðherra fyrir hvern hinna sérgreindu sjóða, veita fé úr þeim sbr. 6.-8. gr. laga nr. 35/1991 með áorðnum breytingum. Úthlutunarnefndirnar skipta sjálfar með sér verkum.

4. gr.

Stjórn listamannalauna sér til þess að auglýst sé með venjulegum hætti eftir umsóknum um veitingu starfslauna og náms- og ferðastyrkja úr sjóðunum og lætur gera sérstök eyðublöð fyrir umsóknir um framlög úr þeim. Umsókn skulu m.a. fylgja upplýsingar um náms- og starfsferil, verðlaun og viðurkenningar, greinargerð um verkefni það sem liggur til grundvallar umsókninni og hve langan starfstíma er sótt um. Sé sótt um náms- eða ferðastyrk skal gera á skýran hátt grein fyrir tilgangi ferðarinnar eða tilhögun námsins. Stjórn listamannalauna ákveður að öðru leyti og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar skuli fylgja umsókn.

Auglýst skal eftir umsóknum eigi síðar en 15. október ár hvert og skal umsóknarfrestur að jafnaði vera eigi skemmri en tveir mánuðir. Miðað skal við að úthlutun starfslauna listamanna verði lokið fyrir 1. mars ár hvert.

5. gr.

Við veitingu starfslauna og styrkja úr öllum sjóðum skulu úthlutunarnefndir gæta þess vandlega að allar umsóknir fái sanngjarna umfjöllun og ákvarðanir séu ávallt reistar á faglegum sjónarmiðum.

6. gr.

Þeir sem njóta starfslauna skulu ekki vera fastráðnir til þess að gegna öðru starfi sem telst meira en þriðjungur úr stöðugildi meðan þeir fá greidd starfslaun, enda hindri það ekki listamanninn í því að sinna því verkefni sem starfslaunin voru veitt til.

Allir þeir sem njóta starfslauna skulu skila greinargóðri vélritaðri skýrslu um störf sín á starfslaunatímanum eigi síðar en ári eftir að honum lýkur. Þeir sem hljóta starfslaun til tveggja eða þriggja ára skulu skila skýrslu árlega.

Hafi umsækjandi áður hlotið starfslaun skal umsókn hans því aðeins tekin til umfjöllunar að hann hafi skilað fullnægjandi skýrslu um störf sín á starfslaunatímanum.

Starfslaunaþegi skal taka starfslaunin samfellt á meðan á starfslaunatíma stendur en heimilt er honum að fresta upphafi tímabilsins í allt að sex mánuði frá því að tilkynning um veitingu starfslaunanna barst honum. Stjórn listamannalauna er þó heimilt að veita undanþágu frá töku samfelldra starfslauna vegna fæðingarorlofs sbr. lög nr. 57/1987.

Sami listamaður getur eigi fengið starfslaun úr tveimur sjóðum í senn.

7. gr.

Áður en til úthlutunar starfslauna kemur úr Listasjóði skal stjórn listamannalauna taka frá þann hluta fjárveitingarinnar sem ætlaður er listamönnum sem um getur í 4. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

Allt að þriðjungi starfslauna úr Listasjóði skal varið til stuðnings leikhópum, sbr. 9. gr. laganna.

8. gr.

Úthlutunarnefndir skulu senda stjórn listamannalauna niðurstöður sínar til afgreiðslu þegar þær hafa lokið störfum. Stjórn listamannalauna skal árlega taka saman skýrslu um starfsemi sjóðanna, sem geymir endurskoðaðan ársreikning og skrá um úthlutanir úr sjóðunum. Skýrsla þessi skal send menntamálaráðuneytinu og Bandalagi íslenskra listamanna.

Ef starfslaunaþegi brýtur gegn ákvæðum laga um listamannalaun nr. 35/1991 með áorðnum breytingum, og reglugerð þessari, getur stjórn listamannalauna fellt niður starfslaun að hluta eða að öllu leyti eða krafist endurgreiðslu, enda hafi starfslaunaþega áður verið gefinn kostur á að tala máli sínu.

9. gr.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna og fulltrúa í úthlutunarnefndum, sem greiðist af fé sjóðanna.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. gr. laga um listamannalaun nr. 35/1991 með áorðnum breytingum og öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð um listamannalaun nr. 50/1992.

Menntamálaráðuneytinu, 25. nóvember 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUR

um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga.

1. gr.
Gildissvið.

Póst- og fjarskiptastofnunin setur hér með eftirfarandi reglur um númer, númeraraðir og vistföng sem notuð eru í fjarskiptaþjónustu og númer, númeraraðir og vistföng sem notuð eru við samtengingu sjálfstæðra fjarskiptaneta.

2. gr.
Skilgreiningar.

Vísað er til skilgreininga í fjarskiptalögum en auk þess hafa eftirfarandi orð sérstaka merkingu:

Notendanúmer:	Númer sem áskrifendur fjarskiptaþjónustu fá úthlutað hjá rekstrarleyfishafa vegna tengingar við fjarskiptanet þeirra og hægt er að hringja í eða nota til að sækja þjónustu frá rekstrarleyfishöfum.
Símanúmer:	Notendanúmer í almennri talsímaþjónustu, samneti eða farsímaþjónustu.
Forskeyti:	Númer sem notandi verður að velja á undan t.d. landsnúmeri til að fá aðgang að utanlandsþjónustu eða á undan símanúmeri til að fá aðgang að langlínu.
Landsnúmer:	Númer eða kóði 1-, 2- eða 3-stafa sem alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) hefur úthlutað í samræmi við tilmæli E.164.
Neyðarnúmer:	Númer sem eingöngu skal nota fyrir tilkynningar um slys og beiðni um neyðarhjálp.
Þjónustunúmer:	3- eða 4-stafa númer sem veita aðgang að sérstakri þjónustu rekstrarleyfishafa sbr. bilanatilkynningar, klukku o.fl.
A-notandi:	Notandi sem efnir til samskipta við annan notanda eða þjónustuveitanda með upphringingu.

3. gr.
Tilgangur.

Samkvæmt 3. gr. fjarskiptalaga skal Póst- og fjarskiptastofnun hafa umsjón með fjarskiptamálum á Íslandi og hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Meðal verkefna sem lög um Póst- og fjarskiptastofnun kveða á um að hún annist er að setja reglur um úthlutun notendanúmera.

Markmið skipulags um notendanúmer eins og það kemur fram í þessum reglum er að kveða á um úthlutun númera fyrir mismunandi þjónustu og ákveða forgangsröðun. Skipulaginu er í fyrsta lagi ætlað að tryggja rekstrarleyfishöfum sem veita fjarskiptaþjónustu aðgang að númerum fyrir notendur sína og tryggja notendum hverjum fyrir sig númer sem tengist honum einum og gerir öðrum kleift að beina til hans fjarskiptaboðum. Í öðru lagi að númer séu fáanleg fyrir samtengingu neta. Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar ekki númerum og númeraröðum til annarra en fengið hafa rekstrarleyfi hjá stofnuninni.

Úthlutun númera og númeraraða felur í sér heimild til afnota, en leiðir ekki til eignaréttar á númerum eða númeraröðum.

Skipan númeramála samkvæmt þessum reglum byggir á tilmælum alþjóðafjarskiptasamtakanna ITU um númer í alþjóðatalsíma og vistföng í gagnaflutningsnetum. Þar er m.a. kveðið á um hámarkslengd númera og um lands- og netnúmer. Þar að auki skulu ýmis forskeyti og þjónustunúmer vera í samræmi við tilskipanir ESB, sem gildi hafa tekið á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í allri fjarskiptaþjónustu sem sækir skipulag númera og vistfanga til tilmæla ITU skal eingöngu nota númer og vistföng sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur úthlutað.

Póst- og fjarskiptastofnun setur fram heildarskipulag á númerum fyrir mismunandi þjónustu og ramma um vistföng í fjarskiptanetum. Rekstrarleyfishöfum ber að veita stofnuninni allar upplýsingar um númer í notkun sem og um möguleika jafnt sem takmarkanir fjarskiptakerfa þeirra að því er varðar notkun númera.

Breytingar á skipulagi, sem fela í sér að hópar notenda verða að breyta um númer skal stofnunin kynna með 2 ára fyrirvara. Póst- og fjarskiptastofnun bætir ekki notendum eða rekstrarleyfishöfum kostnað eða annað fjárhagslegt tjón sem hlýst af númerabreytingum.

4. gr.

Umsóknir.

Rekstrarleyfishafar sem hyggjast úthluta notendum númerum vegna fjarskiptaþjónustu skulu sækja um númeraraðir til Póst- og fjarskiptastofnunar. Í umsókn skal koma fram eftirfarandi:

Tegund þjónustu
Landssvæði þar sem þjónusta er/verður veitt
Fjöldi notenda í viðkomandi þjónustu
Lengd númeraraðar/raða sem óskað er eftir
Fjöldi notenda sem reiknað er með að bætist við a) á næsta heila ári og
b) á næstu 3 árum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal úthluta rekstrarleyfishöfum númeraröðum eftir þörfum þeirra að svo miklu leyti sem heildarskipulag númera leyfir sbr. 6. gr. Við úthlutun skal miðað við þarfirnar a.m.k. næsta heila árið en til allt að þriggja ára, ef nægjanlegt svigrúm er til þess að mati stofnunarinnar.

Umsóknir um númer fyrir samtengingu neta og aðgang notenda að mismunandi þjónustu skulu sendar Póst- og fjarskiptastofnun. Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi eftir því sem við á:

Tegund þjónustu
Landssvæði þar sem þjónusta verður veitt
Heiti neta sem á að samtengja
Samtengistaður/staðir
Gjaldtökuaðferð fyrir þjónustuna eða samtenginguna

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að auglýsa eftir umsóknum áður en ákvörðun er tekin um úthlutun númera fyrir val á þjónustuveitanda, ef þeir eru fleiri en einn í viðkomandi þjónustu.

5. gr.

Framsal, ábyrgð og nýting.

Ekki er rekstrarleyfishafa heimilt nema að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar að framselja númer eða númeraraðir til annars rekstrarleyfishafa.

Rekstrarleyfishafar eru ábyrgir fyrir réttri notkun númera þ. á m. að númer séu ekki notuð fyrir aðra þjónustu en viðkomandi númeraröð hefur verið úthlutað fyrir og að númer séu ekki notuð á röngu landssvæði. Úthlutuð númer má eingöngu nota í fjarskiptaþjónustu á Íslandi.

Rekstrarleyfishafar sem fengið hafa úthlutað númeraröðum skulu leitast við að nýta þær á sem bestan hátt. Einkum er óheimilt að velja notendum númer á þann hátt að eyður myndist í númeraröð að óþörfu. Komi í ljós að númeraraðir eru vannýttar getur Póst- og fjarskiptastofnun hafnað frekari úthlutun eða dregið fyrri úthlutun til baka að öllu eða einhverju leyti. Rekstrarleyfishafi sem hefur vannýtt númeraröð með því t.d. að skilja eftir eyður í númeraröð að óþörfu á það á hættu að notendur hans einn eða fleiri kunna að sæta númerabreytingu. Rekstrarleyfishafi ber fjárhagslega ábyrgð gagnvart notanda sínum í slíku tilfelli.

Póst- og fjarskiptastofnun getur afturkallað úthlutun númeraraða, ef í ljós kemur að ekki hefur verið fylgt reglum við úthlutun einstakra númera. Sömuleiðis getur stofnunin afturkallað úthlutun að hluta til, ef rekstrarleyfishafi hefur ofmetið þörf sína fyrir númer eða þegar númer eða númeraröð hefur ekki verið tekin í notkun innan tiltekins tíma.

Breytingar á þjónustunúmerum skulu tilkynntar viðkomandi aðilum með minnst 6 mánaða fyrirvara.

6. gr.

Úthlutun.

Rekstrarleyfishöfum í talsíma-, samnets- og farsímaþjónustu skal úthluta frá 1.000 til 10.000 sjö stafa númerum í röðum í skipulaginu.

Rekstrarleyfishöfum talsíma-, samnets- og farsímaþjónustu skal úthluta 4- eða 5-stafa þjónustunúmerum í númeraskipulaginu.

Rekstrarleyfishöfum í utanlandsþjónustu skal úthluta 4- eða 5-stafa forskeytum.

Útlandanúmeri 00, neyðarnúmeri 112 og þriggja stafa númerum er ekki úthlutað sérstaklega en rekstrarleyfishafar geta fengið afnot af þessum númerum til sérstakra þjónustuaðgerða samkvæmt reglum 7. gr.

Umsóknir um númer og númeraraðir skulu að jafnaði afgreiddar í sömu röð og þær berast Póst- og fjarskiptastofnun.

Rekstrarleyfishafar skulu greiða gjald fyrir úthlutuð númer og raðir samkv. gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar.

7. gr.

Skipulag númera í almennri talsímaþjónustu, samneti og farsíma.

Í fjarskiptanetum þar sem veitt er talsíma-, samnets- og farsímaþjónusta skulu gilda 7-stafa símanúmer. Við upphringingar milli símnotenda sama rekstrarleyfishafa og milli símnotenda mismunandi rekstrarleyfishafa skal nota 7-stafa númer. Upphringingar símnotenda í íslenskum fjarskiptanetum til útlanda skulu gerðar með því að velja fyrst útlandaforskeyti 00, síðan landsnúmer og í sumum tilfellum svæðisnúmer og að lokum símanúmer notandans erlendis. Val á utanlandsþjónustu, þegar það er fyrir hendi, skal framkvæmt með því að velja forskeyti fyrir þjónustuaðila áður en símanúmer er valið.

Röðun númera fyrir mismunandi þjónustu og notkun skal vera sem hér segir:

1. Almenn símanúmer skulu vera 7-stafa í röðunum 20-99.
2. Fyrir þjónustu þar sem netið á að framkvæma sérstakar aðgerðir á uppköllum eftir því um hvaða númer er að ræða aðrar en taldar eru í öðrum liðum þessarar greinar skal nota 7-stafa símanúmer sem byrja á 74 og 75.
3. Þegar ekki á að gjaldfæra A-notanda fyrir símtali skal nota 7-stafa númer sem byrja á 80.
4. Fyrir símatorg skal nota 7-stafa númer sem byrja á 901-905.
5. Almenningssjálfsölum, sem tekið er aukagjald fyrir að hringja í, skal gefið 7-stafa númer sem byrja á 909.
6. Sérstök 4-stafa númer sem byrja á 18 eru til ráðstöfunar sem þjónustunúmer þar sem þjónustuveitendur geta veitt upplýsingar tengdar þjónustu sem þeir veita t.d. upplýsingar um símanúmer og klukku.
7. Rekstrarleyfishöfum er úthlutað númerum sem byrja á 19 til notkunar í eigin kerfum, t.d. vegna reksturs símstöðva og prófana. Þessum númerum er ekki úthlutað til notenda.

8. Þriggja stafa þjónustunúmer sem byrja á 11, 14, 15, 16 og 17 og voru í notkun 1. júlí 1997 má nota áfram fyrst um sinn eða þangað til annað verður ákveðið.
9. Póst- og fjarskiptastofnun skal gefa út lista yfir úthlutaðar númeraraðir í samræmi við framangreint.

8. gr.

Númera- og vistfangaskipulag fyrir gagnaflutningsþjónustu.

Gagnaflutningsnet sem taka mið af ITU tilmælum X.121 skulu nota gagnanetfangskóða eða DNIC (Data Network Identification Code) innan þess sviðs sem ITU hefur úthlutað Íslandi.

Gagnaflutningsnet sem falla undir vistfangaskipulag í samræmi við ITU tilmæli X.400/F.401 skulu nota ADMD (Administration Management Domain) vistföng í samræmi við tilmælin.

Póst- og fjarskiptastofnun heldur skrá yfir netföng (DNIC) og vistföng (ADMD) sem rekstrarleyfishöfum hefur verið úthlutað.

9. gr.

Númer fyrir skip.

Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar skipum og bátum númerum fyrir skipa- og bátastöðvar í sjófjarskiptaþjónustu (Maritime Mobile Service Identities, MMSI). Númerin skulu valin í samræmi við tilmæli ITU E.210. Stofnunin úthlutar einnig notendanúmerum fyrir Inmarsat-þjónustu (Inmarsat Mobile Number, IMN) í samræmi við tilmæli ITU E.215.

10. gr.

Kerfisnúmer og vistföng í fjarskiptanetum.

Samtenging fjarskiptaneta á grundvelli tilmæla ITU og staðla ETSI skal gerð með notkun númera og vistfangaaðferða sem ITU og ETSI hafa skilgreint. Póst- og fjarskiptastofnun annast nánari útfærslu á þessum aðferðum.

Póst- og fjarskiptastofnun annast úthlutun og skráningu á eftirfarandi kóðum:

1. ISPC (International Signalling Point Code) samkvæmt ITU tilmælum Q.708.
2. SPC (Signalling Point Code) fyrir símstöðvar í innlenda símakerfinu. Kerfisnúmer þessara símstöðva skal innihalda 14 bita og ákveður Póst- og fjarskiptastofnun fyrstu 3 bitana. Næstu 8 bita geta rekstrarleyfishafar notað til að aðgreina stöðvar eftir svæðum og 3 síðustu til að greina sundur stöðvar á sama svæði.
   Rekstrarleyfishafar skulu tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun hálfsárslega um SPC, sem eru í notkun
3. MNC (Mobile Network Code) sem er hluti af IMSI (International Mobile Subscriber Identity) samkvæmt ITU tilmælum E.212 og ETSI stöðlum ETS 300 523, 2. útgáfa.
4. IIN (Issuer Identification Number) samkvæmt tilmælum E.118.

Upplýsingar um þessa kóða má fá hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Ef notkun úthlutaðra kerfisnúmera og vistfanga í fjarskiptanetum er hætt, skal tilkynna það Póst- og fjarskiptastofnun innan mánaðar.

11. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 147/1996 og nr. 143/1996 og taka gildi við birtingu. Viðurlög við brotum á reglunum fara eftir ákvæðum laga nr. 143/1996.

Póst- og fjarskiptastofnun, 3. desember 1997.

Gústav Arnar. **Ársæll Baldursson.**

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Stykkishólmi.

1. gr.

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald í Stykkishólmi nr. 578/1997 skulu árlega greiða fyrir það kr. 7.000 í bæjarsjóð.

Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 1. mars og eindaga 1. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

Þeir sem sækja um leyfi til þess að halda hund eftir 1. júlí greiða einungis helming leyfisgjalds fyrir það ár.

2. gr.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausan hund að ræða. Til viðbótar útlögðum kostnaði skal leyfishafi eða umráðamaður greiða handsömunargjald sem er eftirfarandi:

Í fyrsta sinn kr. 4.000.
Í annað sinn kr. 6.000.
Í þriðja sinn kr. 8.000.

3. gr.

Framangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólms staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til að öðlast gildi 1. janúar 1998.

Umhverfisráðuneytinu, 26. nóvember 1997.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 682 27. nóvember 1997

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 698/1996 fyrir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir samþykkt á efni til þrifa og/eða gerileyðingar í matvælaiðnaði, sbr. 2. lið 4. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti, er kr. 10.000 fyrir hvert efni sem heimilað er að nota.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 27. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. e bætist við ný grein, 2. gr. f, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/97 frá 31. október 1997 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1582/97 frá 30. júlí 1997 um breytingu á reglugerðum (EBE) nr. 1983/83 og nr. 1984/83 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um einkadreifingu annars vegar og einkakaup hins vegar.

2. gr.

Í þessari breytingu felst að gildistími skv. 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83, sem tekin var upp í íslenskan rétt sem b-liður 2. gr. reglugerðar nr. 594/1993, framlengist um tvö ár, frá 31. desember 1997 til 31. desember 1999. Aðlögunarákvæði e með reglugerðinni, sem er í 2. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn og snertir gildistímann, fellur jafnframt niður.

Jafnframt framlengist gildistími skv. 19. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1984/83, sem tekinn var upp í íslenskan rétt sem c-liður 2. gr. reglugerðar nr. 594/1993, um tvö ár, frá 31. desember 1997 til 31. desember 1999. Aðlögunarákvæði e með reglugerðinni, sem er í 3. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn og snertir gildistímann, fellur og niður.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á 2. og 3. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

Viðskiptaráðuneytinu, 26. nóvember 1997.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

17. nóvember 1997 Nr. 684

REGLUGERÐ

um markaðsleyfi náttúrulyfja.

1. Inngangur.

1. gr.

Skilgreiningar.

Náttúrulyf innihalda eitt eða fleiri virk efni sem unnin eru á einfaldan hátt (t.d. með þurrkun, mölun, úrhlutun, eimingu, pressun) úr plöntum, dýrum, örverum, steinefnum eða söltum. Hrein efni einangruð úr náttúrunni teljast ekki náttúrulyf.

Náttúrulyf eru eingöngu ætluð til inntöku eða staðbundinnar notkunar á húð eða slímhúðir. Ekki má blanda í náttúrulyf lyfseðilsskyldum efnum.

Hómópatalyf teljast ekki til náttúrulyfja. Náttúrulyf geta verið ætluð mönnum eða dýrum.

Reglugerð þessi tekur ekki til náttúruvara, vítamína, steinefna og fæðubótarefna.

2. gr.

Náttúrulyf skulu markaðssett í upprunalegum umbúðum framleiðanda og merkt samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 418/1994 um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum. Auðkenna skal umbúðir með áletruninni: „náttúrulyf".

Vöru má hvorki merkja né markaðssetja með orðinu: „náttúrulyf", nema hún hafi verið skráð og fengið markaðsleyfi samkvæmt reglugerð þessari. Lyfjanefnd ríkisins getur takmarkað sölu náttúrulyfs við lyfjabúðir, í undantekningar tilfellum, þegar meðhöndlun eða notkun þess er sérstaklega vandasöm.

3. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar um náttúrulyf ætluð mönnum eru í samræmi við tilskipanir ráðs EBE (65/65/EBE, 75/318/EBE, 75/319/EBE) með síðari breytingum (91/507/EBE, 92/27/EBE) og ákvæði um náttúrulyf ætluð dýrum eru í samræmi við tilskipanir ráðs EBE (81/851/EBE, 81/852/EBE) með síðari breytingum; sbr. nánar í viðauka 1 við reglugerðina.

4. gr.

Sækja þarf um markaðsleyfi náttúrulyfs fyrir náttúruvöru sem er markaðssett eða auglýst á þann hátt að ljóst sé, að viðkomandi vara sé ætluð til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum. Sama gildir um náttúruefni sem ætlað er að hafa áhrif á líkamsstarfsemi manna eða dýra eða er markaðssett með þeim hætti.

2. Umsókn um markaðsleyfi.

5. gr.

Almenn ákvæði.

Lyfjanefnd ríkisins metur náttúrulyf og afgreiðir umsóknir um markaðsleyfi samkvæmt reglugerð þessari. Umsókn um markaðsleyfi náttúrulyfs skal senda lyfjanefnd ríkisins á eyðublöðum sem þar fást.

Umsóknareyðublað skal fyllt út í þremur eintökum fyrir hverja umsókn, sbr. leiðbeiningar í viðauka 2 með reglugerð þessari.

Sækja skal sérstaklega um markaðsleyfi fyrir hvert lyfjaform og hvern styrkleika náttúrulyfs.

Lyfjanefnd ríkisins áritar og tölusetur hverja umsókn og fær umsækjandi eitt eintak.

Fylgiskjöl og gögn með umsókn skulu vera í einu eintaki, nema annað sé tekið fram og skal kvittun fyrir greiðslu markaðsleyfisgjalds fylgja þeim, sjá einnig ákvæði 6. gr. þessarar reglugerðar.

Fylgiskjöl og gögn með umsóknum um náttúrulyf ætluð mönnum skulu vera samkvæmt leiðbeiningum Evrópusambandsins „Notice to applicants for marketing authorisation for medicinal products for human use" og fyrir dýralyf „Notice to applicants for marketing authorisation for veterinary medicinal products", sem í gildi eru hverju sinni.

Öll gögn sem fylgja með umsókn um markaðsleyfi náttúrulyfs skulu vera greinileg og auðlæs og mega vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku. Tillögur að texta fylgiseðils og notkunarleiðbeininga, ef við á, skulu þó vera á íslensku.

Lyfjanefnd ríkisins getur óskað eftir fyllri gögnum og upplýsingum vegna umsóknar um markaðsleyfi náttúrulyfs. Lyfjanefnd ríkisins mun synja umsókn um markaðsleyfi náttúrulyfs, í eftirfarandi tilvikum:

1. ef upplýsingar og gögn með umsókninni eru ekki í samræmi við 3. kafla reglugerðar þessarar,
2. ef fram kemur við mat á upplýsingum og gögnum að notkun náttúrulyfsins geti verið skaðleg,
3. ef í ljós kemur að samsetning eða magn innihaldsefna er frábrugðið því sem skýrt var frá í umsókn.

6. gr.

Greiðsla gjalds með umsókn um markaðsleyfi.

Markaðsleyfisgjald skal greitt samkvæmt reikningi frá lyfjanefnd ríkisins hjá ríkisfjárhirslu, sbr. ákvæði reglugerðar um skráningar-, árgjöld og önnur leyfisgjöld vegna lyfja sem í gildi er hverju sinni, sbr. 4. gr. lyfjalaga nr. 93/1994. Gjaldið er óendurkræft þótt umsókn sé synjað.

3. Fylgiskjöl og gögn með umsókn.

7. gr.

Almenn ákvæði (Administrative data).

Eftirfarandi upplýsingar og gögn, eftir því sem við á, skulu fylgja umsókn um markaðsleyfi náttúrulyfs:

1. Heiti náttúrulyfs, sem sótt er um markaðsleyfi á, lyfjaform og styrkleiki. Eftir því sem unnt er og við á skal nota heiti lyfjaforma sem fram koma í reglugerð nr. 418/1994 um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum.
2. Nafn og heimilisfang umsækjanda (væntanlegur handhafi markaðsleyfis) og umboðsmanns hans.
3. Pakkningastærðir og gerð umbúða. Geymsluþol og geymsluskilyrði.
4. Nafn og heimilisfang framleiðanda/framleiðenda.
5. Framleiðandi skal hafa heimild til lyfjaframleiðslu í heimalandi sínu og skal fylgja með umsókn afrit af leyfi frá viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum, eigi eldra en tveggja ára.
   Ef náttúrulyfið er framleitt í landi utan EES og verksmiðja framleiðanda hefur ekki áður verið viðurkennd hér á landi skulu einnig fylgja með umsókn ítarleg gögn um viðkomandi verksmiðju framleiðanda og framleiðsluferlið svo hérlend yfirvöld geti lagt mat á hæfni hans. Undanþágu frá ákvæði þessu má veita ef viðkomandi náttúrulyf hefur fengið markaðsleyfi í öðru EES ríki.
6. Skrá yfir tegund og magn innihaldsefna náttúrulyfs.
7. Staðfesting yfirvalda á markaðsleyfi viðkomandi náttúrulyfs í öðrum löndum, sé slík skráning fyrir hendi. Listi yfir þau lönd þar sem sótt hefur verið um markaðsleyfi.
8. Efnisyfirlit yfir gögn, sem fylgja umsókninni. Einnig skal meðfylgjandi sýnishorna getið.

8. gr.

Gögn um gæði (quality), öryggi (safety) og verkun (efficacy).

Ákvæði um hvaða gögn um gæði, öryggi og verkun skulu fylgja umsókn um markaðsleyfi náttúrulyfs, sem ætlað er mönnum, eru tilgreind í 4. gr. tilskipunar ráðs EBE (65/65/EBE) og í viðauka við tilskipun ráðs EBE (75/318/EBE) ásamt síðari breytingum. Hliðstæð ákvæði um hvaða gögn skulu fylgja umsókn um markaðsleyfi náttúrulyfs sem ætlað er dýrum eru tilgreind í 5. gr. tilskipunar ráðs EBE (81/851/EBE) og í viðauka við tilskipun ráðs EBE (81/852/EBE) ásamt síðari breytingum.

Einnig skal farið eftir leiðbeiningum sem Evrópusambandið hefur gefið út, undir heitinu „The rules governing medicinal products in the European community“ (III. hluti „Guidelines: Quality of herbal remedies“ og IV. hluti, 7. liður „Manufacture of herbal medicinal products“).

8.1. Gögn um gæði.

Með umsókn skulu fylgja gögn um framleiðslu, hráefni, gæðaeftirlit og geymsluþol.

8.1.1. Framleiðsla.

Við framleiðslu náttúrulyfs skal fylgja ákvæðum reglugerðar 700/1996 um framleiðslu lyfja og ákvæðum tilskipunar ráðs EBE (91/356/EBE) um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð (Good Manufacturing Practice; GMP). Lýsa skal öllum framleiðslustigum náttúrulyfsins og framleiðslueftirliti. Framleiðslan skal vera gilduð (validated) eftir því sem við á.

8.1.2. Hráefni.

Hráefni skal uppfylla kröfur gildandi lyfjaskrár (Evrópsku lyfjaskrárinnar; Ph. Eur.) eða kröfur í öðrum gildandi lyfjaskrám í Evrópu eða N-Ameríku. Ef gæðalýsing (monograph) viðkomandi náttúrulyfs/hráefnis er ekki í ofangreindum lyfjaskrám, skal fylgja listi yfir eiginleika hráefnisins þar sem miðað er við sömu kröfur og gerðar eru í gæðalýsingum Ph. Eur.

Ef hráefni er úr plönturíkinu, skulu fylgja upplýsingar um latneskt heiti plöntunnar/plantnanna ásamt höfundi nafngiftar (t.d. *Ginkgo biloba* L.), plöntuhluta (t.d. blöð, rót), ræktunarstað, uppskerutíma, þroskastig plantna við uppskeru, meðhöndlun plantna á vaxtartíma (skordýraeitur o.fl.), meðhöndlun plantna að uppskeru lokinni (þurrkun, sæfing, geymsluaðstæður, pökkunarefni o.fl.).

Tilgreina skal magn virkra innihaldsefna og vikmörk. Upplýsingar um óhreinindi, svo sem örverur, þungmálma, skordýraeitur og geislavirk efni í hráefnum, sem notuð eru við framleiðsluna, skulu fylgja.

8.1.3. Gæðaeftirlit.

Með umsókn skulu fylgja gögn er varða efnafræði og lyfjagerðarfræði, þar sem m.a. koma fram upplýsingar um gæðaeftirlit á öllum framleiðslustigum (kornastærð, rakainnihald, alkóhólinnihald, sýrustig o.fl.). Lýsingar á aðferðum til sannkennslis og magngreiningar á innihaldsefnum og fullunnu náttúrulyfi skulu fylgja ásamt niðurstöðum mælinga. Ef unnt er skal tilgreina vikmörk. Einnig skulu fylgja lýsingar og niðurstöður hreinleikaprófa eins og t.d. örverufræðilegra prófana og rannsókna á þungmálmum, skordýraeitri, illgresiseyði, sveppavarnarefnum (fungicide) og öðrum efnum er til greina kunna að koma, t.d. sveppaeitur (mycotoxin) á borð við aflatoxín og skyld efni. Aðferðalýsingar skulu vera gildaðar (validated) og svo greinargóðar að óháður aðili geti fylgt þeim.

8.1.4. Geymsluþol.

Tilgreina skal hámarks geymsluþol fyrir fullunnið náttúrulyf, og leggja til grundvallar niðurstöður geymsluþolsrannsókna, fyrir a.m.k. þrjár framleiðslulotur, sem framkvæmdar hafa verið við tilgreindar aðstæður í þeim umbúðagerðum sem ætlað er að markaðssetja.

8.2. Gögn um öryggi og verkun.

Með umsókn skulu fylgja gögn um ábendingar, frábendingar, milliverkanir við lyf, önnur náttúrulyf og/eða fæðutegundir, aukaverkanir, skammtastærðir og um notkun náttúrulyfsins. Einnig skulu fylgja niðurstöður rannsókna á lyfja- og eiturefnafræði og klínisku notagildi.

Gera má undantekningu varðandi kröfur um rannsóknir á lyfjafræði, eiturefnafræði og klínisku notagildi ef innihaldsefni náttúrulyfsins hafa, samkvæmt tilvísun í birtar heimildir, vel þekkt klíniskt notagildi, eru talin hættulaus eða hættulítil og uppfylla að öðru leyti settar kröfur.

8.2.1. Öryggi.

Gera skal grein fyrir öryggi náttúrulyfsins í samantekt sem nær til allra tiltækra gagna um niðurstöður lyfja- og eiturefnafræðilegra rannsókna. Þar skiptir miklu máli fyrri reynsla af notkun náttúrulyfsins, hérlendis eða í öðrum löndum með svipaðar lækningaheföir, í sambærilegum lyfjaformum, skömmtum og meðferðarlengd. Ef fyrri reynsla af notkun náttúrulyfsins nægir ekki til að staðfesta öryggi þess, verða að liggja fyrir niðurstöður full-nægjandi klíniskra rannsókna og/eða lyfja- og eiturefnafræðilegra rannsókna.

8.2.2. Verkun.

Náttúrulyf verður að henta til sjálfslækninga. Með umsókn skulu fylgja gögn sem staðfesta það klíniska notagildi sem sótt er um viðurkenningu á.

Ef um er að ræða vel þekkt náttúrulyf, þar sem löng reynsla af notkun er fyrir hendi, getur nægt að færa rök fyrir klínisku notagildi með upplýsingum úr viðurkenndum ritum (handbókum, tímaritum, bókum). Þetta er þó háð því að náttúrulyfið sé eins og það sem lýst er í innsendum gögnum, að því er varðar lyfjaform, notkun, skammta og annað sem kann að skipta máli. Ef um frávik frá þessu er að ræða, verður að gera grein fyrir þeim og senda inn gögn sem staðfesta að þau skipti ekki máli.

Með umsókn skulu fylgja gögn um verkun í samræmi við eftirfarandi almennar reglur:

1) *Eitt vel þekkt náttúrulyf, sem ekki er blandað öðrum efnum*: Samantekt og mat sem byggir á upplýsingum úr viðurkenndum ritum. Samantektinni skulu fylgja ljósrit eða eintök af öllum þeim gögnum sem vísað er til.
2) *Eitt vel þekkt náttúrulyf, sem blandað er vítamínum og/eða steinefnum í magni sem er innan ráðlagðra dagskammta (RDS) Manneldisráðs Íslands:* Hér gilda sömu kröfur og í lið 1.
3) *Blöndur vel þekktra náttúrulyfja*: Gera skal grein fyrir öllum innihaldsefnunum á sama hátt og lýst er í lið 1). Þar að auki skal gera grein fyrir blöndunni sem slíkri og færa rök fyrir því að öll innihaldsefnin eigi þátt í verkun náttúrulyfsins.

9. gr.

Skýrslur sérfræðinga (expert reports).

Samkvæmt 2. gr. í tilskipun ráðs EBE (75/319/EBE) um lyf ætluð mönnum og 7. gr. tilskipunar EBE (81/851/EBE) um lyf ætluð dýrum skulu fylgja með umsókn ítarlegar skýrslur sérfræðinga um efnafræðileg og lyfjagerðarfræðileg gögn náttúrulyfs.

Skýrslur þessar skulu vera unnar af hæfum sérfræðingum í viðkomandi greinum og skulu þær vera dagsettar og undirritaðar.

10. gr.

Samantekt á eiginleikum náttúrulyfs (SPC).

Tillaga að samantekt á eiginleikum náttúrulyfs, er varða öryggi og verkun (Summary of Product Characteristics; SPC) skal fylgja hverri umsókn.

Fjalla skal um ábendingar, frábendingar, verkun og venjulegar skammtastærðir.
Einnig skal fjalla um lyfhrif ef þau eru þekkt, sömuleiðis aukaverkanir og milliverkanir; ef slíkt er ekki vitað skal rita „ekki vitað". Æskilegt er að varað sé við notkun náttúrulyfs meðan á meðgöngu/brjóstagjöf stendur, ef öryggi þess er ekki að fullu ljóst. Sama gildir ef um börn er að ræða.

Fylgja skal tillaga að samantekt á eiginleikum náttúrulyfs á íslensku og sé náttúrulyfið erlent skal textinn einnig fylgja á ensku, dönsku, norsku eða sænsku.

Leiðbeiningar um gerð samantektarinnar eru í viðauka 34 með reglugerð þessari.

11. gr.

Merking umbúða og fylgiseðla.

Tillögur að áletrun á merkimiða skulu fylgja umsókn. Einnig skulu fylgja tillögur að íslenskum texta fylgiseðils og notkunarleiðbeininga, ef við á. Æskilegt er að tillögur að þessum textum fylgi einnig á disklingi. Tillögur að merkimiðum og fylgiseðlum skulu vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 418/1994 um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum. Hefðbundinni notkun náttúrulyfs skal lýsa með orðunum: „Hefðbundin notkun er.....". Á umbúðir skal ávallt áletra upplýsingar um hæfilegan dagskammt náttúrulyfs.

12. gr.

Sýnishorn.

Hverri umsókn skal fylgja eitt sýnishorn af náttúrulyfi. Áður en náttúrulyf er markaðssett skal senda lyfjanefnd ríkisins tvö eintök af álþynnum, merkimiðum, ytri umbúðum og fylgiseðlum í endanlegri gerð.

4. Breytingar sem varða náttúrulyf.

13. gr.

Almenn ákvæði.

Markaðsleyfishafa er skylt að fylgjast með nýjungum á sviði tækni og vísinda og gera breytingar á framleiðslu og prófunaraðferðum náttúrulyfs í samræmi við þær. Upplýsingar um slíkar breytingar skal senda til lyfjanefndar ríkisins til viðurkenningar. Senda þarf formlega umsókn til lyfjanefndar ríkisins ef sótt er um eftirfarandi: Nýtt lyfjaform, nýr styrkleiki, ný ábending, breytt samsetning, breytt framleiðsluaðferð. Aðrar breytingar nægir að sækja um með bréfi til lyfjanefndar ríkisins, ásamt gögnum sem við eiga hverju sinni.

14. gr.

Nýtt lyfjaform, nýr styrkleiki, ný ábending.

Þegar sótt er um nýtt lyfjaform eða nýjan styrkleika fyrir náttúrulyf má vísa í gögn um öryggi og verkun náttúrulyfsins, sem fylgdu upphaflegri umsókn, en jafnframt skulu fylgja viðeigandi ný gögn í samræmi við leiðbeiningar ESB í „Notice to applicants...", sbr. ákvæði 5. gr. þessarar reglugerðar.

Þegar sótt er um skráningu nýrra ábendinga fyrir náttúrulyf sem hefur markaðsleyfi, er heimilt að vísa í gögn um gæði og öryggi er fylgdu upphaflegri umsókn, en jafnframt skulu fylgja viðeigandi gögn um verkun náttúrulyfsins við þeirri ábendingu, sem sótt er um, auk ítarlegri gagna um öryggi við notkun náttúrulyfsins, ef við á, sbr. einnig leiðbeiningar ESB í „Notice to applicants...", sbr. 5. gr. í reglugerð þessari.

15. gr.

Breyting á samsetningu.

Sækja skal um viðurkenningu á hvers konar breytingu á samsetningu skráðs náttúrulyfs m.t.t. tegundar og magns hjálparefna. Skulu viðeigandi gögn er varða umbeðnar breytingar fylgja umsókn ásamt rannsóknarniðurstöðum og gildingu (validation) á rannsóknaraðferðum. Með umsókninni skal einnig fylgja skýrsla sérfræðings (expert report) um áhrif breytingarinnar á gæði náttúrulyfsins.

16. gr.

Breyting á framleiðslu- og prófunaraðferðum.

Sækja skal um viðurkenningu á breytingum á framleiðsluaðferð, gæðakröfum og/eða prófunaraðferðum fyrir virk efni, hjálparefni og fullbúið náttúrulyf.

Gögn, sem varða hugsanleg áhrif breytinganna á gæði náttúrulyfsins, skulu fylgja, auk skýrslu hæfs sérfræðings um mat á breytingunum.

17. gr.

Breyting á framleiðanda.

Sækja skal um viðurkenningu á nýjum framleiðanda náttúrulyfs, framleiðslustað og samningsbundnum framleiðanda. Með umsókn skulu fylgja gögn sem lýst er í 5. tl. 7. gr. í reglugerð þessari.

18. gr.

Breyting á geymsluþoli og geymsluskilyrðum.

Sækja skal um viðurkenningu á breyttu geymsluþoli og breytingu á geymsluskilyrðum náttúrulyfs og skulu fylgja gögn því til stuðnings. Með umsókn um viðurkenningu á lengdu geymsluþoli skulu að jafnaði fylgja niðurstöður geymsluþolsrannsókna fyrir a.m.k. 3 framleiðslulotur. Hámarksgeymsluþol, sem viðurkennt er fyrir náttúrulyf, er 5 ár.

19. gr.

Breyting á umbúðum, áletrun umbúða, notkunarleiðbeiningum og fylgiseðlum.

Sækja skal um viðurkenningu á breyttri gerð umbúða og/eða útliti þeirra og skulu fylgja sýnishorn nýrra umbúða, upplýsingar um gerð þeirra og gæði svo og gögn sem varða hugsanleg áhrif breytinganna á verkun náttúrulyfsins og gæði, þ.m.t. geymsluþol þess.

Enn fremur skal sækja um viðurkenningu á breyttri áletrun umbúða, breyttum texta notkunarleiðbeininga svo og texta fylgiseðla. Að fengnu samþykki lyfjanefndar ríkisins skal senda nefndinni sýnishorn merkimiða/umbúða með breyttri áletrun, sýnishorn breyttra notkunarleiðbeininga eða fylgiseðla í tveimur eintökum.

20. gr.

Nýjar pakkningastærðir og afskráning pakkningastærða.

Sækja þarf um viðurkenningu á nýjum pakkningastærðum náttúrulyfs. Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um gerð umbúða og sýnishorn í tveimur eintökum af merkimiðum og ytri umbúðum ef við á. Séu þynnupakkningar notaðar skulu fylgja sýnishorn af áletruðum þynnum og ytri umbúðum í tveimur eintökum. Tilkynna skal um afskráningu pakkningastærða.

21. gr.

Breyting á heiti framleiðanda eða markaðsleyfishafa og breyting á markaðsleyfishafa eða umboðsmanni.

Tilkynna skal til lyfjanefndar ríkisins um breytingu á heiti framleiðanda og handhafa markaðsleyfis svo og breytingu á handhafa markaðsleyfis eða umboðsmanni.

22. gr.

Upplýsingar um aukaverkanir.

Handhafa markaðsleyfis/umboðsmanni er skylt að fylgjast með því hvort aukaverkana verður vart við notkun náttúrulyfs. Senda skal lyfjanefnd ríkisins án tafar upplýsingar um slíkt, auk annarra upplýsinga sem koma fram eftir að sótt hefur verið um markaðsleyfi náttúrulyfs og varða öryggi þess.

5. Gildistími markaðsleyfa.

23. gr.

Markaðsleyfi náttúrulyfs er veitt til 5 ára í senn.

Sendi handhafi markaðsleyfis ekki inn umsókn um endurskráningu náttúrulyfs á tilskildum tíma, sbr. ákvæði 24. gr. þessarar reglugerðar, fellur markaðsleyfi þess úr gildi.

6. Umsókn um endurskráningu.

24. gr.

Sækja skal um endurskráningu markaðsleyfis náttúrulyfs, eigi síðar en þremur mánuðum áður en markaðsleyfi þess rennur út, á eyðublaði fyrir umsókn um markaðsleyfi náttúrulyfs sem senda skal til lyfjanefndar ríkisins ásamt eftirfarandi fylgigögnum:

1. Tillaga að samantekt á eiginleikum náttúrulyfs.
2. Tillaga á íslensku að fylgiseðli.
3. Sýnishorn í tveimur eintökum af merkimiðum fyrir náttúrulyfið og ytri umbúðum ef við á.
4. Stutt greinargerð varðandi gæði (efna-/lyfjagerðarfræðileg gögn) og öryggi náttúrulyfsins (safety update), sem byggir á reynslu af notkun þess ásamt uppfærðri skýrslu sérfræðings (expert report).
5. Afrit af leyfi framleiðanda náttúrulyfsins til framleiðslu náttúrulyfja í heimalandi hans útgefið af viðkomandi yfirvöldum og skal það eigi eldra en tveggja ára; sjá einnig ákvæði 5. tl. 7. gr. þessarar reglugerðar.

Með umsókn skal einnig fylgja kvittun fyrir greiðslu endurskráningargjalds, sbr ákvæði 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar.

Ef allir þeir þættir sem taldir eru upp í 1., 2., 3. og 4. tölulið eru óbreyttir frá því að markaðsleyfi var fyrst veitt er heimilt að vísa í áður innsend gögn.

7. Afturköllun markaðsleyfis.

25. gr.

Komi í ljós að náttúrulyf, sem er á markaði hér á landi, uppfylli ekki gildandi lög og reglur um náttúrulyf eða kröfur til þess að hljóta markaðsleyfi getur Lyfjanefnd ríkisins afturkallað markaðsleyfi þess.

8. Tilkynning um útgáfu markaðsleyfa og niðurfellingu þeirra.

26. gr.

Lyfjanefnd ríkisins tilkynnir hlutaðeigandi markaðsleyfishafa eða umboðsmanni hans, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og Lyfjaeftirliti ríkisins um útgáfu markaðsleyfa og niðurfellingu þeirra. Lyfjanefnd ríkisins lætur birta skrá yfir þau náttúrulyf sem hlotið hafa markaðsleyfi.

9. Umfjöllun umsókna.

27. gr.

Lyfjanefnd ríkisins skal leitast við að tryggja, að umfjöllun um umsókn um markaðsleyfi náttúrulyfs sé lokið innan 210 daga frá því að viðunandi umsóknargögn berast nefndinni.

10. Innflutningur, heildsöludreifing og eftirlit.

28. gr.

Innflutningur og heildsöludreifing á náttúrulyfjum skal fara fram í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 699/1996 um innflutning og heildsöludreifingu lyfja.

Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með þeim sem framleiða, flytja inn og dreifa náttúrulyfjum hér á landi og umboðsmönnum erlendra framleiðenda, samanber 42. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

11. Gildistaka.

29. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og öðlast gildi 1. janúar 1998.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

VIÐAUKI 1

Eftirtaldar gerðir ráðsins (EBE) fjalla um markaðsleyfi og kröfur til sérlyfja á Evrópska efnahagssvæðinu og gilda hér á landi, sbr. viðauka II við EES-samninginn. Þær er að finna í íslenskri þýðingu í riti um EES-samninginn, II. viðauka, undirflokki XIII og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, bók 3, ISSN 1022-9337, EFTA Publication Unit.

1. Tilskipun ráðs EBE frá 26. janúar 1965 með síðari breytingum, um samræmingu löggjafar reglugerða og stjórnvaldsaðgerða, er varða sérlyf (65/65/EBE, 66/454/EBE, 75/319/EBE, 78/420/EBE, 83/570/EBE, 87/21/EBE, 89/341/EBE, 89/342/EBE, 89/343/EBE, 89/381/EBE, 92/73/EBE),
2. Tilskipun ráðs EBE um samræmingu laga aðildarríkja um stöðlun efnagreiningar og efnafræði-, eiturefnafræði- og læknisfræðilegra staðla varðandi prófun sérlyfja (75/318/EBE, (83/570/EBE, 83/571/EBE, 87/19/EBE, 89/341/EBE, 91/507/EBE)),
3. Tilskipun ráðs EBE um samræmingu löggjafar aðildarríkjanna um litarefni, er nota megi í lyfjum (78/25/EBE, 81/464/EBE),
4. Tilskipun ráðs EBE frá 31. mars 1992 um merkingu lyfja og fylgiseðla (92/27/EBE),
5. Tilskipun framkvæmdastjórnar EBE frá 13. júní 1990, þar sem mælt er fyrir um meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti lyfja, sem ætluð eru mönnum (91/356/EBE),
6. Tilskipun ráðs EBE frá 28. september 1981 um samræmingu löggjafa aðildarríkjanna varðandi dýralyf (81/851/EBE, 90/676/EBE, 90/677/EBE, 92/74/EBE),
7. Tilskipun ráðs EBE frá 28. september 1981, með síðari viðbót, um samræmingu löggjafar aðildarríkjanna varðandi stöðlun rannsókna og skýrslna vegna prófana á dýralyfjum (81/852/EBE, 87/20/EBE, 92/18/EBE),
8. Tilskipun ráðs EBE frá 24. nóvember 1986 um samræmingu á lögum, reglugerðum og ákvæðum í aðildarríkjunum varðandi verndun dýra, sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni (86/609/EBE),
9. Tilskipun framkvæmdastjórnar EBE frá 23. júlí 1991, þar sem mælt er fyrir um meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti dýralyfja (91/412/EBE).

VIÐAUKI 2

Umsókn um markaðsleyfi náttúrulyfs og útgáfu markaðsleyfis.

Sendist til lyfjanefndar ríkisins, Eiðistorgi 13-15, pósthólf 180, 172 Seltjarnarnes.

Fyllt út af lyfjanefnd ríkisins.

Umsókn veitt móttaka og gjald greitt. Dagsetning:	Umsóknarnúmer:
	Markaðsleyfisnúmer:
Undirskrift:	Skráningargjald:

❑ **Náttúrulyf ætlað mönnum**
❑ **Náttúrulyf ætlað dýrum**

❑ **Nýtt náttúrulyf**
❑ **Endurskráning.** Markaðsleyfisnúmer_____
❑ **Breyting á skráðu náttúrulyfi**
- ❑ **Nýtt lyfjaform**
- ❑ **Nýr styrkleiki**
- ❑ **Ný ábending**
- ❑ **Breytt samsetning**
- ❑ **Breytt framleiðsluaðferð**
- ❑ **Annað**

Heiti náttúrulyfs:	
Lyfjaform:	Styrkleiki:

Umsækjandi (væntanlegur handhafi markaðsleyfis):	Umboð:
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Pósthólf:	Pósthólf:
Land:	Land:
Sími:	Sími:
Bréfsími:	Bréfsími:

Framleiðandi: Með framleiðanda er bæði átt við framleiðanda fullbúins náttúrulyfs og einnig alla þá er koma að framleiðslu vörunnar t.d. lögun, blöndun, áfyllingu, pökkun og merkingu.

Framleiðandi fullbúins náttúrulyfs:	Framleiðandi:
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Pósthólf:	Pósthólf
Land:	Land
Sími:	Sími:
Bréfsími:	Bréfsími:
Framleiðslustig:	Framleiðslustig

Innflytjandi/framl., ábyrgur fyrir prófunum og lokasamþykkt á EES-svæði:	Hvar prófanir og lokasamþykkt fara fram á EES-svæði:
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Pósthólf:	Pósthólf:
Land:	Land:
Sími:	Sími:
Bréfsími:	Bréfsími:

Pakkningar:

Stærð:	Gerð umbúða:
Geymsluþol:	Geymluskilyrði:

Stærð:	Gerð umbúða:
Geymsluþol:	Geymluskilyrði:

Stærð:	Gerð umbúða:
Geymsluþol:	Geymluskilyrði:

SKRÁ YFIR INNIHALDSEFNI

Dagsetning:_____

Undirskrift:_____

Heiti náttúrulyfs:_____

Lyfjaform og styrkleiki:_____

Handhafi markaðsleyfis:_____

Eining:_____

Nafn innihaldsefnis:	**Heimild**	**Magn**	**Staðall**	**Tegund efnis**

Eining: Sú eining sem magnið er miðað við t.d. tafla, hylki, ml (mixtúrur, o.fl.), g (duft, kyrni, smyrsli, krem, o.fl.).
Heimild (nafngiftar): Linné, INN, BAN, o.s.frv.
Staðall: Ph.Eur., DLS, o.s.frv.
Tegund efnis: **VI:** virkt efni; **HJ:** hjálparefni sem flokkast ekki annars staðar; **LI:** litarefni; **RO:** rotvarnarefni; **AO:** andoxunarefni; **ST:** stabiliserandi efni; **BR:** bragðefni; **DR:** drifefni.

Hefur náttúrulyfið verið skráð eða fengið markaðsleyfi í öðrum löndum; hvaða löndum?

- Norðurlönd.
- Önnur Evrópulönd.
- Norður Ameríka, Ástralía, Nýja Sjáland.

Lönd:	Heiti náttúrulyfs:	Staða umsóknar *):	Dags.:

*): **SA:** samþykkt; **ÍV:** í vinnslu; **SY:** synjað; **DR:** dregin til baka af framleiðanda; **AF:** afskráð af framleiðanda; **AY:** afskráð af yfirvöldum.

Staður og dagsetning.

Undirskrift umsækjanda (væntanlegs handhafa markaðsleyfis) eða viðurkennds umboðsmanns.

Leiðbeiningar um útfyllingu umsóknareyðublaðs og nokkrar skýringar.

Athugið að fylla skal eyðublaðið út eftir því sem við á hverju sinni. Ef rýmið á eyðublaðinu nægir ekki má vísa í fylgiblöð.

Bls. 1 á umsóknareyðublaði.
Umsóknarnúmer: Fyllt út af lyfjanefnd ríkisins.

Í 4. gr. tilskipunar ráðs EBE ((65/65/EBE), lyf ætluð mönnum) og í 5. gr. tilskipunar ráðs EBE ((81/851/EBE), dýralyf) svo og í 2. og 3. kafla þessarar reglugerðar er tilgreint hvaða fylgiskjöl og gögn eiga að fylgja með umsóknum um markaðsleyfi náttúrulyfs.

Endurskráning:
Sækja skal um endurskráningu náttúrulyfs eigi síðar en þremur mánuðum áður en markaðsleyfi þess rennur úr gildi. Með umsókn skulu fylgja þau gögn sem um getur í 24. gr. þessarar reglugerðar.
Eftirfarandi er til leiðbeiningar um hvaða gögn skulu fylgja umsóknum um breytingu á skráðu náttúrulyfi:

Nýtt lyfjaform, nýr styrkleiki, ný ábending:
Sjá 14. gr. þessarar reglugerðar.

Breyting á samsetningu og/eða framleiðsluaðferð:
Breyting á samsetningu skráðs náttúrulyfs m.t.t. tegundar og magns hjálparefna.
Einnig breyting á aðferð við vinnslu. Með umsókn skulu fylgja viðeigandi gögn sbr. 15. og 16. gr. þessarar reglugerðar.

Umsækjandi:
Gera þarf nákvæma grein fyrir umsækjanda og umboðsaðila. Umsækjandi er væntanlegur handhafi markaðsleyfis.

Bls. 2 á umsóknareyðublaði.
Framleiðandi:
Skýrir sig að mestu sjálft, fylla út alla reiti eftir því sem við á.

Innflytjandi/framleiðand:
Næst á blaðinu er sérstakur reitur ætlaður fyrir náttúrulyf, sem framleidd eru utan ríkja EES, þar sem viðurkenndur framleiðandi innan ríkja EES endurtekur gæðapróf og ber ábyrgð á lokafrágangi (batch release) náttúrulyfs.

Pakkningar:
Greina þarf frá stærð og gerð umbúða, geymsluþoli og geymsluskilyrðum.

Bls. 3 á umsóknareyðublaði.
Greina þarf frá öllum innihaldsefnum náttúrulyfs með viðeigandi merkingum eins og skýrt er fyrir neðan töfluna. Fyrir náttúrulyf í afmældum einingum (töflur, hylki o.s.frv.) skal miða magnið við eina einingu. Þegar um er að ræða náttúrulyf í hálffóstu eða föstu formi svo sem smyrsl, duft eða kyrni, á að miða við eitt g, en einn ml fyrir náttúrulyf í fljótandi formi (mixtúrur o.s.frv.).

Bls. 4 á umsóknareyðublaði.
Greina þarf frá markaðs- og/eða skráningarstöðu náttúrulyfs í öðrum löndum. Þau lönd sem einkum eru áhugaverð í þessu sambandi eru Norðurlönd, önnur V-Evrópulönd, N-Ameríka, Nýja Sjáland og Ástralía.

VIÐAUKI 3

Samantekt á eiginleikum náttúrulyfsins (Summary of Product Characteristics, SPC; Produktresume).
Náttúrulyf ætluð mönnum eða dýrum.

Leiðbeiningar um samantekt á eiginleikum náttúrulyfs.

Samanber leiðbeiningar ESB: Summary of Product Characteristics, sem er að finna í Notice to Applicants for marketing authorisation for medicinal products for human use og fyrir dýralyf Notice to Applicants for marketing authorisation for veterinary medicinal products, sem í gildi eru hverju sinni.

Samantektin skal vera á íslensku og dönsku, ensku, norsku eða sænsku þegar um erlent náttúrulyf er að ræða. Skrifa skal sérstaka samantekt fyrir hvert lyfjaform. Samantektin á að vera með sömu fyrirsögnum, í sömu röð og hér er lýst. Undirfyrirsögnum sem augljóslega eiga ekki við skal sleppt. Ef upplýsingar um eitthvert atriði eru ekki til eða eru óviðunandi, á að taka það fram.

1. **Heiti náttúrulyfsins.**
2. **Virkt (virk) innihaldsefni:** Tegund og magn virks (virkra) innihaldsefnis (-efna). Heiti skal greina sem INN heiti eða á annan hátt, sbr. ákvæði í viðauka 1 við reglugerð nr. 418/1994 um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum.
3. **Lyfjaform** (sbr. viðauka 2 við reglugerð nr. 418/1994, ef unnt er).
4. **Klínískar upplýsingar:**
   - 4.0 **Dýrategund** (ef um náttúrulyf ætlað dýrum er að ræða).
   - 4.1 **Ábendingar** (fyrir tilgreinda dýrategund ef við á).
   - 4.2 **Skammtar** (fyrir hverja dýrategund ef um náttúrulyf ætlað dýrum er að ræða):
     - 4.2a Skammtar handa fullorðnum, skammtar handa börnum og ef við á skammtar handa öldruðum eða sérstökum sjúklingahópum (tilgreina skal lyfjaform og aðferð við gjöf náttúrulyfs ef við á).
   - 4.3 **Frábendingar** (einungis algerar frábendingar).
   - 4.4 **Varnaðarorð og varúðarreglur:**
     - 4.4a Hættur sem eru alvarlegar á að tilgreina fyrst á áberandi hátt, t.d. með breyttri leturgerð.
     - 4.4b Ástand sjúklinga þar sem gæta verður sérstakrar varúðar, t.d skert lifrar- og nýrnastarfsemi, aðrir sjúkdómar eða visst aldursskeið (börn, aldraðir).
   - 4.5 **Milliverkanir** (einungis þær sem hafa klíníska þýðingu).
   - 4.6 **Meðganga og brjóstagjöf:** Ef vitað er um skaðleg áhrif á fóstur þarf að lýsa þeim og taka fram á hvaða skeiði meðgöngunnar (t.d. fyrsta þriðjungi eða lok meðgöngu) hættan er mest. Ef mikil reynsla er af náttúrulyfinu án grunsemda um skaðleg áhrif á fóstur skal gera grein fyrir því. Vitna má í niðurstöður dýratilrauna eða annars konar tilrauna.
     Ef náttúrulyfið skilst ekki út í móðurmjólk eða ef ekki er vitað hvort það skilst út í móðurmjólk er nægjanlegt að skýra frá því. Aðrir helstu möguleikarnir eru að náttúrulyfið skiljist út í magni sem sé ólíklegt að hafi skaðleg áhrif á barnið eða í magni sem geti eða sé líklegt að hafi skaðleg áhrif á það. Ef um náttúrulyf ætlað dýrum er að ræða, skal greina hliðstæðar upplýsingar undir yfirskriftinni: **„Meðganga og mjólkurgjöf“.**
   - 4.7 **Akstur** (náttúrulyf sem geta haft áhrif á viðbragðsflýti).
50. gr. * Akstur bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni án þess að hafa réttindi til þess * Akstur bifreiðar sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd eða akstur annarra ökutækja án þess að hafa fengið tilskilin réttindi til þess		**kr. 7.000-13.000**
55. gr. * Akstur dráttarvélar, vinnuvélar, létts bifhjóls og torfærutækis án réttinda		**kr. 4.000**
58. gr. * Eigi gerð grein fyrir hver hafi stjórnað ökutæki á tilteknum tíma * Manni, sem ekki hefur réttindi til að stjórna ökutæki, falin stjórn þess		**kr. 16.000** **kr. 4.000**
59. gr. (sbr. reglur um gerð og búnað ökutækja) * Helstu stjórntækjum ökutækis áfátt, svo sem stýrisbúnaði og hemlum, eða ökutæki verulega áfátt merkjatækjum og ljósabúnaði * Fyrir hvern óhæfan hjólbarða * Nagladekk án heimildar		**kr. 3.000-7.000**
62. gr. (sbr. reglur um eftirvagna og tengitæki) * Of margir eftirvagnar eða tengitæki * Bifhjól notað til þess að draga eftirvagn eða tengitæki		**kr. 4.000-7.000**
63. gr. * Notkun skráningarskylds ökutækis, án skráningar þess		**kr. 7.000-13.000**
64. gr. * Vanrækt að tilkynna eigendaskipti * Skráningarmerki vantar eða eru ógreinileg * Skráningarmerki vísvitandi gerð ógreinileg		**kr. 3.000-5.000**
67. gr. * Vanrækt að færa ökutæki til aðalskoðunar eða endurskoðunar		**kr. 3.000-7.000**
71. gr. * Öryggisbelti eða annar öryggis- og verndarbúnaður ekki notaður þegar skylt er		**kr. 3.000-4.000**
72. gr. * Ökumaður eða farþegi á bifhjóli án hlífðarhjálms		**kr. 3.000**
73. - 75. gr. * Óhæfilega gengið frá farmi eða breidd eða hæð ökutækis of mikil * Fyrir hvern farþega sem ofaukið er		**kr. 3.000-7.000**
76. gr. * Ásþungi allt að 10% umfram leyfilegt hámark * Ásþungi allt að 20% umfram leyfilegt hámark * Ásþungi allt að 30% umfram leyfilegt hámark * Ásþungi meiri en 30% umfram leyfilegt hámark		 **kr. 11.000** **kr. 19.000** **kr. 27.000** **kr. 35.000**
77. gr. * Munir eða tæki skilin eftir á alfaraleið til hættu eða óþæginda fyrir umferð		**kr. 4.000**

Endurprentað blað.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			kg	%	kr./stk
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.3000	Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
	Annað:				
0602.9030	Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
	Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar				
0602.9041	Skógartré	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
	Annað:				
0602.9045	Græðlingar með rót og ungplöntur	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
	Aðrar útiplöntur:				
0602.9051	Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
	Inniplöntur:				
0602.9070	Græðlingar með rót og ungpl. ekki kaktusar og þykkbl.	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
	Annað:				
0602.9091	Kaktusar og þykkblöðungar	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.9092	Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.9093	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.01.-30.04.98	2.500	30	0
0602.9099	Annars (Pottapl. yfir 1. metri á hæð)	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Úr tollnúmeri:					
0602.9093	Plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.9093	Plöntur af ættkvíslum brönugrasa „orchids“	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0603.1002	Innflutningur á öðrum tíma (Nellikur, lokaskegg o.fl.)	01.05.-30.11.98	ótilgr.	15	48
0603.1003	Ættkvíslimar Prote, Bankasía o.fl.	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0603.1004	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.01.-30.04.98	5.500	30	0
0603.9000	Annað (Þurrkuð blóm)	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Úr tollnúmeri:					
0603.1009	Blóm af ættkvíslum brönugrasa „orchids“	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0603.1009	Forsythia (páskagreinar)	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0604.9109	Annað	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 720 23. desember 1997

REGLUGERÐ

um ábyrgðargjald atvinnurekenda.

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota skal árið 1998 vera 0,04% af gjaldstofni sbr. 6. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. desember 1997.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 219/1978, um stimpilgjald af vátryggingaskjölum.

1. gr.

2. gr. fellur brott.

2. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. bætist nýr töluliður er verður 8. tölul. og orðast svo:
Líftryggingar sbr. III. kafla laga um vátryggingasamninga.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Fjármálaráðuneytinu, 22. desember 1997.

Friðrik Sophusson.

Áslaug Guðjónsdóttir.

REGLUGERÐ

um SMT-tollafgreiðslu.

I. KAFLI
Orðaskýringar.

1. gr.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau þá merkingu sem hér segir:

SMT-tollafgreiðsla: Tollafgreiðsla sem fer fram með þeim hætti að innflytjandi, útflytjandi eða annar sendir viðkomandi tollstjóra með skjalasendingum milli tölva (SMT) þær upplýsingar sem láta ber honum í té við tollafgreiðslu vara.

Tollstjórar: Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn í sýslum utan Reykjavíkur.

Tollskýrsla: Aðflutnings-, umflutnings- eða útflutningsskýrsla.

Gjöld: Gjöld og skattar hvers konar sem greiða ber við tollmeðferð vöru t.d. tollur, virðisaukaskattur og vörugjald (aðflutningsgjöld eða útflutningsgjöld).

Leyfishafi: Aðili sem fær leyfi til samskipta við tollstjóra með skjalasendingum milli tölva og getur með þeim hætti ráðstafað vöru til tollmeðferðar.

Skjalasending milli tölva (SMT): Sendingar á gögnum milli gagnavinnslukerfa sem fylgja ákveðnum stöðlum.

Rammaskeyti: Safn samstæðra gagna sem raðað er saman samkvæmt ákveðnum stöðlum fyrir skeyti til flutnings með rafeindaboðum milli tölva og forsniðið er þannig að unnt sé að lesa það í tölvu og vinna sjálfvirkt á vélrænan og ótvíræðan hátt. Rammaskeytin skulu gerð samkvæmt viðurkenndum staðli sem samþykktur hefur verið til nota við tollafgreiðslu af ríkistollstjóra, sbr. staðal Sameinuðu þjóðanna (UN/EDIFACT) fyrir SÞ-rammaskeyti vegna tollafgreiðslu vara, og í þeim eiga að koma fram sömu upplýsingar og í þeim tollskjölum sem þau eiga að koma í staðinn fyrir og send eru á milli innflytjenda, útflytjenda, farmflytjenda, tollyfirvalda og annarra, auk annarra upplýsinga sem nefndar eru í reglugerðinni.

Gagnaflutningur: Sending rammaskeyta milli innflytjenda, útflytjenda, farmflytjenda, tollyfirvalda og annarra vegna tollafgreiðslu vara.

Gagnaflutningsnet: Almennt gagnaflutningsnet sem notar viðurkenndan alþjóðastaðal, t.d. X. 400, og fullnægir skilyrðum ríkistollstjóra að öðru leyti.

Gagnahólf leyfishafa: Gagnahólf í gagnaflutningsneti, skráð á nafn leyfishafa, þar sem unnt er að geyma rammaskeyti frá leyfishafa og tollyfirvöldum.

Lykilorð að gagnahólfi leyfishafa: Sérstakt stafrænt auðkenni sem gerir leyfishafa mögulegt að fá aðgang að gagnahólfi sínu í gagnaflutningsneti til að senda rammaskeyti eða veita þeim viðtöku.

Tölvukerfi ríkistollstjóra: Tölvukerfi og hugbúnaður sem notaður er af tollyfirvöldum við tollafgreiðslu vara, álagningu gjalda og innheimtu þeirra.

Tollalínan: Sérstakur aðgangur leyfishafa að tölvukerfi ríkistollstjóra sem gerir honum mögulegt að fá upplýsingar um tollafgreiðslu eigin vörusendinga.

II. KAFLI
Gildissvið.

2. gr.

Með reglugerð þessari er heimilað að aðilar sem um ræðir í III. kafla og til þess fá tilskilin leyfi láti tollyfirvöldum í té með skjalasendingum milli tölva þær upplýsingar sem afhenda ber við tollafgreiðslu. Upplýsingaskipti á milli tollyfirvalda og leyfishafa eða annarra fari þá fram með skjalasendingum milli tölva.

Þegar tollafgreiðsla fer fram skv. 1. mgr. skal viðkomandi leyfishafa, sem ráðstafar vöru eða sendingu til tollmeðferðar, veittur greiðslufrestur á gjöldum og skal hann skuldfærður fyrir þeim.

III. KAFLI
Leyfishafar.

3. gr.

Leyfi til SMT-tollafgreiðslu má veita þeim aðilum sem stunda innflutnings- eða útflutningsverslun, framleiðslu eða viðgerðarþjónustu í atvinnuskyni, enda uppfylli þeir eftirtalin skilyrði:

a. Þeir hafi tilskilin leyfi til viðkomandi atvinnustarfsemi, svo sem verslunarleyfi sbr. lög nr. 41/1968 um verslunaratvinnu, iðnaðarleyfi sbr. iðnaðarlög nr. 42/1978, vinnsluleyfi sbr. lög nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, eða önnur leyfi sem krafist er.
b. Þeir hafi tilkynnt Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og hafi verið færðir á fyrirtækjaskrá, sbr. lög nr. 62/1969, um fyrirtækjaskrá.
c. Þeir hafi tilkynnt skattstjóra um starfsemi sína skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
d. Þeir séu ekki í vanskilum við ríkissjóð með greiðslu opinberra gjalda eða skatta.
e. Ríkistollstjóri hafi samþykkt þann hugbúnað sem umsækjandi hyggst nota til samskipta við tollyfirvöld.
f. Þeir hafi á að skipa starfsliði sem hefur til að bera fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum um tollmeðferð vara.

4. gr.

Flutningsmiðlurum og þeim sem hafa leyfi til að reka frísvæði eða almennar tollvörugeymslur má veita leyfi til að koma fram gagnvart tollyfirvöldum við SMT-tollafgreiðslu fyrir hönd innflytjenda eða útflytjenda vara eða sendinga.

Aðili, sem fengið hefur heimild skv. 1. mgr., getur að fenginni skriflegri heimild frá innflytjanda eða skriflegri staðfestingu hans á viðtöku vöru óskað þess að aðflutningsgjöld verði skuldfærð á innflytjanda, í samræmi við þær heimildir sem viðkomandi hefur til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum.

Þegar tollmeðferð fer fram samkvæmt þessari grein ábyrgjast umboðsaðilar og innflytjendur eða útflytjendur vara eða sendinga in solidum greiðslu gjalda.

IV. KAFLI
Umsókn um leyfi og leyfisveiting.

5. gr.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, veita leyfi til SMT-tollafgreiðslu.

Þeir sem óska eftir leyfi skulu sækja um það skriflega á þar til gerðu eyðublaði, sbr. 6. gr., til tollstjóra í því tollumdæmi þar sem þeir eiga lögheimili. Telji tollstjóri skilyrði uppfyllt gefur hann út staðfestingu til handa umsækjanda sem veitir honum leyfi til SMT-tollafgreiðslu í öllum tollumdæmum landsins. Hefja má tollmeðferð vara og sendinga með þessum hætti þegar ríkistollstjóri hefur veitt heimild til að tengja tölvukerfi leyfishafa við tölvukerfi ríkistollstjóra og leyfishafi hefur fengið lykilorð að gagnahólfi sem skráð er á hans nafn.

6. gr.

Í umsókn um leyfi til SMT-tollafgreiðslu skal greina:

a. Nafn umsækjanda, kennitölu, aðsetur og virðisaukaskattsnúmer.
b. Hverjir hafi umboð til að skuldbinda hann samkvæmt reglugerð þessari.
c. Aðrar þær upplýsingar sem eyðublaðið gefur tilefni til.

Ríkistollstjóri ákveður gerð eyðublaðs sem notað skal skv. 1. mgr.

Verði breytingar síðar á þeim upplýsingum sem fram koma í umsókn, skal það þegar tilkynnt þeim tollstjóra sem veitti leyfið, sbr. 5. gr.

V. KAFLI
Ábyrgðir vegna lánaðra gjalda.

7. gr.

Umsækjandi skal skila með umsókn sinni yfirlýsingu banka, sparisjóðs eða viðurkennds tryggingar- eða ábyrgðarfélags um að tekin sé skilyrðislaus sjálfskuldarábyrgð á tiltekinni fjárhæð lánaðra gjalda hans vegna, auk dráttarvaxta og annars kostnaðar sem leiða kann af vanefndum, sbr. 20. gr.

Fjárhæð ábyrgðar skv. 1. mgr. er jafnframt hámark fjárhæðar lánaðra gjalda. Ábyrgð skal vera ótímabundin en hún er uppsegjanleg af hálfu ábyrgðaraðila, enda hafi tilkynning um uppsögn sannanlega borist viðkomandi tollstjóra. Ef ábyrgð er sagt upp breytir það ekki ábyrgð á gjöldum sem eru lánuð fyrir gildistöku uppsagnar. Eftir uppsögn ábyrgðar er tollstjóra óheimilt að tollafgreiða vörur samkvæmt reglugerð þessari nema önnur ábyrgð sé sett í stað þeirrar sem sagt var upp, sbr. þó 8. gr.

8. gr.

Víkja má frá kröfu um sjálfskuldarábyrgð samkvæmt 7. gr., enda uppfylli umsækjandi eftirfarandi skilyrði:

a. Hann hafi leyfi til einfaldari tollmeðferðar samkvæmt reglum nr. 510/1990, um einfaldari tollmeðferð á vörum.
b. Hann sé ekki í vanskilum með opinber gjöld eða skatta til ríkissjóðs þegar beiðni um leyfi til tollmeðferðar samkvæmt reglugerð þessari er borin fram.

c. Hann hafi á sama tíma haft tilskilin leyfi til viðkomandi atvinnustarfsemi í a.m.k. þrjá mánuði.

Komi í ljós að leyfishafi uppfyllir ekki lengur ofangreind skilyrði skal tollstjóri þegar í stað krefjast ábyrgðar skv. 7. gr.

9. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til rekstraraðila frísvæða og almennra tollvörugeymslna, enda hafi þeir sett tryggingu skv. 3. mgr. 73. gr. tollalaga og hún taki til ábyrgðar á gjöldum þeirra vara sem þeir ráðstafa til tollmeðferðar samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Njóti umsækjandi greiðslufrests á virðisaukaskatti og öðrum gjöldum samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 640/1989, um greiðslufrest á virðisaukaskatti og öðrum aðflutningsgjöldum í tolli, með síðari breytingum, gilda ákvæði 3. og 4. gr. hennar um ábyrgðir vegna lánaðra gjalda. Í umsókn um SMT-tollafgreiðslu skal umsækjandi vísa til leyfis sem honum hefur verið veitt samkvæmt reglugerð nr. 640/1989.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um heimild og framkvæmd greiðslufrests á lánuðum gjöldum skv. 7.-9. gr. reglugerðar þessarar skulu gilda ákvæði reglugerðar nr. 640/1989.

VI. KAFLI
Tollmeðferð.

11. gr.

Þegar SMT-tollafgreiðsla fer fram sendir leyfishafi tollskýrslu um viðkomandi vöru eða sendingu með rammaskeyti um gagnaflutningsnet til tollstjóra þar sem tollmeðferð á að fara fram. Hann skal nota gagnahólf sem skráð er á nafn hans.

Auk leyfishafa mega þeir sem heimild hafa til að skuldbinda hann, sbr. b-lið 1. mgr. 6. gr., annast skjalasendingu milli tölva og notkun gagnahólfs fyrir hönd hans vegna SMT-tollafgreiðslu.

Í rammaskeyti skulu koma fram þær upplýsingar sem veita ber í tollskýrslu skv. 9. gr., sbr. 121. gr. tollalaga og fyrirmælum settum samkvæmt þeim, auk þess sem þar skal tilgreina tilvísunarnúmer leyfishafa og númer vörureikninga vegna vara í þeirri sendingu sem rammaskeytið tekur til. Tilvísunarnúmer skal gefið öllum tollskjölum sem eiga við um þá vöru eða sendingu sem tollskýrsla, sem send er tollstjóra með rammaskeyti, tekur til. Að öðru leyti ákveður viðkomandi leyfishafi sjálfur útfærslu númerakerfis í bókhaldi sínu.

Rammaskeyti samkvæmt þessari grein skal vera í samræmi við fyrirmynd að rammaskeyti fyrir tollskýrslu eins og ákveðið er af ríkistollstjóra skv. 26. gr.

12. gr.

Tollskýrsla sem send er með rammaskeyti skv. 11. gr. telst vera móttekin hjá tollstjóra við skráningu í tölvukerfi ríkistollstjóra. Vara eða sending telst þá vera tekin til tollmeðferðar, enda fullnægi upplýsingarnar sem veittar eru með þessum hætti að öllu leyti þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að heimila afhendingu eða útflutning vöru eða sendingar þegar í stað. Um ábyrgð leyfishafa á réttmæti þeirra upplýsinga sem koma fram í rammaskeyti fer eftir ákvæðum 16., sbr. 121. gr. tollalaga. Auk þess að bera ábyrgð á að upplýsingarnar séu réttar, ber hann ábyrgð á að um sé að ræða allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram og að þær séu byggðar á þeim tollskjölum sem hefði átt að leggja fram með tollskýrslu ef hann hefði ráðstafað vöru eða sendingu til tollmeðferðar samkvæmt almennum reglum.

Leyfishafi telst með skeyti skv. 11. gr. samþykkja að tollstjóri skuldfæri öll gjöld af þeirri vöru eða sendingu sem skeytið tekur til, án frekari beiðni þess efnis og jafnframt felst í því skuldbinding af hans hálfu um greiðslu gjalda samkvæmt VII. kafla.

13. gr.

Tollstjóri sendir viðkomandi leyfishafa með rammaskeyti í gagnahólf hans heimild til að veita vöru eða sendingu viðtöku frá vörsluhafa vegna innflutnings og tilkynningu um skuldfærslu gjalda sé um það að ræða. Ef um útflutning er að ræða sendir tollstjóri útflytjanda útflutningsheimild og kvittun vegna útflutningstollafgreiðslu og tilkynningu um skuldfærslu gjalda sé um það að ræða. Ennfremur sendir tollstjóri farmflytjanda eða öðrum vörsluhafa vöru eða sendingar rammaskeyti þar sem afhending vöru eða útflutningur er heimiluð (afhendingarheimild/útflutningsheimild).

Rammaskeyti samkvæmt þessari grein skulu vera í samræmi við fyrirmynd slíkra skeyta eins og ákveðið er af ríkistollstjóra skv. 26. gr.

14. gr.

Vara eða sending sem fær tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari telst tollafgreidd þegar tollstjóri hefur heimilað afhendingu eða útflutning skv. 13. gr.

15. gr.

Leyfishafar skulu einungis ráðstafa þeim vörum eða sendingum til tollmeðferðar sem þeir hafa vissu fyrir að séu rétt tollflokkaðar samkvæmt tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög, með áorðnum breytingum, og að aðrar tilskildar upplýsingar um þá vöru eða sendingu séu réttar, svo sem um verðmæti við ákvörðun tollverðs, sbr. 8.-10. gr. tollalaga og reglugerð nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun. Ennfremur þurfa leyfishafar að hafa vissu fyrir því að öllum innflutnings- eða útflutningsskilyrðum sé fullnægt hverju sinni, t.d. að fyrir liggi tilskilin innflutnings- eða útflutningsleyfi og að vottorð séu til staðar sé þeirra krafist við tollmeðferð viðkomandi vöru eða sendingar.

Ef leyfishafar eru í vafa um að öllum skilyrðum skv. 1. mgr. sé fullnægt, skulu þeir hafa samráð við viðkomandi tollstjóra áður en vöru eða sendingu er ráðstafað til tollmeðferðar.

16. gr.

Þeim sem leyfi fá til SMT-tollafgreiðslu er heimilt að senda tollskýrslur með rammaskeytum hvenær sem er, enda hafi ríkistollstjóri ekki stöðvað móttöku skeyta, sbr. 3. mgr. 26. gr.

Leyfishafar skulu hafa aðgang að tollalínu tölvukerfis ríkistollstjóra.

VII. KAFLI
Uppgjörstímabil, gjalddagar og skil lánaðra gjalda.

17. gr.

Um uppgjörstímabil og gjalddaga þeirra vegna greiðslufrests á gjöldum fer eftir ákvæðum reglugerðar nr. 640/1989, um greiðslufrest á virðisaukaskatti og öðrum aðflutningsgjöldum í tolli, með síðari breytingum, skv. 1. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar.

18. gr.

Þeir sem fengið hafa greiðslufrest á gjöldum skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða tollstjóra þar sem þeir eiga lögheimili gjöld sem þeim hafa verið lánuð. Greiða má samkvæmt gíróseðli sem sendur er leyfishafa í lok uppgjörstímabils.

19. gr.

Greiðsla gjalda skv. 18. gr. telst fullnægjandi ef:

a. greitt er í banka, sparisjóði eða pósthúsi í síðasta lagi á gjalddaga,
b. greitt er hjá tollstjóra í síðasta lagi á gjalddaga eða
c. póstlögð greiðsla hefur borist tollstjóra í síðasta lagi á gjalddaga.

20. gr.

Verði um vanskil á greiðslu gjalda að ræða samkvæmt 18.-19. gr. skal tollstjóri synja leyfishafa um SMT-tollafgreiðslu á meðan vanskil vara.

Hafi vangreidd gjöld ásamt dráttarvöxtum ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga skal tollstjóri ganga að ábyrgð skv. 7. gr., hafi innflytjendur eða útflytjendur skv. 3. gr. eða flutningsmiðlarar skv. 4. gr. ráðstafað vöru eða sendingu til tollmeðferðar. Tollstjóri skal þá ganga að tryggingu rekstraraðila frísvæðis eða almennrar tollvörugeymslu, sbr. 4. gr., hafi þeir aðilar ráðstafað vörunni eða sendingunni til tollmeðferðar.

Einföld krafa tollstjóra til ábyrgðaraðila skv. 2. mgr. nægir og skal greiðsla hafa borist tollstjóra innan 7 daga frá dagsetningu kröfubréfs. Hafi greiðsla eigi borist tollstjóra innan þess tíma skal hvers konar tollafgreiðsla til þess aðila sem ráðstafaði vöru eða sendingu til tollmeðferðar þegar stöðvuð og ekki hefjast að nýju fyrr en fullnaðarskil hafa verið gerð.

Komi til vanskila af hálfu aðila sem 3. gr. tekur til og ekki er um að ræða ábyrgð skv. 7. gr., skulu um stöðvun tollafgreiðslu gilda ákvæði 11. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, eftir því sem við getur átt.

Nú á innflytjandi eða útflytjandi rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 26. gr. laga nr. 50/1988 eða endurgreiðslu vegna ofgreiddra gjalda og skal tollstjóri þá skuldajafna endurgreiðslunni á móti kröfum um vangreidd opinber gjöld eða skatta til ríkissjóðs.

VIII. KAFLI
Bókhald og varðveisla gagna.

21. gr.

Þeir sem koma fram gagnvart tollyfirvöldum vegna SMT-tollafgreiðslu skulu varðveita í bókhaldi sínu á aðgengilegan og tryggilegan hátt öll gögn sem snerta tollmeðferð vara og sendinga, hvort sem þau eru skrifleg eða ekki.

Aðilar skv. 1. mgr. skulu halda fullkomna skrá eða gagnadagbók í réttri tímaröð og geyma óbreytt öll rammaskeyti sem þeir senda tollstjórum eða móttaka frá þeim. Þegar gagnadagbók er haldin á tölvutæku formi skal á auðveldan hátt vera unnt að nálgast rammaskeyti og endurmynda þau á læsilegan hátt og prenta þau, ef þess er óskað.

Leyfishafi skal prenta á pappír og varðveita tilkynningu tollstjóra um skuldfærslu gjalda, sbr. 13. gr., og varðveitist hún með tilheyrandi tollskjölum, sbr. m.a. VIII. kafla laga nr. 50/1988.

Varðveita ber bókhaldsgögn í samræmi við lög nr. 145/1994, um bókhald, með áorðnum breytingum, og fyrirmæli sett samkvæmt þeim.

22. gr.

Ákvæði 21. gr. um varðveislu gagna skulu ennfremur eiga við, eftir því sem við getur átt, um varðveislu gagna af hálfu flutningsmiðlara, farmflytjenda og rekstraraðila tollvörugeymslna og frísvæða, varðandi gögn og upplýsingar sem þessir aðilar hafa sent tollyfirvöldum eða móttekið frá þeim vegna SMT-tollafgreiðslu.

IX. KAFLI
Endurskoðun gjalda og ákvörðun gjalda að nýju.

23. gr.

Endurskoðun vegna SMT-tollafgreiðslu skal fara fram eftir á, nema gild rök réttlæti annað. Ríkistollstjóri getur sett nánari framkvæmdareglur um endurskoðun tollstjóra.

Komi í ljós við tollmeðferð vöru annmarki á upplýsingagjöf innflytjanda eða útflytjanda eða að frekari skýringa sé þörf á einhverju atriði, skal fara að fyrirmælum 98., sbr. 149. gr., tollalaga. Tollstjóri skal þá ekki heimila afhendingu vöru fyrr en bætt hefur verið úr annmörkum eða fullnægjandi skýringar hafa verið látnar í té.

Um heimild tollstjóra til að endurákvarða gjöld eftir afhendingu vöru fer eftir 99., sbr. 149. gr. tollalaga. Um heimild ríkistollstjóra til endurákvörðunar gjalda fer eftir 35. gr. tollalaga.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Leyfishafar skulu að kröfu tollyfirvalda leggja fram og veita aðgang að bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum og öðrum gögnum sem varða innflutning vara sem tollmeðferð fá og veita allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru að mati tollyfirvalda til að ganga úr skugga um að upplýsingar sem veittar eru með þessum hætti séu réttar.

25. gr.

Ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og fyrirmæli sett samkvæmt þeim, skulu gilda um tollmeðferð og tolleftirlit eftir því sem við getur átt.

26. gr.

Ríkistollstjóri hefur umsjón með tölvukerfi því sem notað er af hálfu tollyfirvalda við tollafgreiðslur. Getur hann sett nánari fyrirmæli um framkvæmd slíkra afgreiðslna og m.a. ákveðið gerð þeirra rammaskeyta sem nota ber af hálfu tollstjóra, innflytjenda, útflytjenda og annarra.

Ríkistollstjóri getur ákveðið til hvers konar tollafgreiðslna reglugerð þessi tekur.

Ríkistollstjóri getur ákveðið að stöðva móttöku skeyta sem send eru í tölvukerfi ríkistollstjóra vegna breytinga á gjöldum, tollskrá, tollgengi eða af öðrum ástæðum sem gera það nauðsynlegt að hans mati.

27. gr.

Tollstjóri getur svipt leyfishafa heimild til SMT-tollafgreiðslu vegna ítrekaðra vanskila á greiðslu gjalda sem veittur hefur verið greiðslufrestur á, ef hann fullnægir ekki lengur skilyrðum reglugerðar þessarar eða ef hann hefur af öðrum ástæðum að mati tollstjóra fyrirgert rétti sínum til tollmeðferðar.

Ákvörðun tollstjóra um sviptingu leyfis samkvæmt þessari grein skal vera rökstudd og ber að tilkynna hana í ábyrgðarbréfi. Leyfissvipting tekur gildi 7 dögum frá póstlagningardegi tilkynningar og hefur hún gildi í öllum tollumdæmum landsins.

Heimild til tollmeðferðar samkvæmt reglugerð þessari fellur jafnframt niður þegar ákvæði 3. mgr. 104. gr. tollalaga eiga við.

28. gr.

Misnotkun leyfis sem veitt hefur verið samkvæmt reglugerð þessari getur m.a. varðað við XIV. kafla tollalaga nr. 55/1987.

Um meðferð mála vegna brota á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

29. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 14., 109. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, sbr. og heimild í 3. mgr. 34. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 1998. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 309/1992, um tollafgreiðslu og greiðslufrest á aðflutningsgjöldum þegar tollskjöl eru send milli tölva, með áorðnum breytingum.

Fjármálaráðuneytinu, 22. desember 1997.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnúson.

Nr. 723 22. desember 1997

REGLUGERÐ

um tollafgreiðslugengi.

1. gr.

Sé tollverð eða einhver hluti þess við innflutning eða útflutning á vöru tilgreindur í erlendum gjaldmiðli skal breyta því eða hluta þess í íslenskar krónur miðað við tollafgreiðslugengi eins og það er ákveðið samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Tollafgreiðslugengi miðast við opinbert viðmiðunargengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðli, kaup- og sölugengi, sem skráð er af Seðlabanka Íslands og í gildi er við opnun banka hinn 28. hvers mánaðar eða næsta vinnudag þar á eftir ef ekki er opið í banka þann dag. Skal tollafgreiðslugengi, þannig ákveðið, gilda við ákvörðun tollverðs við innflutning eða útflutning næsta almanaksmánuð á eftir, enda fari fullnaðartollafgreiðsla á vöru fram í þeim mánuði, sbr. þó 5. gr. Tollafgreiðslugengi vegna útflutnings getur þó aldrei miðast við nýrra gengi en í gildi er á útflutningsdegi. Tollafgreiðslugengi vegna innflutnings er sölugengi, en kaupgengi vegna útflutnings.

3. gr.

Tollafgreiðslugengi viðkomandi erlends gjaldmiðils skv. 2. gr. fellur úr gildi ef skráning opinbers viðmiðunargengis Seðlabankans fellur niður.

Hafi skráning á opinberu viðmiðunargengi verið felld niður er fyrsta sölugengi og kaupgengi, sem Seðlabankinn skráir að nýju, það tollafgreiðslugengi sem gilda skal til loka mánaðarins. Sama gildir verði breyting á opinberu viðmiðunargengi, sölugengi og kaupgengi, 5% eða meira milli skráninga á gildistíma tollafgreiðslugengis.

4. gr.

Sé verð vöru tilgreint í erlendum gjaldmiðli sem Seðlabankinn hefur ekki skráð opinbert viðmiðunargengi fyrir skal tollafgreiða vöruna miðað við það sölugengi eða kaupgengi sem Seðlabankinn ákveður í hverju tilviki og skal það gilda til loka þess mánaðar þegar það var ákveðið, sbr. þó 5. gr.

5. gr.

Vöru, sem hlotið hefur bráðabirgðatollafgreiðslu gegn tryggingu skv. 21. gr. tollalaga nr. 55/1987, skal tollafgreiða miðað við það tollafgreiðslugengi sem gilti þegar

bráðabirgðatollafgreiðsla fór fram, enda hafi verið gætt þeirra frestskilyrða sem tollstjóri setti þegar heimild til bráðabirgðatollafgreiðslu var veitt.

Ökutæki, sem heimilaður hefur verið tímabundinn innflutningur á skv. 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, skulu tollafgreidd miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar heimild til tollfrjáls innflutnings var veitt, enda fari fullnaðartollafgreiðsla fram innan mánaðar frá komudegi flutningsfars til landsins. Ökutæki sem tímabundinn innflutningur hefur verið heimilaður á umfram einn mánuð og eigi eru endurútflutt, skulu tollafgreidd miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi er þegar fullnaðartollafgreiðsla fer fram.

Vörur sem heimilaður er tímabundinn innflutningur eða útflutningur á samkvæmt öðrum ákvæðum tollalaga eða sérstökum heimildum skal tollafgreiða miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar heimild til bráðabirgðatollafgreiðslu var veitt, enda hafi fjártrygging í peningum verið sett eða skuldarviðurkenning sem ber hæstu vexti verið gefin út til tryggingar greiðslu ríkissjóðsgjalda, verði vara eigi endursend og fullnaðartollafgreiðsla fari fram innan þess frests sem tollstjóri ákvað við veitingu heimildarinnar.

6. gr.

Þegar Seðlabankinn fellir niður skráningu opinbers viðmiðunargengis skal tollstjóri hætta móttöku tollskýrslna og fylgiskjala þeirra þar til opinbert viðmiðunargengi hefur verið skráð að nýju.

Tollstjóra er þó heimilt þegar svo stendur á, sem um ræðir í 1. mgr., að heimila bráðabirgða tollafgreiðslu á vörum gegn fjártryggingu í samræmi við 21. gr. tollalaga og þeim reglum sem settar hafa verið með stoð í henni. Í þeim tilvikum skal tollafgreiðslugengi vera það opinbera viðmiðunargengi sem síðast var skráð af Seðlabankanum að viðbættu því álagi sem viðkomandi viðskiptabanki eða -stofnun ákveður til bráðabirgða fyrir gjaldeyrisyfirfærslur vegna innflutnings eða útflutnings á vörum. Ríkissjóðsgjöld, við það miðað, skulu álögð og innheimt án frekara álags, enda séu tollskjöl að öðru leyti fullnægjandi. Fjártrygging, sem sett hefur verið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal gerð upp miðað við það tollafgreiðslugengi sem gildi tekur er opinbert viðmiðunargengi er skráð að nýju af Seðlabankanum. Skal innflytjandi eða útflytjandi afhenda viðkomandi tollstjóra vegna lokauppgjörs fullnægjandi tollskjöl innan fimm virkra daga frá gildistöku hins nýja tollafgreiðslugengis, nema lengri frestur hafi verið veittur. Liggi hins vegar fullnægjandi tollskjöl fyrir að mati tollstjóra skal hann gera ríkissjóðsgjöld upp samkvæmt hinu nýja gengi og senda innflytjanda eða útflytjanda mismun fjártryggingar og álagðra gjalda ásamt greiðslukvittun en krefja um viðbótargreiðslu reynist trygging ekki fullnægjandi.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1998. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 605/1987 um sama efni.

Fjármálaráðuneytinu, 22. desember 1997.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

REGLUGERÐ

um bráðabirgðatollafgreiðslur.

I. KAFLI
Bráðabirgðatollafgreiðsla tollstjóra.

1. gr.

Geti innflytjandi eða útflytjandi vöru eigi lagt fram gögn þau sem áskilin eru í 18.-20. gr., sbr. 121. gr., tollalaga nr. 55/1987, eða gögnum er svo áfátt að fullnaðartollafgreiðsla getur eigi þegar farið fram, er tollstjóra heimilt að taka við greiðslu til bráðabirgða að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

1. Upplýsingar séu veittar um sendingarnúmer eða þann hluta sendingarnúmers sem kunnur er. Sé um vörusendingu í flugi að ræða skal jafnframt veita upplýsingar um númer flugfarmbréfs.
2. Verðmæti sé tilgreint á sölureikningi, en annars í símskeyti, fjarriti (telex), myndriti (telefax) eða það upplýst á annan fullnægjandi hátt.
3. Vörutegund og vörumagn sé tilgreint.
4. Fyrir liggi heimildir þeirra stjórnvalda sem samþykkja þurfa inn- eða útflutning tiltekinna vörutegunda (t.d. lifandi dýra, lyfja o.fl.).

2. gr.

Greiðsla samkvæmt 1. gr. skal vera útreiknuð aðflutnings- eða útflutningsgjöld af viðkomandi vörusendingu að viðbættum 25%, þó aldrei lægri fjárhæð en 7.500 kr.

Tollstjóri ákveður frest til að ljúka fullnaðartollafgreiðslu og skal hann að jafnaði eigi vera lengri en 20 dagar frá komu- eða brottfarardegi flutningsfars til eða frá landinu. Heimilt er að framlengja frestinn eftir beiðni inn- eða útflytjanda ef sérstaklega stendur á. Að fresti liðnum er tollstjóra rétt að taka fjártrygginguna til lúkningar á gjöldum og er það fullnaðartollafgreiðsla.

II. KAFLI
Afhending farmflytjanda í neyðartilvikum.

3. gr.

Nú verður afgreiðslu samkvæmt I. kafla ekki við komið og er farmflytjanda þá heimilt að afhenda eða flytja úr landi vöru þegar brýnir hagsmunir eru í húfi og afhending hennar til nota innanlands eða til flutnings úr landi þolir ekki bið vegna ástands eða eðlis vörunnar, enda liggi fyrir upplýsingar og, eftir atvikum, leyfi sem áskilið er í 1. gr. Heimild þessi getur m.a. tekið til lyfja og lækningatækja vegna ákveðinna tilgreindra nota, lifandi blóma og dýra, fersks fisks og grænmetis, hráefnis til iðnaðarframleiðslu, vélavarahluta í atvinnutæki svo og hliðstæðra sendinga en hins vegar ekki til almennrar verslunarvöru.

4. gr.

Ríkistollstjóri ákveður gerð eyðublaðs fyrir beiðni um afhendingu neyðarsendinga. Skulu ákvæði tollalaga um aðflutnings- eða útflutningsskýrslu gilda um eyðublað þetta eftir því sem við getur átt.

Á eyðublaðinu skulu tilgreindar helstu upplýsingar um vöru þá sem óskað er afhendingar á, skuldbindingar inn- og útflytjanda og farmflytjanda um greiðslu gjalda af vörunni svo og samþykki tollstarfsmanns fyrir neyðarafgreiðslu samkvæmt reglum þessum.

5. gr.

Við afhendingu vöru skal farmflytjandi taka fjártryggingu að eigin mati til tryggingar greiðslu hins erlenda kaupverðs, ríkissjóðsgjalda og kostnaðar. Er hann ábyrgur gagnvart hinum erlenda eiganda og ríkissjóði, standi innflytjandi eða útflytjandi ekki sjálfur í skilum, sbr. 6. gr.

6. gr.

Fullnaðartollafgreiðsla vöru skal fara fram innan 20 daga frá afhendingu eða útflutningi hennar. Að þeim tíma loknum falla ríkissjóðsgjöld í eindaga og skal reikna dráttarvexti af þeim fram að greiðsludegi. Hafi skil eigi verið gerð innan 30 daga frá afhendingu vöru er tollstjóra heimilt að krefja farmflytjanda um öll áfallin gjöld, auk dráttarvaxta. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Við tollafgreiðslu vöru skal innflytjandi eða útflytjandi leggja fram eintak af eyðublaði samkvæmt 4. gr. og fá áritun tollstjóra á það um að fullnaðartollafgreiðsla hafi farið fram.

7. gr.

Tollstarfsmaður skal ekki samþykkja neyðarafgreiðslu samkvæmt reglum þessum, sbr. 2. mgr. 4. gr., nema hann telji að skilyrði reglnanna séu fyrir hendi.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

8. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna bráðabirgðatollafgreiðslu svo og vegna vinnu tollstarfsmanna við nauðsynlegt tolleftirlit og tollskoðun vegna tollmeðferðar vöru fer eftir ákvæðum reglugerðar nr. 107/1997, um greiðslu kostnaðar vegna tollafgreiðslu utan almenns afgreiðslutíma eða utan aðaltollhafna og vegna sérstakrar tollmeðferðar vöru.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 21. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1998. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 64/1991, um bráðabirgðatollafgreiðslur.

Fjármálaráðuneytinu, 22. desember 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

22. desember 1997 Nr. 725

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 254/1993, um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 31. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Nú lækkar fjárhæð vörugjalds frá því sem hún var upphaflega ákveðin, t.d. vegna þess að ökutækið hefur breytt um gjaldflokk við aðvinnslu eða skilyrði reglugerðarinnar til

lækkunar eða niðurfellingar vörugjalds eru fyrir hendi. Skal þá jafnframt lækka, fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af vörugjaldinu, þó einungis í þeim tilvikum er innflytjandi eða skráður eigandi hafa ekki getað dregið þegar ákvarðaðan virðisaukaskatt frá sem innskatt við virðisaukaskattsuppgjör.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti ofl., með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 22. desember 1997.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

Nr. 726 16. desember 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla, sbr. breytingu nr. 142/1995.

1. gr.

Við 9. gr. bætast tveir nýir tölul. 10. og 11. tl., sem hljóði svo:

10. Sérmerkingum vegna sætuefna, sbr. ákvæði 2. mgr. 13. gr. og 4. mgr. 28. gr., en borðsætuefni skulu merkt samkvæmt ákvæðum reglugerðar um aukefni í matvælum, nr. 579/1993.
11. Magni innihaldsefna eða flokka þeirra, sbr. ákvæði 3. mgr. 12. gr.

2. gr.

Í stað orðsins „hráefna“ í 2. mgr. 12. gr. komi orðið „innihaldsefna“ og í stað 3. mgr. 12. gr. kemur ný mgr. sem hljóði svo:

Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við um innihaldsefni eða flokka þeirra þegar:

1. Nettóþyngd efnanna er tilgreind samkvæmt ákvæðum 18. gr.
2. Aðrar sérreglur hafa verið settar um merkingu þeirra eða að sérreglur gera kröfu um að efnið sé í vörunni í tilteknu magni, án þess að sérstök krafa sé gerð um merkingu.
3. Efnin eru notuð í litlu magni sem bragðefni.
4. Efnin koma fram í heiti vörunnar, en hafa ekki áhrif á fæðuval neytenda, þar sem magn þeirra er ekki mikilvægt til að auðkenna vöruna eða aðgreina hana frá öðrum sambærilegum vörum.
5. Innihaldsefni eru þannig að 4. mgr. 24. gr. getur átt við.

3. gr.

Við 13. gr. bætist ný mgr. sem hljóði svo:

Fyrir matvæli sem innihalda sætuefni skal í tengslum við heiti vörunnar koma fram merkingin „Með sætuefni“, en innihaldi varan bæði viðbættan sykur og sætuefni skal merking þessi vera „Með sykri og sætuefni“.

4. gr.

1. ml. 14. gr. hljóði svo:

Heiti og heimilisfang framleiðanda eða pökkunaraðila, eða dreifanda (seljanda) með aðsetur á Evrópska efnahagssvæðinu, skal koma fram.

5. gr.

Við 2. mgr. 16. gr. bætist nýr ml., svohljóðandi:

Það sama gildir um sykur og sykurvörur.

6. gr.

Við 28. gr. bætist ný mgr. sem hljóði svo:

Vörur sem innihalda sætuefnið aspartam skal merkja með orðunum „Inniheldur fenýlalanín“ og vörur með meira en 10% af viðbættum sykuralkóhólum skal merkja með orðunum „Mikil neysla getur haft hægðalosandi áhrif“.

7. gr.

Við 36. gr. bætist eftirfarandi:

Undantekning frá þessum ákvæðum er þegar sætuefni er notað í orkuskertar vörur. Þá skal orkugildi vörunnar vera skert um 30% eða meira af hefðbundnu magni í sams konar eða sambærilegri vöru.

8. gr.

C-liður 42. gr. hljóði svo:

c) Þegar hreinn safi er hráefni í gosdrykkjum, svaladrykkjum og drykkjum sem falla undir ákvæði reglugerðar nr. 561/1995, um ávaxtasafa og sambærilegar vörur, skal á umbúðum koma fram hlutfall af hreinum safa í vörunni tilbúinni til neyslu. Ef blanda á vöruna fyrir neyslu skal blöndunarhlutfall jafnframt koma fram.

9. gr.

Í stað flokksheitisins „sterkja“ í viðauka 1 kemur eftirfarandi texti:

„Sterkja“, ásamt tegundarheiti jurtar sem hún er unnin úr ef sterkjan inniheldur glúten.

10. gr.

Við viðauka 2 bætist eftirfarandi setning við neðanmálsgrein (2):

Ef umbreytt sterkja inniheldur glúten skal tegundarheiti jurtar, sem sterkjan er unnin úr, einnig koma fram í innihaldslýsingu.

Þá bætist flokksheitið „loftskiptar“ (packaging gas) við flokksheiti aukefna í viðauka 2, ásamt neðanmálsgrein sem hljóði svo:

(3) Ekki er skylt að tilgreina flokksheitið, en þegar loftskiptar eru notaðir til að hafa áhrif á geymsluþol, skal merkingin „Loftskiptar umbúðir“ eða „Pakkað í loftskiptar umbúðir“ koma fram á umbúðum.

11. gr.

Þrátt fyrir breytingu á tilskipun 93/102/EB á flokksheitum hráefna í I viðauka tilskipunar 79/112/EBE um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla er veitt undanþága til sölu vörutegunda sem framleiddar voru fyrir 30. júní 1996 í samræmi við áður gildandi flokksheiti.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Einnig voru höfð til hliðsjónar ákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, grein 9 (1) (b) í tilskipun 73/437/EBE um sykur og sykurvörur, grein 3 (1) (6) í tilskipun 79/112/EBE um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla, grein 10 (4) (d) í tilskipun 93/77/EBE um ávaxtasafa og sambærilegar vörur, grein 1 (3) (2) í tilskipun 94/35/EB um sætuefni, tilskipun 94/54/EB um umbúðamerkingar, tilskipun 95/42/EB um breytingu á tilskipun 93/102/EB um umbúðamerkingar, tilskipun 96/21/EB um breytingu á tilskipun 94/54/EB og tilskipun 97/4/EB um breytingu á tilskipun 79/112/EBE.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Breytingu á umbúðamerkingum vegna ákvæða þessarar reglugerðar um merkingu sætuefna skal lokið fyrir 31. desember 1998.
2. Breytingu á umbúðamerkingum vegna ákvæða 2. og 9.-10. gr. skal lokið fyrir 14. febrúar 2000.
3. Þrátt fyrir framangreindar dagsetningar er heimilt að selja birgðir af vöru sem framleidd hefur verið og merkt fyrir þann tíma samkvæmt áður gildandi reglum.

Umhverfisráðuneytinu, 16. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 727 16. desember 1997

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hellu fyrir árið 1998.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 76/1975, skal á árinu 1998 vera kr. 6 682. Gjalddagi er 1. janúar og eindagi 28. febrúar.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að gilda fyrir árið 1998.

Umhverfisráðuneytinu, 16. desember 1997.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um sorphirðu á Akranesi.

1. gr.

Akraneskaupstaður annast sorphirðu (sorpeyðingu og sorphreinsun) á Akranesi samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirða fram undir stjórn bygginga- og skipulagsdeildar og eftirliti Heilbrigðiseftirlits Akranessvæðis. Akraneskaupstaður getur falið verktökum að annast innsöfnun á sorpi (sorphreinsun) á Akranesi.

2. gr.

Verktakar sem annast sorphreinsun skulu hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

3. gr.

Sérhver íbúðarhafi á Akranesi er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

4. gr.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og skulu húsráðendur hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo unnt sé að annast hreinsun.

5. gr.

Akraneskaupstaður leggur til sorpílát við upphaf breyttrar sorphirðu til einstaklinga. Fyrirtækjum og aðilum, sem þurfa stærri sorpílát, gefst kostur á leigu á sorpílátum samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur.

6. gr.

Í sorpílátin má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegt heimilissorp, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs, sbr. 3. gr. Ekki má setja í sorpílát mold, möl, grjót, byggingarúrgang, garðaúrgang o.þ.h. Spilliefni, lyf og annar hættulegur úrgangur má ekki fara í sorpílát. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla sorpílátin ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

7. gr.

Sorphreinsun almenns heimilissorps fer fram eigi sjaldnar en á 14 daga fresti. Flokkaðan úrgang er heimilt að hirða sjaldnar. Æski húsráðendur að úrgangur verði fjarlægður oftar bera þeir sjálfir kostnað af slíkum viðbótarhreinsunum.

8. gr.

Spilliefnum, hættulegum úrgangi og þess háttar skal skila á sorpmóttökusvæði í Berjadalsárnámu.

9. gr.

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir þeir aðilar sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en tilgreint er í 7. gr. ber sjálfum að annast og kosta þá hreinsun.

Ef fyrirtæki eða stofnanir óska, hirðir Akraneskaupstaður sorp, sem fellur undir 1. mgr. 6. gr., frá þeim, gegn gjaldi samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Akraneskaupstaður leggur til og leigir sorpílát þeim fyrirtækjum eða stofnunum sem hann hreinsar frá samkvæmt gjaldskrá. Frágangur og umgengni um sorpílát skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits. Annan flutning á úrgangi frá fyrirtækjum og stofnunum skal framkvæma eftir fyrirmælum heilbrigðiseftirlits.

10. gr.

Almenn sorphirða samkvæmt 7. gr. greiðist af bæjarsjóði. Bæjarstjórn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir. Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og fjölda íláta og hvort um er að ræða flokkað eða óflokkað sorp. Heimilt er að innheimta sorphirðugjald hjá lögaðila samkvæmt rúmmáli, þyngd eða sérstöku samkomulagi við bæjaryfirvöld ef álagning gjaldsins verður ekki tengd innheimtu fasteignagjalda. Bæjarstjórn er heimilt að takmarka fjölda sorpíláta við hverja fasteign. Njóti íbúar í dreifbýli og eigendur sumarhúsa sorphirðuþjónustu þá greiði þeir samkvæmt gjaldskrá, sem umhverfisráðherra staðfestir, í samræmi við veitta þjónustu.

11. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til bygginga- og skipulagsdeildar, heilbrigðiseftirlits eða eftirlitsmanns sorphirðumála.

12. gr.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð eða geymslu úrgangs skulu sorphirðumenn tilkynna það heilbrigðiseftirliti eða eftirlitsmanni sorphirðumála, sem hlutast til um að úr verði bætt. Sorphirðumönnum er óheimilt að hnýsast í sorpílát eða hirða úr þeim.

13. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

14. gr.

Samþykkt þessi er sett með heimild í 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um sorphreinsun á Akranesi nr. 168/1975.

Umhverfisráðuneytinu, 17. desember 1997.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 106 – 1997

29. desember 1997 1641 Nr. 729

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur er taki gildi 1. janúar 1998.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur nr. 434, 4. júlí 1997, breytist þannig:
Sérgjöld rafveitu, liðir 2.1, 2.2 og 2.3 hækka um 1,7%.
Sérgjöld hitaveitu, liður 3.1 hækkar um 10%.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. desember 1997.

F. h. r.
Baldur Pétursson.

Steinunn Bjarman.

29. desember 1997 Nr. 730

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er taki gildi 1. janúar 1998.

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 163 3. mars 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:
Gjald fyrir heitt vatn í smásölu lækkar um 5%.
Gjald fyrir heitt vatn í heildsölu lækkar um 3,85%.
Heimtaugagjöld og önnur gjöld hækka um 1,85%.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. desember 1997.

F. h. r.
Baldur Pétursson.

Steinunn Bjarman.

B 114
Gutenberg

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Akranesveitu.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Akranesveitu er taki gildi 1. janúar 1998.

Gjaldskrá Akranesveitu nr. 162 3. mars 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:
Gjald fyrir heitt vatn lækkar um 5%.
Rafmagn hækkar um 1,15% nema þilofnahitun um 3%.
Heimtaugagjöld og önnur gjöld hækka um 1,85%.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. desember 1997.

F. h. r.
Baldur Pétursson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 732 30. desember 1997

REGLUGERÐ

um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja.

1. gr.

Frá og með 1. janúar 1998 eru veiðar með öllum veiðarfærum bannaðar á svæði þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggja milli lands og Vestmannaeyja. Að austan markast svæðið af línu sem dregin er þannig að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan. Að vestan takmarkast svæðið af línu sem dregin er þannig að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

3. gr.

Skila skal vigtarseðlum frá Hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Fyrir blandaðan úrgang greiðast kr. 7.500 fyrir tonnið.

5. gr.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 500 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 4., 5. og 6. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings.

6. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds. Þó skal greiða fyrir móttöku ís- og frystiskápa, meðan ekki er komið á kerfi fyrir ósoneyðandi kælimiðla í samræmi við lög um spilliefnagjald.

7. gr.

Íbúar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

8. gr.

Húseigendum er í upphafi afhent 240 lítra sorptunna án endurgjalds og fyrirtæki eiga kost á 660 lítra og 1100 lítra íláti. Endurnýjun sorpíláta er á kostnað húseigenda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytinu, 18. desember 1997.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 747 29. desember 1997

REGLUGERÐ

um störf prófnefndar mannvirkjahönnuða.

I. KAFLI
Prófnefnd.

1. gr.

Umhverfisráðherra skipar nefnd, prófnefnd mannvirkjahönnuða til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti þrír menn og jafn margir varamenn, allir sérfróðir um byggingarmálefni. Nefndin skiptir með sér verkum, ennfremur getur hún ráðið sér starfsmann.

Kostnaður vegna nefndarinnar skal borinn af staðfestingar-, kennslu- og prófgjöldum.

2. gr.

Hlutverk prófnefndar er að hafa umsjón með og ákveða tilhögun námskeiða fyrir væntanlega mannvirkjahönnuði, þ.m.t. að ákveða námsgreinar og prófkröfur, semja kennsluskrá, útbúa kennsluefni og ráða leiðbeinendur. Nefndin getur falið öðrum aðila námskeiðahaldið.

3. gr.

Prófnefnd heldur gerðabók. Í hana skal færa ákvarðanir nefndarinnar og niðurstöður prófa.

II. KAFLI
Námskeið og próf.

4. gr.

Eftirfarandi mannvirkjahönnuðir geta sótt námskeið og gengist undir próf samkvæmt reglugerð þessari:

Arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar, verkfræðingar, rafiðnfræðingar, innanhúshönnuðir og landslagshönnuðir sem hlotið hafa heimild iðnaðarráðherra til starfsheita í tækni- og hönnunargreinum.

5. gr.

Námskeið skal að jafnaði halda ár hvert. Skal það auglýst rækilega s.s. í dagblöðum. Prófnefnd ákveður það efni sem prófað er úr og hvernig því efni er skipt á milli námshluta. Til grundavallar ákvörðun sinni hefur prófnefnd til hliðsjónar að væntanlegir mannvirkjahönnuðir skuli búa yfir þekkingu í eftirfarandi greinum:

Tilteknum atriðum í skipulags- og byggingarlögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, tilteknum stöðlum og notkun þeirra og skráningu fasteigna samkvæmt lögum um fasteignamat.

Heimilt er prófnefnd að færa námsgreinar á milli hluta svo og að bæta greinum við námshluta eða fækka þeim.

6. gr.

Prófnefnd er heimilt að veita þátttakanda, sem um það sækir, undanþágu frá því að þreyta tiltekinn hluta prófs. Skilyrði slíkrar undanþágu er að þátttakandi framvísi vottorði frá viðurkenndri menntastofnun um að hann hafi staðist sambærilegar námskröfur og gerðar eru til þátttakenda á námskeiðinu, að mati prófnefndar.

7. gr.

Próf skulu haldin innan mánaðar eftir að námskeiði er lokið. Skal próftími vera 4 klukkustundir og vægi einstakra þátta námsefnisins tilkynnt a.m.k. 7 virkum dögum fyrir próf. Til að standast próf skal þátttakandi hljóta einkunnina 5,0 úr hverjum þætti námsefnisins og að lágmarki 6,0 í samanlagðri meðaleinkunn. Gefa skal einkunnir með einum aukastaf.

8. gr.

Prófnefnd er skylt að gangast fyrir sjúkraprófi hafi þátttakandi ekki getað sótt próf vegna veikinda. Skal hann framvísa læknisvottorði vegna veikindanna.

Prófnefnd er heimilt að halda sérstakt upptökupróf fyrir þá þátttakendur sem ekki ná tilskilinni lágmarkseinkunn. Ef slíkt próf er ekki haldið er þeim heimilt að þreyta próf úr viðkomandi þáttum námsefnisins, næst þegar próf eru haldin.

III. KAFLI
Námskeiðagjöld o. fl.

9. gr.

Umhverfisráðherra ákveður að fenginni tillögu prófnefndar námskeiðagjöld. Þau skiptast í staðfestingargjald, kennslugjald og prófgjald.

Staðfestingargjald greiðir þátttakandi er hann skráir sig á námskeiðið og er það óafturkræft þótt hann hætti við þátttöku.

Kennslugjald greiðir þátttakandi eigi síðar en 7 virkum dögum eftir að kennsla hefst. Kennslugjald endurgreiðist vegna brottfalls úr námskeiði ef sérstakar ástæður mæla með.

Prófgjald greiðir þátttakandi eigi síðar en 7 virkum dögum fyrir próf. Skal þátttaka óheimil í prófi nema hann hafi staðið skil á prófgjaldi.

Er það óafturkræft þótt þátttakandi þreyti ekki prófið.

Þeir er fengið hafa undanþágu frá prófi í einstökum þáttum námsefnisins skulu greiða hlutfallslegt prófgjald.

Við ákvörðun námskeiðagjalda skal miða við að nemendur greiði allan kostnað af námskeiði og prófi.

10. gr.

Prófnefnd skal fjalla um umsókn mannvirkjahönnuðar um löggildingu áður en hún er veitt.

11. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar hrófla ekki við eldri rétti hönnuða til þess að leggja teikningar fyrir byggingarnefnd.

Þeir aðilar sem taldir eru upp í 4. gr. og við gildistöku reglugerðarinnar hafa lokið hluta reynslutíma sem nauðsynlegur er samkvæt byggingarlögum nr. 54/1978, með síðari breytingum, til að öðlast löggildingu skulu eiga kost á að ljúka honum eftir eldri reglum.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 48. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með breytingu nr. 135/1997 og öðlast gildi 1. janúar 1998.

Umhverfisráðuneytinu, 29. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 748 29. desember 1997

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 1998.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 1997 skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1998. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 1998 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 10,5% af þeim þinggjöldum, sbr. 1.

gr., er honum bar að greiða á árinu 1997. Að því er menn varðar er átt við önnur þinggjöld gjaldársins 1997 en tekjuskatt, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ekki skal innheimta fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. ef hún er undir 1.000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1998 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um er að ræða hafi lækkað svo mjög milli áranna 1996 og 1997 að þeir séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 1996. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. sbr. og 113. gr. sömu laga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

7. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1998 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110., 113. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 29. desember 1997.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ragnheiður Snorradóttir.

REGLUGERÐ

um skil og birtingu ársreikninga á árinu 1998.

Almennt.

1. gr.

Á árinu 1998 skal ríkisskattstjóri annast þau störf félagaskrár, sbr. VIII. kafla laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, sem varða móttöku, geymslu og birtingu ársreikninga, úrtakskannanir og athuganir.

Skilaskyldir aðilar.

2. gr.

Félögum sem tilgreind eru í 1. og 2. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, ber að skila til ríkisskattstjóra gögnum samkvæmt reglugerð þessari til birtingar.

Skilaskyldan hvílir á stjórn og framkvæmdastjóra. Hjá félögum sem ekki hafa formlega stjórn hvílir skilaskyldan á öllum félagsaðilum sameiginlega.

Birtingarskyld gögn.

3. gr.

Ársreikning eða eftir atvikum samstæðureikning ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur skal senda ríkisskattstjóra.

Ef samþykkt á ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps kemur ekki fram í ársreikningnum eða skýrslu stjórnar skal til viðbótar gögnum skv. 1. mgr. senda staðfest endurrit úr gerðabók aðalfundarins þar sem greint er frá ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er félagi, sem tvö ár í röð fer ekki fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum á reikningsskiladegi, heimilt að senda ríkisskattstjóra samandregna útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum sbr. reglugerð nr. 694/1996, um framsetningu ársreikninga í samandregnu formi:

1. eignir nema 200 milljónum króna;
2. rekstrartekjur nema 400 milljónum króna;
3. fjöldi ársverka á reikningsári nemur a.m.k. 50.

Heimild þessi nær þó hvorki til félaga sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi né til félaga sem leggja ekki hömlur á viðskipti með eignarhluta sína.

5. gr.

Þegar sérstakar samkeppnisaðstæður mæla með því geta félög sem fara tvö reikningsár í röð á reikningsskiladegi ekki fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum, sent ríkisskattstjóra samandreginn rekstrarreikning sbr. reglugerð nr. 694/1996:

1. eignir nema 500 milljónum króna;
2. rekstrartekjur nema 1.000 milljónum króna;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er a.m.k. 250.

6. gr.

Ársreikninga dótturfélaga, sem haldið er utan samstæðureiknings samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, skal senda ríkisskattstjóra með ársreikningi eða samstæðureikningi móðurfélags.

Form birtingar og fyrirvarar.

7. gr.

Ef félag birtir ársreikning sinn eða samstæðureikning í heild skal hann vera í sama formi og hann var samþykktur á aðalfundi og með áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna. Vekja skal athygli á hvers konar fyrirvara endurskoðenda eða fyrirsvarsmanna og tilgreina ástæður þeirra.

Nú er ársreikningur eða samstæðureikningur ekki birtur í heild, sbr. 4. og 5. gr., skal þá koma fram með ótvíræðum hætti að hann sé samandreginn. Áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna þarf ekki að fylgja með samandreginni útgáfu en koma skal fram ef áritun var með fyrirvara og hvers efnis hann er.

Heimilt er að birta ársreikning á tölvutæku formi. Skal þá fylgja með yfirlýsing frá endurskoðanda eða skoðunarmanni um að skjalið sé í samræmi við frumrit ársreiknings og skýrslu stjórnar.

Skilafrestur.

8. gr.

Félagi sem skylt er að gera ársreikninga eða samstæðureikning samkvæmt lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, skal eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, senda ríkisskattstjóra gögn samkvæmt 3. gr.

Félag, sem hefur hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skal senda ársreikning sinn þegar í stað eftir samþykkt þeirra og eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ríkisskattstjóri skal árlega birta í Lögbirtingablaði lista yfir þau félög sem skilað hafa ársreikningi samkvæmt reglugerð þessari til ríkisskattstjóra.

Aðgangur að gögnum.

9. gr.

Ríkisskattstjóri skal veita aðgang að þeim gögnum sem skilað er samkvæmt reglugerð þessari. Heimilt er að afhenda ljósrit af gögnum þessum gegn gjaldi, sbr. lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Skoðun gagna.

10. gr.

Ríkisskattstjóri skal gera úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórna í því skyni að sannreyna að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði laga nr. 144/1994, um ársreikninga. Hann getur krafist þeirra upplýsinga hjá hverju félagi sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Hafi ársreikningur verið tekinn til skoðunar samkvæmt þessari grein skal það koma fram í gögnum ásamt athugasemdum og niðurstöðum ríkisskattstjóra.

Erlend félög og sameignar- og samlagsfélög.

11. gr.

Útibú erlendra félaga, erlend dótturfélög og sameignar- og samlagsfélög sem skráð eru hér á landi skulu með sama hætti senda ríkisskattstjóra ársreikninga sína eða eftir atvikum samstæðureikninga eftir þeim reglum sem tilgreindar eru í 73. - 76. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga.

Skattstjórar.
12. gr.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að ákveða að félög skv. 2. gr. megi skila þessum gögnum til skattstjóra þess umdæmis þar sem félögin eru framtalsskyld.

Viðurlög og málsmeðferð.
13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum sbr. 83. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga. Ef ekki er sinnt ákvæðum reglugerðar þessarar skal ríkisskattstjóri senda skattrannsóknarstjóra ríkisins málið til meðferðar skv. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 361/1995, um skattrannsóknir og málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, sbr. 88. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Gildistaka.
14. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 89. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 31. desember 1997.

F. h. r.
Magnús Pétursson.

Ragnheiður Snorradóttir.

Nr. 750 16. desember 1997

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Reykhólahreppi.

1. gr.

Árgjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Reykhólahreppi skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

A.	Íbúðir	kr. 7 500.
B.	Sumarhús	kr. 3 750.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Reykhólahrepps, staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1998.

Umhverfisráðuneytinu, 16. desember 1997.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabóta á árinu 1998.

1. gr.

Almennt.

Ríkissjóður skal á árinu 1998 greiða barnabætur vegna hvers barns innan 16 ára aldurs til framfæranda barnsins eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Réttur til barnabóta.

Greiða skal barnabætur með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu 1997, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981.

Framfærandi barns samkvæmt 1. mgr. telst sá sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuárs. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi. Skilyrði 1. málsl. eru uppfylt þótt barnið dvelji tímabundið fjarri raunverulegu heimili, t.d. vegna náms.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambúðarfólk sem uppfyllir í lok tekjuárs skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki eftir að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Sé svo ástatt að einungis annað hjóna er skattskylt hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, skal reikna því fullar barnabætur vegna þeirra barna hjónanna sem dveljast hér á landi eftir þeim reglum sem gilda um hjón enda liggi fyrir upplýsingar um tekjur beggja ásamt upplýsingum um fengnar barnabætur eða hliðstæðar greiðslur erlendis vegna sömu barna.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar má ákvarða barnabætur með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi en eru á framfæri ríkisborgara hins Evrópska efnahagssvæðis, enda starfi hann og sé skattskyldur skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 hér á landi. Skilyrði fyrir ákvörðun barnabóta samkvæmt þessari grein er að börnin séu heimilisföst í einhverju ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis og að fram séu lögð fullnægjandi gögn frá bæru stjórnvaldi í því landi þar sem börnin eru heimilisföst.

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári. Þannig skal fjárhæð barnabóta skv. 3. gr. og skerðingarmörk vegna tekna sbr. 4. gr. ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann.

3. gr.

Fjárhæð barnabóta.

Óskertar barnabætur skulu árlega nema 102.436 kr. með fyrsta barni en 121.932 kr. með hverju barni umfram eitt.

Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 30.176 kr. hærri en fjárhæðir skv. 2. mgr.

Óskertar barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 170.014 kr. með fyrsta barni. Með börnum umfram eitt skulu barnabæturnar vera 175.014 kr., en þó 30.176 kr. hærri sé barnið yngra en 7 ára.

4. gr.

Skerðing barnabóta vegna tekna og eigna.

Barnabætur skv. 3. gr. skerðast í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram 1.141.042 kr. hjá hjónum og umfram 570.521 kr. hjá einstæðu foreldri.

Með tekjuskattsstofni skv. 1. mgr. er átt við tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, þó ekki tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981 og frádráttar skv. 31. gr. laga nr. 75/1981.

Skerðingarhlutfallið skal vera 5% með einu barni, 9% með tveimur börnum og 11% með þremur börnum eða fleiri.

Barnabætur vegna hvers barns á framfæri hjóna skerðast um 1,5% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna fer fram úr 4.174.466 kr. uns þær falla niður.

Barnabætur vegna hvers barns á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 3% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 6.262.219 kr. uns þær falla niður.

Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama tekjuári vegna barnsins.

5. gr.

Ákvörðun barnabóta.

Barnabætur skulu ákveðnar við álagningu sbr. X. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Barnabætur skulu greiddar út með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðslan skal fara fram eigi síðar en 1. ágúst en síðari greiðslan eigi síðar en 1. nóvember.

6. gr.

Fyrirframgreiðsla barnabóta.

Þar til álagning liggur fyrir, skv. 5. gr, skal ríkissjóður greiða fyrirfram upp í barnabætur ársins 1998 vegna barna sem voru yngri en 16 ára í árslok 1997. Miða skal við fjölskyldustöðu framteljanda eins og hún er í árslok 1997.

Við útreikning á skerðingu skv. 4. gr. skal taka tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga um staðgreiðsluskyldar tekjur vegna síðustu tólf mánaða ásamt upplýsinga úr framtali fyrra árs m.a um tekjur utan staðgreiðslu og eignastöðu í árslok 1996.

Fyrirframgreiðsla skal nema 50% af áætluðum barnabótum ársins og greiðist með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðslan skal fara fram eigi síðar en 1. febrúar en síðari greiðslan eigi síðar en 1. maí.

Heimilt er framteljanda að sækja um breytingu á fyrirframgreiðslu til skattstjóra á grundvelli fyrirliggjandi framtals ef tekjur og eignir samkvæmt því framtali víkja að verulegu leyti frá þeim upplýsingum sem lagðar voru til grundvallar við ákvörðun fyrirframgreiðslunnar. Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn framteljanda nema að breytingin leiði til a.m.k. 25% hækkunar eða lækkunar á fyrirframgreiðslunni.

Liggi ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar að mati skattstjóra til að byggja ákvörðun barnabóta á t.d. þegar framtali hefur ekki verið skilað, ákvarðast engin fyrirframgreiðsla nema að fenginni sérstakri umsókn frá framteljanda.

Ríkisbókhald ávísar barnabótum til útborgunar hjá ríkisféhirði.

7. gr.

Skuldajöfnun barnabóta.

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar fyrirframgreiddar barnabætur og ofgreiddar barnabætur, vangreiddir skattar og gjöld til ríkis og sveitarfélaga, ofgreiddar húsaleigubætur og vangreidd meðlög til Innheimtustofnunar sveitarfélaga í þessari forgangsröð:

1. Fyrirframgreiddar barnabætur og ofgreiddar barnabætur.
2. Tekjuskattur.
3. Önnur þinggjöld, sbr. þó 5. tölulið.
4. Útsvar og aðstöðugjald.
5. Tryggingagjald.
6. Vangreidd gjöld maka skv. 1.-4. tölul., þó ekki aðstöðugjald.
7. Ofgreiddar húsaleigubætur skv. 18. gr. laga nr. 138/1997.
8. Virðisaukaskattur.

9. Söluskattur.
10. Bifreiðagjald.
11. Þungaskattur álagður 10. júní 1996 eða síðar.
12. Launaskattur.
13. Vangreidd meðlög eftir kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.
14. Kröfur vegna ofgreiddra barnabóta erlendis.

8. gr.

Leiðrétting barnabóta.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta samkvæmt reglugerð þessari eða barnabætur hafi verið ákvarðaðar of háar skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í A-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 29. desember 1997.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ragnheiður Snorradóttir.

23. desember 1997 Nr. 752

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar 1980-2000.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Búðahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 10. desember 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar 1980-2000, frá 17. ágúst 1981, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að svæði fyrir iðnað, sunnan þjóðvegar til Reyðarfjarðar, verði stækkað til austurs og norðurs að þjóðvegi. Þá verði það stækkað til suðurs með auknum fyllingum. Tenging svæðisins við Hafnargötu breytist þannig að gatnamótin eru færð um 140 m til austurs, þar sem þau eru í reynd í dag. Þá er ekki gert ráð fyrir gegnumakstri um athafnasvæði hafnarinnar ofan viðlegukants.

Hreppsnefnd Búðahrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 23. desember 1997.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um mánaðarleg skil á staðgreiðslu og tryggingagjaldi.

1. gr.

Launagreiðandi skal ótilkvaddur skila skilagrein og því staðgreiðslufé sem honum bar að halda eftir eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Gjaldskyldur aðili skal ótilkvaddur skila tryggingagjaldi, þ.m.t. gjaldi til ábyrgðarsjóðs launa, eigi sjaldnar en mánaðarlega.

2. gr.

Staðgreiðslufé og tryggingagjaldi ber að skila inn á gíróreikning nr. 25882 í Seðlabanka Íslands eða til innheimtumanna, sbr. 5. gr.

3. gr.

Með skilum skal launagreiðandi láta fylgja skilagrein um staðgreiðslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, sbr. 20. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ef skilafé er skilað sem innborgun inn á gíróreikning skv. 2. gr., skal skilagrein vera í formi gíróseðils fyrirfram áritaðs af ríkisskattstjóra. Ef skilafé er skilað með rafrænum greiðslumiðli svo sem skjálínu, bankalínu o.þ.h. skal skilagrein í sérstöku formi sem ríkisskattstjóri ákveður send þegar í stað að lokinni mánaðarlegri færslu.

Skilagrein skal skila mánaðarlega enda þótt engin laun hafi verið greidd eða persónuafsláttur launamanna veldur því að engin staðgreiðsla hafi verið tekin af starfsmönnum.

Gjalddagi staðgreiðslu og tryggingagjalds vegna greiðslutímabils liðins mánaðar er 1. dagur næsta mánaðar á eftir en eindagi 14 dögum síðar. Ef eindaga ber upp á laugardag, sunnudag eða helgidag flyst hann til næsta virks dags þar á eftir.

4. gr.

Bankar, sparisjóðir og pósthús sem veita viðtöku staðgreiðslufé inn á gíróreikning staðgreiðslu þ.m.t. rafrænum greiðslumiðli svo sem skjálínu, bankalínu o.þ.h. skulu því aðeins taka við innborgunum inn á gíróreikninginn að greiðslu fylgi sérstök skilagrein sbr. ákvæði 3. gr.

Banki, sparisjóður eða pósthús sem veitir viðtöku innborgun skal ganga úr skugga um að fullt samræmi sé á milli skilagreinar og greiðslu. Ef samræmi er eigi fyrir hendi er viðkomandi aðilum óheimilt að taka við greiðslu inn á gíróreikninginn.

5. gr.

Eftirtaldir aðilar eru innheimtumenn staðgreiðslu og tryggingagjalds og taka við staðgreiðslufé og skilagreinum ef greiðsla er ekki innt af hendi í bönkum, sparisjóðum eða pósthúsum með greiðslu inn á gíróreikning, sbr. 2. gr., eða með rafrænum greiðslumiðli svo sem skjálínu, bankalínu o.þ.h.:

Sýslumaðurinn á Akranesi.
Sýslumaðurinn í Borgarnesi.
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi.
Sýslumaðurinn í Búðardal.
Sýslumaðurinn á Patreksfirði.
Sýslumaðurinn á Ísafirði.
Sýslumaðurinn í Bolungarvík.
Sýslumaðurinn á Hólmavík.
Sýslumaðurinn á Blönduósi.
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki.
Sýslumaðurinn á Siglufirði.
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði.
Sýslumaðurinn á Akureyri.
Sýslumaðurinn á Húsavík.

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði.
Sýslumaðurinn á Neskaupstað.
Sýslumaðurinn á Eskifirði.
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði.
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal.
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.
Sýslumaðurinn á Selfossi.
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.
Sýslumaðurinn í Kópavogi.
Sýslumaðurinn í Keflavík.
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.
Tollstjórinn í Reykjavík.

6. gr.

Launagreiðanda ber að útfylla og skila á sérstöku eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur útbúa, sundurliðun launatekna og staðgreiðslu fyrir hvern mánuð.

Heimilt er launagreiðanda að skila sundurliðun í tölvutæku formi. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um fyrirkomulag og meðferð skilagreina og sundurliðana þar með um skil á tölvutæku formi.

7. gr.

Staðgreiðslufé ásamt skilagrein eða gíróseðli þarf að hafa borist þeim sem taka við fénu til greiðslu inn á gíróreikning, sbr. 2. gr., eða á skrifstofu innheimtumanns eigi síðar en á eindaga. Dagsetning á greiðslukvittun innheimtumanns staðgreiðslu, sbr. 2. gr., er sönnun fyrir því að skil hafi verið gerð á réttum tíma. Póstlagning greiðslu fyrir eindaga kemur eigi í veg fyrir álagsbeitingu ef greiðsla berst eftir eindaga.

Skilagreinar skal innheimtumaður staðgreiðslu færa í tölvukerfi ríkisskattstjóra. Hann skal sannreyna að samræmi sé á milli skilagreinar og greiðslu.

Skilagreinar sem hafa borist bankastofnun eða pósthúsi skulu sendar innheimtumanni staðgreiðslu sem skal færa skilagrein inn í tölvukerfi ríkisskattstjóra og um leið eyða samsvarandi færslu af biðreikningi sem myndaður er vegna gíróinnborgunar. Ef skilagrein er ófullnægjandi skal innheimtumaður staðgreiðslu tilkynna það launagreiðanda og skattstjóra.

Reynist greiðsla, skilagrein og skil vera rétt er launagreiðandi laus úr ábyrgð hvað það varðar, sbr. þó ákvæði 22. gr. laga, nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

8. gr.

Ef launagreiðandi skilar skilafé inn á gíróreikning, sbr. 1. gr., skal hann senda sundurliðunarblað til innheimtumanns staðgreiðslu. Heimilt er að afhenda það bankastofnun sem skal framsenda það til innheimtumanns.

Heimilt er launagreiðanda að senda sundurliðun til ríkisskattstjóra annaðhvort í tölvutæku formi eða öðru því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, sbr. ákvæði 6. gr. Einnig er heimilt að afhenda viðkomandi innheimtumanni gögn í tölvutæku formi sem skal framsenda ríkisskattstjóra gögnin.

Allan innlestur tölvugagna launagreiðanda í tölvuskrár annast ríkisskattstjóri.

9. gr.

Ef skattstjóri hefur heimilað manni, sem reikna skal sér endurgjald skv. 2. tölulið 4. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, að gera skil á staðgreiðslu einu sinni á ári, skal tekið tillit til þeirra upplýsinga sem gjaldandi veitir skattstjóra, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, við skil á staðgreiðslu til sveitarfélaga. Ríkisbókhald skal hlutast til um að persónuafsláttur skattgreiðanda sem ganga skal upp í útsvarsþátt staðgreiðslu skili sér til viðkomandi sveitarfélags á þann hátt að 1/12 hluti áætlaðs persónuafsláttar upp í útsvarsþátt greiðist sveitarfélaginu mánaðarlega.

10. gr.

Um uppgjör og skil innheimtumanna staðgreiðslu skv. 5. gr. skulu gilda almenn fyrirmæli til innheimtumanna um uppgjör og skil. Ríkisféhirði er heimilt að gefa innheimtumönnum staðgreiðslu nánari fyrirmæli um uppgjör og skil á hluta ríkissjóðs.

11. gr.

Dagleg afstemming gíróreiknings sbr. 2. gr. er í höndum ríkisbókhalds.

12. gr.

Inn á gíróreikninga staðgreiðslu og tryggingagjalds er óheimilt að færa fjármuni sem ekki eru staðgreiðslu eða tryggingagjaldi viðkomandi.

13. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 20. og 21. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum og 18. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 183/1990, um skil á staðgreiðslu, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytinu, 29. desember 1997.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ragnheiður Snorradóttir.

Nr. 754 22. desember 1997

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um tryggingar fasteigna-, fyrirtækja og skipasala nr. 613 3. nóvember 1997.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. orðast svo:

Trygging skal nema minnst 5.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers vátryggingaárs skal nema minnst 10.000.000 kr. Tryggingafjárhæðir skulu miðast við vísitölu neysluverðs 181,3 og breytast 1. október ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. og 17. gr. laga um fasteigna-, fyrirtækja og skipasölu, nr. 54 22. maí 1997 og öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. desember 1997.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Sigrún Jóhannesdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. f bætist við ný grein, 2. gr. g, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/97 frá 12. desember 1997 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2236/97 frá 10. nóvember 1997 um breytingu á reglugerðum (EBE) nr. 417/85 og nr. 418/85 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu annars vegar og rannsóknir og þróun hins vegar.

2. gr.

Í þessari breytingu felst að gildistími skv. 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 417/85, sem tekin var upp í íslenskan rétt sem f-liður 2. gr. reglugerðar nr. 594/1993 og breytt með reglugerð nr. 375/1994, framlengist um þrjú ár, frá 31. desember 1997 til 31. desember 2000. Aðlögunarákvæði i með reglugerðinni, sem er í 6. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn og snertir gildistímann, fellur jafnframt niður.

Jafnframt framlengist gildistími skv. 13. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 418/85, sem tekin var upp í íslenskan rétt sem g-liður 2. gr. reglugerðar nr. 594/1993 og breytt með reglugerð nr. 375/1994, um þrjú ár, frá 31. desember 1997 til 31. desember 2000. Aðlögunarákvæði j með reglugerðinni, sem er í 7. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn og snertir gildistímann, fellur og niður.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á 6. og 7. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

Viðskiptaráðuneytinu, 16. desember 1997.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

23. desember 1997 Nr. 756

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 23. desember 1997 staðfest aðalskipulag Hafnarfjarðar 1995-2015, sem er endurskoðun á áður staðfestu aðalskipulagi frá 8. desember 1982.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 23. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 757 29. desember 1997

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 37/1989, um greiðslur samkvæmt 38. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Maður skal skila greiðslu samkvæmt reglugerð þessari ásamt skilagrein í því umdæmi þar sem hann á lögheimili.

Eftirtaldir aðilar eru innheimtumenn staðgreiðslu og taka við staðgreiðslufé og skilagreinum ef þær eru ekki inntar af hendi í bönkum, sparisjóðum eða pósthúsum með greiðslu inn á gíróreikning:

Sýslumaðurinn á Akranesi.
Sýslumaðurinn í Borgarnesi.
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi.
Sýslumaðurinn í Búðardal.
Sýslumaðurinn á Patreksfirði.
Sýslumaðurinn á Ísafirði.
Sýslumaðurinn í Bolungarvík.
Sýslumaðurinn á Hólmavík.
Sýslumaðurinn á Blönduósi.
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki.
Sýslumaðurinn á Siglufirði.
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði.
Sýslumaðurinn á Akureyri.
Sýslumaðurinn á Húsavík.
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði.
Sýslumaðurinn á Neskaupsstað.
Sýslumaðurinn á Eskifirði.
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði.
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal.
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.
Sýslumaðurinn á Selfossi.
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.
Sýslumaðurinn í Kópavogi.
Sýslumaðurinn í Keflavík.
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.
Tollstjórinn í Reykjavík.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 41. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 29. desember 1997.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ragnheiður Snorradóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna, nr. 639/1995, sbr. reglugerð nr. 288/1996, sbr. auglýsing nr. 200/1997.

1. gr.

1., 2. og 3. töluliður 1. mgr. 1. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Fyrir innlagningu og meðferð alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar greiðast eftirtalin gjöld:

		Kr.
1)	Grunngjald fyrir alþjóðlega einkaleyfisumsókn, skv. 2. mgr. 28. gr. einkaleyfalaga (ell.), sbr. 1. tl. 2. mgr. 51. gr. rg. ell., sbr. a-lið 1. mgr. 15. reglu PCT	32.000
2)	Viðbótargjald fyrir hverja bls. umsóknar umfram 30	700
3)	Tilnefningargjald fyrir hvert land sem tilnefnt er skv. 2. tl. 2. mgr. 51. gr. rg. ell., sbr. a-lið 1. mgr. 15. reglu PCT, þó greiðist að hámarki gjald fyrir 11 tilnefningar	7.400

2. gr.

Gjöld skv. 1. gr. taka til umsókna sem lagðar eru inn eftir 1. janúar 1998.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í lögum nr. 17/1991 með síðari breytingum og öðlast gildi þann 1. janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. desember 1997.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

22. desember 1997 Nr. 759

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. janúar 1998 að telja um 4,0% frá því sem þær voru í desember 1997.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. desember 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010, Krossanesland.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 23. desember 1997, staðfest breytingar á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010, frá 30. nóvember 1990.

Breytingarnar sem ná til iðnaðar- og athafnasvæðis í Krossaneshaga, hafnarsvæðis í Krossanesi og legu Krossanes- og Síðubrauta og eru þessar:

1. Krossanesbraut verður lögð nær núverandi vegstæði þannig að áfangaskipting og uppbygging verður hagkvæmari en ella.
2. Síðubraut er sveigð lítillega til norðurs og þannig löguð betur að landslagi.
3. Byggingarsvæði og umferðarkerfi í Krossaneshaga eru skilgreind í samræmi við deiliskipulag.
4. Byggingarsvæðum í Krossaneshaga sem skilgreind eru sem svæði til síðari nota (köflótt) er breytt í svæði til notkunar á skipulagstímabilinu (heillituð).
5. Hafnarsvæði í Krossanesi er afmarkað í samræmi við deiliskipulag og einnig endanleg stærð landfyllingar norðan Krossaness.
6. Umferðartenging hafnarsvæðis við Krossanesbraut er færð.
7. Við afmörkun tveggja svæða í Krossaneshaga austanverðum er tekið mið af (sneitt hjá) fornminjum á svæðinu.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 23. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 761 23. desember 1997

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stöðvarhrepps 1983 - 2003.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Stöðvarhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 26. nóvember 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stöðvarfjarðar 1983 - 2003, frá 13. apríl 1984, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að opið óbyggt svæði á Birgisnesi verður athafnasvæði fyrir sorpflokkunarstöð.

Hreppsnefnd Stöðvarfjarðarhrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 23. desember 1997.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 23. desember 1997, staðfest breytingar á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin er sú að vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við sjúkrahús og heilsugæslu er lóðin Skólavegur 6 stækkuð til norðvesturs, út í núverandi skrúðgarð.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 23. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

23. desember 1997 Nr. 763

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992 - 2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 23. desember 1997, staðfest breytingar á aðalskipulagi Akraness 1992 - 2012, frá 2. febrúar 1995 með síðari breytingum.

Breytingin varðar lóðina við Garðabraut nr. 1 sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreind sem svæði fyrir opinberar stofnanir. Hluti lóðarinnar verður að íbúðarsvæði, þar sem reist verði tveggja hæða fjölbýlishús og hinn hlutinn skilgreindur sem verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akraness. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 23. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

30. desember 1997 Nr. 764

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 8 14. janúar 1997 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með áorðnum breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 8. gr. reglugerðarinnar:

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1997“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 1. janúar 1998.

Í stað ártalsins „1997“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 1998.

Í stað orðanna „849 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 880 kr.

Í stað orðanna „322.000 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 334.000 kr.

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1997“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: 1. janúar 1998.

2. gr.

2. mgr. 16. gr. fellur niður.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Til 1. apríl 1998 skal veita styrki til að úrelda krókabáta á sóknardögum. Skal úreldingarstyrkurinn nema 80% af húftryggingarverðmæti. Gilda ákvæði 7. og 8. gr. laga nr. 92/1994, sem og ákvæði til bráðabirgða II. skv. þeim lögum sbr. lög nr. 89/1995, að öðru leyti um styrkveitingu þessa. Einnig gilda ákvæði 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 7/1996 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum, eftir því sem við á. Skal Þróunarsjóður hafa lokið öllum afgreiðslum vegna umsókna krókabáta á sóknardögum um úreldingarstyrki fyrir 1. maí 1998.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 92 24. maí 1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. desember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 765 29. desember 1997

REGLUR

um styrkveitingar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 36/1997, um almenningsbókasöfn.

1. gr.

Menntamálaráðherra úthlutar styrkjum af fé því sem veitt er í fjárlögum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 36/1997, um almenningsbókasöfn. Aðalmarkmið styrkjanna er að stuðla að því að almenningsbókasöfn verði fær um að bjóða þjónustu sem styðst við nútímaupplýsingatækni og jafnframt að greiða fyrir tengingu bókasafna landsins í stafrænt upplýsinganet. Styrkirnir eru veittir að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar um málefni almenningsbókasafna.

2. gr.

Styrki má veita til verkefna sem samræmast þeim markmiðum er um ræðir í 1. gr., þ. á m.:

a. Kaupa á tölvubúnaði.
b. Endurmenntunar bókavarða.
c. Að semja og gefa út fræðsluefni fyrir almenning um hvernig færa megi sér nýja upplýsingatækni í nyt.
d. Verkefna sem lúta að tölvutengingu bókasafna.

Styrki má einnig veita til annarra þróunarverkefna í þágu almenningsbókasafna, einkum á sviði rannsókna og fræðslu.

3. gr.

Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki. Í umsókn skal lýsa eðli, markmiðum, umfangi og framkvæmd verkefnis og áætla tímamörk og kostnað við framkvæmd þess. Jafnframt skal koma fram hvaða aðilar muni vinna að verkefninu, ef við á, og hvaða bókasafn/bókasöfn standi að því, svo og áætlun um fjármögnun. Umsóknir skulu berast fyrir 1. nóvember ár hvert. Ákvörðun um úthlutun skal liggja fyrir eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

4. gr.

Forstöðumenn almenningsbókasafna, bókasafnsstjórnir, bókaverðir og samtök bókavarða geta sótt um styrk.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið og styrkþegi gera skriflegan samning um verkefnið þar sem fram kemur í hverju það er fólgið, markmið þess, lýsing á framkvæmd og tímasetningar. Einnig skal þar tilgreindur heildarfjárstyrkur til verksins og kveðið á um hvernig staðið skuli að greiðslum og reikningsskilum. Samningurinn skal áritaður til staðfestingar f.h. hlutaðeigandi sveitarstjórnar/sveitastjórna.

6. gr.

Þeir sem fá úthlutað styrk skulu skila skýrslu um verkefnið til menntamálaráðuneytisins. Ráðgjafarnefnd ákveður skilatíma skýrslu fyrir hvert verkefni eftir umfangi þess og áætluðum framgangi.

7. gr.

Heimilt er að binda styrk skilyrði um að mótframlag fáist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sveitarsjóðum. Að öðru jöfnu ganga þau bókasöfn fyrir um styrk til tölvu- og hugbúnaðarkaupa sem þegar hafa tryggt sér slíkt mótframlag.

8. gr.

Reglur þessar eru settar með skírskotun til bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umsóknarfrestur vegna styrkja á árinu 1998 skal vera til 1. mars það ár.

Menntamálaráðuneytinu, 29. desember 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.

1. gr.

Í stað fylgiskjals 3, *H-setningar, hættusetningar*, kemur 1. viðauki við reglugerð þessa.

2. gr.

Í stað fylgiskjals 4, *V-setningar, varnaðarsetningar*, kemur 2. viðauki við reglugerð þessa.

3. gr.

Hættu- og varnaðarsetningar efna í fylgiskjali 1, *Listi yfir eiturefni og hættuleg efni,* breytast til samræmis við 3. viðauka við reglugerð þessa.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka, XV. kafla, tl. 1, tilskipunar 67/548/EBE eins og henni var breytt með tilskipun 93/21/EBE, 2. og 3. viðauka, og tilskipun 96/054/EB.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að halda óbreyttu orðalagi á hættu- og varnaðarsetningum, sbr. reglugerð nr. 236/1990, á umbúðum sem þegar eru í notkun þar til 1. janúar 2000.

Umhverfisráðuneytinu, 29. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

1. VIÐAUKI

Fylgiskjal 3

H-setningar, hættusetningar.

H 1	Sprengifimt sem þurrefni
H 2	Sprengifimt við högg, núning, eld eða aðra hita- og neistagjafa
H 3	Mjög sprengifimt við högg, núning, eld eða aðra hita- og neistagjafa
H 4	Myndar mjög sprengifim málmsambönd
H 5	Sprengifimt við upphitun
H 6	Sprengifimt með og án andrúmslofts
H 7	Getur valdið íkveikju

H 8	Eldfimt í snertingu við brennanleg efni
H 9	Sprengifimt í blöndu með brennanlegum efnum
H 10	Eldfimt
H 11	Mjög eldfimt
H 12	Afar eldfimt
H 14	Hvarfast kröftuglega við vatn
H 15	Hvarfast við vatn og myndar afar eldfimar lofttegundir
H 16	Sprengifimt í blöndu með eldnærandi efnum
H 17	Getur valdið sjálfsíkveikju í andrúmslofti
H 18	Getur myndað eldfimar/sprengifimar blöndur af efnagufu og andrúmslofti við notkun
H 19	Getur myndað sprengifim efnasambönd (peroxíð)
H 20	Hættulegt við innöndun
H 21	Hættulegt í snertingu við húð
H 22	Hættulegt við inntöku
H 23	Eitrað við innöndun
H 24	Eitrað í snertingu við húð
H 25	Eitrað við inntöku
H 26	Mjög eitrað við innöndun
H 27	Mjög eitrað í snertingu við húð
H 28	Mjög eitrað við inntöku
H 29	Myndar eitraðar lofttegundir í snertingu við vatn
H 30	Getur orðið mjög eldfimt við notkun
H 31	Myndar eitraða lofttegund í snertingu við sýru
H 32	Myndar mjög eitraða lofttegund í snertingu við sýru
H 33	Hætta á heilsutjóni eykst við reglubundna notkun
H 34	Ætandi
H 35	Mjög ætandi
H 36	Ertir augu
H 37	Ertir öndunarfæri
H 38	Ertir húð
H 39	Hætta á alvarlegu varanlegu heilsutjóni
H 40	Getur valdið varanlegu heilsutjóni
H 41	Hætta á alvarlegum augnskaða
H 42	Getur valdið ofnæmi við innöndun
H 43	Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð
H 44	Sprengifimt við upphitun í lokuðu rými
H 45	Getur valdið krabbameini
H 46	Getur valdið arfgengum skaða
H 48	Hætta á alvarlegu heilsutjóni við langvarandi notkun
H 49	Getur valdið krabbameini við innöndun
H 50	Mjög eitrað vatnalífverum
H 51	Eitrað vatnalífverum
H 52	Skaðlegt vatnalífverum
H 53	Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H 54	Eitrað plöntum
H 55	Eitrað dýrum
H 56	Eitrað lífverum í jarðvegi
H 57	Eitrað býflugum

H 58	Getur valdið skaðlegum langtímaáhrifum í umhverfinu
H 59	Hættulegt ósonlaginu
H 60	Getur dregið úr frjósemi
H 61	Getur skaðað barn í móðurkviði
H 62	Getur hugsanlega dregið úr frjósemi
H 63	Getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði
H 64	Getur skaðað brjóstmylkinga
H 65	Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku

Samtengdar H-setningar.

H 14/15	Hvarfast kröftuglega við vatn og myndar afar eldfimar lofttegundir
H 15/29	Hvarfast við vatn og myndar eitraðar og afar eldfimar lofttegundir
H 20/21	Hættulegt við innöndun og í snertingu við húð
H 20/22	Hættulegt við innöndun og inntöku
H 20/21/22	Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku
H 21/22	Hættulegt í snertingu við húð og við inntöku
H 23/24	Eitrað við innöndun og í snertingu við húð
H 23/25	Eitrað við innöndun og inntöku
H 23/24/25	Eitrað við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku
H 24/25	Eitrað í snertingu við húð og við inntöku
H 26/27	Mjög eitrað við innöndun og í snertingu við húð
H 26/28	Mjög eitrað við innöndun og inntöku
H 26/27/28	Mjög eitrað við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku
H 27/28	Mjög eitrað í snertingu við húð og við inntöku
H 36/37	Ertir augu og öndunarfæri
H 36/38	Ertir augu og húð
H 36/37/38	Ertir augu, öndunarfæri og húð
H 37/38	Ertir öndunarfæri og húð
H 39/23	Eitrað: hætta á alvarlegu varanlegu heilsutjóni við innöndun
H 39/24	Eitrað: hætta á alvarlegu varanlegu heilsutjóni í snertingu við húð
H 39/25	Eitrað: hætta á alvarlegu varanlegu heilsutjóni við inntöku
H 39/23/24	Eitrað: hætta á alvarlegu varanlegu heilsutjóni við innöndun og í snertingu við húð
